

# **Árbók kirkjunnar 2011-2012**

**1. júní 2011 – 31. maí 2012**

**Forsíðumynd:**

Biskupaskipti 27. júní í Dómkirkjunni:  
Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands afhendir  
Agnesi M. Sigurðardóttur nývígðum biskupi  
táknrænan lykil embættisins.

*Ljósmynd: Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson*

**Árbók kirkjunnar 2011** 1. júní 2011 - 31. maí 2010

**Október 2011**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**

**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Karl Helgason (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

**Prentun Oddi ehf.**

**ISBN 978-9935-456-01-4**

# Efnisyfirlit

Prestastefna Íslands 2012 .....	5
Setningarræða biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar .....	5
Ávarp innanríkisráðherra, Ógmundar Jónassonar .....	14
Synodusárið 2011-2012.....	17
Aukakirkjuþing 2011 .....	20
Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein .....	20
Framsaga biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar .....	25
Kirkjuþing 2011 .....	34
Ávarp forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein .....	34
Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ógmundar Jónassonar .....	41
Ávarp biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar .....	45
Störf kirkjuráðs.....	49
Fjármál þjóðkirkjunnar .....	52
Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2012.....	55
Vígslubiskup Hólastiftis .....	57
Starfið á árinu 2011-2012 .....	60
Stofnanir, nefndir, ráð og félög .....	91
Sérþjónustuprestar .....	128
Starfið í prófastsdæmunum .....	156
Mannfjöldi eftir trúfélögum .....	200
Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir .....	202
Prestar í sérþjónustu.....	218
Djáknar í sérþjónustu .....	219
Félög og stofnanir .....	220
Stjórnir og starfsnefndir .....	222
Biskupsstofa og aðrar stofnanir .....	224



# Prestastefna Íslands 2012

## Setningarræða biskups

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, nývígður biskup Íslands, séra Agnes M. Sigurðardóttir, vígslubiskupar, prestar, djákнар, góðir gestir

Ég þakka hátíðina hér í Hallgrímskirkju í gær, er við fögnuðum nýjum biskupi Íslands. Séra Agnes M. Sigurðardóttir er umvafin elsku og fyrirbænum kirkjunnar, og væntingum alþjóðar. Ég bið henni blessunar, hamingju og náðar í lífi og þjónustu allri.

Öllum þeim fjölmörgu sem að hátíðinni komu þakka ég af heilu hjarta. Prestum og starfsfólki Dómkirkjunnar og Hallgrímskirkju þakka ég allt sem lagt var til af feðurð, gleði og góðvild. Hallgrímskirkju þakka ég að fá að halda prestastefnu hér að þessu sinni.

Við fögnum fulltrúum erlendra samstarfs- og systurkirkna sem heiðruðu okkur á þessum tímamótum, og votta prestastefnu virðingu og flytja kveðjur kirkna sinna. Aldrei áður hafa eins margir fulltrúar erlendra kirkna sótt biskupsvígslu á Íslandi, aldrei eins margir anglikanskir biskupar, sem við eigum samneyti við á grundvelli Porvoo samkomulagsins. Í nafni kirkjunnar þakka ég auðsyndan heiður og virðing, stuðning og samstöðu alla, sem er okkur ómetanleg.

Í Fyrri Korintubræfi segir Páll postuli: „Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi. Ávallt þakka ég Guði mínum fyrir ykkur, hann hefur veitt ykkur náð sína í Kristi Jesú. Hann hefur auðgað ykkur á allan hátt svo að þið búið yfir allri mælsku og allri þekkingu. Vitnisburðurinn um Krist er líka

staðfestur orðinn á meðal ykkar svo að ykkur brestur ekki neina náðargjöf meðan þið væntið opinberunar Drottins vors Jesú Kristis. Hann mun einnig styrkja ykkur allt til enda og gera ykkur óaðfinnanleg á degi Drottins vors Jesú Kristis. Trúr er Guð sem hefur kallað ykkur til samfélags við son sinn Jesú Krist, Drottin vorn.“

Þessa kveðju og þakkargjörð postulans vil ég gera að kveðju minni til ykkar, góðu systkin og samverkamenn.

Prestum og djáknum sem af trúmennsku, auðmýkt og kærleika bera hita og þunga starfsdagsins á akri Guðs kristni á Íslandi þakka ég störf og þjónustu og bið Guð að launa og blessa það allt.

„Trúr er Guð sem hefur kallað ykkur til samfélags við son sinn Jesú Krist, Drottin vorn.“

### Kirkjusöguleg tímamót

Við fundum öll í gær að við lifðum kirkjusögulegan atburð. Það voru mikil tímamót, afgerandi skref er hér stigið til jafnræðis kvenna og karla í kirkjunni. Því fögnum við af hjarta. Fyrir þrjátíu og átta árum vígðist séra Auður Eir Vilhjámsdóttir fyrst íslenskra kvenna prestsvígslu. Þegar séra Agnes var vígð í septemberlok 1981, - og var eitt síðasta embættisverk föður míns-, þá var hún þriðja konan sem prestsvígðist. Nú er mikil breyting á orðin.

Margt er vissulega ógert í jafnréttismálum kirkjunnar. En þó hefur mikið áunnist. Vaxandi hlutfall kvenna í forystu kirkjunnar segir sína sögu. Á 14



Karl  
Sigurbjörnsson

Frá vígslu sr.  
Agnesar M.  
Sigurðardóttur  
Ljós. Gunnar  
Vígússon



ára embættisferli mínum sem biskup hafa 69 prestar verið vígðir, 33 karlar og 36 konur, þrír biskupar, þar af ein kona, og 34 djáknar, þar af þrír karlar. Nú er þriðjungur presta konur og konur eru 43 af hundraði sóknarnefndarformanna, og brátt verða tveir þriðju biskupanna konur!

Það eru augljós kynslóðaskipti í þjóðkirkjunni og meiri breytingar á vettvangi hinnar vígðu þjónustu en við höfum séð um langan aldur.

Séra Kristján Valur Ingólfsson var vígður vígslubiskup í Skálholti hinn 17. september s.l. Ég bið honum blessunar í starfi öllu og þakka samstarf og vináttu við hann og frú Margréti Bóasdóttur í áranna rás. Skálholti biðjum við blessunar á þeim tímamótum sem þar eru, gagnger endurskoðun á allri starfsemi og rekstri staðarins undir traustri forystu vígslubiskups og kirkjuráðs.

Séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, lætur brátt af embætti. Nýr Hólabiskup hefur verið kjörinn, séra Solveig Lára Guð-

mundsdóttir, og verður hún vígð hinn 12. ágúst n.k. á Hólahátíð. Við biðjum nýkjörnum vígslubiskupi heilla um leið og við þökkum séra Jóni trúa og dygga þjónustu. Persónulega vil ég þakka einstaklega góð samskipti fyrr og síðar, stuðning og vináttu alla, og bið Guð að blessa þau séra Jón Aðalstein og frú Margréti Sigtryggsdóttur á þessum tímamótum í lífi þeirra og kirkjunnar. Þau hafa setið helgan Hólastað með virðingu og reisn, hlýja og glaðsinni umvefur hvern þann sem að garði þeirra ber. Guð launi það og blessi.

## Heilsað og kvatt

Á synodusárinu voru vígðir fjórir djáknar og fimm prestar og þar af þrír prestar til þjónustu í norsku kirkjunni, með þátttöku norska biskupsins, Ingeborg Midttømme. Þetta var einstæður og sögulegur atburður og vitnisburður um samstarf systurkirkna. Nú mun tugur íslenskra presta þjóna í norsku kirkjunni.



Frá vígslu sr. Agnesar M. Sigurðardóttur Ljós. Gunnar Vigfússon

Tveir prestar hlutu lausn frá embætti fyrir aldurs sakir. Tveir aðrir sögðu embættum sínum lausum af öðrum ástæðum. Embætti rektors Skálholtskóla var lagt niður.

Þrír kennimenn og þrjár prestskonur gengu inn í helgidóminn á himnum. Þau eru kvödd með hugheilli þökk fyrir það sem þau létu Guðs kirkju í té sem ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs. Þau eru: séra Björn Jónsson og séra Andrés Ólafsson, dr. Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor. Og prestskonurnar, frú Ásta Bjarnadóttir, frú Guðbjörg Bjarnadóttir, frú Guðrún S. Jónsdóttir og frú Ingibjörg Halldórsdóttir.

Þau öll felum við góðum Guði í djúpri virðingu, þökk og kærleika, og sendum aðstandendum hlýja samúðarkveðju. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

Veit þeim, Drottinn, þína eilífu hvíld og lát þitt eilífa ljós lýsa þeim. Þau hvíli í þínum friði í Jesú nafni. Amen

## Þjónandi kirkja

Yfirskrift prestastefnu að þessu sinni er: „Þjónandi kirkja.“ Hér er lögð fram skýrsla Lúterska heimssambandsins, „Þjónusta kirkjunnar í síbreytilegum aðstæðum“. Það er mikill heiður og ánægja að einn aðalhöfundur skýrslunnar, dr. Kjell Nordstokke, sem áður gegndi formennsku í þróunar- og kristniboðsdeild Lúterska heimssambandsins, skuli vera hér og fylgja skýrslunni úr hlaði.

Sagt er að franskri rithöfundurinn, Simone de Beauvoir, hafi orðið hissa er hún las að nafna hennar, heimspekingurinn, Simone Weil, hafi grátið þegar hún frétti af hungursneyð í Kína. Hún sagði: „Ég öfundaði hjarta sem var fært um að slá með samlíðan þvert yfir hnöttinn“. Hún taldi þó að það væri mikilvægara að fólki væri gefinn tilgangur með lífinu en matur. Nafna hennar svaraði því til að það væri augljóst að frú de Beauvoir hefði aldrei liðið hungur. En hvor þeirra hafði rétt fyrir sér? Það er ekki auðvelt að svara

Sr. Agnes M.  
Sigurðardóttir  
Ljós. Gunnar  
Vigfússon



þeirri spurningu. Hvort er ömurlegra, þegar öllu er á botninn hvolft, líf án merkingar eða matar?

Guði sé lof að fæst okkar hafa liðið skort né vita hvað hungur er, raunverulegt hungur. Ofgnóttin er nærtækara viðfangsefni okkur flestum. Okkar samtíð gefur okkur líka ótal mynstur og merkingarform lífi og tilveru. Þau eru óspart falboðin í þeirri samtíð sem skáldið, Matthías Jóhannessen kallar „arfleifðarbrostið sirkussamfélag.“ Svo virðist sem siðleysi græðginnar ráði gjarna för, siðblinda og hrænsni, þar sem flest snúist um réttindi, kröfur, útlit og árangur, og að komast sem auðveldast frá vandkvæðum, en síður er gaumur gefinn að skyldum, ábyrgð, samlíðan og fórn. Og því miður virðist markvisst unnið að því að slíta rætur arfleifðar þeirra heilnæmu gilda sem markað hafa líf kynslóðanna.

Við höfum áreiðanlega aldrei liðið hungur. En eigum við merkingu og tilgang lífi okkar?

Við erum send með fagnaðarerindi

Jesú Krists og falið að ávaxta „þann arf vér bestan fengum“. Sú sendiför er kristin kirkja. Hún snýst ekki bara um orð, hugmyndir, skoðanir. Jesús færir kærleiksboðið úr upphæðum hugmyndanna og inn í dagsins önn og götunnar glaum. Í orðum hans og verkum sjáum við það svo skýrt hvernig boðorð kærleikans og afl fyrirgefningarinnar birtist í mannlegu lífi og hversdags veruleika. Þar sjáum við hversdagsleg fyrirbæri eins og tryggð og trúmennsku í hinu litla, hjálpfýsi og örlæti, þar sem ekkert fæst að launum fyrir nema óþægindin og erfiðið, og við sjáum mátt fyrirgefningarinnar sem ómaði í orðum bandingjans á Golgata: „Faðir, fyrirgef þeim!“ Og svo það sem Jesús segir um þau snauðu, hungruðu, um fangann: „Allt sem þér gerið einum þessara minna minnstu ... það gerið þér mér.“

Þetta erum við send með sem kirkja! Þjónandi kirkja, send með boðskap, með frétt, gleðiþboðskap, gleðifrétt, lausnarorð um Guð í Jesú



Kristi og björgunarafrek hans sem gefur merkingu lífi og líka hel! Send með trú sem birtist í umhyggju og kærleika, með orð en líka með mat og með brauð. Altari hveurrar kristinnar kirkju minnir á það markmið og tilgang, samlíðan, gestrisni og örlæti, fórnandi, fyrirgefandi kærleika.

Ef helgidómar og iðkun kirkjunnar eiga sér ekki samsörun í samlíðan og góðverkum náungakærleikans, og ábyrgð og trúmennsku yfir fjármunum, samfélagsmálum og öðrum veraldlegum viðfangsefnum og verðmætum, er trúin án líkama, eins og vofa, hrævarlog. Og kirkjan andvana og til einskis.

Við, prestar og djáknar, erum kölluð til þeirrar þjónustu að birta náð Guðs í orðum og verkum. Páll postuli segir: „Og ofan á allt annað bætist það sem mæðir á mér hvern dag, áhyggjan fyrir öllum söfnuðunum. Hver er sjúkur án þess að ég sé sjúkur? Hver hrasar án þess að ég líði? Ef ég á að hrósa mér vil ég hrósa mér af veikleika mínum.“ (2. Kor.11.28-29). Páll heldur því fram að eigi Guðs sonur að birtast í okkur, þjónum hans, þá sé það umfram allt í veikleika okkar, ekki í vörnum okkar, styrk og snilld. Hin nýja mennska í Jesú Kristi er mennska þar sem við berum hvert annast byrðar og uppfyllum þannig lögmál Krists. Er það ekki undursamleg kristniboðsskipun og stefnumörkun! Færar leiðir til allra átta, opin landamæri, fallnar varnir og grímur og fyrirvarar.

Þjónusta, helgihald og fræðsla kirkjunnar mynda eina heild. Eitt verður vart frá öðru skilið í biðjandi, boðandi og þjónandi kirkju. Á vettvangi fræðslumála og barnastarfs kirkjunnar vil ég lyfta sérstaklega fram að á liðnu synodusári var barnastarf víða afar vel sótt og umtalsvert meiri þátttaka en árið áður. Er það gleðilegt til að vita. Ef til

vill, já, ef til vill hefur óvægin orðræðan um trú, kirkju og skóla vakið foreldra og forráðamenn til vitundar um ábyrgð sína. Alla vega hafa margir prestar lýst því hve vel foreldrar hafa fylgt börnum sínum eftir til barnastarfsins. Það er greinilegt að þar sem staðið er faglega að barnastarfi, af áhuga og alúð, þá ber það árangur.

Um árabíl hefur sjálfstyrkingar námskeiðið „Konur eru konum bestar“ verið í boði í söfnuðum landsins. Það er upprunalega norskt en var aðlagð íslenskum aðstæðum og hefur í þeirri mynd vakið athygli út fyrir landssteina og nú verið þróað á vettvangi kvennastarfs lúterska heimsambandsins m.a. fyrir austur Evrópu. Við getum verið stolt af okkar fólki sem ötullega hefur unnið að þessu verki.

Verkefnið „lífsleikni þjóðkirkjunnar“ hefur verið í boði og vel þegið af stórum hluta framhaldsskóla landsins. Ekki síst sá hluti verkefnisins sem fjallar um sorg og sorgarviðbrögð. Ég þakka þeim sem að þessu verkefni koma um land allt.

Á árinu var fagnað sjötíu ára afmæli Tónskóla þjóðkirkjunnar og minnst hefur verið aldarafmælis dr. Róberts A. Ottóssonar, söngmálastjóra. Ég blessa minningu hans og árna Tónskóla þjóðkirkjunnar heilla, um leið og ég votta virðingu og þökk því góða fólki sem ber uppi helga iðkun og söng helgidómanna um landið hér. Unnið er að endurskipulagningu tónlistarfræðslu kirkjunnar og embættis söngmálastjóra, en Hörður Áskelsson fékk lausn frá embætti sínu s.l. haust. Vil ég þakka honum sérstaklega hans óprjótandi elju og dugmikla forystu á þrjátíu ára starfsferli hér í Hallgrímskirkju sem markað hefur heillaspor í söng og tónlistarmálum kirkju og þjóðar.

Nýlega var minnst tutugu ára starfs-

afmælis Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sem nú er til húsa í Grensáskirkju. Starf Fjölskylduþjónustunnar að fjölskylduráðgjöf og starfshandleiðslu djákna og presta hefur verið ómetanleg auðlind í kirkjunni. Fjölskylduráðgjöfin og starfshandleiðslan er vissulega eitt verkefni dákoniú kirkjunnar, sem ég vil þakka og blessa þau sem þjónustuna veita og hennar njóta.

Hjálparstarf kirkjunnar er mikilvægasta verkfæri kærleiksþjónustu, dákoniú kirkjunnar. Óumræðileg blessun hefur hvílt yfir því starfi undir styrkri forystu Jónasar Þórissonar og hans góða og trausta samverkafólks. Það vil ég þakka og leggja ykkur, kæru prestar og djáknar á hjarta. Hjálparstarf kirkjunnar og kristniboð á að vera hjartans mál sérhvers vígðs þjóns og safnaðar þjóðkirkjunnar.

## Fögur verk með trú sterkri

Þorsteinn Pálsson, fv. ráðherra, og fv. stjórnarformaður Hjálparstarfs kirkjunnar, ritaði umhugsunarverðan pistil laust fyrir jól og fjallaði um kirkju og kristni í samtíðinni, og sagði meðal annars: „Tíðarandinn hefur boðið flatneskjuna velkomna. Helst má engin hugsun vera annarri æðri. Lágkúra er lögð að jöfnu við háleitarn hugsjónir. ... Kirkjan á vissulega engan einkarétt á kærleikanum og ekki heldur öðrum þeim siðareglum sem boðskapur hennar er reistr á enda hefur hún ekki gert kall til þess. Hér skiptir hitt máli að kirkjan og þjóðin hafa átt samleið um þennan siðaboðskap í þúsund ár. Sýnist mönnum nú vera þeir tímar að nauðsyn beri til að greina þræðina í þeim vef hvorn frá öðrum?“ spyr Þorsteinn. Síðan segir hann: „Guðmundur Finnbogason prófessor átti ríkan þátt í að lyfta

andlegri hugsun þjóðarinnar á fyrri hluta síðustu aldar. Hann var ekki sérstakur talsmaður kirkjunnar en mat andlegt gildi hennar fyrir menningu þjóðarinnar. Í ritinu Íslendingar fjallar hann um lífsskoðun og trú í sögulegu samhengi. Þar segir: „... Íslendingar hafa skilið, að sú trú er best, sem birtist í góðum verkum, og því hafa þeir unnað mest þeim kennifeðrum, sem jafnframt trúarsannindum kenndu þeim algilda siðspeki. Þeir hafa jafnan borið virðingu fyrir „þeim er fyrða gram færa/fögr verk með trú sterkri.““ Og svo spyr Þorsteinn: „Hvað vantar þessa þjóð meir nú um stundir en fögur verk með trú sterkri? ...“

Svo mörg voru þau orð. Við erum áreiðanlega öll sammála um svarið: Ekkert er brýnna vorri þjóð um þessar mundir en fögur verk með trú sterkri! Hlutverk okkar er að greiða því veg! Móðir Teresa kallaði verk sitt meðal hinna snauðustu hinna snauðu þessarar jarðar, „að gera eitthvað fallett fyrir Guð.“

*Þjónusta, diakonía kirkjunnar er „fögr verk með trú sterkri.“*

Þjóðkirkjan hefur markað sér stefnu í málefnum kærleiksþjónustunnar og nú síðast í málefnum fatlaðra innan kirkjunnar. Í þrjátíu ár hefur þjóðkirkjan haldið úti þjónustu við heyrnarlausu og leitast við að rjúfa einangrun og styðja fjölskyldur þeirra. Séra Miyako Þórðarson, prestur heyrnarlausra, lætur senn af embætti eftir þrjátíu ára þjónustu, og hefur nýr prestur heyrnarlausra verið valinn í hennar stað. Ég þakka dýrmætt brautryðjandastarf og þjónustu séra Miyako og þeim mörgu sem stutt hafa hana og söfnuð hennar í starfi.

Í stefnumótun í málefnum fatlaðra segir: „Þjóðkirkjan starfar í ljósi þess að allir eru kallaðir til þátttöku í lífi



Synoduslit 2012 í  
Dómkirkjunni

og samfélagi og ber reisn, virðing og viðurkenning og lætur það móta viðhorf hins kristna safnaðar til þess fólks sem lifir við fötlun. Þjóðkirkjan metur mikilvægi þess sem virkir þátttakendur hins kristna safnaðar en ekki aðeins sem þiggjendur.“

Kirkjan vill horfa til þess hvernig hún getur stuðlað að viðhorfsbreytingum í samfélaginu hvað varðar stöðu fatlaðra. Kirkjan er kölluð til að vera opin og umlykjandi þáttökusamfélag,

þar sem allir rúmast inni. Hin fötluðu okkar á meðal eru samferðarfólk á vegi trúarinnar, í þeirri lærisveinafylgd þar sem við erum öll eitt, óháð hæfileikum og náðargáfum. Ég þakka öllum þeim sem leggja sitt að þeim mörkum.

### **Framtíð þjóðkirkju**

Frumvarp til nýrra kirkjulaga verður rætt hér, sem og staða hinnar evangelísk lútersku þjóðkirkju í stjórnarskrá. Nú

Karl afhendir  
Agnesi lykjavöldin



liggur fyrir að þjóðin verður spurð álits í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu nú í haust um það hvort í nýrri stjórnarskrá eigi að vera ákvæði um þjóðkirkju.

Samband ríkis og kirkju er í brennidepli á hinum Norðurlöndunum öllum, þar sem segja má að trúmálunum sé fyrirkomið með svipuðum hætti og séu í raun tilbrigði við sama stef. Í Noregi var ríkiskirkja, rekin af ríki og sveitarfélögum, og þar varð nú í vor grundvallarbreyting á stöðu kirkjunnar. Eftir umfangsmiklar umræður, skýrslur og rannsóknir þar sem niðurstaðan virtist nánast gefin að ríki og kirkja myndu skilja, að hin margvíslegu ákvæði norsku stjórnarskrárinnar um kirkjuna yrðu felld út með öllu, settust allir þingflokkar norska Stórpingsins niður og náðu samstöðu um nýtt stjórnarskrárákvæði, sem skilgreinir hina evangelísk lútersku kirkju sem þjóðkirkju sem njóti sem slík stuðnings ríkisins. Jafnframt er trú- og lífs- skoðunarfélögum heitinn stuðningur ríkisvaldsins.

Eftir þessa stjórnarskrárbreytingu er staða norsku kirkjunnar hliðstæð þeirri íslensku í meginatriðum. Norska ríkisstjórnin markaði þá stefnu að styðja þjóðkirkjuna og viðurkenna mikilvægi hennar fyrir samfélagið og styðja við hið sögulega, trúarlega og menningarlega samhengi. Margir íslenskir stjórn- málamenn hafa verið sama sinnis í þessum efnum og sýnt kirkjunni og stöðu hennar og hlutverki í samfélagi og menningu skilning og stuðning. Það á ekki síst við um innanríkisráðherra, Ögmund Jónasson. Hann hefur með styrkum og einarðlegum hætti stutt þjóðkirkjuna og talað máli hennar og það vil ég þakka heilshugar.

Það virðist vera þung áhersla lögð á það að fella ákvæði um þjóðkirkjuna úr stjórnarskrá. Straumur almennings- álitsins og atbeini áhrifamestu skoðana- mótendanna hefur legið til þeirrar áttar. Biskupsstofa mun standa fyrir kynningu og upplýsingavef til að greiða fyrir upplýstri umræðu og skoðanaskiptum um þetta mál í aðdraganda væntan-

legrar þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrána. Mikilvægt er að ná pólitískri og samfélagslegri sátt um niðurstöðu í þessu flókna og mikilvæga máli. Það varðar ekki aðeins stöðu og framtíð evangelísk-lúterskrar kirkju, heldur grunnþætti samfélags okkar og menningar.

Á fundi sínum sl. miðvikudag samþykkti Kirkjuráð eftirfarandi ályktun vegna væntanlegrar þjóðaratkvæðagreiðslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar. „Kirkjuráð minnr á að hin evangelísk lúterska þjóðkirkja er einn mikilvægasti grunnþáttur samfélagsins, opin, lýðræðisleg almannahreyfing sem heldur uppi þjónustu og mannræktarstarfi um landið allt, opinber og lögbundin stofnun sem myndar ramma um trúarhefð meirihluta þjóðarinnar, einstaklinga, fjölskyldna og heimila, og heldur utan um mikilvæga arfleifð og minningu og menningu samfélagsins. Í samfélagi þar sem æ fleiri trúarhreyfingar, trúarhættir og trúarhugmyndir hasla sér völl og kalla til áhrifa felst menningarlegur og samfélagslegur styrkur í því að hafa opna og rúmgóða þjóðkirkju sem stendur vörð um grundvallargildi á traustum stöðum sögu og menningar.

Í vaxandi fjölmenningu hefur þjóðkirkjan stuðlað að virðingu og skilningi milli trúarbragða og menningarheima. Þjóðkirkjan er auk þess einn mikilvægasti menningarmiðill í landinu, og gegnir lykilhlutverki gagnvart þeim veiku í samfélaginu og sem

samstarfsaðili við þau sem vinna að réttlæti og friði í heiminum.

Mikilvægt er að pólitísk og samfélagsleg sátt sé um þjóðkirkjuna sem og aðrar grundvallarstofnanir menningar og samfélags. Kirkjuráð hvetur til þess að við væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá verði þess minnst, og að ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands geymi ákvæði um hina evangelísk lútersku þjóðkirkju eins og verið hefur. Jafnframt því verði staða og réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga tryggð með hliðstæðum hætti og gert var í stjórnarskrá Noregs en þar segir: „Allir þegnar ríkisins skulu njóta frelsis til trúaríðkunar. Norska kirkjan, evangelísk-lútersk kirkja er þjóðkirkja og skal sem slík njóta stuðnings ríkisins. Nánar skal það ákvarðað með lögum. Öll trú- og lífsskoðunarfélög skulu njóta stuðnings með ámóta hætti.“

## Að lokum

Góðu systkin, kæru samþjónar og samferðarfólk. „Ávallt þakka ég Guði mínum fyrir ykkur, hann hefur veitt ykkur náð sína í Kristi Jesú ... Hann mun einnig styrkja ykkur allt til enda og gera ykkur óaðfinnanleg á degi Drottins vors Jesú Krists.“

Í þeirri bæn og þökk, von og vissu fel ég samveru okkar hér og vegferðina sem framundan er.

Prestastefna Íslands 2012 er sett. Ljós Guðs og andi leiði og blessi okkur öll.

# Prestastefna Íslands 2012

## Ávarp innanríkisráðherra Ögmundar Jónassonar



Ögmundur  
Jónasson

Nývígðum biskupi Íslands Agnesi M. Sigurðardóttur óska ég til hamingju með embættið og velfarnaðar í vandasömu starfi um leið og ég þakka fráfarandi biskupi, Karli Sigurbjörnssyni, fyrir hans mikilvæga og dýrmæta framlag í þjóðlífi okkar. Persónulega vil ég færa honum þakkir fyrir afar gott samstarf þann tíma sem ég hef gegnt embætti ráðherra kirkjumála.

Íslenskt samfélag gengst nú undir miklar þrengingar en jafnframt breytingar sem ég tel að eigi eftir að verða til góðs. Að sjálfsgöðu er það undir okkur sjálfum komið hvort svo verður. Þannig er það ævinlega. Því þjóðfélagið breytist ekki. Því er breytt. Það eru alltaf gerendur.

Það hrikir í gömlum bjálkum og burðarbitum, hvort sem það eru stjórn-málaflakkar, verkalyðshreyfing, eða réttarkerfið. Einnig innan Þjóðkirkjunnar spyrja menn nú nýrra spurninga.

Samfélagið er að opnast, verða lýðræðislegra – ekki í einu vetfangi heldur í mörgum skrefum og hef ég þá trú að við séum að fá forsmekkin að því sem síðar verður, verða vitni að fyrstu hræringunum í löngu umbrota-ferli umsköpunar.

Nú er það ekki nýtt af nálinni að stofnanir og skipulag taki stakka-skiptum, fjölmiðlun taki breytingum, menntun og atvinnuhættir að sama skapi. En þær hræringar sem ég er þó fyrst og fremst að horfa til eru djúptækari; ég er að horfa til tíðar-andans: Hvernig þjóðfélagið hugsar ef þannig má að orði komast. Og

þá sérstaklega hvort í hræringum samtímans megi greina hvernig framtíðin kemur til með að sjá samspilið milli einstaklings og samfélags.

Mitt mat er það að 21. öldin eigi eftir að verða tímabil kröfunnar um beint lýðræði og þá jafnframt dvínandi mikilvægis fulltrúalyðræðis. Þá tel ég að á komandi tíð munum við leggja aukna áherslu á almannarétt í stað þröngs einkaeignarréttar. Þetta er krafa af lýðræðislegri röt; sprottin úr baráttu fyrir mannréttindum; um réttinn til vatnsins, réttinn til auðlindanna, til gæða lands og sjávar og síðast en ekki síst, réttinn til að ráða eigin örlögum í lýðræðislegu samfélagi. Svo lengi sem einstaklingur skaðar ekki aðra skuli hann eiga rétt á því að lifa sínu lífi að eigin geðþótta, hver sem trú hans er eða lífsskoðnun.

Á Íslandi ríkir trúfrelsi. Hitt er þó rétt að Þjóðkirkjan hefur ákveðna sérstöðu. Ég er ekki í hópi þeirra sem telja það slæmt að Þjóðkirkjan hafi sérstöðu. Enda er sérstaða Þjóðkirkjunnar staðreynd, nánast óháð okkar vilja. Hún er sögulega ákvörðuð. En svo lengi sem Þjóðkirkja er við lýði hljóta menn að spyrja um forsendur sérstöðu hennar og í hverju hún felist. Í framhaldinu vilja vakna spurningar sem eru ekki trúarlegs eðlis heldur eins veraldlegar og verða má: Um samfélagslegt umrót og varðveislu menningarverðmæta. Ég veit að sumir vilja afnema sérstöðu Þjóðkirkjunnar í einu vetfangi. Aðrir vilja fara sér hægt, þó svo að þeir vilji breytingar. Enn aðrir vilja engar breytingar.



Prestsviðgar konur og ein biskupsvið. (Þegar þetta birtist eru tvær konur biskupsviðgar)

En breytingar verða. Ég held að svo hljóti að vera. Viðfangsefni hins andlega og veraldlega valds er að beina umræðunni og þar með þróuninni í jákvæðan og uppbyggilegan farveg í góðri sátt.

Hin miklu umbrot í þjóðfélaginu sem við verðum nú vitni að taka ekki alltaf á sig geðfelldar myndir, og ekki er heldur alltaf sanngirni fyrir að fara. Í mannréttindahraðlestinni sem nú brunar inn í framtíðina eru ekki allir farþegarnir á verðskulduðu farrými. Í nafni lýðræðis, frelsis og mannréttinda og jafnvel í nafni sanngirni, höfum við oft fengið að kynna fólksku – í verki og í og ekki síður í orði. Þetta þekkjum við af sögunni og þetta þekkjum við úr samtímanum.

Það er rétt sem séra Hjalmar Jónsson, dómkirkjuprestur sagði í guðspjónustu á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, að illa sé komið „þegar aumasta bloggið og ljótasta lygin er jafnsett hæstu gildum og hugsjónum – og fær jafnmikið svigrúm í umræðu dagsins. Þegar hending ræður því eftir hverju er tekið og hvað

vekur umhugsun og umræðu. Þess vegna er ennþá ríkari þörfin fyrir dómgreind og skynsemi.“

Undir þessi orð vil ég taka.

Á dögum okkar sem nú lífum hafa sjaldan komið þau skeið sem eins mikil þörf er á því og nú að spyrja um siðferði og gildi. Stjórnmalamaður var spurður hvort hans flokkur hefði þegið háa fjárstyrki á árum áður. Hann kvað svo vera en það hefði ekkert rangt verið gert; lögin hefðu ekki bannað þetta, ekkert hefði verið aðhafst í trássi við lög.

Sagan kennir að mikilvæg gildi fá þrífist án laga og án stofnanalegrar umgjardar en jafnframt einnig siðleysi í skjóli þess að lagaákvæði skorti. Samviska og siðvit verða ávallt að móta viðhorf og verk, í því er vandi og vegsemd mennskunnar fólgin. Kristur barðist við stofnanaveldi sinnar samtíðar. Hann skilgreindi sig aldrei í ljósi stofnunar, eigna eða veraldlegra gæða. Þau gildi sem hann boðaði, eru hins vegar grundvöllur siðferðis kristinna manna, í fjölbreyttum söfnuðum víða um heim.

Frá biskupsvígslu  
sr. Kristjáns Vals  
Ingólfssonar



En kirkjan er stofnun jafnframt því sem hún er félagsleg hreyfing og sem slík hlýtur hún að spyrja sjálfa sig spurninga sem þessarar: Hvers konar stofnun vil ég vera? Er stór stofnun betri en smá? Er þörf á Þjóðkirkju? Er ef til vill hætt við því að með áherslu á hið stofnanalega, hið veraldlega, þoki boðun fyrir umgjörð?

Í stjórn máluðum hefur þessari spurningu um stórt og smátt verið svarað af mörgum og á mismunandi hátt. En hið viðtekna er að stórir flokkar séu betri en smáir, þeir séu líklegri til að ná völdum og halda þeim og koma stefnumiðum í framkvæmd. Líklegt er að einhver segi að hið sama hljóti að gilda um kirkjur og kirkjudeildir.

Þegar ég var að feta mig af unglingsárunum og yfir á fullorðinsárin var mikil gróska í pólitíkinni. Sérstaklega á vinstri vængnum þar sem hugur minn var bundinn. Flokkarnir voru margir og lengst til vinstri rúmaði stafrófið þá varla alla. Flokkarnir yst til vinstri urðu aldrei stórir og náðu aldrei völdum. En færa

má rök fyrir því að pólitíkin á þessum tíma, gróskan í henni, hugsjónaeldarnir og sannfæringin hafi leitt til mikilvægra breytinga í Þjóðfélaginu. Þannig tók jafnrétti kynjanna stórstigri breytingu til batnaðar á þessum árum, skólarnir opnuðust út í samfélagið, til urðu svokallaðar öldungadeildir fyrir fólk sem misst hafði af tækifæri til mennta í uppvextinum. Allt var þetta tilkomið vegna kröftugrar grasrótarmæðu.

Hugsunin um margt smátt og hin þúsund blómstrandi blóm hefur alltaf hrifð mig og almennt er ég talsmaður margbreytileika sem getur myndað fagurt en jafnframt kraftmikið lífsmynstur. Mér hugnast vel sú hugsun að margir akrar blómstri hlið við hlið. Þetta eru vissulega viðhorf sem íslenska Þjóðkirkjan hefur haft í heiðri. Á undanförunum misserum þykir mér Þjóðkirkjan hafa sýnt svo ekki verður um villst að hún þolir gagnrýna umræðu um sjálfa sig í samtíðinni og hún er reiðubúin að horfa opnum augum til framtíðar.





Frá biskupsvígslu  
sr. Kristjáns Vals  
Ingólfssonar

Nýr biskup sagði hér í Hallgrímskirkju í gær að einkenni Þjóðkirkjunnar væri að hún stæði öllum opin. Það er skilningur sem mér þótti koma fram á aðdáunarverðan hátt þegar fráfarandi biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson tók á móti trúarleiðtoganum Dalai Lama með sameiginlegri athöfn í Hallgrímskirkju. Og sama afstaða og sami skilningur hefur komið fram í starfi innan Samráðsvettvangs trúfélaga en Þjóðkirkjan og þá ekki síst fráfarandi biskup hefur sýnt þessum vettvangi mikla ræktarsemi. Fyrir skömmu var mér boðið að vera viðstaddur móttöku hjá biskupi fyrir fulltrúa allra trúarsöfnuða á Íslandi og var ánægjulegt að finna fyrir umburðarlyndinu og þeim velvilja sem hann sýndi og þar ríkti.

Auðvitað aðhyllast margir engin trúarbrögð – hvorki kristin né nokkur önnur - telja þau ekki veita svör við gátum lífsins. Margir leita í smiðju fornra og nýrra heimspekinga, aðrir snúa sér til náttúrunnar og enn aðrir leita fyrst og fremst innra með sér.

Sumir jafna samviskunnni við guðdóm, röddinni sem býr innra með sérhverjum manni. Sú rödd getur reynst kröfuhörð. Lífsskoðunarfélög á borð við Siðmennt starfa í þessum anda sem mér þykir um margt virðingarverður.

Mér þótti gott að finna hve vel því var tekið af kirkjunnar hálfu þegar ég kynnti nýtt lagafrumvarp um lífsskoðunarfélög. Því miður var það ekki samþykkt í vor en verður vonandi á hausti komanda. Frumvarpið lýtur að því að jafna stöðu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og er í mínum huga brýnt mannréttindamál.

En sem áður segir þá er kirkjan ekki bara boðað orð. Hún er jafnframt stofnun sem veitir fólki atvinnu og veraldlegt skjól. Og kirkjurnar - þar sem kirkjurækið fólk kemur reglulega saman og hinir ókirkjuræknu eru viðstaddir skírnir, fermingar, giftingar og fylgja ástvinum til hinstu hvílu - eru þegar allt kemur til alls, hús sem þarf að hita upp og halda við, orgelið þarf að vera til staðar og í lagi. Efnið og andinn þurfa

Tvær af systurum sr. Kristjáns Vals og ein systurdóttir; Sigríður, Þóra Fríður Björnsdóttir og Anna Steinlaug



að fylgjast að. Þetta skildi bændafólkið á Snæfjallaströndinni sem gaf Sigvalda Kaldalóns flygil forðum daga svo hann gæti þjónað tónlistargöjgunni og auðgað þannig menningu sveitunga sinna. Þetta gerði efnalítið fólk að forgangsverkefni!

Á Prestastefnu í Háskóla Íslands 3. maí fyrir rúmu ári hafði ég á orði að sem stofnun hefði kirkjan þurft að sæta miklum niðurskurði eins og aðrar stofnanir í samfélagi okkar. Því miður sæi ekki fram úr þeim þrengingum sem við væri að glíma en án þess að ég vildi gefa nokkur fyrirheit um framhaldið vildi ég engu að síður bjóða kirkjunni að tilnefna fulltrúa í starfshóp sem skyldi gera grein fyrir stöðu mála, hvernig sú staða væri til komin og hvaða afleiðingar niðurskurðurinn hefði haft. Þar með væri ég að bregðast við ákalli biskups sem lýst hefði þungum áhyggjum yfir því hvernig komið væri, í formlegu erindi til mín sem ráðherra kirkjumála.

Frá því er skemmst að segja að þessi nefnd var skipuð og skilaði hún álitserð

sem varð til þess að sú óheillapróun sem átt hafði sér stað um árabíl var stöðvuð og er brýnt á komandi tíð að bæta þá skerðingu sóknargjalda sem var umfram þá skerðingu sem stofnanir almennt höfðu þurft að sæta.

Um þá hugsun sem þjóðkirkju-hugmyndin byggist á, hef ég oft farið orðum og þá iðulega vísað til mikilvægis kjölfestunnar. Mig langar til að rifja upp tvö tilefni þar sem ég hef gert þetta að umtalsefni. Í ávarpi sem ég flutti í upphafi Kirkjupings árið 2010 rifjaði ég upp fyrirlestur sem ég hafði hlýtt á um aðskilnað ríkis og kirkju. Fyrirlesari hefði sagt að við hlytum að stefna að fullum aðskilnaði samkvæmt þeirri grundvallarafstöðu að jafnræði skyldi ríkja milli allra trúarbragða. Og hann hélt vangaveltum sínum áfram: Kirkjan ætti að boða kristna trú, sagði hann, hún ætti ekki að hafa með höndum stjórnýslulegt hlutverk. Það hljóti meira að segja að slæva raunverulegt ætlunarverk trúboðenda. En þar sem ég sat úti í sal spurði ég



Sæmdarhjónin  
frú Margrét  
Bóasdóttir og  
sr. Kristján Valur  
Ingólfsson

innra með sjálfum mér: Er þetta með öllu illt, ef niðurstaðan verður sú að gera boðandann/bírókratann meðvitaðan um ábyrgð sína í fjölmenningslegu umhverfi? Er kirkja sem kappkostar að vera umburðarlynd; kirkja sem skilgreinir það sem hlutverk sitt að veita öllum viðhorfum rými, að virða mannréttindi allra, líka samkynhneigðra - er hún ekki eftirsóknarverðari en ágeng kirkja, slitin úr formlegum tengslum við þjóðfélagið?

Á fundi sem Innanríkisráðuneytið efndi til í lðnó 7. mars sl um trúfrelsi kom ég inná svipaða slóð á eftirfarandi hátt: „Trú og trúarbrögð geta tekið á sig óæskilegar myndir. Það er verðugt sjónarmið að íhuga hvort þjóðkirkja með breiðan trúarskilning, með prestum menntuðum á dýptina og í anda viðsýni; þjóðkirkja með langa sögu og hefð sem hefur sýnt að hún getur staðið í fararbroddi um menningu og menntir, að ógleymdri samhjálpinni - það er vissulega verðugt sjónarmið - að íhuga og ræða hvort slík

kirkja geti verið trygging fyrir því að trúarþörf manna finni sér síður farveg í öfgakenndum trúflokklum en myndi ella gerast, án hennar - án Þjóðkirkjunnar. Dæmin sanna nefnilega að slæmar og mannfjandsamlegar öfgar fyrirfinnast í flóru trúarlífsins - og að þær öfgar þrífast best í villtri órækt.“

En hvað er verið að fara með þessu? Er verið að biðja kirkjuna um að líta á sig sem eins konar samfélagslegan öryggisventil og þá gagnvart hverju og hverjum? Ógnar þessi nálgun ef til vill eiginlegu hlutverki kirkjunnar eins og hún skilgreinir það sjálf samkvæmt trúni?

Hinn 3. maí sl. birtist í Fréttablaðinu athyglisverð grein eftir guðfræðingana og prestana séra Sigrúnu Óskarsdóttur og dr. Hjalta Hugason. Þau velta fyrir sér hinu pólitíska ákalli sem víða heyrast um að kirkjan gerist eins konar samfélagslegur öryggisvörður. Og tilefni skrifa þeirra voru sjónarmið í þessa veru sem forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, hafði þá nýlega viðræð gagnvart Ensku biskupakirkjunni.

Greinarhöfundar komust m.a. svo að orði:

„Það sem Cameron raunverulega kallar eftir er að kirkjan finni sig í því hlutverki að vera stofnun eða rammi utan um það sem kalla má borgaralega eða nánast veraldlega trú ...“ Og greinarhöfundar vara við því að kirkja sem gangi inn í sitt hlutverk á slíkum forsendum verði alltaf framlengdur armur ríkisvaldsins. Og orðrétt: „Ákall Camerons til kirkjunnar kemur okkur við vegna þess að íslenskir stjórnámamenn skilgreina oft hlutverk kirkjunnar í samfélaginu á sama hátt og hann.“

Grein sína enda guðfræðingarnir tveir á ábendingu, sem mér þykir góð og síðan á hvatningu inn í framtíðina.

Ábendingin er áminning um að kirkjan sé í reynd „hluti af langtímaminni samfélags“.

Hvatningin var svo aftur sú að kirkjan eigi ekki aðeins að gæta hefðanna heldur þurfi að endurskapa þær við síbreytilegar aðstæður, meðal annars í ljósi fjölhyggjunnar og auðvitað sigilds erindis síns um manngildi og lífsvirðingu. Í slíkri nálgun felist óhjákvæmilega áskorun um árvekni og róttækni.

Mér finnst þetta vera réttmæt sjónarmið, umhugsunarverð fyrir kirkjunnar fólk og stjórnámamenn að sama skapi.

Í mínum huga vakna fleiri spurningar en ég á svör við þegar trúarbrögð eru annars vegar.

Hvað er að trúá? Gæti verið að trúin væri í eðli sínu mannleg kennd líkt og ótti, reiði, gleði, hrifning? Undan tilfinningum verður ekki komist. Og trúartilfinningin virðist fylgja mannum hvar sem hann er. Skyldi það vera tilviljun?

Í einhverjum skilningi hefur flest fólk leitað til trúar einhvern tímann. Fæst okkar trúa alltaf. Sum okkar þurfa ekkert á trú að halda. Sumir eru hálfvolgir.

Þannig kvað Jón Helgason í kvæði sínu *Hálfvolgur*:

*Efskip mitt í villum um höfin hrekst  
og himintunglanna leiðsögn bregzt,  
og sjórinn þýtur með þungum niði,  
þín ég leita drottinn.  
En þegar hafrænan ljær mér lið  
og landið rís yfir hafsins svið,  
svo þekkjá má hinar þráðu hafnir;  
þér ég neita drottinn.*

Trú hefur ekki með menntun að gera, ekki heldur vísindin, hún er ekki háð gáfum eða efnum eða tækifærum. Trúin er eins og félagi sem leggur höndina á öxlina á manni þegar maður er dapur, fordæmir ekki mistök og er örlát á fyrirgefningu.

Kirkjan sem stofnun er vissulega mannanna verk enda þótt í trúarlegum skilningi kristinna manna eigi hún sér uppruna í boðskap Jesú Krists. Kirkjan er umgjörð um lífsþjónustu. Hún er tæki til að taka á móti þeim okkar sem þarfnast aðstoðar í hörðum og oft illskiljanlegum heimi.

Ég er hér að fjalla um trúna sem mannlega þörf, ekki sem ytri opinberaðan sannleika. Og Þjóðkirkjan er vettvangurinn, skipulagið – byggingin sem hýsir starfið.

Að því leyti sem kirkjan er mannanna verk, mun hún breytast einsog tímarnir breytast.

Og við lifum nú tímamót í Þjóðkirkjunni og samfélaginu. Mót tvennra tíma. Kirkjan sýnir að hún lagar sig að breytingum og læknar sig af sárum í þeirri trú, von og kærleika, sem er markmið hennar og mælikvarði á hverri tíð.

Ég óska Þjóðkirkjunni, biskupum, prestum og djáknum og öðru starfslíði, að ógleymdu öllu sóknarfólki hennar, farsældar á þeirri björtu braut að vera gifturík íslenskri þjóð og landi.

# Synodusárið 2011-2012

## Nývígðir prestar

Cand. theol. Arndís Hauksdóttir var vígð 15. maí 2011, til prestsþjónustu í Nord-Innherað prófastsdæmi í Niðarós-biskupsdæmi, Noregi.

Cand. theol. Brynja V. Þorsteinsdóttir var vígð 15. maí 2011, til prestsþjónustu í Gauldal prófastsdæmi í Niðarós-biskupsdæmi, Noregi.

Cand. theol. Sigurvin Jónsson var vígður 15. maí 2011, til prestsþjónustu sem æskulýðsprestur í Nesprestakalli í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Cand. theol. Þráinn Haraldsson var vígður 15. maí 2011, til prestsþjónustu í Álasundi, Nordre-Sunnmøre prófastsdæmi, Møre-biskupsdæmi í Noregi.

Cand. theol. Ninna Sif Svavarsdóttir var vígð 2. október 2011, til prestsþjónustu í Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi.

## Nývígðir djáknar

Kristný Rós Gústafsdóttir var vígð 15. maí 2011, til djáknþjónustu í Ólafsvík og Ingjaldshólsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi

Þórey Dögg Jónsdóttir var vígð 15. maí 2011, til djáknþjónustu í Fella- og Hólakirkju, Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.

Ásta Ágústsdóttir var vígð 2. október 2011, til djáknþjónustu í Kópavogskirkju, Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.

Rut G. Magnúsdóttir var vígð 2. október 2011, til djáknþjónustu Vínaleiðar í Lágafellsskóla, Mosfellsprestakalli.

## Skipanir í embætti

Séra Kristján Valur Ingólfsson var skipaður vígslubiskup í Skálholti 18. september 2011.

Séra Óskar Ingi Ingason var skipaður sóknarprestur í Ólafsvík og Ingjaldshólsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. júní 2012.

Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir var skipuð sóknarprestur í Reykhóla-prestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júní 2012.

## Prófastar

Séra Birgir Ásgeirsson, prestur í Hallgrímsprestakalli, var skipaður prófastur í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra frá 1. september 2011.

Séra Davíð Baldursson, sóknarprestur í Eskifjarðarprestakalli, var skipaður prófastur í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. febrúar 2012.

## Lausn frá embætti

Séra Valdimar Hreiðarsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Staðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. október 2011. Séra Valdimar er fæddur 26. maí 1950 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1979.

Guðrún Edda Gunnarsdóttir fékk lausn frá embætti sóknarprests í Þingeyrarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. október 2011. Séra Guðrún Edda er fædd 1. september 1946 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1990.

Sr. Gísli Gunnarsson, dr. Jón Ma. Ásgeirsson og sr. Hreinn Hákonarson



Séra Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Ólafsvík- og Ingjaldshólsprestakalli Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. apríl 2012.

Séra Hólmgrímur Elís Bragason, fékk lausn frá embætti héraðsprests í Austurlandsprófastsdæmi frá 1. júní 2012.

Hörður Áskelsson, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar sagði starfi sínu lausu frá 1. september 2011.

## Andlát

## Prestar

Séra Björn Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur og prófastur í Garðaprestakalli, Borgarfjarðarprófastsdæmi lést 20. desember 2011. Hann var fæddur 7. október 1927. Varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1947 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1952. Eftirlifandi eiginkona hans er Sjöfn Pálfríður Jónsdóttir.

Dr. Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor í

nýjateamentisfræðum við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands, lést 29. janúar 2012. Hann var fæddur 10. ágúst 1957. Varð stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1977 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1986.

Séra Andrés Ólafsson, fyrrverandi prófastur á Hólmavík, lést 27. apríl 2012. Hann var fæddur 22. ágúst 1921. Varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1942 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1947. Eiginkona hans lést 1994.

## Niðurlög embætti

Múlaprófastsdæmi lagt niður frá 1. desember 2011. Prófastur var séra Jóhanna I. Sigmarsdóttir.

Embætti héraðsprests í Þingeyjarprófastsdæmi lagt niður frá 1. nóvember 2011. Prestur var séra Gylfi Jónsson.

Embætti rektors í Skálholtsskóla lagt niður frá 1. desember 2011. Rektor var séra Kristinn Ólason.

# Aukakirkjuþing 2012

## *Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein*

### **Aukakirkjuþing 2012 er sett, 47. kirkjuþing**

Verið öll velkomin til þessa samfélags í dag.

Til aukakirkjuþings er kallað af sérstæðu tilefni. Kirkjuþing 2011 samþykkti nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Þegar nú kemur að framkvæmd þeirra klingja viðvörunarbjöllur. Kjörstjórn við komandi biskupskjör lætur í ljós skýrar og rökstuddar efasemdir um að þessar kosningar geti farið þannig fram að gildi þeirra verði ekki dregið í efa. Hættumerki séu á lofti, ekki verði unnt að ganga til framkvæmdar rafrænna kosninga í fullvissu þess að ekkert fari úrskaiðis. Hinar nýju starfsreglur kirkjuþings hafi ekki að geyma ákvæði um það hvernig eigi að framkvæma rafrænar kosningar á þann hátt sem fullnægjandi geti talist. Kjörstjórnin telur ekki unnt að líta framhjá þeirri áhættu að með nútíma tækni verði unnt að misfara með niðurstöður kosninga eða rekja greidd atkvæði með einum eða öðrum hætti til kjósenda. Þá sé heldur ekki unnt að tryggja með fullu öryggi áreiðanleika staðfestingar kjósenda á því að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns á þann veg sem grundvallarreglur um leynilegar, frjálssar og opinberar kosningar gera kröfu um. Loks sé jafnræði kjósenda ekki tryggt þar sem gera megi ráð fyrir því að hluti þeirra eigi ekki rafrænt pósthfang og þeirra vegna þurfi að gera

sérstakar ráðstafanir sem kunni að vera íþyngjandi. Ég mun fjalla nánar um röksemdir kjörstjórnar við flutning þeirrar tillögu um starfsreglubreytingar sem liggur fyrir þessu þingi.

Það kann vel að vera að saka megi kirkjuþing 2011 um þá vanrækslusynd að hafa ekki gefið álitaeftum um rafrænar kosningar nægilegan gaum. Að hluta til að minnsta kosti verður það skýrt með þeirri staðreynd að tvívegis hefur kirkjuþing verið kosið rafrænt á grundvelli sams konar reglna og nú gilda um biskupskjör, 2006 og 2010. Í hvorugt skiptið voru brigður bornar á framkvæmd þeirra kosninga. Það segir hins vegar ekki alla sögu um öryggi og áreiðanleika rafrænna kosninga. Þrátt fyrir tækniframfarir og tölvubyltingar hafa rafrænar kosningar ekki verið teknar upp við kjör sveitarstjórna, þjóðþinga eða þjóðhöfðingja, hvorki hér á landi né í þeim ríkjum sem næst okkur standa að stjórnskipunarvenjum, að minnsta kosti ekki svo að mér sé kunnugt um. Þrátt fyrir ótvírætt hagræði slíkra kosninga má ætla að efinn um öryggi hafi staðið þeim í vegi. Hvað sem um það verður sagt má færa gild rök að því að eðlilegt sé að um rafrænar kosningar gildi almenn löggjöf í því landi þar sem þær á að framkvæma. Þannig háttar ekki til á Íslandi. Hafi síðasta kirkjuþingi orðið á í messunni að þessu leyti er enn tóm til að bæta úr áður en til kosninga um biskup Íslands verður gengið. Það er hluti af lífinu að skjáttlast eða gera mistök.



Pétur Kr. Hafstein

Það eru hins vegar viðbrögðin við mistökum sem skipta máli. Þess vegna er aukakirkjuþing nú kvatt saman.

Síðara mál þessa kirkjuþings lýtur að því að kjósa nefnd til endurskoða starfseglur um biskupskjör. Þótt starfsreglurnar séu nýjar af nálinni þarf að gefa ýmsum álitaeftum nánari gaum, svo sem um tilhögun framboða og framkvæmd kosninga. Annað atriði má nefna, sem kemur ekki til okkar kasta í dag, en það er sú mikilvæga og kirkjupólitíska ákvörðun hverjir eigi að hafa kosningarétt á vettvangi þjóðkirkjunnar. Við setningu kirkjuþings 2009 setti ég fyrst fram þá skoðun að allt þjóðkirkjufólk – en ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum – ætti að njóta kosningaréttar til kirkjuþings sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Til þess hníga svo veigamikil rök að mínum dómi að sams konar tilhögun gildi um biskupskjör – eða að minnsta kosti að allir þeir, sem með einum eða öðrum hætti koma að kirkjulegu starfi, njóti kosningaréttar. Þjóðkirkjan er stærsta fjöldahreyfing á landinu og það skiptir margfalt fleiri en þá, sem nú eru á kjörskrá kirkjunnar, miklu máli hverjir véla þar um ábyrgð og áhrifamátt. Ég hef áréttað þessi sjónarmið á kirkjuþingum bæði 2010 og 2011, þar á meðal með þessum orðum: „Ef þjóðkirkjan vill vera þjóðkirkja í lífrænum tengslum við fólk í landinu verður hún að leita til grasrótar sinnar en ekki upphefja sjálfa sig sem óumbreytanlega stofnun í guðfræðilegum skilningi. Við verðum að kalla miklu fleira fólk til ábyrgðar og ákvarðanatöku í kirkjunni, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjuþings.“ Ég get ekki sagt að þessi

málflutningur minn hafi vakið mikla athygli eða hlotið góðar undirtektir á kirkjulegum vettvangi. Í aðdraganda þeirra biskupskosninga, sem nú standa fyrir dyrum, hefur þó aðeins örlað á þessum sjónarmiðum. Það er vissulega fagnaðarefni – og dropinn holar steininn.

Virðulega kirkjuþing.

Nú eru áttatímar í þjóðkirkjunni. Fyrir dyrum standa margvíslegar breytingar á skipulagi og stjórnarframkvæmd, meðal annars í frumvarpi að nýjum þjóðkirkjulögum sem nú er til umræðu og kynningar á vettvangi kirkjunnar. Kirkjan er þar að kalla eftir meiri sjálfsákvörðunarrétti og samfara því að sjálfsögðu meiri ábyrgð, ekki síst kirkjuþings. Þjóðkirkjan hefur orðið fyrir þeirri ágjöf að traust til hennar hefur beðið nokkurn hnækki. Það er brýnasta verkefni kirkjunnar um þessar mundir að endurheimta traust og trúnað og ná til þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sig lengur eiga samleið með þjóðkirkjunni. Þetta gerist ekki í einni hendingu og ekki með því einu að kjósa nýja biskupa. Hér verður allt kirkjunnar fólk að leggjast á eitt, ekki síst kirkjuþing, sem verður á hverjum tíma að leita allra leiða til að styrkja ásýnd og stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu, trúverðugleika hennar og heilindi.

Á þeim umbrotatímum, sem framundan eru, verða allir að leggja sitt af mörkum til að efla einingu og samheldni kirkjunnar manna. Ég hef sagt það fullum fetum að skortur á samstöðu og skilningi, á hollustu og umburðarlyndi innan kirkjunnar eigi drjúga sök á því að traust á þjóðkirkjunni hafi farið þverrandi. Ég hef sagt að við ættum að verða við áskorun séra Matthíasar Jochumssonar og senda „út á sextugt



djúp sundurlyndisfjandann!" Sumir hafa kosið að túlka þessa hvatningu mína sem tilburði til þöggunar, viðleitni til að drepa í dróma lífræn skoðanaskipti og gagnrýni á það sem betur megi fara í kirkjunni. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja en ekkert er þó fjær sanni.

Mér er ljóst að þær tillögur sem fram koma í frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga þess efnis að biskupar og prestar verði ekki lengur embættismenn ríkisins heldur embættismenn þjóðkirkjunnar hafa mætt mikilli andstöðu af hálfu mjög margra í hópi hinna vígðu þjóna kirkjunnar og valdið óróa og ótta um versnandi hag og stöðu. Ég ber fulla ábyrgð á því að hafa lagt tillögu um þetta fyrir millipinganefnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið nefndina til að fylgja henni fram. Ég er að vísu sannfærður um að einmitt þetta muni framtíðin bera í skauti sínu eftir því sem hinni sjálfstæðu íslensku þjóðkirkju vex fiskur um hrygg. Engu að síður tel ég nú óhjákvæmilegt að

horfast í augu við það að deilur um slíka breytingu verði að vikja fyrir brýnni hagsmunum þjóðkirkjunnar af samstöðu og samtakamætti við það mikla verkefni að kirkjan nái vopnum sínum og endurheimti glatað traust. Þörfín fyrir einingu og samhug er aldrei brýnni en nú þegar stöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju í stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið teflt í tvísýnu. Ég hef því í gær lagt fyrir millipinganefnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið einróma samþykki við þá tillögu að horfið verði frá þessu ráði við tillögugerð um ný þjóðkirkjulög. Þess í stað verði allt kapp lagt á að ná sem allra víðtækastri samstöðu um þjóðkirkjufrumvarpið að öðru leyti og fylgja því fram til samþykktar á næsta kirkjuþingi í haust og afgreiðslu á Alþingi á komandi vetri.

Ég bið þess að farsæld og friður megi fylgja störfum og ákvörðunum þessa aukakirkjuþings.

# Kirkjubing unga fólksins 2011

*Ávarp forseta kirkjubings unga fólksins,*

*Jónínu Sifjar Eypórsdóttur*



Jónína Sif  
Eypórsdóttir

Biskup, forseti og þingmenn!  
Kirkjubing unga fólksins 2011 þakkar biskupi, vígslubiskupum og forseta kirkjubings fyrir nærveru sína á kirkjubing unga fólksins. Það voru mikilvæg skilaboð til unga fólksins sem sátu þingið að vita að yfirstjórn kirkjunnar láti sig málefni ungs fólks varða.

Unnar hafa verið þrjár megin ályktanir upp úr nefndarálitum sem samþykkt voru á kirkjubinginu, þær eru svohljóðandi:

- Að þróa eigi starf fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri, þar sem staðreyndin er sú að eftir að grunn-skólaaldri líkur, fjarlægjast ungmenni sem hafa verið í kristilegustarfi til lengri tíma kirkjuna, þar sem lítið starf er í boði fyrir þennan aldur.
- Að niðurskurður ríkisins á sóknar-

gjöldum til íslensku þjóðkirkjunnar sé farinn að veða þungt að barna- og unglingastarfi sem unnið er í kirkjum landsins.

- Kirkjubing unga fólksins fagnar því að verið sé að koma á fót nefnd sem hefur hagsmuni æskulýðsstarfsins að leiðarljósi. Lagt er til að unga fólkíð fái að minnsta kosti 1/3 þriðja þeirra sæta sem eru í æskulýðsnefnd. Samanber þingmál nr. 21 á kirkjubingi 2011.

Sem forseti kirkjubings unga fólksins bendi ég á að öll nefndarálit og greina-gerðir kirkjubings unga fólksins verða aðgengileg þátttakendum kirkjubings 2011 og mælist ég til þess að þeir fulltrúar sem hér eru kynni sér þá starf sem fram fór á þinginu okkar og þá frábæru vinnu sem þar var unnin.



Fulltrúar á  
kirkjubingi unga  
fólksins

# Kirkjuþing 2011

## *Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein*

Kirkjuþing 2011 er sett, 46. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju.

Verið öll hjartanlega velkomin hingað í dag, þingheimur og góðir gestir. Við heilsum sérstaklega nýjum vígslubiskupi í Skálholti, séra Kristjáni Val Ingólfssyni. Við bjóðum hann velkominn á kirkjuþing og væntum mikils af samvistum og samvinnu við hann á þessum vettvangi og endranær á akri þjóðkirkjunnar. Við minntumst forvera hans, séra Sigurðar Sigurðarsonar, á aukakirkjuþingi í sumar og þökkum sérstaklega framlag hins fallna vígslubiskups til málefna kirkjuþings. Við biðjum þess í einlægni að starfið í Skálholti megi styrkjast og dafna til eflingar trúarlífi og þjónustu þjóðkirkjunnar í landinu.

Fyrir ári síðan, þegar fyrir dyrum stóð að setja á laggirnar rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot, sagði ég við setningu kirkjuþings að verkefni kirkjunnar í þessu efni væri nákvæmlega meitlað í ljóði Njarðar P. Njarðvík, *Án þess að líta undan*. Þar kemur fram að sérhver manneskja verði að læra að horfast svo fast í augu við sjálfa sig að hún neyðist til að líta undan. Og hvað gerist svo? Til þess að rísa undir því að vera manneskja og lifa af í hörðum heimi er ekki nema einn kostur í boði. Hann er sá að horfast að nýju í augu við sjálfan sig – **án þess að líta undan**.

Nákvæmlega þetta er þjóðkirkjan að gera nú um stundir og þetta verður hún að gera af fullri alvöru á næstu vikum, mánuðum og árum: **Að horfast í augu við sjálfa sig án þess að líta undan**. Á því mun framtíð hennar velta hvort hún er fær um að takast á við þann vanda sem felst í slíkri sjálfsskoðun um leið og hún færir yfirbragð sitt allt, boðun og verklag til þeirra háttá sem hæfa betur nútíð og framtíð.

Rannsóknarnefnd kirkjuþings skilaði ítarlegri skýrslu 10. júní síðastliðinn. Aukakirkjuþing var kvatt saman fjórum dögum síðar til þess að marka fyrstu viðbrögð kirkjunnar við henni og setja þau í málefnalegan farveg. Í mínum huga kom aldrei annað til greina en að kalla þingið saman svo fljótt sem verða mátti. Það var annars vegar vegna stöðu kirkjuþings sem æðsta stjórnvalds kirkjunnar og hins vegar vegna þeirrar ríku ábyrgðar sem þingið ber á framkvæmd þessa sérstæða og mikilvæga máls með því að hafa samþykkt einróma starfsreglur um rannsóknarnefnd kirkjuþings. Aukakirkjuþingið 14. júní gat hins vegar ekki og átti ekki að vera annað en fyrsta skrefið á langri vegferð til að ná tökum á þeim vanda sem við kirkjunni blasir í þessum efnum. Um slíkt gat engum ábyrgum manni í forystu kirkjunnar blandast hugur.

Í ályktun aukakirkjuþingsins var harmað að viðbrögð og starfshættir þjóðkirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot innan hennar hefðu ekki alltaf verið sem skyldi. Kirkjuþing bað



Pétur Kr. Hafstein

í einlægni þá þolendur kynferðisbrota fyrirgefningar sem hefðu verið órétti beittir í samskiptum við þjóna kirkjunnar og lykilstofnanir hennar. Í þessum fyrstu viðbrögðum kirkjupings fólst að sjálfsgöðu full viðurkenning á því að alvarleg mistök hefðu átt sér stað af hálfu kirkjunnar manna á undangengnum árum. Sú viðurkenning hefur síðan verið áréttuð, meðal annars af biskupi Íslands.

Aukakirkjupingið kaus úr sínum hópi fimm manna nefnd til að undirbúa frekari úrbætur á þessu sviði. Markmiðið með starfi nefndarinnar var fyrst og fremst að mótaðar yrðu tillögur um **fyrirmyndarvinnubrögð** í öllu því er lýtur að forvörnum, fræðslu og viðbrögðum við kynferðislegu ofbeldi og áreiti á vettvangi kirkjunnar. Því markmiði munum við ná undir þeim formerkjum að þjóðkirkjan þolir ekki og sættir sig ekki við ofbeldi af nokkru tagi, hvorki kynferðislegt ofbeldi né annars konar yfirgang og svívirðu.

Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá aukakirkjupingi hefur þessi úrbótanefnd innt af hendi mikið verk og vinnur nú að því að leggja frekari grundvöll að lagfæringum og umbótum eins og fram kemur í áfangaskýrslu hennar til kirkjupings. Það er hins vegar ljóst að nefndin þarf lengri tíma til að skila þinginu endanlegum tillögum. *Það koma ekki allir dagar í sama böggli*, segir máltækið. Það þýðir ekki að enn hafi ekkert áunnist, öðru nær. Nefndin hefur stofnað til nauðsynlegrar samræðu um forvarnir og viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi og leitað samráðs og samskipta við fulltrúa flestra þeirra samtaka og stofnana sem með einhverjum hætti vinna að þessum viðkvæmu málum. Þá hefur nefndin gengist fyrir samkomulagi

um sanngirnissætur við þrjár þeirra kvenna sem rannsóknarnefndin tiltekur sérstaklega og telur kirkjuna hafa brotið gegn með mistökum í málsmeðferð þegar þær leituðu viðbragða hennar við ásökunum sínum um kynferðisbrot fyrir hálfum öðrum áratug. Þjóðkirkjan er í forystusveit þeirra sem hér vilja taka höndum saman og á vettvangi hennar hefur margt og mikið áunnist á undanförunum árum, höldum því til haga. Það var þannig eitt af fyrstu verkum Karls Sigurbjörnssonar í embætti biskups Íslands fyrir þrettán árum að beita sér fyrir því að settar yrðu verklagsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar sem síðan hafa verið að þróast og mótað með margvíslegum hætti. Fagrað um meðferð kynferðisbrotamála innan kirkjunnar hefur um árabíl unnið ómetanlegt starf sem sannarlega ber að þakka og meta að verðleikum.

Umræðan um viðbrögð við kynferðisbrotum innan kirkjunnar hefur haldið áfram og á að halda áfram. Fyrir þremur vikum var hér hjá okkur dr. Marie Fortune, vígður prestur og einn virtasti fagaðili og rithöfundur á sviði fræðslu- og forvarnarmála í Bandaríkjunum um kynferðislegt ofbeldi á kirkjulegum vettvangi. Þjóðkirkjan studdi komu hennar hingað með margvíslegum hætti og er enginn efi á því að leiðsögn hennar muni nýtast okkur vel í úrbótastarfinu, bæði í guðfræðilegu og siðfræðilegu tilliti. Skýrsla rannsóknarnefndar kirkjupings er að sjálfsgöðu enn til umfjöllunar á þessu þingi og frekari ályktana eftir því sem kirkjuping kys. Umræða um hana og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi innan kirkjunnar yfirleitt fer fram í 16. máli þingsins þar sem jafnframt verður fjallað um störf úrbótanefndarinnar.

Það er mikilvægt að halda því til haga í þessari umræðu allri að það er skýr og ótvíræð niðurstaða rannsóknarnefndar kirkjupings að af hálfu yfirstjórnar kirkjunnar hafi ekki verið um að ræða vísitandi þöggun eða tilraun til þöggunar gagnvart þeim ásökunum um kynferðisbrot sem í deigluinni hafa verið. Vissulega voru gerð margvísleg mistök í stjórnýslu og mannlegum samskiptum eftir að ásakanir um kynferðisbrot höfðu verið bornar fram, þar á meðal í meðferð erindis Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á árunum 2009 til 2010. Þau mistök eru fyllilega viðurkennd og mikið harmsefni. En þau fólu ekki í sér þöggun eða tilraun til þöggunar að mati rannsóknarnefndarinnar. Af öllum þeim atriðum sem nefndin tók til gagngerrar skoðunar telur hún að einungis yfirlýsing aðalfundar Prófastafélags Íslands 7. mars 1996 hafi falið í sér tilraun til þöggunar, að hún hafi verið til þess fallin að bæla niður eða lægja opinbera umræðu um þær ásakanir sem fram höfðu komið á hendur þáverandi biskupi. Prófastafélagið er samráðsvettvangur prófasta sem eru trúnaðarmenn biskups Íslands hver í sínu umdæmi en telst ekki til yfirstjórnar þjóðkirkjunnar. Þetta er ekki sagt hér til að draga úr ábyrgð yfirstjórnar kirkjunnar á þeim mistökum sem hún sannanlega gerði heldur til að fylgja því heilræði Ara fróða að hafa það heldur er sannara reynist. Þetta hefur ýmsum, þar á meðal Ríkisútvarpinu, gengið miður vel að virða í umfjöllun um þessi viðkvæmu mál.

Þjóðkirkjan stendur nú á krossgötum. Hún horfist í augu við sjálfa sig án þess að líta undan. Verkefnið er knýjandi: Hún á að draga skýrar víglínur í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi. Hún á að hafa réttlæti og virðingu fyrir

mannlegum tilfinningum og vanmætti fórnarlamba að leiðarljósi. Hún á að undirstrika það rækilega í allri sinni framgöngu og boðun að kynferðislegt ofbeldi sé synd í kristnum trúarskilningi. Hún á að umvefja þá sem til hennar leita og telja á sér brotið. Hún á að styrkja þá og leiðbeina þeim og leitast við að koma málum í réttan farveg eftir því sem unnt er. Hún á að veita skjól og fylgd, bæði fórnarlömbum og ógæfufólki. Allt þetta getur kirkjan gert um leið og hún virðir í einu og öllu þá **grundvallarreglu réttarríkisins að sérhver maður skuli saklaus talinn þar til sekt hans er sönnuð**. Gleymum því ekki að aðgát skal höfð í nærveru sálar. Kirkjan eða einstakir kirkjunnar menn, vígðir þjónar eða leikmenn, mega aldrei falla í þá freistni að taka sér dómsvald, koma fram sem rannsóknarréttur eða úrskurðaraðili og handhafi sannleika um sekt eða sýknu þeirra sem eru bornir sökum. Þá færi kirkjan sem siðferðilega ábyrg stofnun inn á háskalegar brautir. Hlutverk kirkjunnar er fyrst og fremst að vera til staðar, styðja og styrkja, fræða og uppörva, efla von og kærleika og vitund um mannlega reisn og réttlæti. Aðeins þannig getur hún verðskuldað traust og trúnað.

Virðulega kirkjuping og góðir gestir.

*„Vont er þeirra ránglæti, verra þeirra réttlæti”,* sagði Jón Hreggviðsson í Íslandsklukkunni forðum tíð. Ekki verður hjá því komist að þessi fleygu orð leiti á hugann þegar horft er til þess hvernig stjórnlagaráð hefur skilist við tilvist þjóðkirkjunnar í tillögum sínum að nýrri stjórnarskrá. Þar er hlaupist undan þeim vanda að kveða á um hvort hér á landi skuli vera þjóðkirkja eða ekki. Það ákvörðunarvald er fengið Alþingi með orðunum: „Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins” – rétt eins og

sérstaka heimild þurfi í stjórnarskrá til að Alþingi geti gegnt löggjafarhlutverki sínu! Hitt er þó sönnu nær að það hlýtur að vera einn af grundvallarþáttum samfélagsins og því einn þráður í stjórnarskrá ef hin evangelíska lúterska kirkja á áfram að vera þjóðkirkja á Íslandi. Þar að auki er það rangnefni að tala nú um „kirkjuskipan ríkisins“ þegar fyrir liggur að þjóðkirkjan er ekki lengur ríkiskirkja heldur sjálfstæð stofnun sem ber réttindi og skyldur að lögum. Með þessari tillögugerð stjórnlagaráðs er því sköpuð óviðundandi óvissa. Þetta er raunar ekki eina dæmið um ófullnægjandi frágang í hugmyndum um nýja stjórnarskrá og nægir þar að nefna þær snörpu deilur sem risið hafa um stöðu og hlutverk forseta Íslands.

Í núgildandi stjórnarskrá, sem er að stofni til frá árinu 1874 og halda verður í heiðri þar til ný stjórnarskrá hefur komið í hennar stað, er tvennt sem nýtur sérstakrar verndar. Annars vegar þurfa breytingar á stjórnarskránni almennt að ganga í gegnum það nálarauga að þær kalla á þingrof og samþykki tveggja löggjafarþinga, fyrir og eftir almennar alþingiskosningar. Hins vegar eru breytingar á kirkjuskipaninni – og þar með sú spurning hvort hér skuli vera þjóðkirkja eða ekki – háðar því að Alþingi taki skýra ákvörðun um afnám þjóðkirkju og þjóðin fái að greiða atkvæði um þá ákvörðun sérstaklega. Það nægir ekki að leggja fram tillögu að nýrri stjórnarskrá þar sem engu er slegið föstu um þjóðkirkju á Íslandi. Í þjóðaratkvæðagreiðslu um slíka tillögu að stjórnarskrá væri að sjálfsögðu ekki verið að kjósa um þjóðkirkjuna sérstaklega. Það er hins vegar stjórnarskrárvarinn réttur þjóðarinnar sjálfrar að ákveða hvort þjóðkirkja skuli vera hér í landi eða ekki. Framhjá þessum rétti

þjóðarinnar verður ekki gengið með sjónhverfingum einum saman.

Lýðveldisstjórnarskráin kveður á um það að ríkisvaldið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna. Þetta er arfur frá gamalli tíð og engin þörf er lengur á slíku verndarákvæði í stjórnarskrá. Hér ríkir trúfrelsi og mikilvægt er að ríkisvaldið búi svo um hnútana í löggjöf að landsmenn eigi frjálst val og öll trúfélög njóti fyllsta réttar. Það er útbreiddur misskilningur, bæði meðal almennings og stjórnámálamanna, að stuðningur almannavalds við þjóðkirkjuna felist öðru fremur í því að ríkið standi fjárhagslega straum af kirkjunni. Vissulega innheimtir ríkið með beinum sköttum sóknargjöld sem eru í eðli sínu félagsgjöld og renna til safnaða þjóðkirkjunnar eins og allra annarra trúfélaga í landinu til þess að standa undir margháttaðri velferðarþjónustu í nærsamfélaginu. Þessi sóknargjöld hafa nú verið skert um 20% frá fjárlögum ársins 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni og stefnir í mikið óefni viðs vegar um landið. Hitt er þó nauðsynlegt að hafa í huga að fjárstuðningur ríkisins við þjóðkirkjuna byggist fyrst og fremst á samningum ríkis og kirkju, svonefndu kirkjujarðasamkomulagi frá árinu 1997, um stórfellda afhendingu kirkjujarða og kirkjueigna til ríkisins. Endurgjald ríkisins fyrir þessi verðmæti fólst í því að laun tiltekins fjölda starfsmanna þjóðkirkjunnar skyldu í framtíðinni koma úr ríkissjóði. Þetta samkomulag hefur verið lögfest og virt, meðal annars við þann óhjákvæmilega niðurskurð ríkisútgjalda sem efnahagshrunið kallaði á og þjóðkirkjan hefur fyrir sitt leyti tekið þátt í að axla. Kirkjujarðasamkomulagið myndi að sjálfsögðu halda fullu gildi sínu þótt sú leið yrði farin að

hin evangeliska lúterska kirkja skyldi ekki lengur vera þjóðkirkja á Íslandi. Allt tal um milljarða sparnað ríkisins við slíka ákvörðun er einber blekking.

Við setningu aukakirkjupings í sumar greindi ég frá því að millipinganefndin sem kirkjuping kaus á síðasta ári til að fara yfir þjóðkirkjufrumvarpið myndi leggja fyrir þetta kirkjuping ýmsar róttækar breytingar í því skyni að auka trúverðugleika þjóðkirkjunnar í samfélaginu. Þar má nefna að biskupar og prestar verði ekki lengur skilgreindir í lögum sem embættismenn ríkisins, í kirkju sem ekki er lengur ríkiskirkja, heldur embættismenn þjóðkirkjunnar sjálfir, að staða leikmanna í kirkjunni verði styrkt og skipan kirkjuráðs breytt, kjörtími biskupa verði takmarkaður við tólf ár að hámarki og embætti vígslubiskupa eflað og svo loks að kirkjuping fái fjárstjórnarvald í kirkjunni og axli raunverulega ábyrgð á þeim vandasömu verkefnum sem slíku valdi fylgja. Allt verður þetta til umfjöllunar á þessu þingi og margt fleira sem til úrbóta stefnir. Hins vegar hefur verið horfið að því ráði að leggja til við kirkjuping að millipinganefndin starfi áfram að gerð frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga og skili kirkjupinginu endanlegum niðurstöðum sínum á næsta ári. Þetta er fyrst og fremst gert til að skapa betri frið, meiri skilning og öflugri samstöðu um þær stjórnkerfisbreytingar innan kirkjunnar sem nauðsynlegar eru. Þörf á breytingum og endurbótum endurspeglast meðal annars í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar sem brýn nauðsyn er á að kirkjuping og kirkjuráð taki til gaumgæfilegrar skoðunar. Ég ítreka svo enn og aftur að þjóðkirkjan verður í auknum

mæli að leita til grasrótarinnar, fólksins í safnaðarstarfinu, ef hún vill endurheimta traust og trúnað og vera í lífrænum tengslum við fólkið í landinu, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjupings.

Ágæta samkoma.

Fyrir þremur vikum kom út gagnmerk ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar biskups, *Brautryðjandinn* eftir Óskar Guðmundsson rithöfund. Þar kemur fram að þennan merka og frjálsslynda forystumann þjóðkirkjunnar, sem kom víða við sögu þjóðar og kirkju og var biskup yfir Íslandi fyrir 100 árum, dreymdi stóra og fagra drauma, meðal annars um sjálfstæða þjóðkirkju andspænis óbreyttri ríkiskirkju sem þá var og frikkirkjuhugmyndum sem hingað bárust frá Vesturheimi. Hann dreymdi jafnvel um aðskilnað ríkis og kirkju sem hann taldi þó ekki tímabæran og varð svo um síðir afhuga. Hugsjónir Þórhalls biskups um sjálfstæða þjóðkirkju hafa jafnt og þétt verið að fá á sig skýrari mynd í þroska og þróun kirkjunnar. Það er þjóðkirkjunni sífelld nauðsyn að dreyma stóra og fagra drauma og leggja sig alla fram um að leita jafnan að endurbótum í verklagi og boðun í því skyni að treysta og efla siðgæði og trúarlíf í landinu. Um leið og ég hvet kirkjuping til þess að taka af festu og framsýni á brýnum álitæfnum í starfsumhverfi þjóðkirkjunnar, henni sjálfri og þjóðinni allri til heilla og blessunar, minni ég á andlátsorð Þórhalls biskups hinn 15. desember 1916 og geri þau að mínum við setningu þessa kirkjupings: „**Guð gefi góðu málefni sigur.**”

# Kirkjuping 2011

## Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ögmundar Jónassonar



Ögmundur  
Jónasson

Biskup Íslands, forseti kirkjupings, kirkjupingsfulltrúar og aðrir gestir.

Það er ánægjulegt að vera hér á hátíðlegri stundu í upphafi kirkjupings. Hér mun fara fram mikilvæg umræða og vil ég nota þetta tækifæri til að óska kirkjupingi alls góðs í störfum sínum, svo og íslensku þjóðkirkjunni.

Í upphafi máls míns langar mig til að víkja nokkrum orðum að okkar fyrri samskiptum.

Á prestastefnu sem haldin var í Háskóla Íslands 3. maí síðstliðinn sagði ég eftirfarandi: „*Sem stofnun hefur kirkjan þurft að sæta miklum niðurskurði eins og aðrar stofnanir í samfélagi okkar. Því miður sér enn ekki fram úr þeim þrengingum sem við er að stríða. Án þess að ég vilji gefa nokkur fyrirheit um framhaldið – reyndar er boðaður niðurskurður á komandi ári – þá vil ég engu að síður bjóða kirkjunni að tilnefna tvo fulltrúa í starfshóp með fulltrúum innanríkisráðuneytisins sem meti hvaða áhrif niðurskurðurinn hefur haft á starfsemi kirkjunnar og hverjar yrðu afleiðingarnar ef haldið yrði áfram á þessari braut. Þar með er ég að bregðast við ákalli biskups sem lýst hefur þungum áhyggjum yfir stöðu mála í formlegu erindi til mín sem ráðherra kirkjumála.*

Ég er meðvitaður um ábyrgð mína sem aðili að framkvæmda- og fjárveitingarvaldi. Mitt hlutverk er meðal annars að halda til haga hagsmunum skattgreiðenda og ríkissjóðs en við sem höfum þetta verkefni með höndum þurfum jafnframt að vera meðvituð um afleiðingar gerða okkar.“

Þetta gekk eftir og hóf starfshópurinn vinnu í ágústbyrjun. Til að honum yrði unnt að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi kirkjunnar fól hann starfsmanni sínum að reikna út hver þessi niðurskurður hefði verið allt frá því hann hófst eftir bankahrunið og að bera hann saman við þann niðurskurð sem almennt hefði verið hjá ríkisaðilum. Þá var jafnframt ákveðið að leita eftir því að fá aðgang að ársreikningum sókna þjóðkirkjunnar til að leggja mat á hvernig þær hefðu brugðist við niðurskurðinum og hvaða áhrif hann hefði haft á starfsemi þeirra.

Þjóðkirkjan fær fjárveitingar á nokkrum fjárlagaliðum. Tveir þeirra eru langstærstir, þ.e. til Biskupsstofu til greiðslu launa presta, prófastea og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar og vegna annars rekstrarkostnaðar en sá liður byggist á samkomulagi milli ríkis og kirkju frá árinu 1997. Hinn liðurinn er til reksturs kirkna og starfsemi sókna landsins en um hann giltu lög frá 1987 um sóknargjöld o.fl. Ákvæðum þeirra laga um fjárhæð sóknargjalda hefur verið breytt árlega frá árinu 2008 með lögum um ráðstafanir í ríkifjármálum. Aðrir fjárlagaliðir eru kirkjumálasjóður, kristnisjóður og jöfnunarsjóður sókna. Eftir hrun tók kirkjan á sig skerðingu á fjárveitingum til biskupsstofu og hefur verið um það gerður árlegur viðaukasamningur við fyrrnefndan samning frá 1997 þar sem framlögin eru lækkuð til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins eins og segir í honum. Enginn slíkur



samningur var gerður um skerðingu sóknargjaldanna. Sú skerðing hefur verið ákveðin af fjárveitingavaldinu við undirbúning fjárlaga ár hvert.

Við upptöku staðgreiðsluskatts árið 1988 urðu sóknargjöld hluti af skattinum en höfðu áður verið innheimt sérstaklega og skilað til kirkjunnar. Við undirbúning lagabreytingarinnar var þessi leið valin þar eð hún þótti einföld í framkvæmd og talin myndu tryggja til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar eins og sagði í athugasemdum með lagafrumvarpinu.

Frá því er skemmst að segja að við samanburð á skerðingu sóknargjaldanna og skerðingu á fjárveitingum til annarra ríkisaðila kom í ljós verulegur munur. Sóknargjöldin höfðu lækkað að raungildi, miklu meira en nam almennri skerðingu og samdrætti, nokkuð sem hafði meiri áhrif en ella vegna fækkunar sóknarbarna á sama tíma.

Tölurnar tíunda ég ekki hér en ég mun fljótlega gera grein fyrir þessum niðurstöðum í ríkisstjórn. Til þess var til starfshópsins stofnað að við hefðum á okkar vinnsluborði sem bestar upplýsingar um stöðu mála. Ég vil að það komi fram að sjálfum kom mér á óvart hve mikilli skerðingu sóknargjöldin hafa sætt umfram almennan niðurskurð og hlýtur það að krefjast sérstakrar skoðunar af hálfu okkar sem förum með fjárveitingarvaldið.

Staða kirkjunnar sem stofnunar er nú mjög til umræðu í þjóðfélaginu og hefur verið um nokkurt skeið. Spurt er hvort viðhalda eigi kirkjunni sem þjóðkirkju, hvort hún hafi hlutverki að gegna sem stofnun? Er hún rétt staðsett í lagaramma og regluverki samfélagsins?

Spurninga sem þessara á að spyrja gagnvart öllum stofnunum öllum

stundum. Og ráðherra trúmála þarf einnig að spyrja um hlutverk – réttindi og skyldur – annarra safnaða og einnig lífsskoðunarfélaga. Á að veita lífsskoðunarfélögum á borð við Siðmennt sömu réttindi og trúfélögum?

Ég er á því máli og er sammála Hjalta Hugasyni, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, þegar hann færir rök fyrir því að útfærð trúfrelsisákvæði séu nauðsynleg til að verja mannréttindi fólks sem hefur flust hingað búferlum og myndar trúarlega minnihlutahópa. Eins þurfi trúfrelsi að tryggja stöðu þeirra sem standa vilja utan allra trúfélaga og/eða hafna trú.

Í samræmi við þetta talar prófessorinn fyrir því að hlutur þeirra sem standa utan þjóðkirkjunnar og þeirra sem standa utan trúfélaga skuli jafnframt vera bættur með því að leggja trúfélög og lífsskoðunarfélög að jöfnu. Áður hef ég fjallað á þessum vettvangi um viðhorf mín til þessara mála og hef ég grun um að um sumt sé ég varfærnari en margur maðurinn, því ég horfi til þjóðkirkjunnar sem hluta af íslenskum menningararfi sem vafasamt sé að leggja að jöfnu við önnur trúfélög og hreyfingar, einfaldlega vegna hinnar sögulegu og menningarlegu viddar, sem þjóðkirkjunni tengist.

En mannréttindakjarninum í máli Hjalta Hugasonar er ég sammála og í þeim anda ákvað ég að verða við óskum Siðmenntar um að tryggja því félagi ígildi sóknargjalda og réttindi á borð við trúfélög. Þannig skuli Siðmennt veitt heimild til embættisverka, sem trúfélög og hið opinbera hafa annars með höndum. Með þessu er ekki gengið á rétt nokkurs manns né nokkurs trúarhóps. Því allir njóta trúarsöfnuðir þegar þessara sömu réttinda, að sjálfsögðu þar með talin þjóðkirkjan.



Í mínum huga er það grundvallaratriði að allir hafi rétt til þess að velja sér trú, trúarbrögð eða trúleysi. Það er einfaldlega í samræmi við kall tímans – og auðvitað hefði það átt að vera kall allra tíma – að einstaklingar geti valið sér vettvang fyrir trú, mannrækt, tilvistarspurningar og andlega þekkingarleit.

Það er staðreynd sem við þekkjum öll, hve gott og sameinandi það er að koma saman og láta minna okkur á hina andlegu vídd lífsins. En sú vídd verður þó aldrei með öllu slitin úr tengslum við hið veraldlega vafstur. Þess skulum við minnast þegar við sameinumst undir sameignlegu þaki. Þakið þarf að vera til, í eiginlegri merkingu og í kirkjunni starfa einstaklingar – og það á við um allar sambærilegar stofnanir – að þar starfar fólk sem lifir sinni veraldlegu tilveru og þarf að hafa sitt lífsviðurværi.

En hvað Þjóðkirkjuna áhrærir hljótu- um við að spyrja hvort okkur finnst einhvers virði að safnast saman undir hennar þaki á gleði- og sorgarstundum.

En hver er Þjóðkirkjan? Er hún

stofnun, hreyfing eða samfélag? Eða er þetta allt eitt og hið sama? Ég kann ekki svarið. Hef lengi leitað þess. Sennilega duga hér engar alhæfingar en sérhver maður hefur sína sýn, sína nálgun.

Mig langar til að segja ykkur hvað ungur frændi minn sagði í minningargrein um móður mína í upphafi þessa árs. „... Amma var trúuð, sagði hann, „trúði á það góða í heiminum. Hún trúði á kærleikann og sýndi í verki hvað er að vera góður við náungann. Ég minnst þess ekki að hafa rætt trúarbrögð við ömmu, en frá blautu barnsbeini minnst ég ömmu ræða um mikilvægi kærleikans og gildi þess að trúa á það góða. Líklega hef ég ekki skilið þetta í fyrstu, en nú síðustu ár hef ég lært að meta sannleikann í þessum orðum.“ Þetta skrifaði systursonur minn í minningargrein um ömmu sína en hún lést í janúar á þessu ári, á 97. aldursári.

Já, trúuð, en aldrei heyrði ég hana tala um trúarbrögð. Reyndar held ég að hann frændi minn hafi horft framhjá því – eða kannski ekki tekið eftir því – að amma

hans kenndi honum bænir því ofar öllu trúði hún á mátt bænanna. En í þessu birtist hennar – og kannski minn líka - skilningur á kristinni trú og boðanda hennar þegar best lætur; Þjóðkirkju eins og ég vil sjá hana, talandi til hjartans, nánast án þess að eftir því sé tekið, óáreitinn en þó afgerandi.

Vinsælasta tilvitnunin í Biblíuna mun vera orð Páls postula úr fyrri Korinutubréfi, þrettánda kafla, sem byrjar eins og allir hér inni vita: „Þótt ég talaði tungum manna og engla en hefði ekki kærleika ...“ og endar eins og menn muna „... en nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.“

Út af þessum orðum hefur verið lagt oftar en nokkur maður veit og það eru alltaf þessi þrjú orð: trú, von, og kærleikur; það er einsog þau fari aldrei almennilega úr tísku. Það er eiginlega ómögulegt að fá af þeim nóg.

En hvernig getur stofnun boðað trú, von og kærleika? Getur einhver stofnun borið ábyrgð á trú, von og kærleika? Er það ríkisstofnun? Undir eftirliti Ríkisendurskoðunar?

Eins er hægt að spyrja: Er hægt að segja sig frá trú, von og kærleika?

Hvar stendur Þjóðkirkjan, með sína þúsund ára sögu? Þjóðkirkjan sem stundum boðaði trúna, vonina og kærleikann með hörku, nísk á fyrirgefningu, íhaldsöm til vansa og skilningslaus á tísku og tíðaranda. Í því „*skilningsleysi*“ hefur þó legið hennar styrkur í gegnum aldirnar. Hún hefur verið kjölfesta í lífsins ólgusjó.

Og eins og allt sem máli skiptir, hjá okkur, þessari litlu og fámennu þjóð, þá varð kirkjan virk og mótandi menningarstofnun. Kirkjan stóð og stendur vörð um tunguna, siðræn gildi og hefðir. Er hægt að segja sig úr menningunni?

Getur einhver sagt mér það?

Kristin kirkja hefur staðist sem stofnun lengur en nokkur önnur í mannkynssögunni. Þess vegna sætir engri furðu að hún hafi staðið af sér ýmsar bylgjur undanfarinna ára, ágenga hugmyndastrauma, stjórn-málábreytingar og trúarbrögð annars staðar frá komin.

Kannski vildi kirkjan helst af öllu sleppa við að vera þjóðkirkja eða öllu heldur ríkiskirkja, sem þarf að sinna skrifstofustörfum fyrir samfélagið, kannski vill hún fá að vera sjálfstæð óháð kristin kirkja. Kirkja án eyðublaða og án veraldlegra yfirboðara. Kirkja fagnaðarerindis. Kirkja móður minnar, kirkja trúar, vonar og kærleika. Og þegar allt kemur til alls þá var það samfélagið sjálft sem taldi það vera hagsmuni heildarinnar að hafa Þjóðkirkju.

Í mínum huga hefur aðskilnaður ríkis og kirkju þegar farið fram og ég segi: Í stað þess að hrapa að ákvörðunum um grundvallarbreytingar skulum við taka rækilega umræðu um heildarhagsmuni. Þrátt fyrir allt þá er kirkjan – bæði bundin en einnig óháð trúarboðskap sínum – hornsteinninn í okkar samfélagi; hún er menningarstofnun sem geymir mikilvæga arfleifð úr sögu og lífi íslenskrar þjóðar. Og enn er það svo að stærsta þakið sem við sameinumst undir á örlagastundum er þak Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuping mun nú ræða veraldarvafstrið, hvernig kirkjan bregst við í þeim þrengingum sem íslenskt samfélag þarf nú að takast á við með þverrandi tekjum. Þarna liggja saman leiðir kirkjunnar og ráðuneytis kirkjumála. En ekki síður horfum við öll til þess þegar kirkjan tekur nú umræðu um sitt raunverulega ætlunarverk; hvernig hún best rækir skyldur sínar við trúna, vonina og kærleikann.

# Kirkjuping 2011

## Ávarp biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar



Karl  
Sigurbjörnsson

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónason, forseti Kirkjupings, Pétur Kr. Hafstein, vígslubiskupar, kirkjupingsfulltrúar, góðir gestir.

Í Hamrljóðunum segir: En þetta vil ég hugfesta og þess vegna vona ég: Náð Drottins er ekki þrotin, miskunn hans ekki á enda, hún er ný á hverjum morgni, mikil er trúfesti þín. (Harm.3.22-23)

Þessi orð eru mér hugstæð nú er við göngum til Kirkjupings.

Það er alltaf freistandi að ímynda sér nú sé framtíðin tryggð og allt í föstum skorðum. Nei Kirkjan er alltaf að tapa, missa fótanna, falla – og rísa upp!

Því náð Guðs er ný á hverjum morgni!

Umlíðið ár hefur verið sársaukafullt og átakamið í kirkjunni vegna sonefnds biskups máls.

Hvernig sem á það er litið þá er mál Ólafs Skúlasonar hörmulegt. Sárar og erfiðar tilfinningar andspænis ólýsanlegum fjölskylduharmleik hafa snortið þjóðarsálina djúpt. Farið hefur verið vandlega gegnum viðbrögð þjóna og stofnana kirkjunnar við þeim málum í skýrslu Rannsóknarnefndar kirkjupings. Kirkjuping mun nú ræða álit úrbótanefndar um það hvernig brugðist er við ábendingum skýrslunnar.

Þegar ég tók við biskupsembætti einsetti ég mér að koma á umbótum í meðferð kynferðisbrotamála innan kirkjunnar. Margt hefur áunnist og ég treysti því að þau mál séu nú í þeim farvegi að viðbrögð og úrvinnsla og eftirfylgd kirkjunnar í þeim efnum verði til fyrirmyndar.

Það er kirkjunnar að vera leiðandi af í

þeirri siðferðisupbyggingu sem þjóðin þarf svo á að halda. Við berum þar ríkar skyldur. Í þeirri siðferðislegu upplausn sem mótar samtíðina, þar sem vonleysið og úrræðalesið er svo áberandi, svo margir finna sig í skuldaviðjum og fátæktargildru, einelti og annað ofbeldi er útbreitt vandamál svo víða, þarna hefur kirkjan verk að vinna. Siðferði verður ekki stýrt með lögum og regluverki, hversu vel sem er vandað til. Það þarf meira til! Hin andlegu verðmæti og viðmið sem rækta og næra virðingu og trúfesti og umhyggju fyrir lífinu, og þar brýst vonin fram gegnum vonlausar aðstæður. Þarna er hlutverk kirkjunnar. Þjóðin þarfnast þess að hatur og hefndarhugur víki og að hún endurheimti von og framtíðarsýn. Ég hvet presta og leikmenn, hvar sem er á vettvangi kirkjunnar, að leggja sitt að mörkum til þess að svo megi verða.

Alþingi Íslendinga, ríkisstjórn, sveitastjórnir og aðrir opinberir aðilar eru að glíma við erfið úrlausnarefni til að leysa vanda og leggja grundvöll að framtíðarupbyggingu í landinu. Hlutverk kirkjunnar er að koma góðu fréttinni á framfæri við manneskjuna, hver sem hún er, hvaða sporum sem hún er í átökum lífsins og hamförum náttúru og samfélags, við megum aldrei gleyma lífi og líðan einstaklingsins og sýna það í verki.

Þegar gaus í Grímsvötnum með miklu öskufalli og ósköpum kom lítil frétt á vef Morgunblaðsins: „Presturinn var sá eini sem mundi eftir okkur!“ Viðbragðskerfið stóðst aðdúunarlega að

flestu leyti og ótal margir komu þar að, þar á meðal prestarnir. En einn bærinn hafði gleymst í sortanum, enginn vitjaði um fólkið þar nema presturinn. Þessi frétt gladdi mitt gamla hjarta. Eins og margar ámóta fréttir fyrr og síðar af því þegar presturinn stendur með fólki sínu í áföllum og ógn, heldur utanum samfélagið, þjóðkirkjupresturinn, sem hefur aðgengi að stofnunum, heimilum, félagasamtökum með svo sérstökum hætti. Af því að hann er hluti þess stóra og víða, opna og djúpa samhengis sem þjóðkirkjan er og tákn þess stóra og hlýja faðms sem er Guð. Ekkert afl er eins ummyndandi og læknandi og samfélags-skapandi og kirkjan þegar umhyggjan og fyrirgefningin ræður þar för. Elska og náð þess Guðs sem engum gleymir þótt mennirnir gleymi og bregðist. Þess vegna er það líka svo sárt þegar við bregðumst og gleymum, þegar eins og það er oft orðað, „kirkjan bregst.“

Boðskapur kristinnar trúar, fagnaðarerindið er ekki ráðleggingar og leiðbeiningar heldur frétt um atburð sem veldur þáttaskilum: Krossinn og upprisan. Fréttin er ætíð ný, góða fréttin, fagnaðarerindið, að Guð yfirgefur okkur ekki, náð hans er ný á hverjum morgni, svo mikil er trúfesti hans. Hann yfirgefur okkur jafnvel ekki þegar við neglum hann á kross og leggjum hann í gröf. Jafnvel ekki þegar allar staðreyndir benda til þess að hann sé dauður og grafinn, horfinn úr heiminum, þá rís hann upp. Og það er svo yfirþyrmandi frétt að við henni er aðeins svar trúarinnar, vonarinnar og kærleikans, með ugg og ótta, en líka ólýsanlegri gleði.

Og hvernig komum við þeirri frétt á framfæri, sem kirkja? Og hverjar eru þær venjur sem við höfum þróað með okkur

til að viðhalda vitund okkar fyrir því? Þær birtast einkum í því að heyra, að hlusta og að hlýða. Hvar er unnt að sjá kirkjuna sem við þekkjum sem tákn og návist þess Guðs sem engum gleymir? Í samfélagi sem hlýðir og iðkar orðið í trú, von og kærleika. Presturinn sem þjónar fólki sínu af trúfesti og umhyggju í bæn og boðun er mikilvæg birtingarmynd þess. Fólkið sem á vettvangi safnaðarins heldur utan um helgidóminn og helgipjónustuna og með trygð sinni við helgar venjur og helgan sið. Mæður og feður, ömmur og afar sem kenna hinum ungu að elska Guð og biðja. Guði sé lof fyrir allt það góða fólk og trúföstu þjóna!

Það hefur verið uppörvandi að fylgjast með því á þessu hausti hve barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar hefur verið með miklum blóma svo víða um land. Þetta sá ég á Kirkjuþingi ungafólksins hér í gær og á Landsmóti æskulýðsfélaganna á Selfossi um daginn. Þarna er mikil gróska. Ótal margir koma þar að, prestar, djáknar, fræðarar, sjálfboðaliðar, með svo frábærum hætti. Og hvaðanæva berast góðar fréttir af áhuga og stuðningi foreldra við barna og æskulýðsstarfið og fermingarstörf. Hér er kirkjan í sókn! Þetta er mikið gleði- og þakkar-efni. Ég hvet sóknarnefndir og presta landsins að gæta þess að hlynna vel að þessum vaxtarsprotum sem barna og æskulýðsstarfið er. Það var aldrei mikilvægara en einmitt nú!

Ég leyfi mér að nefna hér tvær konur og þakka fyrir óþrjótandi elju og áhuga og innblástur þegar kemur að fræðsluefni og miðlun, það eru þær Elín Elísabet Jóhannsdóttir og Edda Möller, sem fagnar einmitt 25 ára starfsafmæli í þágu útgáfustarfs þjóðkirkjunnar um þessar mundir. Við eigum öll mikla

þakkarskuld að gjalda henni, og því góða fólki sem hún virkjar með sér til góðra verka.

Kærlleikspjónusta kirkjunnar í söfnuðunum og hjálparstarf heima og heiman verður æ ríkari þáttur í þjónustu kirkjunnar. Því góða fólki sem að því kemur vil ég þakka. Þjónustan við þau sem minna mega sín, og talsmannshlutverk í þágu þeirra sem rödd þeirra heyrir vart á vettvangi dagsins. Efnahagskreppa bitnar fyrst og sárast á þeim fátæku. Þegar matvælavæðing fer upp úr öllu valdi þá þrengir verulega að barnafjölskyldum hér heima og fátækum þjóðum heimsins. Fyrir liggur að um 40 af hundraði heimila á Íslandi er í verulegum greiðsluvanda. Starf Hjálparstarfs kirkjunnar að innanlandsaðstoð hefur vakið heimsathygli, sem sjá má af verðlaunum Evrópusamtakanna, Eurodiakonia, því til handa, en verðlaunin voru afhent í aðalstöðvunum í Brussel á dögunum. Þær Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi, veittu verðlaunum viðtöku. Verðlaunin eru veitt fyrir vel skipulagt og árangursríkt hjálparstarf, gott skipulag og samstarf við sjálfbodaliða og fyrir að hafa brugðist fljótt við áhrifum kreppunnar á bágstadda á Íslandi. Þetta og þátttaka þjóðkirkjunnar í baráttusamtökum gegn fátækt og félagslegri einangrun í Evrópu, EAPN, samstarf á vettvangi alþjóðlegra kirknastofnana um þróunarhjálp og neyðaraðstoð, og starf kristniboðsins sem sannarlega gegnir miklu hlutverki að mannúðarmálum og þróunarstarfi, allt þetta þarf að komast af alvöru á dagskrá safnaðanna í landinu og verða hjartans mál presta, djákna og safnaðanna.

Kærlleikspjónusta kirkjunnar birtist líka þeirri í vímuvarnastefnu kirkjunnar

sem liggur fyrir kirkjupingi nú, og varðar eitt alvarlegasta samfélagsvandamál sem við er að etja í samtímanum. Það sem að kirkjunni snýr í þeim efnum er viðbrögð hvað varðar starfsfólk kirkjunnar, sem og fræðsla og uppeldi sem miðar að mótun heilbrigðrar menningar og lífsstíls. Svo vil ég minna á að stefnumörkun um kristniboð er á dagskrá kirkjupings að þessu sinni, sem og stefnumótun í málefnum fatlaðra. Þar er lögð áhersla á að fatlaðir eru ekki aðeins þiggjendur, heldur veitendur í samfélaginu, með sínar náðargáfur samfélaginu til blessunar.

Nú eru þrjátíu ár síðan formlegt kirkjustarf hófst meðal heyrnarskertra, Kirkja heyrnarlausra var stofnuð og séra Miyakó Þórðarson, prestur heyrnarlausra var vígð til að þjóna þeim sem háðir eru táknmáli og fjölskyldum þeirra. Við óskum þeim til hamingju á tímamótum. Nú hefur íslenskt táknmál verið lögleitt á Íslandi og leggur það kirkjunni sérstakar skyldur á herðar.

Ég vil geta þess að á prestastefnu, sem haldin verður í júnímánuði að þessu sinni, munu málefni þjónandi kirkju verða á dagskrá. Indverski presturinn og mannréttindafrömuðurinn Father Martin mun koma og verða aðalræðumaður. Hjálparstarf kirkjunnar hefur um árabil stutt mannréttindastarf samtakanna, Social Action Movement í Tamil Nadu, sem hann setti á laggirnar fyrir aldarfjórðungi og hefur stýrt allt til þessa. Samtökin hafa m.a. beitt sér fyrir stofnun verkalyðsfélaga meðal hinna snauðustu og réttlausustu allra öreiga. Eins hafa samtökin leyst fjölda ánaðugra barna úr skuldaánað, meðal annars fyrir dyggan stuðning íslensks almennings að tilstuðlan Hjálparstarfs kirkjunnar.

Þegar leitast er við að skilgreina



Guðjón Arngrímsson greinir frá hugmyndum um tilgátukirkju í Skálholti

þjóðkirkjuna, eðli hennar og þróun og horft til framtíðar hennar þá skulum við hafa þetta allt í minni. Þjónandi kirkja heima og í alþjóðlegu samhengi.

Kirkjuráði hefur verið mikill vandi á höndum að mæta stórfelldum tekjumissi þjóðkirkjunnar, sjóða kirkjunnar og sókna landsins. Höfum við þurft að velta við hverjum steini. Ég vil þakka innanríkisráðherra, Ögmundi Jónassyni, skilning hans á þessum málum. Nefnd sem hann skipaði í vor vinnur nú að því að meta áhrif tekjuskerðingarinnar á þjónustu sóknanna. Samkvæmt upplýsingum ráðherra þá hafa sóknargjöld lækkað um 20% frá fjárlögum ársins 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafa greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Þetta er umhugsunarvert. Við höfum verið í góðri trú í samskiptum við ríkið um að mæta áföllum þjóðarbúsins og tekið undir þau sjónarmið að þjóðkirkjunni væri ekki vandara um en öðrum að taka á sig skerðingar. Hér kemur í ljós að söfnuðir

og sameiginlegir sjóðir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög hafa þurft að axla þyngri byrðar en aðrir.

Kirkjuráð taldi mikilvægt að fá úttekt á stjórnsýslu og starfsemi Biskupsstofu og sjóða kirkjunnar. Skýrsla þar að lútandi liggur hér fyrir á kirkjuþingi. Þar eru margvíslegar ábendingar sem snúast um verkaskiptingar hjá yfirstjórn og skipulag fjármála og þjónustu. Flest af því sem þarna er bent á hefur verið til umfjöllunar á kirkjulegum vettvangi fyrir og síðar, svo sem í starfi nefndar um nýtt þjóðkirkjulagafrumvarp og þarfnast nánari skoðunar og viðtækrar samstöðu. Það er kirkjuþings að ákvarða um það hvernig málum verði fyrirkomið, kirkjuþings og svo auðvitað alþingis. Augljóslega biður mikið verk til að ná samstöðu um grundvallaratriði í þessum efnum.

Einnig var gerð umfangsmikil endurskoðun á rekstri Skálholts. Því miður reyndist nauðsynlegt að endurmeta frá grunni allar fjárhagsforsendur, starfsemi og rekstur. Nýr vígslubiskup,

sr. Kristján Valur Ingólfsson, mun ásamt biskupsritara, Þorvaldi Karli Helgasyni, leiða enduruppbyggingu starfseminnar.

Rekstur og starfsemi Tónskóla Þjóðkirkjunnar er líka til gagngerrar endurskoðunar. Unnið er að því að finna leiðir til að auka samstarf allra þeirra aðila sem koma að kirkjusöng- og tónlistarmálum með það í huga að nýta fjármuni sem best jafnframt því sem við gætum þess mikilvæga þáttar í starfi safnaðanna um land allt sem tónlistin er og sú mikla menningargróska sem græyr í skjóli hennar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar, sem verður tuttugu ára í janúar n.k., hefur einnig verið endurskipulögð miðað við gjörbreyttar forsendur og hefur nú fengið aðstöðu hér í húsnæði Grensáskirkju. Verður hún þar í nábyli við Hjálparstarfið og stefnt er að því að efla enn hið góða samstarf sem þar hefur verið í þróun. Við höfum þurft að skerða þjónustu Fjölskylduþjónustunnar, samt hefur mikilvægi hennar aldrei verið meir en einmitt nú, þegar fjölskyldur landsins eiga svo margar í vök að verjast og þessi grunneining samfélagsins er að takast á við áföll og erfiðleika. Svo má ekki gleyma mikilvægi Fjölskylduþjónustunnar fyrir handleiðslu presta og djákna sem ég legg mikla áherslu á að sé ætíð í boði og stór hluti vígðra þjóna nýtir sér.

Því miður höfum við einnig þurft að leggja niður prestsembætti og draga saman starfsemi. Því miður hafa sóknir þurft að segja upp starfsfólki, djáknum, æskulýðsfulltrúum og organistum. Þetta er sársaukafullt, því fylgir sorg og missir. Við verðum öll að takast með ábyrgð á við gjörbreyttar forsendur. Og leita sóknarfæra til að geta sótt fram með auknum styrk og þrótti. Við ætlum að vera enn sem fyrr biðjandi, boðandi

og þjónandi þjóðkirkja á Íslandi sem eys af lindum hins dýrmæta arfs trúar og menningar sem okkur hefur verið falinn. Við treystum á stjórnvöld og almenning að styðja þjóðkirkjuna í því!

Þegar Kirkjuþing leggur á ráðin um það hvernig takmörkuðum fjármunum okkar verði best varið, þá verðum við að horfast í augu við hvernig við auðsýnum trúfesti í þessu þjóðfélagi sem við erum send til að þjóna, hvernig við erum trú í þeim iðuköstum umbreytinganna sem yfir ganga, trú í því smáa, trú yfir því litla. Það er ekki auðvelt. Því það að halda trú er ekki hið sama og að breytast ekki. Að vera staðfastur er ekki það sama og vera staðnaður. Lífið er breytingum undirorpið, allt er að breytast, nema Guð og miskunn hans sem er ný á hverjum morgni.

Fyrir nær 39 árum vígðist ég til prestsþjónustu og játaðist ævi-tryggðum kirkju Krists og erindi hennar fyrir altari Dómkirkjunnar. Nú er þjónustutími minn senn á enda, en skipunartími minn í embætti biskups Íslands rennur út í lok næsta árs, eftir 15 ára þjónustu. Tel ég rétt að nýr biskup taki við næsta sumar. Því er þetta síðasta kirkjuþing sem ég mun sitja.

Ég mun kveðja embætti mitt með þakklæti í huga fyrir það góða fólk sem með mér hefur fetað veginn og á vegi mínum hefur orðið á vettvangi kirkju og samfélags. Ég hef notið mikillar gæfu í starfi og þjónustu á samleið með slíku fólk. Ég bið því öllu blessunar. Forseta kirkjuþings þakka ég ómetanlegan stuðning og hollráð og óska honum, kirkjuþingi og starfslíði þess heilla og velfarnaðar í vandasömum störfum sem bíða.

Náð Guðs er ekki þrotin, miskunn hans ekki á enda, hún er ný á hverjum morgni. Mikil er trúfesti hans.



# Kirkjuping 2011

## *Pingslitaræða forseta kirkjupings, Péturs Kr. Hafstein*

Virðulega kirkjuping.

Þá erum við komin að leiðarlokum í þessari lotu sem hefur í senn verið krefjandi og gefandi. Sú hugsun verður æ áleitnari að kirkjuping þurfi að koma saman oftari en einu sinni á ári til þess að geta í raun gegnt því mikilsverða hlutverki að fara með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Aukakirkjuping voru kvött saman í ár og í fyrra en þar á undan var það nánast óþekkt. Þessi aukakirkjuping voru haldin vegna sérstakra aðstæðna, annars vegar vegna niðurskurðarkröfu ríkisins og erfiðrar fjárhagsstöðu þjóðkirkjunnar og hins vegar vegna skýrslu rannsóknarnefndar kirkjupings um viðbrögð og starfshætti kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot. Með frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga, sem væntanlega fær brautargengi á næsta ári, sækist kirkjuping eftir enn meiri ábyrgð og ákvörðunarvaldi, þar á meðal raunverulegu fjárfstjórnarvaldi innan kirkjunnar. Náist þetta fram er enginn efi á því að kirkjuping þurfi að koma saman að minnsta kosti tvisvar á ári. Hér skiptir líka máli að forysta kirkjupings í stefnumarkandi málum kirkjunnar á svo mörgum öðrum sviðum en fjármálum kallar á meiri samfellu og stöðugleika í störfum og ákvörðunartöku þingsins. Vikutími að hausti nægir ekki lengur til þess að kjörnir fulltrúar á kirkjupingi nái að koma sjónarmiðum og stefnumótun í viðunandi farveg til þess að kirkjuping geti haft þau áhrif sem því eru nauðsynleg til þess að veita raunhæfa forystu. Að þessu þarf að gefa gaum á

næstu misserum vegna þess að í umróti samtímans aukast kröfur til kirkjunnar og hún verður að gera allt sem í hennar valdi stendur til að reynast vandanum vaxin.

Eftir aukakirkjupingið í sumar um einhuga fyrstu viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar kirkjupings var ómaklega að því vegið. Sumir sögðu að kosning úrbótanefndarinnar hefði verið til þess eins fallin að kæfa málið og svæfa þótt öllum hugsandi mönnum hefði átt að vera ljóst að hér var aðeins verið að stíga fyrsta skrefið. Öðrum sýndist, með orðum Páls postula til Korintumanna, að nú væri „hagkvæm tíð“, nú væri „hjálpræðisdagur“ fyrir alla forystu þjóðkirkjunnar, hvern einasta kirkjupingsfulltrúa, forseta kirkjupings, kirkjuráð og biskup Íslands, að stíga til hliðar og viðurkenna að henni hefði mistekist að stýra skipinu heilu út úr brotsjónum – og var þó rétt verið að láta úr höfn! Í forystugrein Fréttablaðsins skömmu eftir aukapingið var sagt að margir hafi bundið vonir við kirkjupingið og viðbrögð þess hljóti því að vera mikil vonbrigði öllum þeim sem vilji vera þátttakendur í samfélagi kirkjunnar og vilji treysta fulltrúum hennar. Hér er á ferðinni mikil dómharka án allrar ábyrgðar, án sanngirni og án sannleiksleitar. Öll þessi viðbrögð bera vott um vanstillingu og veikburða kristilegt þolgæði og eru í raun og veru í algjörri mótsögn við málefnalegt framlag ykkar kirkjupingsfulltrúa, bæði á aukapinginu og á þessu þingi. Um það verður ekki lengur deilt að



Pétur Kr. Hafstein

Kirkjuráð, forseti kirkjupings og biskupar í nóvember 2011



Þjóðkirkjan er í forystu þeirra sem vilja taka höndum saman um fyrirmyndarvinnubrögð vegna ásakana um ofbeldi og misnotkun á kirkjulegum vettvangi. Það hefur ljóslega sýnt sig í störfum þessa kirkjupings og það mun koma enn betur í ljós í þeim viðamiklu verkefnum á þessu sviði sem framundan eru.

Fyrir þetta kirkjuping voru lögð 36 mál. Tíu þeirra voru þingmannamál, kirkjuráð flutti 15 mál, biskup Íslands átta mál, forsætisnefnd eitt mál og innanríkisráðherra eitt mál. Auk þess var sú nýlunda á þessu kirkjupingi að undir sérstöku málanúmeri voru lagðar fram til umræðu skýrslur þjóðmálanefndar og hins svonefnda framtíðarhóps kirkjupings. Verkaskiptingu nefnda var þannig háttað að allsherjarnefnd fékk 12 mál til meðferðar, fjárhagsnefnd tíu mál og lögjafarnefnd 13 mál. Kirkjuping hefur afgreitt þessi mál með níu starfsreglum, 21 þingsályktun, einu frumvarpi til laga um breytingu á þjóðkirkjulögum auk breytingar á stofnskrá fyrir Stofnun dr. Sigurbjörns

Einarssonar og staðfestingar á reglum um Þingvallakirkju. Í fyrsta skipti í sögunni voru allir formenn og varaformenn nefndanna konur og þær hafa allar skilað verki sínu vel og örugglega þannig að mikill sómi er að. Fyrir það skulu þær hafa heila þökk okkar hinna.

Flest eru þessi mál þjóðingarmikil í starfi og stefnumörkun þjóðkirkjunnar. Þau eru öll borin fram af góðum huga og vilja til umbóta. Sum þeirra lúta að hinni veraldlegu ásýnd sem á hverjum tíma verður að svara kalli samtíma síns og þeim veruleika sem við lifum í. Önnur vísa fram á veg til þátttöku kirkjunnar í samfélaginu og þeirrar trúarlegu og siðferðilegu forystu sem kirkjunni ber að veita til að geta risið undir því heiti í vitund almennings að vera þjóðkirkja, kirkja sem er öllum opin og alltaf til reiðu og til þess búin að þjóna og líkna, boða fagnaðarerindi Krists bæði í orði og ekki síður í verki, smáu verki og stóru. Þannig kirkja hlýtur að eiga brýnt erindi við samtíma sinn og þar liggur ábyrgð kirkjupings að treysta þær undirstöður.

Í upphafi þessa kirkjupings greindi biskup Íslands frá því að hann myndi láta af embætti á sumri komanda. Og nú í lok þingsins hefur komið fram sams konar yfirlýsing frá vígslubiskupi á Hólum. Þetta eru mikil straumhvörf í kirkjunni og það er sannarlega mikil eftirsjá að þessum tveimur öðlingum þótt þeir muni engan veginn hverfa úr vitund og veruleika kirkjunnar. Það er ekki aðeins von mín heldur miklu fremur vissa að þeir muni áfram verða öflugir leiðtogar trúarinnar og vegvísar kirkju og kristni hér á landi um langa hríð. Þótt ég vilji ekki líta svo á að upp sé runnin kveðjustund hlýt ég engu að síður að færa þeim báðum einlægar þakkir kirkjupings fyrir mikið eljuverk og framúrskarandi störf í þágu þingsins um árábil og ekki síður gjöfuga samveru og samvistir í önnum og erli margra þinga. Við óskum þeim báðum og fjölskyldum þeirra gæfu og Guðs blessunar um ókomna tíð.

Ég vil að lokum færa kirkjupingi innilegustu þakkir fyrir góðar samverustundir og samvinnu, málefnalegar umræður, ótrúlega elju og vönduð vinnubrögð. Ég þakka einnig og ekki síður starfsfólki þingsins fyrir frábærlega vel unnin störf, bæði hér á þinginu og í aðdraganda þess. Ég þakka húsráðendum hér, sóknarpresti

og starfsfólki Grensáskirkju hlýju og velvild í garð kirkjupings fyrr og síðar. Í þessari kirkjulegu mannlífsmiðstöð sem hér stendur er Fjölskylduþjónusta og Hjálparstarf kirkjunnar einnig til húsa. Öllu því góða fólki sem þar starfar færi ég fyrir hönd kirkjupings bæði þakkir fyrir ómetanleg störf og elju og fyrirbætur um styrk í því mannræktar- og hjálparstarfi sem yfir stendur í hringiðu efnahagsþrenginga og upplausnar og erfiðleika alltof margra heimila í landinu.

Við hófum þetta kirkjuping með því að hlýða á unaðslega tónlist. Þar var meðal annars sunginn sálmurinn *Mikli drottinn, dýrð sé þér* eftir séra Kristján Val Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti. Það fer vel á því að enda þetta þing með öðrum texta vígslubiskupsins um þann frið sem ég vona að fylgi öllum kirkjupingsmönnum og starfsfólki þingsins heim á leið og á leiðarenda:

Þér friður af jörðu fylgi nú  
og friðurinn himni frá.  
Og lækjanna friður sé með þér  
og friður um höfin blá.  
Djúp kyrrð komi yfir þig.  
Guðs frið gefi Drottinn þér.

Kirkjupingi 2011 er slitið.

# Aukakirkjuþing 2012

## Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein



Pétur Kr. Hafstein

Aukakirkjuþing 2012 er sett, 47. kirkjuþing.

Verið öll velkomin til þessa samfélags í dag.

Til aukakirkjuþings er kallað af sérstæðu tilefni. Kirkjuþing 2011 samþykkti nýjar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Þegar nú kemur að framkvæmd þeirra klingja viðvörunarbjöllur. Kjörstjórn við komandi biskupskjör lætur í ljós skýrar og rökstuddar efasemdir um að þessar kosningar geti farið þannig fram að gildi þeirra verði ekki dregið í efa. Hættumerki séu á lofti, ekki verði unnt að ganga til framkvæmdar rafrænna kosninga í fullvissu þess að ekkert fari úrskaiðis. Hinar nýju starfsreglur kirkjuþings hafi ekki að geyma ákvæði um það hvernig eigi að framkvæma rafrænar kosningar á þann hátt sem fullnægjandi geti talist. Kjörstjórnin telur ekki unnt að líta framhjá þeirri áhættu að með nútíma tækni verði unnt að misfara með niðurstöður kosninga eða rekja greidd atkvæði með einum eða öðrum hætti til kjósenda. Þá sé heldur ekki unnt að tryggja með fullu öryggi áreiðanleika staðfestingar kjósenda á því að hann hafi neytt atkvæðisréttar síns á þann veg sem grundvallarreglur um leynilegar, frjálsar og opinberar kosningar gera kröfu um. Loks sé jafnræði kjósenda ekki tryggt þar sem gera megi ráð fyrir því að hluti þeirra eigi ekki rafrænt pósthöfund og þeirra vegna þurfi að gera sérstakar ráðstafanir sem kunni að vera íþyngjandi. Ég mun fjalla nánar

um röksemdir kjörstjórnar við flutning þeirrar tillögu um starfsreglubreytingar sem liggur fyrir þessu þingi.

Það kann vel að vera að saka megi kirkjuþing 2011 um þá vanrækslusynd að hafa ekki gefið álitafnum um rafrænar kosningar nægilegan gaum. Að hluta til að minnsta kosti verður það skýrt með þeirri staðreynd að tvívegis hefur kirkjuþing verið kosið rafrænt á grundvelli sams konar reglna og nú gilda um biskupskjör, 2006 og 2010. Í hvorugt skiptið voru brigið bornar á framkvæmd þeirra kosninga. Það segir hins vegar ekki alla sögu um öryggi og áreiðanleika rafrænna kosninga. Þrátt fyrir tækniframfarir og tölvubyltingar hafa rafrænar kosningar ekki verið teknar upp við kjör sveitarstjórna, þjóðþinga eða þjóðhöfðingja, hvorki hér á landi né í þeim ríkjum sem næst okkur standa að stjórnskipunarvenjum, að minnsta kosti ekki svo að mér sé kunnugt um. Þrátt fyrir ótvírætt hagræði slíkra kosninga má ætla að efinn um öryggi hafi staðið þeim í vegi. Hvað sem um það verður sagt má færa gild rök að því að eðlilegt sé að um rafrænar kosningar gildi almenn löggjöf í því landi þar sem þær á að framkvæma. Þannig háttar ekki til á Íslandi. Hafi síðasta kirkjuþingi orðið á í messunni að þessu leyti er enn tómt til að bæta úr áður en til kosninga um biskup Íslands verður gengið. Það er hluti af lífinu að skjátlást eða gera mistök. Það eru hins vegar viðbrögðin við mistökum sem skipta máli. Þess vegna er aukakirkjuþing nú kvatt saman.

Síðara mál þessa kirkjupings lýtur að því að kjósa nefnd til endurskoða starfsreglur um biskupskjör. Þótt starfsreglurnar séu nýjar af nálinni þarf að gefa ýmsum álitæfnum nánari gaum, svo sem um tilhögun framboða og framkvæmd kosninga. Annað atriði má nefna, sem kemur ekki til okkar kasta í dag, en það er sú mikilvæga og kirkjupólitíska ákvörðun hverjir eigi að hafa kosningarétt á vettvangi þjóðkirkjunnar. Við setningu kirkjupings 2009 setti ég fyrst fram þá skoðun að allt þjóðkirkjufólk – en ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum – ætti að njóta kosningaréttar til kirkjupings sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Til þess hníga svo veigamikil rök að mínum dómi að sams konar tilhögun gildi um biskupskjör – eða að minnsta kosti að allir þeir, sem með einum eða öðrum hætti koma að kirkjulegu starfi, njóti kosningaréttar. Þjóðkirkjan er stærsta fjöldahreyfing á landinu og það skiptir margfalt fleiri en þá, sem nú eru á kjörskrá kirkjunnar, miklu máli hverjir véla þar um ábyrgð og áhrifamátt. Ég hef áréttað þessi sjónarmið á kirkjupingum bæði 2010 og 2011, þar á meðal með þessum orðum: „Ef þjóðkirkjan vill vera þjóðkirkja í lífrænum tengslum við fólk í landinu verður hún að leita til grasrótar sinnar en ekki upphefja sjálfa sig sem óumbreytanlega stofnun í guðfræðilegum skilningi. Við verðum að kalla miklu fleira fólk til ábyrgðar og ákvarðanatöku í kirkjunni, meðal annars með gerbreytingu á öllu fyrirkomulagi kosninga innan kirkjunnar, bæði biskupskosninga og kosninga til kirkjupings.“ Ég get ekki sagt að þessi málflutningur minn hafi vakið mikla athygli eða hlotið góðar undirtektir á kirkjulegum vettvangi. Í aðdraganda

þeirra biskupskosninga, sem nú standa fyrir dyrum, hefur þó aðeins örlað á þessum sjónarmiðum. Það er vissulega fagnaðarefni – og dropinn holar steininn.

Virðulega kirkjuping.

Nú eru átakatímar í þjóðkirkjunni. Fyrir dyrum standa margvíslegar breytingar á skipulagi og stjórnarframkvæmd, meðal annars í frumvarpi að nýjum þjóðkirkjulögum sem nú er til umræðu og kynningar á vettvangi kirkjunnar. Kirkjan er þar að kalla eftir meiri sjálfsákvörðunarrétti og samfara því að sjálfsögðu meiri ábyrgð, ekki síst kirkjupings. Þjóðkirkjan hefur orðið fyrir þeirri ágjöf að traust til hennar hefur beðið nokkurn hnekki. Það er brýnasta verkefni kirkjunnar um þessar mundir að endurheimta traust og trúnað og ná til þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa ekki talið sig lengur eiga samleið með þjóðkirkjunni. Þetta gerist ekki í einni hendingu og ekki með því einu að kjósa nýja biskupa. Hér verður allt kirkjunnar fólk að leggjast á eitt, ekki síst kirkjuping, sem verður á hverjum tíma að leita allra leiða til að styrkja ásynd og stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu, trúverðugleika hennar og heilindi.

Á þeim umbrotatímum, sem framundan eru, verða allir að leggja sitt af mörkum til að efla einingu og samheldni kirkjunnar manna. Ég hef sagt það fullum fetum að skortur á samstöðu og skilningi, á hollustu og umburðarlyndi innan kirkjunnar eigi drjúga sök á því að traust á þjóðkirkjunni hafi farið þverrandi. Ég hef sagt að við ættum að verða við áskorun séra Matthíasar Jochumssonar og senda „út á sextugt djúp sundurlyndisfjandann!“ Sumir hafa kosið að túlka þessa hvatningu mína sem tilburði til þöggunar, viðleitni til

að drepa í dróma lífræn skoðanaskipti og gagnrýni á það sem betur megi fara í kirkjunni. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja en ekkert er þó fjær sanni.

Mér er ljóst að þær tillögur sem fram koma í frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga þess efnis að biskupar og prestar verði ekki lengur embættismenn ríkisins heldur embættismenn þjóðkirkjunnar hafa mætt mikilli andstöðu af hálfu mjög margra í hópi hinna vígðu þjóna kirkjunnar og valdið óróa og ótta um versnandi hag og stöðu. Ég ber fulla ábyrgð á því að hafa lagt tillögu um þetta fyrir millipinganefnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið nefndina til að fylgja henni fram. Ég er að vísu sannfærður um að einmitt þetta muni framtíðin bera í skauti sínu eftir því sem hinni sjálfstæðu íslensku þjóðkirkju vex fiskur um hrygg. Engu að síður tel ég nú óhjákvæmilegt að horfast í augu við það að deilur um

slíka breytingu verði að víkja fyrir brýnni hagsmunum þjóðkirkjunnar af samstöðu og samtakamætti við það mikla verkefni að kirkjan nái vopnum sínum og endurheimti glatað traust. Þörfin fyrir einingu og samhug er aldrei brýnni en nú þegar stöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju í stjórnarskrá lýðveldisins hefur verið teft í tvísýnu. Ég hef því í gær lagt fyrir millipinganefnd um þjóðkirkjufrumvarpið og fengið einróma samþykki við þá tillögu að horfið verði frá þessu ráði við tillögugerð um ný þjóðkirkjulög. Þess í stað verði allt kapp lagt á að ná sem allra víðtækastri samstöðu um þjóðkirkjufrumvarpið að öðru leyti og fylgja því fram til samþykktar á næsta kirkjuþingi í haust og afgreiðslu á Alþingi á komandi vetri.

Ég bið þess að farsæld og friður megi fylgja störfum og ákvörðunum þessa aukakirkjuþings.

# Störf kirkjuráðs

*Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri*

## Inngangur

Biskup Íslands, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk þess sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kosið var til kirkjuráðs til fjögurra ára á kirkjuþingi í nóvembermánuði 2010. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru Ásbjörn Jónsson hrl., sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydalaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi og Katrín Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sólskóga ehf. Varamenn þeirra eru Birna G. Konráðsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson.

Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi. Forseti kirkjupings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjupingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári. Pétur Kr. Hafstein lét af embætti forseta að eigin ósk á tímabilinu.

Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru rædd.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs framfylgir ákvörðunum ráðsins og sinnir margháttaðri stjórnsýslu á vegum þess.

## Störf kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóð-

kirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sam- eiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjupings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjupings. Þá undirbýr ráðið flest þingmál og veitir kirkjupingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð, og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um fjármál.

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs tímabilið 1. júní 2011 til 31. maí 2012.

Helstu viðfangsefni sem ráðið hefur fjallað um utan hefðbundinna mála eru sem hér segir:

## Viðaukasamningur

**við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og**



Guðmundur Þór Guðmundsson

## **Launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997**

Vegna áframhaldandi niðurskurðarkröfu ríkisins á hendur þjóðkirkjunni árið 2012 var þriðja árið í röð gerður nýr tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningsviðaukinn felur í sér tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt framangreindu kirkjujarðasamkomulagi vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum. Í viðaukanum fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfa ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2012 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins. Kirkjuþing 2011 samþykkti viðaukasamning þennan.

## **Lækkun tekna**

Fjárlög fyrir árið 2012 fólu í sér 3% niðurskurð á öllum fjárlagaliðum Biskups Íslands. Kirkjuþing 2011 samþykkti skerðingu á samningsbundnum greiðslum árið 2012 samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi ríkis og kirkju frá 1997. Áfram hefur verið unnið að ýmsum hagræðingaraðgerðum í rekstri m.a. verið dregið úr umfangi rekstrar í Skálholti og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Rekstur Tónskólans hefur verið til endurskoðunar. Þeirri meginreglu hefur áfram verið fylgt að ráða almennt ekki í störf sem losna hjá Biskupsstofu og stofnunum kirkjunnar.

## **Skerðing sóknargjalda**

Innanríkisráðherra skipaði nefnd um fjármál þjóðkirkjunnar, vegna mikillar skerðingar sóknargjalda frá

árinu 2009. Nefndin skilaði skýrslu þar sem fram kemur m.a. að sóknargjöld hafa verið skert um 25% umfram framlög til reksturs annarra aðila sem sætt hafi skerðingu til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlögum ársins 2008. Þá er gerð grein fyrir alvarlegri fjárhagsstöðu margra safnaða þjóðkirkjunnar vegna þessa niðurskurðar. Skýrslan hefur verið birt og unnið er að málinu af hálfu kirkjuráðs. Skýrslan er birt í heild sinni á vef kirkjunnar.

## **Aukakirkjuþing**

Haldin hafa verið tvö aukakirkjuþing á tímabilinu sem þessi skýrsla tekur til. Fyrra þingið var haldið til að ræða efni skýrslu rannsóknarnefndar þeirrar sem kirkjuþing 2010 kaus. Hið síðara til að breyta starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa á þann veg að fallið er frá rafrænni kosningu og póstkosning tekin upp þess í stað.

## **Biskupskjör**

Kirkjuráð hefur beitt sér fyrir kynningarfundum frambjóðenda við kjör biskups Íslands og útgáfu kynningarefnis, en á tímabilinu hefur farið fram kosning til embættis vígslubiskups í Skálholti og biskups Íslands.

## **Fasteignaumsýsla**

Unnið hefur verið að sölu fasteigna kirkjumálasjóðs á grundvelli söluheimilda sem kirkjuþing 2011 veitti.

Lokið var við að reisa nýjan prestsbústað á prestssetursjörðinni Stafholti í Borgarfirði, Vesturlandsprófastsdæmi.





Nýi prests-  
bústaðurinn í  
Stafholti

## **Pingsályktun um nýja stjórnarskrá**

Kirkjuping 2011 ályktaði að skora á Alþingi að hafa ákvæði um íslenska þjóðkirkju í því frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár sem þingið afgreiðir með formlegum hætti eða leggur undir ráðgefandi þjóðaratkvæði. Að öðrum kosti verði þess gætt að ákvörðun um afnám þjóðkirkju úr stjórnarskrá verði tekin á þann veg sem núgildandi stjórnarskrá býður svo að þjóðin sjálf fái notið þess réttar að greiða sérstaklega atkvæði um slíka ákvörðun. Kirkjuráð hefur undirbúið viðbrögð kirkjunnar og eflingu kynningarstarfs um starfsemi hennar á grundvelli ályktunar kirkjupings m.a. með því að undirbúa vef þar sem fjallað er um málið.

## **Úttekt Ríkisendurskoðunar**

### **á þjóðkirkjunni**

Ríkisendurskoðun skilaði kirkjuráði skýrslu um Biskupsstofu sóknir og sjóði kirkjunnar í nóvember 2011 og var skýrslan kynnt á kirkjupingi. Unnið hefur verið að ýmsum breytingum í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar, m.a. nýju skipuriti fyrir Biskupsstofu. Sumar ábendinganna útheimta þó lagabreytingar.

## **Skálholt**

Fasteignasýsla í Skálholti hefur verið færð til fasteignanefndar þjóðkirkjunnar og bókhald staðarins til Biskupsstofu. Ríkisendurskoðun vann að beiðni kirkjuráðs fjárhagslega úttekt á Skálholti og skilaði skýrslu þar að lútandi. Unnið hefur verið að breytingum á rekstri og skipulagi Skálholts í hagræðingarskyni. Kirkjuráð tók ákvörðun um stjórnskipulag Skálholts þ.e. einkum stöðu vígslubiskups. Þá var stofnuð staða skrifstofustjóra Skálholts, í stað stöðu framkvæmdastjóra og lögð niður staða rektors Skálholtsskóla svo og bókara. Unnið hefur verið að athugun á samstarfi kirkjunnar og aðila í ferðaþjónustu um byggingu miðaldadómkirkju (tilgátuhúss) í Skálholti.

## **Samstarfssvæði**

Unnið hefur verið að því að hrinda samþykkt kirkjupings um samstarfssvæði kirkjunnar í framkvæmd.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

## Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri



Sigríður Dögg  
Geirsdóttir

### Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald samkvæmt samkomulagi fyrir, Tónskála Þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju og Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Frá og með árinu 2012 sér Biskupsstofa um reikningshald Skálholts. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikningshald þessara sjóða og stofnana.

ákvörðunar í rekstri sjóða og stofnana. Biskupsstofa annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar. Markmiðið er að sníða þjónustuna að þörfum kirkjunnar með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu fjármuna hennar.

Starfsmenn fjármálasviðs eru Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Hildur Gunnarsdóttir, féhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí, Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókarí og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí.

### Starfsemi

Meginverkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að halda utan um bókhaldsgögn og meðhöndla þau og breyta þeim í upplýsingar sem nýtast stjórnendum til

### Niðurskurður ríkis á fjárlögum 2011

Niðurskurður árið 2011 var um 7,6% í heild miðað við árið á undan.

Fjárlagaliður	Fjárlög 2011	Fjárlög 2010	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.319,8	1.382,1	-4,5%	-62,3
06-705 Kirkjumálasjóður	233,3	257,4	-9,4%	-24,1
06-707 Kristnisjóður	76,3	82,2	-7,2%	-5,9
06-735 Sóknargjöld	1.632,0	1.800,0	-9,3%	-168,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	302,0	333,0	-9,3%	-31,0
Samtals	3.563,4	3.854,7	-7,6%	-291,3

## Sóknargjöld

Á árinu 2008 var sóknargjaldið 872 kr. fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í Þjóðkirkjunni. Sóknargjaldið lækkaði í 833 kr. árið 2009, var 767 kr. árið 2010 og lækkaði niður í 698 kr. árið 2011. Ef breytingar á sóknargjaldinu hefðu verið í samræmi við breytingar á fjárframlögum til stofnana innanríkisráðuneytisins - hefði sóknargjaldið vegna ársins 2011 átt að vera um 906 kr. Ef sóknargjaldið hefði tekið breytingum frá árinu 2008 eins og lög um sóknargjöld gera ráð fyrir hefði gjaldið átt að vera kr. 930 kr. árið 2011. Vegna skerðingar á sóknargjöldum lækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnýslu Þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2011 er 10,6 m.kr. halli í samanburði við 5,6 m.kr. tekjuafgang á árinu 2010. Skuld við ríkissjóð var 300 þús. kr. í árslok 2011 í stað 1,3 m.kr. skuldar í árslok 2010.

## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur að styrkja félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum. Tekjur Kristnisjóðs eiga að

samsvara 15 árslaunum presta eða 92,8 m.kr. samningi ríkis og kirkju. Framlag á fjárlögum 2011 var hinsvegar 76,3 m.kr. Í ársbyrjun 2006 voru verkefni Kristnisjóðs færð yfir á Kirkjumálasjóð. Ársreikningur Kristnisjóðs árið 2011 er því aðeins fólgin í tilfærslu fjármuna frá Kristnisjóði til Kirkjumálasjóðs.

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra sókna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubýggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir, sbr. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld og breytist gjaldið í hátt við breytingu á meðaltekjuskattstofni eins og sóknargjöldin. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Jöfnunarsjóðs sókna. Tekjuhalli á rekstri frá árinu 2009 er að mestu tilkominn vegna útgreiðslu hluta höfuðstóls ábyrgðardeildar Jöfnunarsjóðs.

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að kosta viðhald prestssetra, að standa straum af kostnaði við kirkjuping, kirkjuráð, Prestastefnu, biskupsgarð, fjölskylduþjónustu, tónskóla, starfsþjálfun guðfræðikandidata og ýmis önnur verkefni. Í ársbyrjun 2008 fluttust fast-

eignir og langtímaskuldir Skálholts til Kirkjumálasjóðs. Tekjur sjóðsins miðast við 14,3% ofan á sóknargjöld. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Kirkjumálasjóðs. Fasteignir og jarðir Kirkjumálasjóðs eru færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi, nema Skálholtskirkja er færð á brunabótamati. Í ársbyrjun 2011 var rekstur Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sameinaður Kirkjumálasjóði. Á árinu 2011 er tekjuhalli á rekstrarreikningi

Kirkjumálasjóðs um 54,9 m.kr. Seldar voru eignir á árinu sem ekki var talin þörf fyrir að verðmæti 100,4 m.kr. Andvirði 80,5 m.kr. eignasölu var greitt til Biskupsstofu til að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnanði tekjustofna og er það helsta skýring tekjuhalla ársins 2011 hjá Kirkjumálasjóði. Langtímaskuldir jukust milli ára og er meginástæðan lántaka vegna byggingar prestsseturs í Staffholti.

## *Fimm ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs*

### **Biskupsstofa**

	<b>2011</b>	<b>2010</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	251.504	241.620	187.854	145.444	140.444
Gjöld	(1.580.313)	(1.617.843)	(1.675.152)	(1.664.431)	(1.578.794)
Stofnkostn	(1.586)	(285)	(606)	(2.426)	(1.343)
Framlag ríkis	1.319.800	1.382.100	1.482.300	1.515.600	1.443.800
Tekjuafgangur (-halli)	(10.595)	5.592	(5.604)	(5.813)	4.107
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir	2.148	22.439	7.243	9.779	20.190
Eignir alls	2.148	22.439	7.243	9.779	20.190
Höfuðstóll	(13.064)	(2.469)	(8.061)	(2.457)	1.813
Skammtímaskuldir	15.212	24.908	15.304	12.236	18.377
Eigið fé og skuldir alls	2.148	22.439	7.243	9.779	20.190

## Kristnisjóður

	2011	2010	2009	2008	2007
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	76.300	82.200	87.900	92.500	89.400
Gjöld	(76.430)	(82.201)	(88.251)	(92.501)	(89.401)
Rekstrarafgangur (-halli)	(130)	(1)	(351)	(1)	(1)
Fjármunatekjur (-gjöld)	2	6	103	84	142
Tekjuafgangur (-halli)	(128)	5	(248)	83	141
<b>Efnahagur</b>					
Fastafjármunir	0	0	0	0	0
Veltufjármunir	14	390	137	535	453
Eignir alls	14	390	137	535	453
Eigið fé	14	142	137	385	303
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	248	0	150	150
Eigið fé og skuldir alls	14	390	137	535	453

## Jöfnunarsjóður sókna

	2011	2010	2009	2008	2007
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	296.982	331.869	361.671	376.606	340.108
Gjöld	(320.116)	(397.374)	(431.955)	(393.711)	(359.084)
Rekstrarhagn (-halli)	(23.134)	(65.505)	(70.284)	(17.105)	(18.976)
Fjármunatekjur	9.618	8.313	17.350	46.402	33.259
Tekjuafgangur (-halli)	(13.516)	(57.192)	(52.934)	29.297	14.283
<b>Efnahagur</b>					
Fastafjármunir	50.815	32.214	44.054	54.660	43.720
Veltufjármunir	150.193	162.667	212.955	264.508	247.436
Eignir alls	201.008	194.881	257.009	319.168	291.156
Höfuðstóll	175.676	189.192	246.384	299.317	270.020
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	25.532	5.689	10.625	19.851	21.136
Eigið fé og skuldir alls	201.008	194.881	257.009	319.168	291.156

# Kirkjumálasjóður

	2009	2008	2007		
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	602.976	612.967	524.714	341.505	176.556
Gjöld	(543.213)	(605.480)	(434.025)	(351.163)	(171.054)
Rekstrarhagn. (-halli)	59.763	7.487	90.689	(9.658)	5.502
Stofnkostnaður	(11.420)	(5.046)	(2.264)	(1.036)	0
Fjármunatekjur (-gjöld)	(60.343)	(64.353)	(10.062)	(1.608)	(1.089)
Tekjuafgangur (-halli)	(12.000)	(61.912)	78.363	(12.302)	4.413
<b>Efnahagur</b>					
Rekstrarfjármunir	6.218.052	6.124.200	4.370.440	255.571	104.572
Veltufjármunir	153.862	103.453	179.124	44.953	24.732
Eignir alls	6.371.914	6.227.653	4.549.564	300.524	129.304
Höfuðstóll	5.973.837	5.798.673	4.195.808	255.209	91.107
Langtímaskuldir	326.662	113.607	164.977	17.148	27.983
Skammtímaskuldir	71.415	315.373	188.778	28.166	10.214
Eigið fé og skuldir alls	6.371.914	6.227.653	4.549.563	300.523	129.304

# Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2011

*Marinó Þorsteinsson*

Biskup Íslands, herra Karl Sigur-  
björnsson setti 26. Leikmannastefnu  
þjóðkirkjunnar í Keflavíkirkjuku í  
fimmtánda sinn. Hann fór með bæn  
og flutti síðan ávarp. Þar hvatti hann  
leikmannastefnufulltrúa til að gleyma  
ekki að þeir eru fulltrúar safnaðanna  
í landinu, víðfeðmustu almanna-  
hreyfingu landsins, sem þjóðkirkjan  
er. Biskup lýsti áhyggjum sínum af  
neikvæðri umræðu um kirkjuna,  
sem víða má finna og spurði hver  
tilgangurinn sé. Í ræðu hans kom einnig  
fram að þjóðin verði að segja til um  
hvort kirkjan á að vera þjóðkirkja, í því  
frumvarpi til þjóðkirkjulaga sem varðar  
fram tíð þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá,  
sem trúlega fer í þjóðaratkvæðagreiðslu  
vegna tillagna Stjórnlagabings. Hann  
hvatti leikmannastefnufulltrúa til að láta  
í sér heyra um fram tíð þjóðkirkjunnar.  
Að lokum þakkaði hann góð samskipti  
og samstarf við leikmannastefnuna.  
Síðan var gengið til safnaðarheimilis  
Keflavíkirkirkju. Ávarp biskups má sjá í  
fundargerð leikmannastefnunnar.

Formaður leikmannaráðs, Marinó  
Þorsteinsson flutti skýrslu ráðsins og  
greindi frá reikningum. Skýrsluna og  
reikninga má sjá í fundargerð.

## **Aðal fundarefni stefnunnar voru tvö:**

### **Íþjóðkirkjufrumvarpið í undirbúningi**

Dr. Hjalti Hugason flutti erindi um  
frumvarp að nýjum þjóðkirkjulögum  
sem lagt verður fyrir kirkjuþing 2012.  
Frumvarpið gerir ráð fyrir auknu  
sjálfstæði kirkjunnar og auknu hlutverki

kirkjuþings. Frumvarpið setur fremst  
ákvæði um sóknina og grasrótina  
og byggir þannig á grunneiningum  
kirkjunnar og auknu hlutverki  
kirkjuþings. Miklar umræður urðu um  
erindi dr. Hjalta.

## **II Er kirkjan á krossgötum?**

Börkur Gunnarsson, blaðamaður, Krist-  
rún Heimisdóttir, lektor í lögfræði og  
dr. Pétur Pétursson prófessor í guð-  
fræði fjölluðu um þetta efni frá ólíkum  
sjónarmiðum. Börkur ræddi um þá  
breytingu sem orðið hefur á orðræðu  
og skoðunum þegar kirkjan er ekki  
lengur vald sem ekki má gagnrýna  
heldur einn kostur af mörgum. Pétur  
fjallaði meðal annars um fyrstu þjóð-  
kirkjulögin og breytingar á þeim,  
þróun þjóðkirkjunnar, þá kirkjusýn  
sem þar liggur að baki og möguleika  
á breytingum. Kristrún ræddi um  
stöðu kirkjunnar í tengslum við stöðu  
samfélagsins í heild. Hún hvatti til  
þess að kirkjan og fólk sem innan  
hennar starfar, sem hljóta að vilja  
vinna að því að bæta samfélagið ætti  
að losa samfélagið úr víthring reiði,  
niðurbrots og vanhelgunar. Í pall-  
borðsumræðum og almennum um-  
ræðum barst talið meðal annars að  
sjálfsmýnd og ímynd kirkjunnar. Meðal  
annars var rætt um það hvort kirkjuna  
skorti sjálfstraust, samband kirkju og  
fjölmíðla, uppbygging kirkjunnar og  
áhrif þess á snertifleti við fjölmíðla. Þá  
var bent á að ekki skyldi vanmeta mátt  
hvers og eins til að hafa áhrif – bæði á  
fjölmíðla og viðfangsefni þeirra og á



Marinó  
Þorsteinsson



stjórnámálamenn og stofnanir. Það skipti máli í lýðræðissamfélagi að beita sér og segja skoðun sína.

Í tilefni þess að þetta var síðasta leikmannastefnan í biskupstíð Karls Sigurbjörnssonar var honum afhent gjöf í þakklætisskyni fyrir farsæl störf í þágu leikmanna.

### **Leikmannaráð skipa:**

#### **Aðalmenn:**

Formaður: Marínó Þorsteinsson, Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra.

Ritari: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarþofastsdæmi.

Meðstjórnandi: Jón Hákon Magnússon, Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra.

#### **Varamenn:**

Guðný Guðnadóttir, Suðurþofastsdæmi

Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarþofastsdæmi.

Helgi Hjálmsónn, Kjalarnessþofastsdæmi.

Skoðunarmaður reikninga er Bergur Torfason.

Leikmannastefnuna sátu um 40 fulltrúar og gestir.

Lagðar voru fram þrjár ályktanir á fundinum og tvær þeirra voru samþykktar samhljóða en einni var vísað til Leikmannaráðs til umfjöllunar.

### **Ályktun 1**

Háttvirtur innanríkisráðherra Ögmundur Jónasson.

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar sem haldin var í Keflavíkurbíofastsdæmi dagana 13. og 14. apríl 2012 vill á rétta að ríkið hefur með einhliða ákvörðunum á síðustu árum tekið sífellt stærra hluta innheimts sóknargjalds til sín. Það hefur verið réttlætt af ríkisvaldinu annars vegar með miklum niðurskurði ríkistekna vegna bankahrunsins og hins vegar með því að hér sé um að ræða framlag sem ríkið hafi fullt sjálfðæmi um sem er fjarri sanni.



Leikmannastefnan lýsir þungum áhyggjum af þessari þróun, enda er um að ræða félagsgjöld sóknanna sem er grundvöllur kirkjustarfsins í heimabyggð. Er nú svo komið að ekki er unnt að halda úti grunnstarfi í mörgum sóknum Íslands, þar sem laun og annar rekstrarkostnaður auk fjármagnskostnaðar hefur hækkað verulega á þessu tímabili.

Leikmannastefnan vekur athygli ráðherra á því að sóknargjöld hafa lækkað um 20% frá árinu 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafa greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Er hér því um að ræða brot á jafnræði sem er mikið óréttlæti í garð trúfélaga.

Leikmannastefnan skorar því á innanríkisráðherra að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin verði kr.

919 á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012 og renni óskert til sókna þjóðkirkjunnar eins og vera ber.“

## Ályktun 2

Leikmannastefna 2012 hvetur til að í nýrri eða endurskoðaðri stjórnarskrá verði ákvæði um evangelísk-lúterska þjóðkirkju. Leikmannastefnan hvetur kirkjustjórnina til að beita sér fyrir stefnumarkandi umræðu og fræðslu um núverandi tengsl ríkis og kirkju ásamt hugsanlegum breytingum á þeim.

## Ályktun 3

– vísað til Leikmannaráðs til umfjöllunar.

Leikmannastefna 2012 leggur áherslu á að þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag og sem slíkt geta þjónar hennar eki verið opinberir embættismenn.

# Vígslubiskup Hólastiftis

*Jón Aðalsteinn Baldvinsson*



Jón Aðalsteinn  
Baldvinsson

Ég þjónaði Skálholtsumdæmi fyrstu mánuði starfsársins þar til nýr Skálholtsbiskup, sr. Kristján Valur Ingólfsson, var vígður hinn 18. september. Fór ég m.a. tvær ferðir til Vestfjarða til að eiga tal við presta og sóknarnefndir um breytta skipan þjónustunnar á því svæði sem áður hét Vestur-Ísafjarðarsýsla.

Að vanda reyndist utanumhaldið um Hóladómkirkju og þá fjölbreyttu starfsemi sem henni tengist ærið starf. Hólanefnd, sem ég veiti forstöðu, fer með forræði kirkjunnar sem og Auðunarstofu fyrir hönd ríkisins. Aðrir nefndarmenn voru sr. Dalla Þórðardóttir prófastur, Skúli Skúlason rektor og Björg Baldursdóttir formaður Hóla-sóknar. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var Málfríður Finnbogadóttir og ritari Margrét Sigtryggsdóttir. Við kirkjuna starfa Laufey Guðmundsdóttir, kirkjuvörður í hlutastarfi, og hefur sér til fulltingis starfsmenn yfir sumarmánuðina. Þeim störfum gegndu sr. Hjörtur Pálsson í fullu starfi kirkjuvarðar auk þess sem hann tók að sér messusöng og ýmsa aðra helgipjónustu. Í hlutastarfi var Nanna Westlund. Samvinna var við ferðapjónustuna á Hólum um afleysingapjónustu sem Magnús Ástvaldsson gegndi. Mikill straumur ferðafólks kemur heim á staðinn og þá fyrst og fremst til að skoða dómkirkjuna og Auðunarstofu. Margir þeirra vilja leiðsögn sem veitt er gegn vægu gjaldi.

Oft er óskað sérstaklega eftir nærveru minni og leiðsögn. Reyni ég að sinna því kalli eftir bestu getu, sé í því gullið tækifæri til að ná til fólks með

boðskapinn góða sem staðurinn er hlutgerfingur fyrir og saga hans vitnar svo sterklega um.

Helgihald er í kirkjunni alla daga sumars og tvisvar í viku endranær. Að því koma margir. Ég hef lagt á það áherslu að fá presta stiftisins til að efna til messuferða heim að Hólum. Tónleikar voru á hverjum sunnudegi frá 19. júní til ágústloka. Komast færri flytjendur að en vilja. Er ég þakklátur öllum þeim fjölda mikilhæfra listamanna sem lagt hafa sumartónleikumum lið fyrir lítið kaup en mikil hlaup. Kostnaður við tónleikahaldið skiptist á milli Guðbrandsstofnunar á Hólum og Hóladómkirkju.

Hólahátið var haldin dagana 12.-14. ágúst. Dagskráin var eins og endranær fjölbreytt og vönduð. Á föstudagskvöldið 12. var opnuð sýning í Auðunarstofu á krossum Jóns Geirs Ágústssonar, þjóðhaga á Akureyri. Af því tilefni flutti dr. Einar Sigurbjörnsson erindi og svaraði fyrirspurnum um táknmál krossins. Á laugardegnum voru gengnar pílagrímagöngur heim að Hólum um Heljardalsheiði og frá Flugumýri. Þá leiddi ég helgigöngu í Gvendarskál þar sem ég söng pílagrímmessu við altari Guðmundar góða. Sr. Gunnar Jóhannesson flutti hugvekjju. Ungmennafélagið Hjalti efndi til kapphlaups frá Grunnskólanum upp í Gvendarskál og ratleikur var fyrir alla fjölskylduna um Hólaskóg. Að vanda var grillveisla um kvöldið. Á sunnudeginum var samkoma í Auðunarstofu kl. 11 helguð minningu

Halldóru Árnadóttur, konu Guðbrands biskups. Þar talaði Sólveig Jónsdóttir, forvörður, um legstein sem fannst í pörtum í grunni kirkjunnar við endurgerð hennar á árunum 1988-1990. Bendir flest til þess að um sé að ræða legstein Halldóru. Steinunn hefur unnið að rannsókn á honum og sett hann saman eins og kostur er. Hann er nú til sýnis í forkirkjunni. Einnig flutti Málfríður Finnbogadóttir ávarp, en hún hefur haft veg og vanda af þessu verkefni fyrir hönd Hólanefndar. Sr. Dalla Þórðardóttir prófastur prédikaði við hátíðarmessuna. Fyrir altari þjónuðu auk mín þau sr. Gunnar Jóhannesson, sr. Sigríður Gunnarsdóttir og sr. Hjörtur Pálsson. Biskup Íslands lýsti blessun. Lestur úr ritningunni önnuðust Skúli Skúlason rektor og Björg Baldursdóttir form. sóknarnefndar. Við messuna og á hátíðarsamkomunni söng Kammerkór Norðurlands, stjórnandi Guðmundur Óli Gunnarsson. Organisti var Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Messukaffi var í skólahúsinu gamla. Á hátíðar-

samkomunni flutti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Hólaræðuna. Skáld hátíðarinnar var Einar Már Guðmundsson. Kammerkór Norðurlands söng.

Þriðja Barokkhátíðin á Hólum var haldin dagana 23.-26. júní. Haldnir voru fyrirlestrar, dans kenndur og sýndur og fernir tónleikar haldnir auk þess sem sungin var barokkmessa. Nýtur hátíðin síaukinna vinsælda. Ríkíní hátíðin var haldin síðastu helgina í ágúst. Var hún helguð tónlist tengdri dýrtingum. Fluttir voru fyrirlestrar um helstu dýrtinga miðalda, kveðskapinn og sönginn sem saminn var þeim til dýrðar. Sungin var messa úr Grallara Guðbrands biskups. Að hátíðinni stendur áhugafólk um fornan tónlistararf Íslendinga. Er ég í stjórnnum félaganna beggja sem að hátíðunum standa. Báðar voru þær vel sóttar og að þeim mikill fengur.

Nokkur undanfarin ár hefur Gvendardagur 16. mars, verið haldinn hátíðlegur á Hólum. Er það samvinnuverkefni Hóladómkirkju, Guðbrandsstofnunar og Menntaskólans á Akureyri. Markmiðið er



Kristín og Ástbjörn Haraldsbörn stíga dans á Barokkhátíðinni á Hólum. Ljós. Pétur Halldórsson

Finnski flautu-  
kvartettinn Q  
Consort lék á  
Barokkhátíðinni.  
Fyrirliðinn, Petri  
Arvo hélt einnig  
fyrirlestur um  
sögu flautunnar.  
*Ljósmynd: Pétur  
Halldórsson*



að kalla fólk til samræðu um siðfræðileg málefni samtímans. Að þessu sinni fjallaði dr. Páll Skúlason prófessor um siðferðisgrundvöll háskóla. Á Gvendardegi er úthlutað styrkjum úr Áheitasjóði Guðmundar góða. Að þessu sinni féll styrkurinn 300.000 kr. í hlut velferðarsjóðsins Vonar, sem er á vegum kirkju, kvenfélaga og rauðakrossdeildar í Norður-Þingeyjarsýslu.

Rekstur Guðbrandsstofnunar á Hólum, sem að mestu leyti er á mínum höndum, hefur liðið fyrir stórminnkandi framlög úr ríkissjóði. Hins vegar hefur kirkjan staðið betur við sinn hlut, þó hann sé að sjálfsögðu fremur smár. Engu að síður hefur stofnunin getað tekið á

móti allmörgum fræði- og listamönnum til dvalar auk þess sem hún stendur að sumartónleikunum í dómkirkjunni eins og áður segir. Útgáfustarfsemi og öðru því sem stofnuninni er ætlað að sinna hefur orðið að skjóta á frest. Með mér í stjórn sitja þeir Skúli Skúlason rektor og Einar Sigurbjörnsson prófessor.

Að venju stóð Prestafélag hins forna Hólastiftis í samvinnu við vígslubiskup fyrir samveru presta og guðfræðinga á vordögum á hvert. Þetta árið stóðu þeir yfir dagana 20.-22. maí. Erindi fluttu sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir, dr. Gunnlaugur A. Jónsson og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson. Ég söng messu fyrir hópinn að vanda og bauð til kaffispjalls heima

í stofu. Samveran var sæmilega sótt og öll hin ánægjulegasta.

Námskeið í tíðasöng fyrir presta og organista var haldið dagana 28.-29. okt. Forgöngu um það hafði sóknarpresturinn, sr. Gunnar Jóhannesson. Leiðbeinendur voru Glúmur Gylfason, sr. Kristinn Ólason og sr. Kristján Valur Ingólfsson.

Ég vísiteraði Hríseyjarprestakall og prédikaði við messu í báðum sóknarkirkjunum. Einnig vísiteraði ég Ólafsfjarðarprestakall og prédikaði í Ólafsfjarðarkirkju. Var okkur hjónum forkunnarvel tekið og voru heimsóknirnar hinar ánægjulegustu. Í báðum prestaköllum var einkar ánægjulegt að eiga fundi með sóknarnefndunum og öðru áhugafólki um safnaðarstörf. Færi ég því góða fólki einlægur þakkir fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur.

Auk þjónustu minnar við Hóladómkirkju á stórhátíðunum og oft endranær, prédikaði ég af ýmsum tilefnum vítt og breytt um stíðið. Telst mér svo til að ég hafi flutt 36 ræður á starfsárinu. Ég sótti alla héraðsfundi stiftisins, biskupafundi, kirkjuping, prófastafund, auk fjölmargra

annarra funda og ráðstefna sem of langt mál yrði upp að telja. Þá veitti ég forystu nefnd um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðveturhorninu. Var hún skipuð af biskupafundi að tilhlutan kirkjuráðs. Hélt nefndin 10 vinnufundi og skilaði álitum sem lagt verður fyrir kirkjuping á hausti komanda.

Kona mín, Margrét Sigtryggisdóttir, starfaði ötullega við hlið mér þetta umliðna starfsár eins og öll þau ár sem ég hef verið í þjónustu kirkjunnar. Endurtek ég það sem ég hef svo oft áður sagt að án hennar yrði mér erfitt um vik að gegna þeim störfum sem ég hef verið kallaður til. Fylgir hún mér nánast hvert sem ég fer og er mér ávallt til halds og trausts. Þá stendur hún sýknt og heilagt fyrir mikilli risnu á Hólastað. Þjóðkirkjan á henni mikla skuld að gjalda eins og svo mörgum prestsmökum fyrr og síðar.

Þar sem þetta er síðasta ársskýrsla mín í embætti vígslubiskups Hóla-umdæmis bið ég eftirmanni mínum allra heilla í starfi og þjóðkirkju Íslands blessunar Guðs í bráð og lengd.

# Vígslubiskup Skálholtsstiftis

*Kristján Valur Ingólfsson*



Kristján Valur  
Ingólfsson

Séra Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti lést eftir erfiða baráttu við illvígán sjúkdóm hinn 25. nóvember 2011 og var borinn til grafar í Skálholti að viðstöddu miklu fjölmenni 4. desember 2010. Séra Sigurður var vígður vígslubiskup árið 1994 og settist þá að í Skálholti ásamt konu sinni Arndísi Jónsdóttur.

Séra Sigurður var alla tíð staðfastur ármaður kristni og kirkju í landinu. Hvar sem hann kom við sögu sýndi hann hæfileika hins trausta leiðtoga. Þjónusta hans var öll til fyrirmyndar. Hann bjó að ríkulegri arfleifð í líurgiskum efnunum á þeim góða grunni sem lagt hafði séra Sigurður Pálsson, faðir hans og vígslubiskup Skálholtsstiftis 1966-1983. Við séra Sigurður áttum gott samstarf um fimm ára skeið í Skálholti sem ekki bar skugga á. Hann reyndist mér umhyggjusamur yfirmaður.

Hinn 18. september 2011 var sá er þetta ritar vígður biskupsvígslu í Skálholtsdómkirkju af biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni. Fyrir altari þjónuðu auk biskups séra Egill Hallgrímsson, dómkirkjuprestur í Skálholti og sóknarprestur Skálholtsprestakalls, sr. Kristinn Ólason, rektor í Skálholti og sr. Jóni A. Baldvínssyni, vígslubiskup Hóla-umdæmis. Ritningarlestur önnuðust Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjupings, Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og Solveig Fiske, biskup í Noregi. Famuli voru sr. Sigurvín Jónsson og Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni. Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur í Suður-prófastsdæmi, lýsti vígslu. Vígsluvottar

voru séra Jón Aðalsteinn Baldvínsson, biskup á Hólum, séra Ragnheiður Karitas Pétursdóttir sóknarprestur í Ólafsvík og Ingaldshólsprestakalli, séra Jón Helgi Þórarinnsson sóknarprestur í Langholtsprestakalli, og biskuparnir Jógvan Friðriksson, Færeyjabiskup, Karsten Nissen biskup í Viborg fyrir dönsku kirkjuna, Solveig Fiske biskup í Hamar fyrir norsku kirkjuna, Ragnar Persenius biskup í Uppsala fyrir sænsku kirkjuna, Matti Repo biskup í Tampere fyrir finnsku kirkjuna, David Hamid biskup í Gibraltar, fulltrúi erkibiskupsins í Kantaraborg og Heinz Georg Öestreicher fulltrúi EMB í Þýskalandi.

Það var sannarlega mikið gleðiefni fjölskyldunnar að flytjast aftur í Skálholt og heyra fólk þetta segja: Velkomin heim!

Eftir að hafa verið rektor Skálholts-skóla 1992-1999 tel ég mig hafa nokkra yfirsýn yfir starfseminu í Skálholti eins og hún var á þeim tíma, og þó margt hafi breyst mun sú reynsla vonandi nýtast mér í starfi vígslubiskups.

Vígslubiskup hefur sem kunnugt er starfsreglur til leiðbeiningar í störfum sínum, en þeim til viðbótar gerði kirkjuráð í febrúar 2012 sérstaka bókun um hlutverk og skyldur vígslubiskups í Skálholti sem er eins konar erindisbréf. Með þeirri bókun fól kirkjuráðið mér mikla ábyrgð. Ég vil sannarlega freista þess að axla þá ábyrgð eftir því sem Guð gefur mér náð til.

Aðkoman í Skálholti síðastliðið haust var erfið vegna mikilla skulda sem hlaðist höfðu upp á undanförunum árum. Engin leið er að sætta sig við



Við vígslu  
Kristjáns Vals  
Ingólfssonar

nokkuð annað en algjöran viðsnúning í þeim efnum þó að það muni ekki takast á einu ári, og alls ekki nema með velvilja og biðlund biskups Íslands, kirkjuráðs og kirkjupings. Kirkjuráð hefur þegar tekið til sinna ráða sem vonandi munu duga. Í Skálholti eru framundan mörg aðkallandi kostnaðarsöm verkefni, sérstaklega varðandi viðhald og umhirðu dómkirkjunnar, en á næsta ári munum við fagna hálfra aldar afmæli hennar. Þegar er hafinn undirbúningur Skálholtshátíðar 2013 sem haldin verður sunnudaginn 21. júlí og þá helgi alla.

Eftir svo skamman tíma í embætti er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um störf vígslubiskups.

Forveri minn í embætti séra Sigurður Sigurðarson ritaði í árbókina fyrir árið 2008 eftirfarandi orð sem eru í fullu gildi:

*Af sögu Skálholtsstaðar er auðlært það*

*sem gildir um kirkjuna alla að kjör kirkju og þjóðar fara ávalt nokkuð saman bæði í andlegu og efnalegu tilliti. Við megum líka vænta þess að uppkomi raddir um nýja kirkjuskipan og fyrst af öllu tengsl ríkis og kirkju í öllu því sem efnisleg gæði varðar. Þannig tel ég að við lifum nú í nýjum skilningi breytingatíma framundan.*

*Hið fyrsta ráð gagnvart því hlýtur að vera að við eigum að halda ró okkar og stilla okkur um að segja margt að óyfirveguðu máli eða byggja orð okkar á nokkrum hégómlegum „populisma“. Við þufum að leggja enn ríkari áherslu á að grandskoða ritningarnar til að meta guðfræðilegt ildi viðbragða okkar. Sérstaklega skulum við nú íhuga orðin úr fyrsta Pétursbréfi sem segja: Auðmýkið yður undir Guðs voldugu hönd, til þess að hann á sínum tíma upphefji yður. Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður.*

# Starfið á árinu

## Fræðslusvið Biskupsstofu

Halldór Reynisson, verkefnisstjóri



Halldór Reynisson

### Eftirfylgd með syrgjendum

Mikið hefur farið fyrir verkefnum á sviði eftirfylgdar með syrgjendum á s.l. ári. Þannig flutti ég ein 11 fræðsluerindi um sorg og sorgarviðbrögð á 9 stöðum um land allt, auk funda á nokkrum stöðum með kennurum, prestum og fulltrúum sorgarsamtaka. Þá var ég í samstarfshópi er stoð fyrir samkomu á aðventu fyrir syrgjendur í Grafarvogskirkju en á þeim vettvangi hefur einnig verið fjallað um hvernig auka megir eftirfylgd með syrgjendum. Sömuleiðis hef ég verið í samstarfshópi er staðið hefur fyrir stuðningi fyrir þau sem misst hafa í sjálfsvígum, þá.m. samveru í Dómkirkjunni 10. september á alþjóðlegum degi sjálfsvígsforvarna. Á vegum þess hóps var stofnuð vefsíða [www.sjalfsvig.is](http://www.sjalfsvig.is) Þess utan er ég formaður fyrir Nýja dögum, samtök um sorg og sorgarviðbrögð en þau samtök hafa staðið fyrir öflugum fræðslustarfi fyrir syrgjendur auk þess að bjóða upp á nokkra stuðningshópa fyrir syrgjendur.

### Endurskoðun vímuvarnarstefnu

Unnið hefur verið að endurskoðun á vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar og var ný vímuvarnarstefna samþykkt á kirkjuþingi 2011 þar sem m.a. er að finna verkferla þegar upp kemur vímuefnavandi á meðal starfsfólks kirkjunnar.

### Fermingarstörfin

Unnið hefur verið að þróun fermingarvefs [www.ferming.is](http://www.ferming.is) og er sá vefur ætlaður fyrir fermingarbörnin sjálf og fjölskyldur þeirra.

### Lífsleikni Þjóðkirkjunnar

Veturinn 20011-2012 var fræðsla á vegum Lífsleikni Þjóðkirkjunnar í stórum hluta af framhaldsskólum landsins. Það var í verkahring undirritaðs að halda utan um það verkefni en að auki fór ég sjálfur í þrjá framhaldsskóla með verkefnið. Fræðarar verkefnisins eru prestar, djáknar eða sérmenntaðir æskulýðsfulltrúar og hefur alltaf verið lögð áhersla á faglegan grunn starfsins og að fræðarar fái þjálfun til að sinna fræðslunni.

Eins og alltaf var fræðsluefnið *Sorg – hvernig bregst ég við sorg?* oftast notað, enda er mest áhersla lögð á það. Verkefnið *Vonin – hvernig hjálpa ég syrgjandi vini?* var einnig mikið notað.

### Konur eru konum bestar – útrásarverkefni

Á s.l. ári var tekið upp samstarf við kvennastarf Lútherska heimssambandsins um að koma á framfæri innan kirkna þeirra verkefninu *Konur eru konum bestar*. Nú er búið að þýða verkefnið á ensku og verður það boðið á samstarfsvettvangi kvennastarfsins



hjá Lútherska heimssambandinu, m.a. í Austur-Evrópu.

## **Bibliodrama – biblíusögur í hlutverkaleik**

Ég tók þátt í verkefni fimm landa um *bibliodrama* en það er aðferð að segja biblíusögu með leiklistarívafi og hlutverkaleik. Þátttakendur ganga á vit sögunnar og lifa sig inn í hlutverk hennar með margvíslegri tækni leikrænnar tjáningar. Þetta er ný en þó forn leið til að skoða sögur Biblíunnar í ljósi eigin sögu og upplifunar. Þessi aðferð getur nýst vel fyrir fullorðna en einnig ungt fólk í eldra æskulýðsstarfi og er ætlunin að innleiða þetta verkefni hér í kirkjustarfi.

## **Afleysingar – prestsþjónusta**

Á árinu sinnti ég prestsþjónustu fyrir íslenska söfnuðinn í Lúxemborg fram á haust en þá tók sr. Sjöfn Þór við því verkefni. Að auki sinnti ég afleysingu á Höfn í Hornafirði í rúml. tvær vikur og síðan mánaðarlegri helgarvakt á Akranesi, auk stórhátíða.

## **Nefndarstörf – annað**

Ég gegndi störfum sem formaður samkirkjuneftar á árinu, var skipaður formaður skólaráðs Skálholtsskóla, sat í stjórn Skálholtsútgáfunnar, auk tilfallandi verkefna er lutu að samskiptum við fjölmörg.

## **Barna- og unglingsstarf**

### **Elín Elísabet Jóhannsdóttir**

#### **Til umhugsunar:**

Þetta starfsár hefur einkennst af miklum öllum. Þar sem samstarfsfólki mínu á gamla fræðsluviði (sem nú hefur verið sameinað þjónustuviði) hefur ýmist verið sagt upp störfum vegna samdráttar, eða verið sett, meðfram sínum störfum hér í afleysingar út um land, þannig að það hefur ekki getað verið hér nema hluta af sínum starfstíma.

Þar að auki hefur fagmenntuðu og fastráðnu fólki í fræðslugeira kirkjunnar fækkað til muna og eykur það ástand kröfurnar um að héðan frá þjónustuviði sé sterkur bakhjarl og aðgengileg og fagleg þjónusta.

Ég hef fundið fyrir aukinni þörf fyrir ráðgjöf og leiðsögn víða hjá starfsfólki í fræðslustörfum kirkjunnar þar sem fólk með mismikla reynslu og þekkingu hefur tekið til starfa þar.

Þegar svona stendur á þarf maður að vera tilbúinn til að hugsa útfyrir kassann. Hlusta á fólkið og reyna að skilja hvers það þarfnast.

Til að reyna að létta fólki störfin ég upp á því að grafa upp gamla teikni-pennann og gera fræðsluna einfaldari með því að stórauka myndefnið.

Ég hef þefað uppi hugmyndir í kirkjum landsins hvar sem ég hef náð til þeirra og reynt að kortleggja og skilja hverjar þarfirnar raunverulega eru t.d. með því að senda út stuttar kannanir og vil ég nota tækifærið og þakka öllum sóknarprestum landsins fyrir þolinmæðina sem þeir hafa sýnt mér þegar þeir hafa fengið slíkar sendingar frá mér.

Sem betur fer á ég marga samverkamenn hingað og þangað um landið sem

hafa verið duglegir að gauka að mér hugmyndum, efni, hvatningu, leiðsögn og gagnrýni en ég hef tamið mér að vinna allt sem á efnisveituna fer fyrir opnum tjöldum þannig að allir sem vilja geta séð nákvæmlega í hverju ég er að vinna hverju sinni og hvernig ég er að gera það.

Ég geri mér vel grein fyrir því að ýmislegt sem á efnisveituna fer mætti lesa betur yfir og skoða, spá og spekúlera en eins og staðan hefur verið höfum við hvorki haft mannskap né tíma til þess að sinna því eins vel og óskandi væri. Vinnulagið litast því að því umhverfi sem við erum í núna: Litlir peningar, fátt starfsfólk, meira starfsálag, erfiðleikar varðand ímynd og stöðu kirkjunnar. Þá er bara að setja upp „gulu gúmmihanskana“ og bretta upp ermarnar og gera sitt besta.

Ég hef komist að raun um að starfsfólk í fræðslustörfum kirkjunnar vill hafa aðgang að fjölbreyttu efni. Það vill þó hafa frelsi til að velja og hafna og setja sitt eigið mark á fræðsluna. Fólk sem starfar með börnum og unglingum vill mikið myndefni, DVD auk smellinna hugmynda sem virka. Það er líka ljóst að starfsfólkinu er umhugað um að skila sínu starfi vel. En eins og hér á þjónustusviði er það oft faliðað með lítinn tíma. Þetta er breiður hópur alls konar fólks með mismunandi bakgrunn, menntun, hæfileika og á ólíkum aldri.

Sumir eru sjálfboðaliðar sem hafa lítinn tíma. Einhverjir finna sig útbrunna og hafa misst móðinn í öllum þessum mótbyr.

Um leið og þetta gerist, virðist aðsókn í fræðslunámskeið hvers konar hafa dregist saman, eins og sjá má hér síðar í kaflanum.

Ég vil því hvetja alla þá sem starfa við fræðslu innan kirkjunnar, hvort sem um

er að ræða presta, djákna eða leikmenn að koma á þau námskeið sem í boði eru eða sjá til þess að einhver úr þeirra kirkju fari. Senda einnig unglingana á leiðtoganámskeið og tryggja þannig framtíð góðs vinnulags innan kirkjunnar.

Með kveðju,

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

## **Verkefni þessa starfsárs:**

Efnisveita kirkjustarfsins hefur verið í áframhaldandi þróun á þessu starfsári og er hún mjög mikið notuð af starfsfólki kirkjunnar, bæði prestum, djáknum og öðrum fræðurum. Markmiðið er að bæta aðgengi starfsfólks kirkjunnar að ýmis konar fræðsluefni fyrir alla aldurshópa. Markmiðið er ekki að miðstýra því sem kennt er í kirkjum landsins, heldur að styðja við starfið og gefa fólki hugmyndir. Allt efnið á efnisveitunni er unnið þannig að hægt er að fylgjast með því á vinnslustigi og setja inn athugasemdir. Á það við um allt fræðsluefni barnastarfsins, æskulýðsdaginn o.fl.

Frá upphafi hafa notendur efnisveitunnar verið duglegir að senda inn hugmyndir eða óskir um eitthvað ákveðið efni og hefur verið leitast við að mæta óskum sem flestra.

Nokkuð hefur verið um beiðnir frá einstaka grunnskólakennurum um að fá aðgang að veitunni.

## **Fræðsluefni fyrir barnastarf**

Út kom nýtt efni fyrir barnastarfið, 6-9 ára starfið og TTT og Barnatrú.is

Sú nýbreytni var á efninu að það var mun myndrænna en nokkru sinni fyrr:

– Hverri biblíusögu fylgdi myndasería sem aðgengileg er á efnisveitunni.

Myndaseríunum fylgdu einnig textar þannig að hægt var að sýna myndir og segja frá með hjálp tölvu og skjávarpa. Eins voru eldri sögur myndskreyttar á sama hátt þannig að hægt var að sýna þær líka. Elín Elísabet myndskreytti bæði biblíusögurnar og aðrar sögur með efninu. Um er að ræða mörg hundruð teikningar alls en þær voru allar unnar á dagvinnutíma meðfram öðrum störfum Elínar. Þessar myndaseríur setti Elín síðan upp sem mjög einfaldar hreyfimyndir með lesnum texta inn á barnatrú.is og nýttu sumir sunnudagaskólar sér það efni beint af **barnatrú.is**.

– Auk þessarar nýbreytni í fræðsluefninu var gerður DVD diskur með mörgum stuttum þáttum þar sem Hafdís, Klemmi og vinir þeirra fylgdu eftir boðskap Biblíusögunnar. Diskur þessi var sérstaklega gerður fyrir barnastarfið og ekki seldur á almennum markaði og má segja að það efni hafi víðast hvar slegið í gegn. Diskurinn var unnin í samstarfi við Skálholtsútgáfu og Bróðerni sem einnig gaf út diskinn Daginn í dag og kom út um síðustu jól.

Hugmyndir úr Krílasálmum voru auk þess settar í barnaefnið auk mynda til að lita.

Efnið bar yfirskriftina *Miðlum fjársjóði IV* og samanstóð af 32 samverum. Efnið var birt á Efnisveitunni, en einnig var hægt að kaupa útprentað leiðtogahefti hjá Skálholtsútgáfunni. Hverri samveru fylgdu fallegar, klassískar Biblíumyndir í stíl við gömlu Ljósgeislamyndirnar og var aftan á hverri mynd bæn eða vers.

Elín útbjóg einnig sérstakt efni fyrir TTT þar sem hægt var að nýta sömu biblíumyndaseríurnar og DVD.

Höfundur og teiknari barnaefnis vetrarins var Elín Elísabet Jóhannsdóttir.

Höfundar DVD efnisins voru:

Þorleifur Einarsson, Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson.

## Undirbúningur fyrir næsta starfsár

Undirbúningur fyrir næsta starfsár barnastarfsins hófst í janúar sl. og er í fullum gangi. Nánar mun vera sagt frá þeirri vinnu í næstu Árbók.

## Erlend samskipti

Þann 7. nóvember fór Elín á samnorraenan fund á vegum NSS í Kaupmannahöfn þar sem umræðuefnið var barnastarfið og sjálfbóðaliðar. Norðmenn greiddu allan kostnað við ferðina.

## Krílasálmur

Sérstakt efni var samið fyrir *Krílasálm* sem er námskeið fyrir ungabörn og foreldra þeirra.

Guðný Einarsdóttir og Diljá Sigursveinsdóttir sömdu efnið og var það sett inn á efnisveituna ásamt kennslumyndböndum.

## Könnun um stöðu sunnudagaskólans

Í mars í fyrra var gerð könnun á stöðu sunnudagaskólans í öllum prestaköllum landsins. Þessi könnun var gerð að mestu leyti óbreytt núna í mars og er tilgangurinn bæði sá að sjá hvort breytingar eru á starfinu milli ára og hvaða aðstöðu kirkjurnar hafa til þess m.a. að sýna efni með skjávarpa svo eitthvað sé nefnt. Þátttaka í könnuninni var mjög góð og virðist sunnudagaskólinn heldur vera að sækja í sig veðrið. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar til allra sóknarpresta.

## **Innandyranámskeiðin haustið 2011**

Að þessu sinni voru Innandyranámskeiðin kölluð *Haustnámskeið* og boðið upp á fræðsludaga fyrir starfsfólk kirkjunnar á mun víðari grunni en áður. Námskeiðið var haldið í Seljakirkju dagana 29.-31.ágúst. Prófastsdæmunum á landsbyggðinni var síðan boðið upp á haustnámskeið þar sem velja mátti um tvö á þeim námskeiðum sem boðið var uppá í Seljakirkju. Boðið var upp á námskeið í Holti í Öndarfirði, 7. september, en það féll niður vegna ónógrar þátttöku. Námskeið var haldið á Akureyri 2. september, Egilsstöðum þann 10. september Þann 12. september var námskeið haldið á Hvolsvelli. Þann 17. september í Gautaborg. Stykkishólmi 22. september.

Undirbúningur undir haustnámskeiðin haustið 2012 hófst á vormánuðum.

## **Samstarf vegna unglingastarfs**

Vegna samdráttar í starfsmannahaldi tók Elín við málefnum unglingastarfsins fyrir hönd Biskupsstofu.

Elín heldur utan um æskulýðslistann, sem er netlisti fyrir starfsfólk í barna- og unglingastarfi en það sem er sett inn á þann lista þarf að fara í gegnum nálarauga hennar. Þessi listi hefur virkað mjög vel í gegnum tíðina. Halda þarf utanum skráningar og hefur það verið gert með aðstoð Örvars Hafsteins Kárasonar.

Utanhald um unglingastarf þjóðkirkjunnar felst í miklu samstarfi við félagasamtök innan kirkjunnar. Því eru haldnir samstarfsfundir og samráðsfundir með ÆSKÞ, ÆSKR, ÆNK og KFUM og K. Á þessum fundum voru viðburðir og námskeið skipulögð.

## **Farskólinn og Grunnámskeiðið**

Námskeið fyrir leiðtogaefni þ.e. efnilega leiðtoga í barna- og unglingastarfi kirkjunnar frá 14 ára aldri voru haldin í samstarfi við prófastsdæmi víða um landið. Farskólarnir voru sem hér segir:

Farskóli leiðtogaefna í Reykjavík og nágrenni 19 þátttakendur voru í Farskólanum í vetur og lauk honum með útskrift í 28. mars í Digraneskirkju. Umsjón með skólanum hafði Sigríður Rún Tryggvadóttir.

Um leið voru sex ungmenni útskrifuð af Grunnámskeiðinu. Farskóli leiðtogaefna og Grunnámskeiðið er samstarfsverkefni Biskupsstofu, ÆNK, ÆSKR og ÆSKÞ.

Grunnámskeið fyrir ungleiðtoga var haldið dagana 7.-9. október. Þátttakan var fremur dræm. Fræðarar: Dagný Halla Tómasdóttir og Margrét Ólöf Magnúsdóttir

## **Námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa/leiðtoga.**

Haldin voru nokkur samstarfsnámskeið á vegum Biskupsstofu ÆSKR, KFUM og KFUK og ÆNK. Það var áberandi erfitt að fá fólk til þess að mæta á námskeiðin jafnvel þótt dagskráin hafi verið spennandi og vonduð og kostnaður við það að senda fólk á þessi námskeið hverfandi lítill. Hefur sú ályktun m.a. verið dregin af þessu að mikill samdráttur í kirkjum landsins komi skýrt fram þarna, þar sem fækkað hefur í röðum æskulýðsfulltrúa sem hafa bæði nýtt sér þessi námskeið og vísað sínu samstarfsfólki á þau. Til þess að barna- og unglingastarf fái að blómstra áfram innan kirkjunnar er mikilvægt að prestar og sóknarnefndarfolk sé vakandi fyrir því að senda fólk á þessi námskeið og virkja það til góðra verka.



Frá landsmóti æskulýðsfélaga.  
Ljós. Bogi Benediktsson

Námskeiðin eru alltaf vel auglýst á lista starfandi presta, djáknalistanum og æskulýðsleiðtogalistanum. Auk þess er alltaf fjallað um þessi námskeið á kirkjan.is.

### **Námskeiðin voru þessi:**

**Haustrámskeið leiðtoga 21. september.** Námskeiðið var haldið á Holtaveginum í húsi KFUM og K. Yfirskrift námskeiðsins var *Gleði og kraftur*. Kennari á námskeiðinu var: Anna Lóa Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi. Þátttakendur á námskeiðinu voru um 20.

**Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa 18. nóvember.** Vigfús Bjarni Albertsson sá um fræðsluna en fjallað var um trú og sjálfmynd.

**Febrúarnámskeið í Grensáskirkju** sem halda átti 8. febrúar féll niður vegna ónógrar þátttöku.

**Vornámskeiðið Fjöla** var haldið á Holtavegi miðvikudaginn 23. maí og var það samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR, ÆNK, KFUM og K og Biskupsstofu.

Fræðarar á námskeiðinu voru María Ellingsen og Nanna Hlíf Ingvadóttir. Námskeiði var sæmilega sótt af leiðtogum í barna- og unglingastarfi og var afar gagnlegt og skemmtilegt – en það má segja að dagskrá febrúarmótsins hafi verið notuð á þessu námskeiði.

### **Landsmót æskulýðsfélaganna**

var haldið á Selfossi 29.-30. október. Þetta er ein fjölmennasta samkoma kirkjunnar á landinu og er mikilvægt að hlúa að þessu blómlega starfi sem þrátt fyrir niðursveiflu er svona sterk. Um 500 ungmenni voru á Landsmóti æskulýðsfélaganna. Dagskrá mótsins var fjölbreytt að vanda. Boðið var upp á fjölbreytt hópastarf, kvöldvökur, ball og helgistundir. Mótið sem er það stærsta til þessa heppnaðist það í alla staði mjög vel. Allt utanumhald var í höndum ÆSKP og Landsmótsnefndar. Séð var um fréttir af mótinu héðan frá Biskupsstofu

Æskulýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur í söfnuðum landsins 4.

Frá landsmóti  
æskulýðsfélaga.  
*Ljósm. Bogi  
Benediktsson*



mars og gerði Elín sérstakt fræðsluefni fyrir hann sem fór inn á efnisveituna og samanstóð af „verkstæðavinnu“ fyrir breiðan aldurshóp og tillögu að æskulýðsmessu.

væri rétt að íhuga hvort ritari og fulltrúi frá Biskupsstofu eigi ekki að vera sitt hvor aðillinn.

Nefndin hefur skilað af sér skýrslu sem var til sýnis á Prestastefnu nú í júní.

### **Æskulýðsnefnd sett á laggirnar**

Kirkjuping stofnaði æskulýðsnefnd. Í henni voru tveir fulltrúar frá hverju prófastsdæmi auk fulltrúa frá ÆSKP og KFUM og K. Elín sat fundinn sem fulltrúi Biskupsstofu og ritari nefndarinnar. Pétur Björgvin Þorsteinsson er formaður en Jónína Sif Eypórsóttir varaformaður. Elín Elisabet Jóhannsdóttir, ritari og fulltrúi Biskupsstofu. Nefndin fundaði í fyrsta skipti í Skálholti 31. maí-1. júní. Páverandi biskup, Hr. Karl Sigurbjörnsson setti fundinn. Stefnt er að öðrum fundi í haust.

Mikil vinna er í kringum nefndina og

### **Samstarf við Skálholtsútgáfu**

Undirrituð situr í útgáfuráði og stjórn Skálholtsútgáfu. Í því eru fólgnar fundasetur þar sem ákvarðanir um útgáfumál eru teknar auk þess að eiga frumkvæði að því sem gefa þarf út fyrir barnastarfið, en það er mikilvægt að fræðslumál kirkjunnar og útgáfufélag séu samstíga.

Á þessu starfsári hef ég m.a. komið að gerð bókarinnar *Katla og Ketill koma á óvart*, DVD disknum *Daginn í dag*, DVD diskir fyrir sunnudagaskólann og jóladagatali fyrir leikskólana; *Það er svo mikið í húfi hjá honum Stúfi*.

# Guðfræði- og þjóðmálasvið

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri

Á sviði verkefnisstjóra guðfræði og þjóðmála á þjónustusviði eru samkirkjumál og samskipti við önnur trúarbrögð auk upplýsingamála, ýmissa málefna er snerta samskipti kirkju og þjóðfélags og stefnumótun kirkjunnar. Fjallað er um samkirkjumál í skýrslu samkirkjunefndar og samtarfsnefndar kristinna trúfélaga og upplýsingamál í skýrslu um upplýsingamál.

## Þvertrúarleg samskipti

Samráðsvettvangur trúfélaga fagnaði fimm ára afmæli þann 24. nóvember 2011. Af því tilefni var hátíðardagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á hátíðarfundinum flutti Steinunn A. Björnsdóttir, ritari samráðsvettvangsins, stutt yfirlit um starfsemi Samráðsvettvangs trúfélaga fyrstu fimm árin. Ávörp fluttu hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hr. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra og Bee McEvoy, fulltrúi Bahá'í samfélagsins í Samráðsvettvangi trúfélaga. Sr. Þórhallur Heimisson flutti erindi er nefndist „Staða trúarbragðanna við upphaf 21. aldar.“

Milli erinda fluttu tónlist þau Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði, Anna Sigga Helgadóttir og Aðalheiður Þorsteinsdóttir.

Fundarstjóri var Einar Skúlason, fv. framkvæmdastjóri Alþjóðahúss og fyrsti upplýsingafulltrúi samráðsvettvangsins.

Í tilefni af fimm ára samstarfi trúfélaganna bauð Karl Sigurbjörnsson,

biskup Íslands, fulltrúum þeirra í biskupsgarð. Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði, þakkaði biskupi fyrir hönd trúfélaganna, stuðning og hvatningu til þessa starfs frá upphafi.

Að samráðsvettvanginum standa 16 trúfélög og í þeim hópi eru kristin trúfélög og fulltrúar frá trúfélögum múslima, bahá'ía, búddista, ásatrúarfélagsins og fleiri félögum. Markmið vettvangsins er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks af ólíkum lífsviðhorfum, trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi. Samráðsvettvangur trúfélaga er opinn öllum skráðum trúfélögum.

Verkefnisstjóri hefur verið ritari Samráðsvettvangs trúfélaga frá upphafi. Fulltrúar trúfélaganna hittast að jafnaði á tveggja mánaða fresti til að ræða sameiginleg mál, skipuleggja sameiginleg verkefni, kynnast trú og siðum hvers annars og deila skoðunum.

## Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Þjóðkirkjan er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Undanfarin ár hafa fulltrúar í stjórn verið Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, og Toshiki Toma, prestur innflytjenda.

Í mars ár hvert sér Mannréttindaskrifstofan um að skipuleggja hér á landi Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem þjóðkirkjan tekur þátt í með fjölda ungs fólks í samvinnu við ÆSKR, ÆSKP, KFUM, KFUK, Rauða krossinn og fleiri. Ungt fólk úr kirkjunni tók þátt í að dreifa kynningarefni þann 23. mars



Steinunn  
Arnþrúður  
Björnsdóttir

s.l. og var yfyrskrift vikunnar: „Einhver eins og ég“ að stóð fyrir viðburðum í verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Ísafirði, dreifði kynningarefni og ræddi við fólk um kynþáttafordóma. Sr. Toshiki Toma hefur átt sæti í undirbúningsnefnd þessa viðburðar frá upphafi.

## Stefnumótun – Samstarfssvæði

Stofnun samstarfssvæða var fylgt eftir með ráðgjöf og fræðslu. Fulltrúar biskupsstofu sóttu héraðsfundi og fræðslufundi til að kynna málið og svara fyrirspurnum. Á nokkrum svæðum er þetta samstarf komið á og gengur vel en þar er enn margt óunnið.

## Helgisiðasvið

### Kristján Valur Ingólfsson, verkefnisstjóri



Kristján Valur  
Ingólfsson

Með nýju skipuriti Biskupsstofu við aldamót var stofnað til verkefnisins Helgihald og kirkjutónlist. Hlutverk þess sviðs er að vera Biskupi Íslands og starfsfólki kirkjunnar til ráðgjafar í málefnum helgisiðanna og kirkjutónlistarinnar og stýra endurskoðun og nýsköpun í þeim málaflokki. Verkefnisstjóri hefur verið frá upphafi Kristján Valur Ingólfsson, og fór með báða málaflokka þangað til Hörður Áskelsson var skipaður söngmálastjóri. Auk þess þjónaði Kristján Valur Þingvallaprestakalli frá árinu 2004 og var fastráðinn lektor við Guðfræðideild í hálfu starfi 2000-2008. Verkefni Helgisiðasviðs hafa ætíð fallið náið að verkefnum Kirkjutónlistarsviðsins sem var undir stjórn Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar til hausts 2011, en síðan þá hefur því miður ekki verið starfandi söngmálastjóri.

Þrjár nefndir starfa í tengslum við þessi svið: Helgisiðanefnd, Handbókarnefnd og Sálmaþóknafnd. Þessar nefndir bera ábyrgð á endurskoðun Handbókar og Sálmaþóknar kirkjunnar sem stendur yfir.

Í Helgisiðanefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Kristján Valur Ingólfsson

sem er formaður. Nefndin er skipuð af biskupi og skal hún vera leiðbeinandi og ráðgefandi um málefni helgisiðanna. Þá safnar nefndin upplýsingum um nýjungar og þróun í málaflokknum og viðheldur tengslum við kirkjur erlendis. Þar er fyrst og fremst um að ræða systurkirkjurnar á Norðurlöndum og aðrar lútherskar kirkjur í Þýskalandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í Sálmaþóknafnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, formaður, Hörður Áskelsson, söngmálastjóri, sr. Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur, Hjörtur Pálsson, skáld og prestur og dr. Margrét Eggertsdóttir, bókmenntafræðingur. Einnig starfa með nefndinni sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar. Unnið er að því að ljúka vinnu við sálmahefti með um það bil 150 nýjum sálum sem áformað er að gefa út haustið 2012.

Í Handbókarnefnd sitja sr. Kristján Valur Ingólfsson formaður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir sóknarprestur, sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sr. Guðni Már Harðarson, prestur, sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur



og sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Var-  
menn eru sr. Bryndís Malla Elíadóttir,  
héraðsprestur og sr. Bragi Skúlason  
sjúkrahúsprestur. Einnig starfa með  
nefndinni dr. Einar Sigurbjörnsson og sr.  
Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari  
nefndarinnar.

Handbókarnefnd hefur verið að  
störfum í núverandi mynd frá því á  
árinu 2005 og hefur á þeim tíma unnið  
eftir langtímaáætlun um endurskoðun  
handbókar kirkjunnar, sem kom út árið  
1981. Við endurskoðunina er tekið mið af  
vinnunni frá árinu 1981 og hin klassíska  
messa lögð til grundvallar helgihalds  
safnaðarins. Handbókarnefnd hefur  
lagt fyrir biskupafund og prestastefnu  
tillögur að formum sem notast skulu

til reynslu áður en til endanlegrar  
samþykktar kemur. Mikill hluti efnisins  
hefur verið birtur á vefnum [www.kirkjan.is/handbok-presta](http://www.kirkjan.is/handbok-presta)

Vegna efnahagsþrenginga hefur  
verið dregið úr erlendum samskiptum  
og verður svo um sinn að ekki verða  
sendir fulltrúar á þing og ráðstefnur  
erlendis. Eftir sem áður eru þó góð og  
gefandi samskipti um málefni kirkju-  
söngs og helgisíða með tölvupósti og  
netmiðlum. Með nýjum biskupi Íslands  
þarf að endurmeta alla starfsemi á  
sviði helgihalds og kirkjutónlistar og  
þar með talin störf nefndanna, með  
það að markmiði að nýta sem best þær  
aðstæður sem þjóðkirkjan býr við og  
þarf að laga sig að.

## ***Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar***

**Sr. Gunnþór Ingason**

### **Kristni í sögu og samtíð**

Það gildir um kristni og kirkju á Íslandi  
sem og grunnstoðir mannlífs og  
menningar að miklu varðar að rætur  
séu sterkar og traustar og standist bylji  
og storma og styrkist af þeim. Starf  
mitt sem prestur á sviði helgihalds  
og þjóðmenningar miðar að því að  
tengja kristni í samtíð við sögu og  
sambengi kristinnar í landinu og huga  
sérstaklega að fornum trúarháttum  
sem endurnýjaðir geta glætt trúarsýn  
og aukið fjölbreytni í trúariðkun og –  
reynslu. Til þess hef ég leitað fanga allt  
til þeirrar kristni, sem tók sér bólfestu  
í landinu með þeim Vestmönnum  
frá Írlandi og Skotlandseyjum, er  
öðrum fyrir settu að hér á landi og  
áttu auk frelsarans og Maríu móður

hans heilagan Kolum Killa að sínum  
vildarvini.

### ***Ar Seachrán; Ferðalangur***

Í byrjun janúar sendi írski örnefna- og  
þjóðháttufræðingurinn dr. Breandan Ó.  
Ciobháin, sem er á átttréðisaldri, mér  
tölvubréf og bað mig að skipuleggja  
heimsókn fræðimanna og sáfara hingað  
til landsins á komanda sumri til að kanna  
hugsanlegar Papaslóðir og -minjar á  
Suðurlandi eftir að þeir hefðu kannað  
slóðir Papa á öðrum eyjum Norður-  
Atlantshafs á 45 feta írsku seglskútunni  
*Ar Seachrán, Ferðalangi*. Við Ó. Ciobháin  
skrifuðumst á fram á vorið og komum  
okkur saman um ferðáætlunina svo og  
Padraig/Patrick/Paddy Barry, skipstjóri



Gunnþór Ingason

Sigt á Ar  
Seachrán til  
Vestmannaeyja



skútunnar, þekktur írskur sæfari og sérfræðingur í heimskaufaferðum. Fyrir lá að þeir vildu komast til Vestmannaeyja og til Seljalands til að skoða þar útskorna krossa í klettum og manngerðum hellum.

Ar *Seachrán* lagði upp frá Kerryströndu á Vestur-Írlandi 16. maí, á dýrðardegi heilags Breandan mocu Altai, sem þekktur var fyrir sjóferðir sínar og varð dýrlingur sæfara. 15 ferðalangar, fræði- og listamenn, skiptu með sér að sigla og kanna slóðirnar. Fjórir þeirra komu hingað til lands. Ar *Seachrán* hrepti mikið óveður í kjölfar Grímsfjallagossins. Leita þurfti vars og hætta við að koma við á Suðureyjum og viðkomustaðir urðu færri á Hjaltlandi og Orkneyjum en ætlað var.

För var þó haldið áfram til Færeyja þar sem forminjar voru rannsakaðar. Dr. Jonathan M. Wooding, einn kennara minna í Keltneskri kristni við Háskólann í Wales, sem hafði vísað Ó. Copbháin á mig, kom þar um borð og sigldi með skútunni til Íslands

Auk Paddys og Jonathans sigldu Írarnir Dónal De Barra, bóndi og örnefnafræðingur, Danny MacSithigh, bóndi, ljóðskáld og rithöfundur á írsku tungu og útvarpsmaður, til Íslands, en þeir voru með á allri siglingunni. Írski tónlistarmaðurinn Breandan Ó. Beaglaioich, sigldi einnig hingað til lands en flaug héðan heim. Við bættist einn þekktasti fjallgöngumaður Íra, Frank Neugent, sem verið hafði á landinu í fjallgöngum.

14. júní sigldi Ar *Seachrán* að landi í Djúpavogi. Paddy hafði ætlað að sigla inn á Höfn í Hornafirði en taldi Djúpavoginn öruggari til innsiglingar auk þess sem Papey væri þar og vogurinn líklegri landtökustaður Papa á fyrri tíð. Við Þorbjörg Arnórsdóttir, sem veitir Þórbergssetrinu í Hala í Suðursveit forstöðu, sóttum ferðalangana til Djúpavogs frá Þórbergssetri og ókum þeim til setursins. Við áðum á sögustöðum, fyrst í Hamarsfirði, þar sem rómverskir peningar frá 3. öld hafa fundist; Þvottá þar sem við skoðuðum minnisvarðann

um kristniboð Þangbrands og einnig varðann um Úlfjót lögsögumann í Bæ í Lóni. Við áðum í Papaósi og komum við á Höfn.

Að morgni Þjóðhátíðardags 17. júní, á 200 ára afmælisdegi Jóns Sigurðssonar, fræddi ég ferðalangana um Þjóðfélagsbaráttu Jóns og hlutverk sem frelsishetju. Eftir hádegis stóðu ferðalangar að málþingi á Þórbergssetri. Paddy sagði frá siglingum á heimskautasvæðum og samskiptum við Inúíta, Danny lýsti för *Ar Seachrán* um Papaslóðir Norður-Atlantshafs og sagði frá heimabæ sínum á Írlandi þar sem heilagur Breandan lagði upp í sjóferðir sínar. Jonathan greindi frá ferðum keltneskra munkna/Papa út á Atlantshafið forðum daga til að finna þar samastað sinn, útvalinn af Drottni, Á milli fræðslustunda lék Ó. Beaglaioich á írsku harmonikkunni og Paddy á gítar og söng írsk þjóðlög og slagara. Frank söng líka sem kvæðamaður og án undirleiks írsk söngkvæði, grín- og harmsögur á víxl.

Að málþingi loknu fóru ferðalangar og málþingsgestir undir leiðsögn Fjölnis Steinþórssonar, eiginmanns Þorbjargar og bónda á Hala, að líta á rústir víkingabyggðar, sem telst vera hið forna Papabýli og Fjölpir fann 2001 í námunda við Papabýlisfjall. Papabýlis hafði lengi verið leitað án árangurs. Fjölpir fann það eftir að hafa uppgötvað að landaskrá frá miðöldum hafði verið víxlað.

Gisting, viðurgjörningur og ökuferðir var allt í boði Þórbergssseturs og voru ferðalangar afar þakklátir fyrir gestrisnina þar og aðhlyningu alla.

Ég var kominn í áhöfn *Ar Seachrán*, er skútan lagði út frá Djúpavogi um kl. 03 aðfararnótt 18. júní. Siglt var framhjá Papey og stefnan tekin á Vestmannaeyjar. Þess hafði verið vænst,

að komið yrði til eyja seinni part dags 19. júní, en vegna blússandi byrs var komið til Eyja um hádegisbilið. Siglt var inn til Eyja í sólskini og 20 stiga hita.

Ég hafði leitað til Gísla Óskarssonar, kennara og fréttamanns, að leiðseggja okkur ferðalanga um eyjarnar og eiga við okkur viðtöl og gera sjónvarpsþátt um heimsókn okkar.

Gísli myndaði innsiglinguna og ók okkur um Heimaey daginn eftir, 20. júní. Hann fór með okkur í Herjólfsdalinn og lýsti rannsóknnum Margrétar Auðar Hermannsdóttur fornleifafræðings á fornminjum dalsins og hugmyndum um að þær væru eldri en svokallað norrænt landnám. Gísli leiðbeindi okkur upp á Heimaklett og kom sér fyrir á syllu rétt við hvilftina í yfir 170 m hæð, þar sem Papakrossinn, sem er sjálfur um 70 cm á hæð, getur að líta. Gísli bað hvern og einn okkar að lýsa áhrifunum þegar við litum krossinn og myndaði viðbrögð og svör. Jonathan lýsti því yfir að krossinn, sem væri með útvíkanir á stofni og örmum, bæri mjög svip af 8. aldar krossum á suðureysku eyjunni helgu, Iona. Eftir uppgöngu og krossskoðun tók Gísli sjónvarpsviðtöl við okkur Jonathan, þar sem við sögðum frá siglingu og för ferðalanga á *Ar Seachrán* og lýstum grunnþáttum keltneskrar kristni.

Á sólstöðudeginum 21. júní, sem hefur mikla merkingu í forn keltneskum menningarheimi bæði fyrir og eftir kristni, skildu ferðalangar skútuna eftir í Vestmannaeyjahöfn og héldu með Herjólfvi til Landeyjahafnar ásamt Gísla Óskarssyni, til þess að skoða Papahellana í Seljalandi. Þeir skiptast í þrjár misstórar hvelvingar og fleiri en 100 krossar eru ristir í berg þeirra. Við Danny leiddum helgistund í miðskútanum stærsta. Hann las upp írsku

sálminn, sem í enskri þýðingu hefst á orðunum „Be thou my vision“ og mun vera frá 8. öld og fór síðan með bæn á írsku; sem ef til vill var síðast gert í skútanum fyrir 1200 árum.

Að álit Jonatans gætu þessir samliggjandi manngerðu hellar hafa myndað helgidóm í Papasamfélagi/klaustri. Hann veitti því athygli að þeir horfðu beint við Heimakletti, þar sem Papakrossinn er í bjarginu, og kvað það geta bent til tveggja trúarsamfélaga, er gátu látið boð berast sín á milli, svo sem tíðkast hefði á Írlandi til forna. Við skoðuðum einnig Kverkarhelli sem nærri er og mun stærri og dýpri en hellarnir, sem við fyrr litum á. Fáeinir krossar eru í bergi hans.

Eftir að við höfðum skoðað Seljalandsfoss og Gljúfurbúa kvöddum við Jonathan aðra ferðalanga í Seljalandi, félag okkar og vini á *Ar Seachrán*. Þeir héldu aftur til Eyja, til þess að sigla aftur til Írlands með viðkomu á eyjunni St. Kilda, en við fórum til Skálholts og Pingvalla.

Um miðjan júlímánuð sigldi *Ar Seachrán* í heimahöfn sína á Írlandi og skilaði ferðlögum sínum vel heim, enda þótt veður hefðu á stundum verið válynd og öldur háar. Sjónvarpsþáttur Gísla Óskarssonar um ferðalanga á írsku skútunni *Ar Seachrán* er að finna á slóðinni: <http://visir.is/section/MEDIA-99&fileid=VTV928746B2-D962-445D-9034-9B31560FCDF2>. Efni allrar ferðar ferðalanga *Ar Seachrán* er ýtarlega lýst á slóðinni: <http://imram.oac.ie/>

## **Ráðstefna í Skálholti um forna taflmenn á 800 ára ártíð Páls Jónssonar Skálholtsbiskups**

Við Kristinn Ólason, rektor Skálholts-skóla, Guðmundur G. Þórarinsson,

verkfræðingur, Einar S. Einarsson, fyrrv. framkvæmdastjóri og Guðni Ágústsson fyrrv. ráðherra mynduðum nefnd er undirbjó ráðstefnu í Skálholti, sem var haldin 19. ágúst til að minnast 800 ártíðar Páls Jónssonar biskups.

Þar var fjallað um þá hugmynd Guðmundar, sem hann hefur sett fram í riti sínu á ensku: *The Enigma of the Lewis Chessmen. Are the Isle of Lewis Chessmen Icelandic?*, að hinir svokölluð Lewis taflmenn, er fundust á síðari hluta 19. aldar á eyjunni St Lewis, „Ljóðhúsum“, sem er stærst Suðureyja, séu gerðir í Skálholti og þá að líkindum af Margréti högu og hennar samstarfsfólki. Þau voru í þjónustu Páls biskups og munu hafa unnið að listmunagerð úr rostungs- og hvalbeini frá Grænlandi.

Þrjú mikilsvirtir fræðimenn frá bresku og skosku þjóðminjasöfnunum, dr. David H. Caldwell, dr. Mark A. Hall og dr. James Robinson, sem hafa ritað bækur og ritgerðir um þessa markverðustu taflmenn sögunnar, kynntu rannsóknir sínar og sjónarmið og lögðu mat á gildi hinna róttæku hugmynda Guðmundar svo og Þór Magnússon fv. þjóðminjavörður. Ráðstefnan tókst mjög vel og vakti málflutningur Guðmundar athygli og hrifningu.

## **Samskipti íslensku þjóðkirkjunnar og Föroysku fólkakirkjunnar**

Heimsókn Jógvans Friðrikssonar, fær-eyskra presta og fulltrúa fær-eysku stiftsstjórnarinnar til landsins í boði herra Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, haustið 2010 og ég skrifaði ítarlega skýrslu um, miðaði að því að auka og styrkja samskiptin milli þjóðkirkjunnar og fólkakirkjunnar fær-eysku. Horft var m.a. til þess að fær-eyiskir prestar og kirkjulið gætu tekið þátt

í námskeiðum í Skálholti og átt þar athvarf. Færeyjabiskup vonaðist til þess að biskup Íslands gæti ásamt fylgdarliði heimsótt Færeyjar og færeysku kirkjuna komandi vor eða haust til þess m.a. að finna stað og farveg fyrir samskiptin í Færeyjum. Af því gat þó ekki orðið vegna anna biskups Íslands og ólgusjóa sem þjóðkirkjan sigldi í gegnum. Færeyjabiskup tók þátt í vígslu sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar til Skálholtsbiskups í Skálholtsdómkirkju 13. s.d. e. tr. 18. sept. Greiddi ég götu Færeyjabiskups við komu hans og brottför og átti góðar samræður við hann um kirkjumál landanna og höfum við haldið þeim við með netbréfum.

## **Færeyskrir prestar á ráðstefnu í Skálholti**

Ég sótti ráðstefnu í Skálholti í september sl. þar sem dr. Andrew Louth, prófessor emeritus við Durkhamháskóla í Englandi, fjallaði í fyrirlestrum um kristfræðilegar spurningar Nikeupingsins og prédikun á 4. öld. Færeysku prestarnir séra Heri Joensen, sóknarprestur í Vesturkirkjunni í Þórshöfn, sem verið hafði í fylgdarliði Færeyjabiskups 2010 og séra Meinard Bjartalíð, sóknarprestur í Lamba á Austurey, sóttu námskeiðið og var ég þeim innan handar. Sr. Meinard dvaldi í Skálholti við fræðastörf fram yfir vígslu nýs Skálholtsbiskups og var viðstaddur vígsluna hempuklæddur í röðum presta. Fyrr um vorið komu þeir sr. Meinard og sr. Heri til landsins að sækja námskeið dr. Louths. Það fell þá niður vegna áhrifa Grímsfjallagossins. Ég reyndi samt að gera Færeyingunum dvölina sem bærilegasta og fór með þá um Suðurland og fræddi þá í Skálholti um keltneska kristni og menningararf.

## **Helgistaðir á föruleiðum**

Umræðuhópur sem ég leiði um helgistaði á föruleiðum hittist misserislega á fundi á Biskupsstofu.

### **Krýsuvíkirkirkja**

11. apríl var því fagnað með reisugilli í lðnskóla Hafnarfjarðar að form var komið á hina nýju Krýsuvíkirkirkju sem þar er í smíðum og annaðist ég helgistund af því tilefni. Stjórn vinnufélags kirkjunnar markar stefnuna fram á reglubundum fundum sínum í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, sem Jónatan formaður þess stýrir og eigum við gott samstarf um mark og mið.

4. s.d. e. páska 22. maí stýrði ég helgistund á grunni hinnar brunnu kirkju í Krýsuvík, sem góður hópur sótti. Jónatan sagði frá smíði nýju kirkjunnar og leiddi göngu í nágrenni hennar.

Um haustið kannaði ég ásamt fleiri fulltrúum stjórnar vinnufélagsins gripi í vörslu þjóðminjasafns frá Krýsuvíkirkirkju á fyrri tíð og öldum, stjaka og ker, hökla og altarisklæði með það í huga að taka mið af þeim við búnað kirkjunnar nýju. Þá var orðið ljóst að kirkjan yrði ekki fullsmíðuð og vígð komandi vor, svo sem horft hafði verið til, enda þyrfti að koma henni á sinn stað í Krýsuvík, þegar frost væri enn í jörðu og það tækist ekki fyrir vorið. Þess var jafnframt óskað af hálfu lðnskólans, að kennarar og nemendur hans fengu lengur að vinna að smíðinni svo að sem flestir gætu lært handverkið við smíðina.

### **Auðarslóðir í Dölum**

Til stóð að við, sr. Óskar Ingi Óskarsson, stæðum ásamt heimafólki fyrir helgigöngu á slóðum Auðar Djúpúðgu vestur í Dölum laugardaginn 18. júní

Helgistund í Landakirkju. Ljós. Óskar P. Friðriksson



líkt og gert var á kvennadaginn 19. júní á fyrra ári með helgistundum með fornum keltneskum trúartextum, á Auðartóftum, í Hvammskirkju og á Krosshólum. Búið var að undirbúa hana á líkan hátt og fyrr. Vegna andláts máttarstólpa í menningar- og kirkjulífi sveitar og héraðs, féll gangan niður, og ekki hentaði að hún færi síðar fram.

### **Esjuberg**

Sunnudaginn 26. júní leiddum við dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur, guðsþjónustu á Esjubergi, sem hófst með göngu með keltneskan göngukross og um 50 manns sóttu. Eftir hana var boðið til kirkjukaffis og málþings í Klébergi á vegum sögufélagsins Steina. Ég fjallaði þar um grunnstef í keltneskri kristni og sagði frá ferðalanga á írsku skútunni *Ar Seachrán* um Pápaslóðir á Norður-Atlantshafi. Prófastur og fleiri fluttu jafnframt fyrirlestra.

### **Dagverðarnes**

Sunnudaginn 14. ágúst leiddum við,

sr. Óskar Ingi Ingason, sóknarprestur, helgigöngu á Dagverðarnesi með keltneskum brag. Hún hófst með helgistund í Dagverðarneskirkju og henni fylgdu helgistundir við Altaris-horn og Kirkjuhóla með göngu í nágrenni kirkjunnar og staðarlýsingum. Gangan endaði í kirkjunni í upphafi guðsþjónustu þar, sem sóknarprestur stýrði. Ég leiddi þar lestur og flutning keltnesks trúarefnis. Um 15-20 manns tóku þátt í helgigöngunni og um 50 manns í guðsþjónustunni. Eftir hana bauð Selma Kjartansdóttir, meðhjálpari, til veglegs kirkjukaffis á fyrrum heimili sínu að Ormsstöðum, svo sem löngum fyrr eftir árlegar guðsþjónustur í Dagverðarneskirkju.

### **Vestmannaeyjar**

Koma ferðalanga á *Ar Seachrán* til Vestmannaeyja vakti þar verðskuldaða athygli og minnti á keltneskar rætur kristni og mannlífs í Eyjum. Í ágústmánuði fór ég aftur til Eyja og lagði drög að því, ásamt sr. Kristjáni Björnssyni, sóknar-

presti og forstöðumönnum annarra kristinna trúfélaga í Eyjum en Þjóðkirkjunnar, að halda þar samkirkjulega göngumessu með keltneskum brag og sniði. Göngumessa með keltnesku sniði var haldin í Eyjum sunnudaginn 11. september 2011, er auglýstur var sem „keltneskur dagur“ í Eyjum. Messan hófst með stuttri helgistund í Landakirkju. Þaðan var haldið inn í Herjólfsdal, þar sem haldin var helgistund við fornar minjar og tóftir. Síðan var gengið með keltneskan sólkross í fararbroddi að rótum Heimakletts undir Papakrossinum. Helgistundin þar tók nokkuð mið af hryðjuverkinu í New York réttum áratug fyrir, þegar „tvíburarnar“ voru felldir með skelfilegum hætti, og svo einnig vígi írskra manna í Eyjum á landnámstíð. Beðið var fyrir iðrun, fyrirgefningu og bættum lífsháttum með skírskotun til keltneskra trúartexta og frásagna. Göngumessunni lauk með kærleiksmálið í Stafkirkjunni fögru við höfnina og svo veglegu kirkjukaffi í húsakynnum Hvítasunnukirkjunnar.

### **Ingjaldshólskirkja og Gufuskálar**

Fyrirhuguð helgigang á Gufuskálum og messa í Ingjaldshólskirkja sunnudaginn 18. september, sem við, sr. Ragnheiður Karitas Pétursdóttir, sóknarprestur, höfðum undirbúið ásamt heimafólki í Ólafsvík og á Hellissandi, féll niður vegna vígslu nýs Skálholtsbiskups á þeim degi.

### **Þingvellir**

3.sd.e.tr. 10. júlí messaði ég í Þingvallakirkju með keltneskum brag og trúarefni.

6. sd.e.tr. 31. júlí prédikaði ég í úti-messu í Skógarkoti, sem sr. Kristján Valur Ingólfsson, sóknarprestur, leiddi og var

að auki með honum í nokkur skipti um sumarið við messur í Þingvallakirkju.

### **Trúarskjól og tilbeiðsluhættir**

Ég hef sem áður fylgst með og látið mig varða nýja tilbeiðsluhætti eftir fornum leiðum, sem nú eru víða iðkaðir í kristnum söfnuðum, einkum Centering Prayer, sem þýða mætti sem „Kyrrðar- og kjarnabæn“, og bandaríski Trapistamunkurinn Thomas Keating hefur verið helsti forvígismaður fyrir.

### **Trú og list**

Ég hef skrifað ítarlega um álitleg leikverk, sem sýnd hafa verið í Borgar- og Þjóðleikhúsunum, og einnig einstaka listviðburði aðra. Þær umsagnir hafa birst á tru.is.

### **Ritstörf og bókaútgáfa**

Ritstörf mín hafa falist í greinaskrifum og fyrirlesturum. Bókarskrif eru vonandi í vændum.

Síðsumars bauðst mér það, að aðalritgerð mín frá námi mínu í „Keltneskri kristni“ í Háskólanum í Wales, sem hefur að aðaltitli; *The Westward Movement of Insular Christianity and Culture*, „*Vesturför eyjameningar og kristni*“, yrði gefin út af kanadíska og velska bókaforlaginu, The Edwin Mellen Press, ef uppfyllt yrði kröfum þess um það, að ritgerðin komi nær fullfrágengin í bókarformi í hendur útgefandans, auk þess að fá rökstudd meðmæli hæfra matsmanna með doktorsgráðu og hafi verið villulaust prófarkalesin um stíl og framsetningu. Ég hef unnið að því að uppfylla þessi skilyrði fyrir útgáfunni.

## Söguritun

Gunnlaugur Haraldsson, fornleifa- og þjóðháttafræðingur, vinnur við það að setja saman „Sögu Hafnarfjarðarkirkju og Garðaprestakalls.“ Ég sit í ritnefndinni, sem er honum til liðsinnis. Eftir 32 ára sóknarprestspjónustu við kirkjuna er töluvert sem að mér snýr í því efni.

## Skrifstofa

Ég fékk skrifstofu til afnota á 4. hæð Biskupsstofu í lok nóvembermánaðar. Frá lokum marsmánaðar var ég í lítilli skrifstofu í kjallara Grensáskirkju. Fram

til þess tíma varð ég að sinna störfum mínum heimavið.

## Leiðsögn og stefnumið

Vikulegar samræður við séra Kristján Val Ingólfsson um verk mín og viðfangsefni fram til þess að hann fór í biskups skjör voru mér einkar dýrmætar. Hef ég síðan mjög saknað þeirra.

Við Skálholtsbiskup höfum rætt um það og stefnt að því að ég komi reglulega í Skálholt og dvelji þar um tíma við lestur og skrif og hafi þá samráð við hann um stefnumiðin í könnun á kristni lands og þjóðar í sögu og samtíð. Pst. 25.10

## Kirkjugarðaráð

### Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Guðmundur  
Rafn Sigurðsson

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflökki þó verkefni séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Innanríkisráðuneytið er fagr- ráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkju- garðaráð, prófastar, prestar, sóknar- nefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

## Kirkjugarðaráð

Verkefni Kirkjugarðaráðs er að hafa yfir- umsjón með kirkjugörðum landsins. Í ráðinu sitja Ragnhildur Benediksdóttir skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins; Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, ritari ráðsins; Valtýr Valtýsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Þórsteinn Ragn- arsson forstjóri KGRP tilnefndur af

Kirkjugarðasambandi Íslands; Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkju- garða Akureyrar tilnefndur af Kirkju- þingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig Sigur- geir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um upp- mælingu og stærðarútreikninga kirkju- garða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða. Á árinu hélt Kirkjugarðaráð átta fundi auk þess sem farið var í skoðunarferð 18. og 19. ágúst um kirkjugarða í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í fylgd heimamanna. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 98 kirkjugarða á árinu.

## Styrkveitingar

### kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr





Þóródsstaðir

kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2011 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 46 verkefna samtals að upphæð rúmlega 40 milljónir. Meðal kirkjugarða sem styrktir voru má nefna: *Eiríksstaðir*: endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð. *Bakkagerði*: hlaða úr líparít framhlið garðsins. *Hjalli Ölfusi*: ljúka endurhleðslu og lagfæringu garðs eftir jarðskjálftaskemmdir. *Pingvellir*: endurnýja grjót og torfhleðslu umhverfis garðinn. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: endurhanna Hólmsbergskirkjugarð. *Kirkjugarðar Reykjavíkur*: vegna duftgarðs í Leynimýri o.fl. *Lundur*: endurnýja umgjörð og endur tyrfa garðinn. *Stafholt*: bæta aðgengi. *Kolbeinsstaðir*: stækkun og lagfæringar innan garðs. *Breiðabólstaður Skógarströnd*: lagfæra umgjörð og garðflöt. *Hjarðarholt í Dölum*: greiða niður bankalán vegna framkvæmda. *Staður Reykhólum*: endurhlaða framhlið kirkjugarðsins úr torfi og grjóti. *Dalvík*: stækkun kirkjugarðs. *Húsavík*: greiða niður skuld. *Svalbarðseyri*: stækkun

og lagfæring á núverandi garði. *Þóródsstaður*: Endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð.

Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum gördum eins og *Klausturhólum í Grímsnesi*, *Svínavatni í Svínadal*, *Selárdal*, *Söndum í Dýrafirði*. Að lokum má geta þess að *Kirkjugarðasamband Íslands* fékk styrk til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn *gardur.is*, til fræðslumála kirkjugarða og norræns samstarfs og Fornleifavernd ríkisins fékk styrk til útgáfu rits um friðuð minningarmörk.

## Frumvarp um breytingar á lögum um kirkjugarða

Á árinu 2005 vann þriggja manna ráðherraskipuð nefnd við endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og skilaði hún tillögum sínum í nóvember sama ár. Fór nefndin yfir allan lagabálkinn og gerði viðamiklar breytingartillögur á mörgum greinunum með það í huga

m.a að aðlaga þau betur breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Við breytingar sem gerðar voru á lögnum sem tóku gildi 4. maí 1993 var aðallega verið að laga kirkjugarðalögin að samkeppnislögum, en lítið farið í bein hagnýt atriðið sem tilheyra faglegum hliðum kirkjugarða og útfararmála. Segja má því að ekki hafi verið farið heildstætt yfir þennan lagabálk síðan Alþingi samþykkti kirkjugarðalögin

26. apríl 1963. Á næsta ári eru því liðin 50 ár frá því að síðast voru samþykkt lög sem fólu í sér heildarendurskoðun kirkjugarðalagana. Þar er því orðið mjög aðkallandi að það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um kirkjugarða fá efnilega umfjöllun og þau fáu atriði sem ekki næst sátt um verði lögð til hliðar svo tryggt verði að lagafrumvarpið hljóti samþykki Alþingis á komandi þingi.

## Kvikmyndastarf kirkjunnar

Árni Svanur Danielsson, verkefnisstjóri



Árni Svanur Danielsson

### Eldfjall fékk kvikmyndaverðlaunin

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í sjötta sinn á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2011. Dómnefnd valdi að þessu sinni íslensku kvikmyndina Eldfjall eftir leikstjórnann Rúnar Rúnarsson. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru veitt framúrskarandi kvikmynd úr hópi aðalkeppnismynda sem glímur við mikilvægar tilvistarspurningar. Tólf kvikmyndir kepptu um verðlaunin að þessu sinni. Í umsögn dómnefndar um myndina sagði:

*„Eldfjall er raunsæ kvikmynd, borin uppi af sterkri sögu, góðum leik og styrkri leikstjórn.*

*Eldfjall er kvikmynd um ástina í sinni fjölbreyttustu og stundum óvæntustu mynd. Hún sýnir innilega ást og unað elskenda. Hún sýnir ábyrgðarfulla og fórnandi ást. Magnaðar nærmyndir mýkja hrjúfan mann og tengja áhorfanda við aðalpersónu.*

*Eldfjall er kvikmynd um fjölskylduna, um brotin og heil samskipti. Hún sýnir vonleysi og miðlar von. Hún miðlar nánd og pirringi, hlýju og kulda, gleði og sársauka.*

*Eldfjall er kvikmynd um ellina sem minnir á þörfina fyrir umhyggju og nærveru.*

*Eldfjall er kvikmynd sem skilur eftir spurningar og hvetur til samtals um mikilvæg efni.“*

Myndin fellur vel að þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar við veitingu verðlaunanna.

Rúnar Rúnarsson, leikstjóri og handritshöfundur, tók við verðlaunum. Hann er fæddur árið 1977. Hann útskrifaðist frá Danska Kvikmyndaskólanum árið 2009. Eldfjall er hans fyrsta kvikmynd í fullri lengd, en stuttmyndir hans *Smáfuglar*, *Anna* og *Síðasti bærinn* hafa unnið fjölda alþjóðlegra kvikmyndaverðlauna.

### Sögur fékk sérstaka viðurkenningu

Kvikmyndin *Sögur* sem eru aðeins til þegar við minnumst þeirra fékk sérstaka viðurkenningu dómnefndar kirkjunnar. Dómnefndin skrifaði um myndina:

*„Sögur er vel gerð og seiðandi kvikmynd*



Myndrammi úr kvikmyndinni Eldfjall.

*um nánd og samfélag. Hún sýnir söfnuð sem brýtur brauð í kirkju og við matarborð. Hún vitnar á einstakan hátt um hið hæga og kyrrláta samfélag sem stendur fast, gegn eirðarleysi og asasótt samtímans.“*

Dómnefndina í ár skipuðu sr. Árni Svanur Daníelsson, sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, sr. Guðni Már Harðarson, og Margrét Rós Harðardóttir, listakona. Árni Svanur Daníelsson, formaður dómnefndar kirkjunnar, veitti verðlaunin í lokahófi hátíðarinnar.

## **Fyrirlestrar og fermingarfræðsla**

Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um guðfræði og kvikmyndir var haldinn á árinu. Kvikmyndir eru einnig nýttar í fermingarfræðslu víða um land. Undirritaður hefur veitt ráðgjöf um það.

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru styrkt af kirkjumálasjóði og hefur greinahöfundur haldið utan um þau. Ýmsir aðrir hafa lagt hönd á plóg í kvikmyndastarfi í kirkjunni. Sérstaklega ber að þakka framlag meðlima Deus ex cinema hópsins sem hafa lagt mikið af mörkum undanfarin ár.

# Kærleikspjónustusvið

Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri



Ragnheiður  
Sverrisdóttir

## Inngangur

Þegar þetta er ritað eru miklar breytingar að ganga í garð í kirkjunni. Biskup kveður og biskup heilsar. Það eru spennandi tímar framundan en það verður haldið áfram að vinna að sama markmiði, að efla kirkjuna til þjónustu við land og þjóð.

Á nýliðinni prestastefnu fékk kærleikspjónustan, diakonían, mikið rými þegar kynnt var ritið „Þjónusta í síbreytlegu samhengi. Að umbreyta, sætta og efla.“ Þýðing og útgáfa þessa rits hefur verið eitt af verkefnum vetrarins. Þetta efni er eitt af því sem gefur hvatningu í starfi en tilurð þess er á alþjóðlegum vettvangi kirkjunnar. Erlend tengsl gefa innsýn í störf annarra og hafa áhrif á vinnulag og áherslur í kirkju okkar. Það sem stendur upp úr eru þau *verðlaun sem innanlandsaðstoð Hjalparstarfs kirkjunnar fékk frá Eurodiaconia* fyrir vel skipulagt og árangursríkt hjálparstarf, gott skipulag og samstarf við sjálfbóðaliða og fyrir að hafa brugðist fljótt við áhrifum kreppunnar á bágstadda á Íslandi.

Kærleikspjónustusvið er hluti af Þjónustusviði biskupsstofu og hafa verkefnið verið fjölbreytt að vanda. Tengsl eru við marga innan og utan kirkju.

Stöðugildi er 100% en að eigin ósk var verkefnisstjóri í 80% starfshlutfalli allt árið 2011. Í ár eru 20 ára frá því að undurrituð byrjaði í starfi á Biskupsstofu. Mikilvægt er að fá hvatningu og andlega uppbyggingu til nýrra verka og viðhorfa. Farið var í handleiðslu, styttri

námskeið og kyrrðardaga til að viðhalda starfánægju.

Fjárframlög úr Kirkjumálasjóði hafa lækkað ár frá ári og voru 700 þúsund 2011 og 400 þúsund 2012. Styrkir hafa fengist til ferða erlendis bæði frá Norska kirkjuráðinu og Evrópusamtökum. Það eru margir möguleikar mætti gera í ríkari mæli og þarfnast íhugunar af hálfu kirkjunnar.

## Sjálfbóðastarf

Unnið var að eflingu sjálfbóðastarfs með þátttöku í Evrópuári sjálfbóðastarfs 2011 m.a. með námskeiðum og viðurkenningarskjöllum til safnaða og einstaklinga. Viðurkenningin var að frumkvæði Eurodiaconia. 108 sjálfbóðaliðar í söfnuðum og 17 hjá Hjalparstarfinu fengu viðurkenningu. Þá fékk Bessastaðasókn viðurkenningu en þar eru 62 sjálfbóðaliðar að störfum. Þaðan var útvarpað guðspjónustu á degi kærleikspjónustunnar 18. september.

## Öldrunarstarf

2012 er *Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóða*. Markmið Þjónustusviðs er að útbúa efni fyrir starf meðal aldraðra og hvetja söfnuði til að kynslóðir tengist í hver annarri í starfinu. Þá er verkefnisstjóri í stjórn Ellimálanefndar þjóðkirkjunnar og sat aðalfund Öldrunarráðs Íslands.



Vilborg Oddsdóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir taka á móti verðlaunum Eurodiaconia í Brüssel

## Sérþjónustan

Mikil tengsl eru við Hjálparstarfið, Fjölskylduþjónustuna og starfsmenn í sérþjónustu sem ráðnir eru af kirkjunni. Hist er reglulega til að bera saman bækur sínar og er það mjög gagnlegt að vera í nánum tengslum.

## Rauðakrosshúsið

Í tengslum við hrunið var kirkjan í samstarfi við Reykjavíkurreild Rauða krossins í Rauðakrosshúsinu en því lauk 1. mars en þá var húsinu lokað. Kirkjan var þar með viðveru þrjá daga í viku. Ástæða lokunarinnar var að fátt atvinnulaust fólk kom þangað en hópi bótaþega fjölgaði og saknar það hússins.

## Erlend tengsl

Haldið var áfram að vinna gegn Fátækt og félagslegri einangrun í samstarfi við *Baráttusamtök gegn fátækt – EAPN á Íslandi* (European Anti

Poverty Network). Gestir komu hingað frá Norðurlöndum til að kynna störf samtakanna þar og kynnast aðstæðum hér. Þá sótti verkefnisstjóri fund til Stokkhólms á vegum EAPN. Hér er unnið með opinberum aðilum til að samhæfa stuðning fyrir fólk sem er í erfiðum aðstæðum.

Framkvæmdastjóri Eurodiaconia kom í heimsókn, kynnti starf samtakanna og heimsótti Hjálparstarfið, Fjölskylduþjónustuna, djákna hjá Öryrkjabandalaginu, Keflavíkirkirkju, Fella- og Hólakirkju. Að hennar mati var hér margt vel unnið og víða stuðningur við fólk í erfiðum aðstæðum. Aðalfundur Eurodiaconia var haldinn í Novi Sad í Serbíu í júní. Undirrituð tók þátt í fundinum og kynningu á samtökum sem héldu fundinn. Ljóst er að fátækt þar er mikil og aðstæður erfiðari en norðar í Evrópu.

Á vettvangi Evrópusambandsins og Eurodiaconia hafa nokkrir aðilar sótt fræðslu:

Magnea Sverrisdóttir og Hjördís

Kristinsdóttir um hlutverk trúarlegra samtaka í félagslegri þjónustu.

Sigríður Rún Tryggvadóttir um hvernig sækja eigi um styrki frá Evrópu-sambandinu.

Vilborg Oddsdóttir og undirrituð tóku á móti verðlaunum Eruodiconia í Brüssel og einnig málþingi um hvernig sjálfboðaliðar koma að starfi í baráttunni gegn félagslegri einangrun.

Unnur Halldórsdóttir um starf meðal fátækra barna í Stokkhólmi.

Þá var fundur í Ósló í samstarfi við kærleiksþjónustu á Norðurlöndunum. Þar var sérstaklega fjallað um viðbrögð Norsku kirkjunnar vegna morðanna í Útey 22.7. 2011.

## Djáknar

Tveir djáknar voru vígðir 2. september. Rut Guðríður Magnúsdóttir til Lágafellsskóla, Mosfellsprestakalli og Ásta Ágústsdóttir til Kópavogskirkju.

Frá 1960 til 2011 hafa 50 djáknar verið vígðir. Starfandi djáknar eru 24 í alls 14,4 stöðugildum. Þó djáknum hafi bæði verið sagt upp og stöðugildi minnkuð

hafa aðrir komið til starfa. Tveir hafa flust til Noregs.

## Stafspjálfun prestsefna

Starfspjálfun djáknaefna hefur verið á þessu sviði frá upphafi. (sjá skýrslu) Nú hefur bæst við umsjón með starfspjálfun prestsefna vegna þess að umsjónarmaður hennar var að mestu leiti í höndum Kristjáns Vals Ingólfssonar sem var kosinn vígslubiskup. Nemendur voru 21 á ýmsum stigum þjálfunarinnar.

## Annað

Hin árlega samvera á aðventu fyrir syrgjendur var haldin í Grafarvogskirkju. Tvisvar til þrisvar á misseri eru morgunfundir með starfsfólki kirkjunnar í sérþjónustu sem eru ráðnir af kirkjunni Verkefnisstjóri situr í eftirtöldum nefndum: Ellimálanefnd, Djáknanefnd og Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd. Einnig hafa verið tengsl við Samkirkjunefnd. Talsvert af kynningum á stafi kirkjunnar fyrir erlenda gesti.

Þá þjónar hún í Kolaportsmessum.

# ***Samskipta- og upplýsingasvið***

**Anna M. P. Ólafsdóttir, verkefnisstjóri**

**Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri**

**Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri**

Á starfsárinu var nokkur tilfærsla á starfsfólki. Steinunn A. Björnsdóttir var í hálfu starfi hjá Biskupsstofu frá 1. jan. – 1. nóv. 2011. Árni Svanur Daníelsson var í hálfu starfi frá 1. október 2011 og leyfi frá 1. jan. 2012. Í leyfi hans hefur Anna M.P. Ólafsdóttir starfað við upplýsingamá- og samskipti í hálfu starfi frá 15. febrúar, meðfram störfum hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Kirkjuping 2011 samþykkti nýja samskiptastefnu. Í henni er lögð áhersla á ytri og innri upplýsingamiðlun, virkt og gott samstarf við fjölmiðla til að miðla kirkjustarfi og sýnileika í nýmiðlum og félagsmiðlum. Minnt er á mikilvægi þess að þjálfar starfsfólk í samskiptatækni og svo að það sé undirbúið fyrir álagstíma. Samskiptastefnan verður lögð til grundvallar í samskiptastarfi og upplýsingamiðlun kirkjunnar. Framundan er vinna við innleiðingu stefnunnar.

Starfsárið markaðist annars vegar af erfiðum málum sem settu svip á fjölmiðlaumræðu og umræðu í kirkjunni og hins vegar af biskupskosningum og breytingum á æðstu stjórn kirkjunnar.

## **Uppgjör vegna**

### **ásakana um kynferðisbrot**

Uppgjör vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni, fyrrverandi biskupi, var áberandi í fjölmiðlaumfjöllun um kirkjuna. Í júní kom skýrsla rannsóknarnefndar kirkjupings um málið. Kirkjuping skipaði í kjölfarið starfshóp sem skyldi fylgja eftir tillögum skýrslunnar

til úrbóta. Kirkjuráð greiddi þeim konum sem komið höfðu fram með ásakanir á 10. áratugnum, bætur fyrir meðferð kirkjunnar á málinu. Í október kom út bók sem greindi frá frekari ásökunum. Reiði í garð kirkjunnar birtist víða, meðal annars í úrsögnum. Kirkjuráð lagði áherslu á að styðja og efla forvarnir og fræðslu í þessum málum. Markmið upplýsingastarfs kirkjunnar var að miðla því góða starfi sem unnið er af hendi kirkjunnar fólks, meðal annars með námskeiðum og samstarfi við aðra er vinna að forvörnum á sviði kynferðisbrota og stuðningi við þolendur. Talsverður tími starfsfólks upplýsingamála fór í samskipti við fjölmiðla og aðra aðila vegna þessara mála.

## **Biskupskosningar**

Prennar biskupskosningar fóru fram á starfsárinu, til beggja vígslubiskupsstóla og biskups Íslands.

Í september 2011 var Sr. Kristján Valur Ingólfsson kjörinn vígslubiskup í Skálholti eftir þrjár umferðir. Fimm frambjóðendur tóku þátt í fyrstu umferð, sem var úrskurðuð ógild. Eftir það dró einn framboð sitt til baka. Fyrri umferð var síðan endurtekin og loks kosið milli þeirra tveggja efstu. Úrslit voru ljós í byrjun september og var sr. Kristján vígður þann 18. september.

Kosningarbærum mönnum fjölgaði verulega í nóvember þegar kirkjuping breytti starfsreglum þannig sóknarnefndarformenn um land allt fengu kosningarétt í biskupskjöri og varafor-

menn einnig í þremur fjölmennustu prófastsdæmunum.

Í apríl var sr. Agnes M. Sigurðardóttir prófastur, kjörin biskup yfir Íslandi. Átta frambjóðendur tóku þátt í fyrstu umferð og var kosið milli tveggja efstu í síðari umferð.

Í ljósi þess hve margir voru á kjörskrá, rétt rúmlega 500 í biskupskosningunum, breyttist kynningarstarf á vegum Biskupsstofu nokkuð. Settar voru upp sérstakar vefsíður með upplýsingum um frambjóðendur, fyrirkomulag kosninga og fleira. Gátu frambjóðendur þar komið á framfæri erindi sínu og áherslum. Upptökur frá framboðsfundi fyrstu umferðar kosninga til biskups Íslands voru settar á vefinn en þar voru frambjóðendur allir spurðir sömu spurninga. Gefinn var út bæklingur fyrir kjör biskups Íslands sem sendur vara á heimili allra skráðra kjósenda. Að öðru leyti sá kjörstjórn um framkvæmd og talningu og hafði af kosningunum veg og vanda.

Í júní var sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir kosin vígslubiskup á Hólum. Þrír voru í framboði og voru tvær umferðir. Sett var upp vefsíða fyrir kjörið og frambjóðendur kynntir.

Talsverð fjölmiðlaumfjöllun var í tengslum við vígslur biskupanna. Vígsla biskups Íslands var sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

## Fréttamiðlun og vefmál

Þjóðkirkjan hefur um árabíl haldið úti fjölmiðlum. Kirkjan.is er fréttar- og upplýsingaveita um kirkju og kirkjustarf. Á starfsárinu birtust um 391 frétt á vefnum. Á Trú.is fer fram samtal um trú og trúarlíf. Þar birtust á starfsárinu 277 prédikanir og 269 pistlar. Gestir á kirkjan.is og trú.is voru rúmlega 100.000 á starfsárinu. Einnig var tekin upp sú nýbreytni að senda Víðförla, fréttabréf Biskupsstofu, sem fréttabréf í tölvupósti. Áskrifendur að honum eru á annað þúsund.

## Erlend samskipti og ýmsar fyrirspurnir

Á sviði upplýsingamála eru allmikil erlend samskipti. Bæði eru það formleg tengsl við kirkjur og kirknasamtök og eins svör við fyrirspurnum af ýmsum toga, frá fjölmiðlum og einstaklingum. Þar á meðal eru óskir um ýmsa fyrirgreiðslu, svo sem varðandi prestsathafnir, beðni um tölulegar upplýsingar, útskýringar, viðtöl og fleira. Slík mál eru misflókin en á upplýsingasviði er fjöldi slíkra erinda svarað árlega.



# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar*

Valgerður Gísladóttir, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar heldur mánaðarlega fundi yfir vetrarmánuðina og oftar ef þörf er á. Hlutverk nefndarinnar er að efla og styðja öldrunarþjónustu kirkjunnar, hvort heldur er í söfnuðum, prófastsdæmum, eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Nefndin starfar að fræðslu á þessu sviði í samvinnu við fræðslu og þjónustudeild kirkjunnar. Starfsvið nefndarinnar er landið allt og er lögð áhersla á að mynda góð tengsl við öldrunarþjónustu á landsbyggðinni. Nefndarmenn hafa mætt á fræðslufundi í Ellimálaráði Reykjavíkurprófastsdæma eftir því sem óskað er og flutt þar erindi sem að gagni koma í öldrunarstarfinu.

Ellimálanefndin og Ellimálaráð Reykjavíkurprófastsdæma hafa í mörg ár haft samvinnu um sumarorlof fyrir eldri borgara. Á hverju sumri dvelja þrjú hópar á Löngumýri í Skagafirði og er fólk mjög ánægt með það sem er í boði hverju sinni. Dvalargestir hafa verið frá ýmsum stöðum á landinu s.s. frá Akureyri og nágrenni, Egilsstöðum og Austfjörðum, Borgarfirði og einnig úr Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu en flestir komu frá Reykjavík og nágrenni.

Fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi aldraðra kom út árið 1995 og fyllti efnið tvær möppur.

Efnið skiptist í nokkra flokka og er bæði til fróðleiks, skemmtunar og andlegrar uppbyggingar. Nú er hætt að senda út möppuefni en í stað þess

kemur allt efnið út á vefsíðunni. Vefsíða ellimálanefndar [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) var opnuð árið 2000.

Uppistaðan er efni úr möppunum og nýtt efni sett reglulega inn, auk þess sem þar er auglýst öldrunarstarf sem er á döfinni hverju sinni.

Á vefsíðunni er að finna fjölbreytt safn af sögum, bænum og hugleiðingum til fróðleiks og uppbyggingar og til lestrar við ýmis tækifæri. Mikill fjöldi heimsækir síðuna reglulega og fjölgar þeim stöðugt sem notfæra sér efnið sem þar er að finna. Nefndin hefur fengið miklar þakkir frá þeim sem heimsækja síðuna.

Vefstjóri er Guðrún Loftsdóttir, [runalof@hotmail.com](mailto:runalof@hotmail.com)

Ritstjóri Gamla Nóa er Valgerður Gísladóttir. [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Nefndin hefur komið á mörgum ráðstefnum innanlands og sótt aðrar til lærdóms bæði innanlands og utan. Í samvinnu við Ellimálaráð Reykjavíkurprófastsdæma hélt nefndin málþing í Grensáskirkju 19 september um **lífsgleði efri árunna**. Sr. Ólafur Jóhannsson setti þingið og fundarstjóri var Ásgeir Jóhannsson. Erindi fluttu sr. Svanhildur Blöndal sem ræddi um sálgæslu og efri árin. „*Vera dlengdar nær en aldrei viðsfjarri.*“

Sesselja Magnúsdóttir og Stefán H. Stefánsson ræddu um **söng fyrir heilabilaða** og hvað þau fá góð viðbrögð við því verkefni. Guðrún

Ásmundsdóttir leikkona ræddi um lífsgleði efri árána og hvað það er gaman að vera eldri borgari. Málþingið var vel sótt og létu viðstaddir í ljós mikla ánægju með það sem í boði var. Nefndin leitast við að halda góðu sambandi við þá sem eru að vinna að kirkjustarfi eldri borgara á landinu öllu.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar er skipuð af kirkjuráði sem einnig leggur henni til árlégt framlag til starfsins.

Nefndin er þannig skipuð:  
Valgerður Gísladóttir, formaður.

netfang: ellimal@simnet.is

Sr. Bragi J. Ingibergsson.

netfang: srbragi@vidistadakirkja.is  
Edda Jónsdóttir.

netfang: eddai@simnet.is

Sr. Svanhildur Blöndal.

netfang: svanhildur@hrafnista.is

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni.

netfang: ragnheidur@biskup.is

Nefndin hefur aðsetur í Breiðholtskirkju v / Pangbakka, 109 Reykjavík, sími 567 - 1458 netfang: ellimal@simnet.is

## ***Fagráð um meðferð kynferðisbrota***

**Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður**

Á árinu 2011 er tvennt sem tekið hefur mestan tíma Fagráðs fyrir utan stuðning við þá aðila sem til fagráðs hafa leitað. Annars vegar var það vinna í tengslum við erindi sem fagráði bárust frá rannsóknarnefnd kirkjupings sem skilaði þann 10. júní niðurstöðum sínum í skýrslu sem bar heitið „Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot“. Hins vegar var það fræðsluátak sem fagráð f.h. þjóðkirkjunnar, stóð að í samvinnu við guðfræði og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og Guðrónu Ebbu Ólafsdóttur, og fól í sér heimsókn, fundi og ráðstefnur með Rev. Dr. Marie M Fortune frá Faith Trust Institute í Seattle í Bandaríkjunum.

Á árinu 2011 hefur fagráð tekið á mót og unnið með tilkynningar um kynferðisbrot er varða fjóra einstaklinga sem hafa verið í þjónustu á vegum kirkjunnar. Einu þeirra mála var lokið um áramót. Frá upphafi starfs síns hefur fagráð því sinnt erindum sem varða

ásökun um kynferðisbrot á hendur 18 einstaklingum sem hafa verið í þjónustu kirkjunnar og var fagráð með sex þeirra enn í vinnslu um s.l. áramót. Í þremur þessara 18 tilvika hefur fagráði borist fleiri en ein ásökun á hendur sama aðila. Af málum þessara 18 einstaklinga eru sjö tilkynnt fagráði innan 10 ára frá því þau áttu sér stað og fjögur þeirra innan fimm ára. Af öðrum málum eru fjórar tilkynningar sem varða brot sem áttu sér stað 11-20 árum áður en viðkomandi leitar til fagráðs en önnur mál eru enn eldri. Í átta tilvikum voru þeir einstaklingar sem kvörtun beindist gegn, í þjónustu kirkjunnar þegar þolendur leituðu til fagráðs. Í tveimur tilvikum hafa einstaklingar látið af þjónustu í kjölfar vinnslu máls og í einu tilviki var sú fyrirhugaða ákvörðun dregin til baka að viðkomandi kæmi til tímabundinnar afleysingarþjónustu.

Þegar skýrsla rannsóknarnefndar kirkjupings var lögð fram hafði fagráð þegar, að fenginni reynslu lagað störf sín að því sem rannsóknarnefndin benti á,

Nú er verklagið þannig að fagrád tekur á móti öllum málum sem til þess berast óháð því hvort viðkomandi er enn í starfi eða hvort möguleiki er á inngripum í viðkomandi máli. Reynslan hefur sýnt að þolendum er mikilvægt að koma reynslu sinni á framfæri og fá nærfærna hlustun og aðstoð fagráðs til að kynna kvörtun þeirra fyrir biskupi þó engin úrræði séu lengur til inngripa varðandi þann sem kvörtunin beinist gegn. Græðandi áhrif þess að kirkjunni sé formlega tilkynnt um kynferðisbrot gegn einstaklingum sem hafa verið í þjónustu hennar eru mikil og þá ekki aðeins fyrir þann sem orðið hefur fyrir brotinu heldur einnig fyrir kirkjuna sjálfa sem vinnur markvisst að því að vera öruggur staður öllum þeim sem njóta þjónustu hennar. Í þessu samhengi bað fagrád Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur formlega afsökunar á að hafa ekki tekið mál hennar fyrir þegar hún fyrst leitaði til fagráðs.

Í október 2011 stóð fagrád síðan fyrir fræðsluátaki um kynferðisbrot í samvinnu við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur sem fól í sér heimsókn, fundi og ráðstefnur með virtum fyrirlesara og baráttukonu á sviði báráttunnar gegn kynferðisbrotum Rev. Dr. Marie M Fortune frá Faith Trust Institute í Seattle í Bandaríkjunum. Þessi heimsókn var kostuð að mestu af þjóðkirkjunni með sérstakri heimild kirkjuráðs til að verja allt að 400 þúsund krónum til hennar en fagrád þáði einnig að auki styrki að samtals 300 þúsund krónum frá Prestafélagi Íslands, Reykjavíkurprófastsdæmum eystra og vestra og frá Kjalarnesprófastsdæmi, 75. þúsund krónum frá hverjum, til að standa straum að kostnaði heimsóknarinnar. Þá styrkti bókaútgáfan Forlagið heim-sóknina og greiddi flug Rev. Dr. Fortune

og guðfræði og trúarbragðafræðideild H.Í. kostaði upphald hennar hér á landi á meðan á heimsókninni stóð. Til undirbúnings heimsókninni var myndaður starfshópur sem í sátu auk formaðs fagráðs, Dr Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og deidarforseti guðfræði og trúarbragðafræðideildar H.Í., Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Hirst fréttamaður. Er þessum aðilum og þeim sem styrktu heimsóknina sérstaklega þakkað framlag þeirra.

Auk funda með ráðamönnum kirkjunnar, fagráði Innanríkisráðuneytisins og félagasamtökum sem unnið hafa brautryðjendastarf á sviði stuðnings og forvarnastarfs á sviði kynferðisbrotamála hér á landi var þungamiðja heimsóknar Rev. Dr Fortune annars vegar málþing í H.Í og hins vegar heilsdags námskeið sem haldið var í Neskirkju.

Málþingið var haldið í Hátíðasal Háskóla Íslands þriðjudaginn 18. október 2011 kl. 10-13. Yfirskrift þess var *Kynferðisleg misnotkun á börnum í trúarlegu samhengi*. Málþingið var ókeypis og öllum opið. Hátíðarsalur HÍ var fullur út úr dyrum og er ætlað að þátttakendur hafi verið á milli 200 og 250

Námskeiðið var haldið í Neskirkju miðvikudaginn 19. október 2011 kl. 8:30-17. Yfirskrift þess var *Kynferðisleg misnotkun og rétt viðbrögð í samhengi kirkju og trúfélaga (Sexual Misconduct in the Context of Church and Faith Organizations)* Námskeiðið var öllum opið og fór fram á ensku en fyrirlestrar voru textaðir á íslensku á skjá. Námskeiðið var sniðið að þörfum kirkjufólks, presta, djákna, kirkju- og safnaðarleiðtoga, sóknarnefnda- og kirkjuþingsfulltrúa, starfsmanna kirkna sem og annarra sem láta sig málefnið varða. 127 greiddu fyrir þátttöku en fleiri sóttu námskeiðið að hluta eða öllu leyti.

# Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Elísabet Berta Bjarnadóttir forstöðumaður.

## Flutningar Fjölskylduþjónustunnar

Í nóvemberbyrjun árið 2011 flutti starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar (F.k.), sig um set frá Klapparstíg í kjallara Grensáskirkju að Háleitisbraut 66, sami inngangur og er í Tónskóla þjóðkirkjunnar og í húsnæði sem staðsett er á milli Hjálparstarfsins og Tónskólans. Viljum við starfsfólk F.k. þakka innilega, bæði starfsfólki Tónskólans og Hjálparstarfsins fyrir ýmsa hjálpssemi og aðstoð eftir flutningana. Það er ómetanlegt og ekki sjálfgefið að vera mætt af slíkri hlýju og skilningi, meðan allt er á rúi og stúi og pappakassabúskapur ráðandi út um alla ganga. Einnig viljum við minna presta, djákna og allt starfsfólk kirkna á símanúmerið: 528-4300. Sem fyrr höfum við símsvara og svörum öllum fyrirspurnum um leið og færi gefst.

## Viðtalsþjónustan og tilvísendur

Hornsteinn faglegrar nálgunar okkar er sem fyrr að veita öllum sem til okkar leita viðtöl með það að markmiði að auka úrlausnarmátt hvers og eins fjölskyldumeðlims og fjölskyldunnar sem heildar. Liðlega 200 fjölskyldur leita formlega og koma í viðtalsmeðferð ár hvert, fleiri hringja hins vegar og notfæra sér símaráðgjöf, eigi þeir ekki heimangengt af ýmsum orsökum.

Annað faglegt viðmið hjá Fk er, að þeir sem leita geti gert það milliliðalaust og án tilvísunar en flestir hringja og panta eftir ábendingu frá vinum sem hafa verið ánægðir með þjónustu okkar

eða koma að áeggjan presta sem telja að viðkomandi hjón eða sambýlisfólk gæti nýtt sér viðtalsmeðferð.

## Hvað óskar fólk að gangi betur?

Flestir sem leita eiga yfirleitt við margþætt og samsett úrlausnarefni að etja. T.d. getur megin óskinn verið sú að sambúð parsins gangi betur og þegar samtalsvinnan hefst getur verið brýnast að sameinast betur í foreldrahlutverkinu, axla sameiginlega ábyrgð á fjármálum, atvinnu og heimilishaldi, svo fátt eitt sé nefnt. Áberandi eru óskirnar um betri samskipti við börnin og unglिंगana í fjölskyldunni. Þegar óskað er eftir aðstoð við skilnað er ávallt hluti viðtalanna notaður með velferð baranna í huga og áhersla lögð á að foreldrar skiljist ekki við uppeldisábyrgð á börnum sínum.

Bætt samskipti í stjúp tengslum, stór-fjölskyldum, uppbygging og úrvinnsla úr sorg, örvæntingu og veikindum eru aðrar algengar óskir við komu. Fjárhagsvandi er eitt af þeimunum sem leitað er með og fólk vísað áfram á viðhlítandi stofnanir sé þess þörf.

## Handleiðsla- starfsnáms- og fagþróun

Tuttugu og einn prestur og djákni voru í reglubundinni hóphandleiðslu árið 2011 og ellefu í einstaklingshandleiðslu. Handleiðsla veitt djáknum, prestum og öðru starfsfólki kirkjunnar er annað



Þau sem komu að stofnun og starfi Fjölskylduþjónustunnar

forgangsverkefni F.k. Kirkjan hefur greitt ferðakostnað að hluta fyrir presta af landsbyggðinni, en vegna niðurskurðar undanfarin ár var ekki hægt að fara af stað með nýja hópa í vetur. Miðað er við að hver hópur sé í fjögur misseri einu sinni í mánuði. Leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins hvað varðar þau þemu sem til umræðu eru í hópunum. Oft er þörf fyrir að taka upp snúin mál af ýmsu tagi sem berast inn á borð presta og djákna, einnig er fagleg og tilfinningaleg uppbygging eitt meginverkefni handleiðslunnar. Hvatt er til að handleiðsluþegar setji sér skýr markmið við skipulagningu hvers kirkjuárs og leitist við eftir megni að hlúa að bæði fjölskyldu sinni og faglegri uppbyggingu. Styrkurinn sem hópurinn hefur með því að deila með sér reynslu sinni og þekkingu gerir oft hóphandleiðslu að vænlegri kosti, auk þess sem félagsnet hósins styrkist og eflist.

Einnig hafa allir starfsmenn veitt starfsfólki Hjálpræðishersins á Íslandi

faghandleiðslu eftir beiðni frá þeim gegn vægu gjaldi.

## **Félags- og nefndarstörf, rannsóknir og fræðsla**

Starfsfólk F.k. hefur komið til móts við beiðni frá nemum í fjölskyldumeðferð á mastersstigi við Endurmenntun H.Í., veitt nokkrum á ári leyfi til að sitja með í viðtölum og kynnt þeim starfsaðferðir stofnunarinnar. Einnig tekur starfsfólk á móti djákna- og prestsefnum og veitir þeim yfirlit um starfsemi stofnunarinnar.

Starfsfólk F.k. situr í nefndum á vegum Biskupsstofu, skv. beiðnum. Guðlaug Magnúsdóttir á t.d. sæti í Hópslysanevnd og Elísabet Berta í nefnd um starfsþjálfun djákna. Benedikt hélt tvær kynningar um niðurstöður könnunar á fjölskyldugerðum, aðlögun og líðan unglunga eftir skilnað foreldra. Einnig hélt Benedikt að venju fyrirlestur fyrir foreldra fermingarbarna í Breiðholtskirkju. Rannveig veitti árið



2011 fræðslu í formi stundakennslu um vinnuaðferðir í fjölskyldumeðferð og handleiðslu hjá F.k. fyrir nema í félagsráðgjöf hjá Háskóla Íslands. Starfsfólk sinnir ávallt kynningum og fræðslu á safnaðarkvöldum og foreldramorgnum sé eftir því leitað.

### Niðurskurður

Kirkjuráð samþykkti á haustmánuðum að skera niður um hálfu stöðu hjá F.k. Tekur breytingin gildi um fyrsta júlí 2012. Verða þá störf Elísabetar Bertu Bjarnadóttur og Guðlaugar Magnúsdóttur færð niður úr 100% í 85%, starf Rannveigar Guðmundsdóttur úr 70% niður í 60% og starf Benedikts Jóhannssonar úr 50% í 45%. Er það von starfsmanna að aftur glæðist starfshlutföll við stofnunina og hún geti sinnt fleiri og fjölbreyttari verkefnum er fram líða stundir.

### Þakkir

Við starfsfólkið viljum þakka fráfarandi biskupi, herra Karli Sigurbjörnssyni dyggan stuðning og hlýhug. Hann hefur ávallt verið hvetjandi í garð F.k. og starfsfólksins, bæði hvað varðar, handleiðslu, endurmenntun og námsleyfi. Einnig hafa bæði séra Karl og séra Þorvaldur Karl stutt faglegt sjálfstæði stofnunarinnar sem og að yfirmaður sé úr röðum starfsmanna sjálfra og skiptist þeir á tvö ár í senn.

### Janúar til maí 2012

1. janúar 2012, voru 20 ár liðin síðan Fjölskylduþjónusta kirkjunnar hóf starfsemi sína, undir stjórn sr. Þorvaldar Karls Helgasonar. Haldið var upp á afmælið 30. maí síðastliðinn. Starfsmenn þökkuðu m.a. Þorvaldi og fráfarandi biskupi, hr. Karli Sigurbjörnssyni, fyrir stuðning þeirra við þjónustuna.

Á yfirlit 2012 fór starfsemi þjónustunnar fram með hefðbundnum

hætti í nýjum húsakynnum á jarðhæð í Grensáskirkju. Verulega hefur þó þrengt að starfseminni, þar sem skrifstofur eru nú aðeins þrjár en starfsmenn fjórir í samtals 3,2 stöðugildum.

Aðsókn eftir viðtalsþjónustu er svipuð og áður og fyrstu 5 mánuði ársins leituðu tæplega 100 fjölskyldur eftir aðstoð, mest hjón og sambúðarfólk. Hjálparstarf kirkjunnar leggur Fjölskylduþjónustunni nú til sem svarar 20% af stöðugildi og sinnir Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi einkum þeirri vinnu. Fjórir handleiðsluhópar voru starfandi nú á vormisseri. Einn þeirra hefur lokið sinni vinnu en hinir þrír halda áfram næsta vetur.

Kirkjuráð ákvað að færa stöðugildi starfsmanna niður um tæplega hálfa

stöðu. Kemur sá niðurskurður til framkvæmda um mitt ár 2012 og verða stöðugildi á fjölskylduþjónustunni þá samtals 2,75. Auk þess hefur Elísabetu Bertu Bjarnadóttur verið veitt námsleyfi á haustmisseri 2012 og verða þá aðeins 1,9 stöðugildi virk við þjónustuna.

Vegna fjárhagserfiðleika berast fjölskylduþjónustunni nú minni fjárfarmlög frá héraðssjóðum prófastdæmanna og kreppir því verulega að í rekstrinum. Ég vona einlæglega að kirkjuráð og nýr biskup styðji af heilum hug við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar til að hún megi sem best gegna hinu mikilvæga hlutverki sínu að veita viðtalsþjónustu við fjölskyldur landsins og handleiða presta og djákna í krefjandi störfum.

## ***Hjálparstarf kirkjunnar***

**Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri**

### **Skipulag, stjórn, starfsfólk**

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófastsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 69 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður  
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði

*Varamenn:*

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk er: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsinga-fulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi í 70% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl., Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri í 75% starfi, Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi í 20% starfi við ráðgjöf. Þorsteinn Valdimarsson er í 25% starfi við að leiða starf Breytenda – Changemaker.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa

Í Malaví eru grafnir brunnar sem gefa hreint vatn.



förgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í september.

### Aðstoð á Íslandi

Hjálparstarf kirkjunnar er með aðstoð um allt land í gegnum net presta og djákna. Svokölluð kortaleið var tekin upp í maí 2011 og hefur reynst vel. Á höfuðborgarsvæðinu fá barnafjölskyldur mataraðstoð með inneignarkortum. Þar sem kortaleiðin er dýrari verður að takmarka hópinn og er barnlausum einstaklingum bent á að fara til annarra hjálparsamtaka sem hafa hefðbundna matarúthlutun. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Eftir sem áður geta allir, barnafjölskyldur

og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Veittur er stuðningur vegna skólagöngu og tómsunda barna, fata, lyfja og annað.

Tæplega 1000 umsóknir voru afgreiddar í jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í desember. Ætla má að um 2.800 einstaklingar um allt land hafi notið góðs af. Afhent voru ný inneignarkort í matvöruverslunum og lagt inn á eldri kort og fór upphæð eftir fjölskyldustærð og fjárhagsstöðu. Rauði krossinn í Reykjavík lagði lið með fjármunum og sjálfbóðaliðum. Sameiginleg skráning umsækjenda var með mæðrastyrksnefndum og Rauðakross-deildum í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ.

Fyrstu níu mánuði starfsársins hafa verið 7.407 afgreiðslur í innanlandsaðstöðinni.

Margir sjálfbóðaliðar leggja starfinu lið í hverri viku, vinna að flokkun og greiningu gagna og sinna úthlutun fata o.fl.





Í Malaví er matvælaræktun eflid með nýjum tegundum. Jónas framkvæmdastjóri skoðar þurrkþolna hirsítegund með Peter starfsmanni verkefnisins.

## Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins *Margt smátt* kom út í september 2011 og var sent um 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskaöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu.

Í tilefni þess að 25 ár voru liðin frá fyrstu útgáfu lagsins „Hjálpum þeim“ kom út í desember 2011 heildarútgáfa með lögunum frá 1985, 2005 og 2011. Hollvinir Hjálparstarfs kirkjunnar standa að útgáfunni með öðrum höfundum lagsins Jóhann G. Jóhannssyni í broddi fylkingar. Allur ágóði rennur til neyðar- aðstoðar í Austur-Afríku.

## Ungliðahreyfingin Breytendur

Breytendur – Changemaker á Íslandi er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar og hluti af hinni alþjóðlegu Changemaker hreyfingu. Hreyfingin er vettvangur fyrir ungt fólk til að láta skoðun sína heyrast og hafa áhrif til hins betra. Breytendur í Grafarholti tóku sig til og gerðu kynningarmyndband

um sanngjörn viðskipti – Fairtrade. Breytendur tóku einnig þátt í Landsmóti ÆSKP á Selfossi. Meðal fastra liða var þátttaka í lífsleikniverkefni Þjóðkirkjunnar, þar sem m.a. er boðið upp á fræðslu í framhaldsskólum um misskiptingu, og þátttaka í *Friðargöngunni* 23. desember. Starfandi eru tveir hópar í Reykjavík og einn á Akureyri. Í mars var svo haldið *Fjadráfoð*, árlegt helgarnámskeið Breytanda, að þessu sinni var námskeiðið haldið í Lækjarbotnum. Þátttakendur voru 10 og heppnaðist ferðin vel í alla staði. Sjá meira á [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is)

## Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi manna-úðarsamtaka í þróunaraðstoð. Í september stóðu þau ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands að átakinu „Þróunarsamvinna ber ávöxt“ með útteilingu ávaxta, málþingi og greina-skrifum í blöðin. Átakið vakti töluverða

Mikilvægt er að sinna viðhaldi á brunnum og vatnspumpum.



athygli og þótti takast vel. Hjálparstarfið er aðili að *Almannaheillum* sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfs-eignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum.

## Safnanir og fjáröflun

Fermingarbörn um allt land gengu í hús vikuna 7.-11. nóvember 2011 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Fyrir söfnunina sáu börnin myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda og óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka. Þátttaka var mjög góð, 65 prestaköll voru með nú og börnin um 2.700. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust 8 milljónir króna.

Í jólasöfnuninni 2011 var safnað fyrir neyðar og hjálparstarfi í Austur-Afríku. Sendar voru út valgreiðslur í heimabanka landsmanna og greiðslu-

seðlar til 65 ára og eldri. Þátttaka var mjög góð. Heildarsöfnunarfé og framlög í desember og janúar var 61,2 milljónir króna þar af var um helmingur eyrnamerkur innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni að eigin vali heima og erlendis. Á síðunni gjofsemgefur.is er hægt að kaupa 37 ólíkar gjafir á verðbilinu 1.600 - 180.000 krónur og gefa við ýmis tækifæri. Vinsælt var að gefa geit en hlutdeild í brunni og að leysa börn á Inlandi úr skuldaánaðuð höfðaði einnig til margra.


Ekki liggja fyrir endanlegar tölur úr páskaöfnun en hún var fyrir innanlandsaðstoðinni undir yfirskriftinni „Hjálpum heima“. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna í lok mars.

## Verkefni í Afríku

### Malaví

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með þróunarmi Lúthersku kirkjunnar í Malaví, Evangelical Lutheran Development Service (ELDS), að stuðningi við sjálfspurftarbændur. Unnið er í 37 þorpum með 952 fátækustu fjölskyldunum að vatnsöflun og nýtingu vatns til fæðuöflunar ásamt því að auka jafnrétti, efla konur og lýðræðisleg vinnubrögð. Í eðlilegu árferði gilda samstarfssamningar í nokkur ár en með kreppunni nú er aðeins samið til eins árs í senn. Árið 2011 voru 10 óvirkir brunnar sem aðrir aðilar höfðu grafið endurnýjaðir og vatnsnefndir þjálfaðar í nauðsynlegu viðhaldi til að tryggja áframhaldandi virkni, 7 brunnar voru handgrafnir, 77 kamrar voru gerðir, í tveim þorpum fengu þorpsnefndir

kennslu í að gera kamra og fræðslu um notkun þeirra. 15 manns fengu fræðslu til að stjórna vatnsnefndum og miðla þekkingu út í þorpinn. Gróðursettir voru 8.000 græðlingar í þeim tilgangi að binda vatn og jarðveg og skapa skugga fyrir aðrar jurtir. Matvælaræktun var eflað með nýjum tegundum, skepnuhald var styrkt en 206 fjölskyldur fengu geitur. 206 aðrir fengu kiðlinga undan þeim og svo verður koll af kalli. Það er nýtt við ræktunina. Inn í þessa efnislegu þætti tvinnast kennsla og þjálfun í nýjum aðferðum sem og hvatning og stuðningur til að ræða mál, taka sameiginlegar ákvarðanir og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru í eftirlitsferð til Malaví í febrúar 2012.



Munaðarlaus drengur í Úganda með vatnsbrúsa.

## Úganda

Verkefnið sem stutt er í Úganda er á vegum tveggja samtaka, annars vegar Lútherska heimssambandsins og hins vegar staðarsamtaka sem sprottin eru upp úr starfi LHS en starfa nú sjálfstætt. Verkefnið miðar að því að hjálpa börnum sem misst hafa báða foreldra úr alnæmi og búa ein eða með sjúkum foreldrum eða ömmum sem hafa fleiri barnabörn á framfæri. Áhersla er á að bæta húsakynni og aðgang að vatni, auka hreinlæti á heimilum með því að gera kamra og hreinlætisaðstöðu og fræða um samband hreinlætis og smithættu. Einnig er veitt efnisleg aðstoð og ráðgjöf til að hjálpa fólki að framfleyta sér. Á starfsárinu voru reist hús fyrir níu fjölskyldur. Hverju þeirra fylgdi kamar, eldhús, vatnstankur og grunninnbú s.s. rúm, flugnanet, matarílát og þ.u.l. Sex hópnámskeið voru haldin um hreinlæti.

## Eþíópía

Í Eþíópíu er Lúterska heimssambandið og þróunarsvið lútersku kirkjunnar í Eþíópíu, Mekane Jesus, framkvæmdaradili. Meginmarkmið verkefnisins eru að tryggja aðgang að vatni með því að byggja vatnsþræ, bæta ræktunaraðferðir og efla skepnuhald, auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna og auka rétt þeirra, fræða um HIV/alnæmi og styrkja opinbera starfsmenn í starfi til að þekkja betur þarfir fátækra og bregðast rétt við. Á verkefnatímanum hafa 14 vatnsþræ verið byggðar. 2011 voru 14 þjálfaðir til að meðhöndla og bólusetja búfé, 15 yfirsetukonur fóru á námskeið um hreinlæti og betri aðstoð við fæðingar, 25 konur voru þjálfaðar til að verða leiðbeinendur á námskeiðum fyrir konur í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar og endurgreiðslu lána. 113 konur fengu lán eftir ákveðið sparnaðartímabil, tilgangur-

Mannréttinda-  
samtökin SAM  
á Indlandi eru  
með hvatninga-  
námskeið fyrir  
þrælabörn,  
dans er liður í  
námskeiðunum



inn er að auka áhrif og völd kvenna. Framkvæmdastjóri og upplýsinga-  
fulltrúi fóru í eftirlitsferð til Eþíópíu í  
apríl 2012.

### Starf á Indlandi

Mannréttindasamtökin Social Action  
Movement vinna með hinum stéttlausu  
að réttindum þeirra. Hjálparstarfið  
styður rekstur forskóla þar sem börn  
eru búin undir nám í almennum  
grunnskólum, kvöldskóla fyrir börn  
sem verið er að leysa úr skuldaánað  
og háskólanám sniðið að þörfum  
stéttlausra ungmenna. Á árinu 2011  
voru 30 börn leyst úr skuldaánað og  
komið í skóla og 123 þrælabörn tóku  
þátt í hvatninganámskeiðum þar sem  
þau eru frædd um stöðu sína, mögu-  
leika og rétt til náms. Sameinaða  
indverska kirkjan starfrækir grunnskóla,

iðn- og framhaldsskóla fyrir fátæk börn  
á svæði sínu. Íslenskir fósturforeldrar  
styðja þar 430 börn í gegnum  
Hjálparstarfið, þar af 324 á heimavist  
samtakanna. Framkvæmdastjóri og  
upplýsingafulltrúi fóru í eftirlitsferð til  
Indlands í ágúst 2011.

### Alþjóðahjálparstarf kirkna – ACT

#### Alliance

ACT-Alliance sem Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að stendur fyrir alþjóðlegt  
neyðarstarf og þróunarhjálp aðildar-  
kirkna. Aðilar eru kirkjur í Lútherska  
heimssambandinu og Alkirkjuráðinu. Á  
annað hundrað kirkjur og kirkjutengd  
samtök og stofnanir eru aðilar að ACT  
Alliance sem starfar í 125 löndum. ACT  
Alliance er mikilvægur farvegur fyrir  
Hjálparstarf kirkjunnar.

# Hópslysanevnd

Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanevnd, er fastanevnd sem starfar í umboði kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskyldupjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Guðlaug Magnúsdóttir, f.h. Fjölskyldupjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Sr. Guðrún Eggertsdóttir, hefur síðan eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfi sem starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur á liðnu starfsári unnið áfram að því verkefni, að aðlaga skipulag kirkjunnar vegna viðbragða við hópslysum, að þeim breytingum sem hafa orðið á prófastsdæmunum, en þetta skipulag er byggt á *Viðbragða-áætlun kirkjunnar*, sem samþykkt var á kirkjupingi 2006. Viðbragðaáætlunin var á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Einnig má svo nálgast hana á vefsvæði þjóðkirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnar séu sérstakar viðbragða-áætlanir prófastsdæmanna. Hafa flest þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó á enn eftir að endurskoða einhverjar þeirra með tilliti til þeirra breytinga, sem hafa orðið á prófastsdæmunum.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar var æfð í tengslum við nokkrar flugslysáæfingar. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátttaka og hópslysanevndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá reyndi einnig á áætlunina í tengslum við eldgosin í Eyfjallajökli og Grímsvötnum og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður. Loks má geta þess, að nefndin hefur kynnt sér nokkuð reynsluna af viðbrögðum norsku kirkjunnar í kjölfar hryðjuverkanna 22. júlí 2011 og má ýmislegt af þeim læra.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, hefur verið unnið að stofnun samráðshópa áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins og er þeirri vinnu nú lokið. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópum og hafa þeir alls staðar verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast. Einnig má í þessu sambandi geta þess, að haldinn var vel

heppnaður fræðsludagur fyrir fulltrúa samráðshópanna, lögreglunnar og almannavarnarnefnda í Borgum, safnaðarheimili Kársnessóknar, 17. febrúar sl.

Þá taka tveir fulltrúar nefndarinnar þátt í störfum *Samráðshóps áfallahjálpar* í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með allri áfallahjálpi í landinu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands,

ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

## **Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan**

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Starfsemi Skálholtsútgáfunnar 2011 ber þess merki að tekjur kirkjusókna hafa dregist töluvert saman undanfarin ár, sem hefur gert það að verkum að tekjur okkar hafa dregist saman um 20%. Minna er gefið út og reynt er að einblína á fá verkefni. Stór verkefni á ýmsu sviði eru í vinnslu en ekki er ljóst hvenær sum þeirra koma út vegna samdráttar. Þörfin er mikil á endurnýjun, t.d. á fermingarefni.

Það er hlutverk Skálholtsútgáfunnar að sjá kirkjusöfnuðum fyrir ýmsu efni til fræðslu- og safnaðarstarfs auk þess að útvega ýmsar rekstarvörur til kirknanna; má þar nefna oblátur, kirkjumuni, altarisklæði og dúka; hökla, ölbur, rykkilín, kerti, sálmaþækur og annað undirleiks- og tónlistarefni, svo dæmi séu tekin.

Um tilgang Skálholtsútgáfunnar segir í skipulagsskrá:

*Tilgangur stofnunarinnar er að samræma útgáfumál þjóðkirkjunnar með því að annast útgáfu á*

*fræðsluefni fyrir söfnuði landsins og stofnanir kirkjunnar, útgáfa bóka, bæklinga og tímarita þar sem kristin sjónarmið eru flutt og skýrð. Stofnunin annast enn fremur þjónustu við söfnuði og kirkjulega aðila, dreifingu og sölu fræðsluefnis, bóka og bæklinga. Einnig annast hún útvegum og sölu kirkjulegra muna og skylda starfsemi.*

Þrátt fyrir samdrátt í sölu til kirkjusafnaða hefur verslunin Kirkjuhúsið náð að „halda sínu“ og „halda sjó“ enda fjölmargt fólk sem þekkir verslunina á fyrstu hæð Biskupsstofu og leitar þangað í margs konar tilefni. Almennigur virðist hafa sömu þörf og áður fyrir bækur, tónlist og annað á kristnum grunni. Það er mikið spurt og „spekúlerað“ í versluninni um lífið, trúna og tilveruna.

Tilgangur og markmið Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar, eru skýr í skipulagsskrá og höfum við ekki vikið frá þeim markmiðum sem þar eru sett. Hins vegar er ætíð nauðsynlegt að endurorða

og endurhuga þessi markmið með það í huga hver staðan er í samfélaginu á hverjum tíma, hver aðsókn í kirkjustarf er, hvar hjarta þjóðarinnar slær á viðkvæmum tímum. Þannig hefur Skálholtsútgáfan reynt að „orða upp á nýtt“ markmið sín á hverjum tíma.

Einnig er það ljóst að Kirkjuhúsið – verslun á miðjum Laugaveginum og útgáfufélagið styðja vel hvort við annað, ekki aðeins sem rekstrareining heldur einnig í hugmyndavinnu sem unnin er á vegum útgáfuráðs og stjórnar stofnunarinnar. Áhugasamir viðskiptavinir eru þannig duglegir að koma með hugmyndir að útgáfu, ekki aðeins prestar og djáknar og annað starfsfólk kirknanna, heldur hinn almenni viðskiptavinur sem á oftast ekki í neinum vandræðum að lýsa því sem hann er að leita eftir. Eitt sinn varð einum þeirra að orði að í Kirkjuhúsinu væri hægt að nálgast „alþýðlegt spiritualitet“ af ýmsum toga. Það hljómar vel enda er hægt að skilgreina innan þess t.d. bænaspjöld fyrir börn, bænatening úr tré, smábækur um Guð, bænina, Jesú eða Biblíuna, myndefni með textum Biblíunnar, plaköt, dvd efni fyrir börn og fullorðna, Fjárjódinn nýja! (sjá hér aftar) svo sitthvað sé nefnt.

Undir „alþýðlegt spiritualitet“ falla einnig bækur og fræðsluefni um sorgina og gleðina, áhrif skilnaðar foreldra á börn, Siðfræði (sístæða spurningin um hvað er rétt/rangt), Börn og lífsleikni; dauðinn og eilífa lífið; fullorðnir og lífsleikni; lífshjálp – sjálfshjálp – orð til dagsins – að hlusta á þögnina; lestur biblíunnar – skilningur á lestri biblíunnar; uppedli – samskipti á heimilum; fullorðinsfræðsla kirkjunnar; grasrótarfræðsla (Alfa, Emmaus, andlegt ferðalag, sorgarhópar, AA, bænahópar, biblíuleshópar, lútersk hjónahelgi ...) tónlistarefni og margt margt fleira.

Á þessu byggir Skálholtsútgáfan markmið sín til næstu ára.

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu [www.skalholtsgafan.is](http://www.skalholtsgafan.is)

Þar má nálgast upplýsingar um flestallt útgáfuefni útgáfufélagsins.

## Útgáfa 2011

Í samstarfi við og með stuðningi Rannveigar Sigurbjörnsdóttur litu eftirfarandi útgáfuefni dagsins ljós:

Geisladiskurinn *Hjartað játi, elski, treysti* – sálmar Sigurbjörns Einarssonar, flytjendur Kirstín Erna Blöndal, söngkona ásamt félögum úr Schola cantorum, Erni Arnarsyni á gítar, Jóni Rafnssyni á bassa, Gunnari Gunnarssyni á píano og Magneu Árnadóttur á þverflautu. Útgáfudagur var 30. júní, þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu hans. Í tilefni afmælisins voru tónleikar í Lindakirkju þar sem ýmsir listamenn komu saman og fluttu sálma hans fyrir fullu húsi og heiðruðu þannig minningu hans.

Einnig kom út á árinu bók Sigurbjörns biskups í nýrri útgáfu; *Opinberun Jóhannesar – skýringar með biblíu-textum*, lengi ófáanleg.

Og bókin; *Mín þú leitar, Guð - Valin orð úr ritum Sigurbjörns Einarssonar*, biskups sem Bjarni Árnason tók saman.

Af öðru efni má nefna: Fjárjódur „Fjárjódskistan“ – geymir 84 spjöld, öðrum megin er biblíuvers sem auðvelt er að tileinka sér, hinum megin er bæn. Bænarefnin eru hversdagurinn í allri sinni mynd; heimilið, fjölskyldan, vinirnir, vinnan; Unglingarnir, ellin, bernskan og börnin; Þakklætið og kærleikurinn, sorgin og gleðiefnin, áhyggjurnar og vonin, kirkjan og trúin!

Leiðbeiningar með hugmyndum að notkun fylgir fjárjóðnum.

Allar bænirnar eru frumsamdar undir



Fjársjóðskistan

ritstjórn Kristján Vals Ingólfssonar, Höllu Jónsdóttur og Eddu Möller, en þau völdu ritningarversin.

*Katla og Ketill komu á óvart* – íslensk barnabók skrifuð af útgáfuráði Skálholtsútgáfunnar ásamt gestum og starfsfólki. Bókin, sem er myndskreytt af Höllu Sólvéigu Þorgeirsdóttur, myndskreyti, fjallar um það hvað Jesús myndi gera í ákveðnum aðstæðum. Um bókina segir:

*Hvernig læra börnin um Jesús? Auðvitað getur enginn nema Jesús mettað 5000 manns á fimm brauðum og tveimur fiskum! En börn geta lært að deila nestinu sínu með öðrum sem ekkert hafa. Þau geta líka lært að fyrirgefa öðrum. Hér læra börn að spyrja: Hvað myndi Jesús gera?*

Sr. Hreinn Hákonarson þýddi bókina *Hvað er kristin trú? Nútímaleg umfjöllun um kristna trú í sögu og samtíð*, eftir Halvor Moxnes (f. 1944) en hann er prófessor við guðfræðideild háskólans í Ósló og er einn fremsti nýjatestamentisfræðingur Norðurlanda. Sérvið hans er Nýja testamentið, hinn sögulegi

Jesús, biblíutúlkun og fjölskyldugerðir á fornum tíma, samskipti kynjanna og kynhlutverk á ólíkum tímum.

Um bókina segir: *Vestræn samfélög byggja á kristnum gildum. En hvaða gildi eru þetta annars? Bókin gefur mörg áhugaverð svör og sum hver kunna að ýta hressilega við lesandanum.* Höfundur kynnir í stuttu máli sögu kristinnar trúar, siðfræði hennar og mannskilning, og ræðir umdeild mál sem snúast um kynferði, kynlíf og stjórnmál. Þetta er ekki hefðbundin útlekking á texta Biblíunnar, kirkjusögu eða trúfræði, heldur miklu fremur bók sem skorar á kristna trú sem og önnur trúarbrögð að horfast í augu við sögu sína og samtíð. Og sú áskorun kemur úr herbúðum þeirra sjálfra og frá öðrum. Hvernig á kristin trú að bregðast við öðrum trúarbrögðum og annarri menningu?

Skálholtsútgáfan sá einnig um útgáfu á *Brautryðjandanum*, ævisögu Þórhalls Bjarnarsonar (1855-1916) rituð af Óskari Guðmundssyni.

Hinn frjálslyndi ritstjóri og útgefandi,



kennari og skólamaður, prestur, alþingismaður og búnaðarfrömuður, Þórhallur Bjarnarson, var biskup landsins 1908-1916. Af einstakri ljúfmennsku aflaði hann sér vinsælda á unga aldri, var hvarvetna í stafni og þótti snemma líklegur til forystu í íslensku þjóðfélagi. Ungur naut hann atlætis Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn – og sjálfur var hann gæfusmiður margra manna.

Ævisaga Þórhalls spannar spennandi tímabil breytinga í sögu Íslands; frá gamla bændasamfélaginu í ánað til frjálshuga borgaralegs þjóðfélags á mótunarskeiði. Líf hans var fullt af framkvæmdum og ævintýrum.

Þórhallur var eldheitur hugsjónamaður og ákafamaður um framfarir á mörgum sviðum. Ævi hans var dramatísk og saga hans greinir frá sigrum hans og sorgum en varpar um leið ljósi á spennandi tímabil í sögu Íslendinga.

Börn hans og Valgerðar konu hans voru fjögur; þau Dóra forsetafrú, Tryggvi

forsætisráðherra, Björn bústjóri í Laufási og Svava, húsmóðir á Hvanneyri.

Óskar Guðmundsson, rithöfundur hefur náð að fanga sögu merkilegs fólks, spegla ótrúlega tíma á sköpunarskeiði borgaralegs samfélags á Íslandi, og segja þróttmikla sögu af Þórhalli Bjarnarsyni og samtíð hans.

Ennfremur gaf Skálholtsútgáfan út barnaefni fyrir sunnudagaskóla, þar á meðal átján stutta þætti fyrir hvern sunnudag með Hafdísí og Klemma úr „Daginn í dag“ útgáfunni, 127 mínútur af efni. Ennfremur stóð útgáfan fyrir fjölbreyttu póstkorta,- bókamerkja og plakátútgáfu. Sjón er sögu ríkari.

Unnið er mörgum áhugaverðum verkefnum:

Unnið er að þýðingu á sænsku fermingarefni sem nefnist *Con Dios* og er það mörgum íslenskum prestum kunnugt sem starfað hafa á Norðurlöndum, efni sem tengir saman kristna trú og unglingsárin. Það kemur út árið 2013. Ennfremur munu tveir nýir DVD diskar *Daginn í dag 2 og 3* koma út árið 2013.

# Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Jóhanna I. Sigmarsdóttir

## Skipulag og stjórnun

Stjórn Kirkjumiðstöðvar Austurlands var þannig skipuð frá héraðsfundum 2011:

Sr. Davíð Baldursson, formaður, kosinn af Prestafélagi Austurlands

Kristjana Björnsdóttir, gjaldkeri, kosinn af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis

Þórður Júlíusson, ritari kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis

Sr. Lára G. Oddsdóttir, meðstjórnandi, kosin af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis

Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson, meðstjórnandi, kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis

## Starfsemi

Sem fyrr hefur sóknarprestur á Eiðum hefur umsjón með húsnæði og rekstri Kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn þar með talið að sjá um að ráða starfsfólk, greiðslu launa og reikninga fyrir KMA en Deloitte í Neskaupsstað hefur séð um launaútreikninga og bókhald.

Í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn er margs konar starfsemi á vegum kirkjunnar, haldnir fundir og námskeið. Sumarbúðir fyrir börn er stærsti og veigmesti þátturinn í starfseminni. Þar voru fjórir vikuflokkar s.l. sumar

Sumarið 2011 dvaldi 121 barn í fjór-um flokkum í sumarbúðnum, mun færri en sumarið 2010. Mest er hægt að taka við 40 börnum í einu.

Yfir veturinn er starfsemi í húsinu í formi námskeiða og funda. Stöku sinnum er það leigt út til námskeiða-

halds og fyrir veislur. Fermingarbörn allt frá Vopnafirði til Djúpvogs sóttu fermingarfræðslunámskeið í Kirkjumiðstöðinni og stóðu námskeiðin í 1-2 sólarhringa. Leiðtogaefnanámskeið var haldið, TTT-mót og sunnudagskólamót og æskulýðsmót svo eitthvað sé nefnt. Þá eru kyrrðardagar fyrir krabba-meinssjúklinga síðustu helgina í ágúst orðinn fastur liður.

## Húsnæði og lóð

Engar stærri viðhaldsframkvæmdir voru á árinu. Gert var við leka á þaki svefnálmú. Aðkallandi er að verða að mála vegg hússins að utan og svefnálmú að innan. Þá þyrfti einnig að lagfæra heimreiðina og gera fleiri bílastæði. Vegurinn verður mjög fljótt ófær þegar snjóar vegna trjágróðurs sem er við hann og vegna þess hve lágt hann stendur. Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar ákvað að festa kaup á varmadælum til hitunar og voru þær settar upp á vordögum og smíðað utan um þær í haust. Til kaupa á varmadælunum fékkst styrkur frá Orkustofnun.

Soroptimistaklúbbur Austurlands ásamt mökum kom og hreinsaði lóðina s.l. vor, vann að vorhreingerningum og setti á flot bátana fyrir.

## Starfsfólk

Ekkert fastráðið starfsfólk er við Kirkjumiðstöðina en vel hefur gengið að fá starfsfólk. Mikill hluti sumarbúðastarfsfólksins kemur ár eftir ár og skapar það

festu í starfinu. Kristjana Björnsdóttir var matráðskona og naut hún aðstoðar Guðnýjar Eiríksdóttur í eldhúsinu. Magnea Sverrisdóttir, djákni, sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson og Álfheiður Ingólfssdóttir kennari og Sigríður Rún Tryggvadóttir, guðfræðingur skiftust á að stjórna sumarþúðunum.

## Rekstur

Reksturinn er í járnnum enda ekki til þess ætlast að skilað sé hagnaði. Engar skuldir hvíla á húsinu.

Kirkjumiðstöðin er mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar á Austurlandi og gefur ýmsa möguleika. Ég þakka þeim sem þar hafa lagt hönd á plóg kærlega vel unnin störf og gott samstarf.

## *Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri*

Gunnar Rögnvaldsson

Starfsárið sem hér verður reifað var gott ár í samhengi umsvifa og atburða. Gamli kunningjar litu við og nýir bættust í hópinn. Er komið svo að mikið af fastri starfsemi rekur sig ár eftir ár og jafnvel getur verið erfitt að koma fyrir nýjungum yfir sumarmánuðina.

Löngumýrarnefnd er óbreytt frá fyrri árum og skipa hana sr. Gísli Gunnarsson í Glaumbæ formaður, sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki og Lárus Ægír Guðmundsson á Skagaströnd. Sama má segja um starfsfólkið góðu heilli þær Lísu og Ingu ásamt samarstúlkunum sem alla daga leggja sig fram staðnum til framdráttar.

## Starfsemin

Segja má að undanfarin ár hafi áherslan verið lögð á að hlúa að og viðhalda þeirri góðu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á liðnum árum, en hjá mörgum er dvöl á Löngumýri fastur punktur í tilverunni hvort heldur hann telst til eldri borgara, fatlaðra eða finnur sig í öðrum þeim hópum sem hér dvelja. Leiðir það hugann að þeirri miklu kærleiksþjónustu sem kirkjan sinnir á

mörgum vígstöðum án þess að fari hátt. Það vitum við sem að því komum og látum ekki neikvæða umræðu fáeinna um kirkjuna spilla fyrir.

Valgerður Gísladóttir kemur með vorið með sér þegar Norðurleiðarrútan rennir í hlað og út tínast gamli vinir og nýir. Elja hennar og dugnaður á sér vart hliðstæðu og skapar fjölmörgum þá tilbreytingu sem felst í ferðalagi hingað norður. Rauði krossinn hefur aðeins dregið úr sínu umfangi og blikur eru á lofti með framtíð sumarþúðanna vegna tekjusamdráttar. Mætti velja því upp hvort kirkjan geti komið að því góða starfi með einhverjum hætti umfram það sem er.

Hvíldardvöl krabbameinssjúkra ekkna og ekkla hefur sífellt vafið upp á sig og kominn er öflugur kjarni sem kemur árlega og veitir nýjum aðilum mikinn styrk, miðlar af reynslu og verðleikum. Hefur markmiðið sem lagt var af stað með náðst og rúmlega það. Nú er takmarkið að ná fleiri aðilum af heimaslóðum til skrafs og ráðagerða um hvað sé hægt að gera fyrir þá, en mikil alda krabbameinstífella hefur skolið á samfélaginu að undanfögnu.

Börnin í  
sumarbúðum  
sykursjúkra  
skruppu til fiskjar  
út á Skaga.



Töluverður hluti af barna og unglingastarfi prestanna í prófatsdæminu fer fram hér á Löngumýri, en vissulega gætum við tekið á móti fleiri hópum að vetrinum og hvet ég aðra presta að kynna sér aðstöðuna hér.

Mikið af öðru kirkjustarfi Glaumbæjarprestakalls á hér innhlaup s.s. aðventusamkomur, æskulýðsmessur og kórarstarf. Sömu leiðis hluti af starfi eldri borgara, mömmumorgnar og fleira sem of langt mál er að telja upp.

Inn á milli er síðan beðið um eitt og eitt brúðkaup, skírn eða jarðarför, en enginn einstakur viðburður hefur haldið jafn mikilli trygð við staðinn og sumarmót kristniboðsfélagsins undir styrki stjórn Jóns Oddgeir Guðmundssonar á Akureyri. Fylgir þeim hópi söngur og gleði.

Nemendamat eru vinsæl og hef ég hvatt Löngumýrarmeyjar til að skrásetja sögur frá námsárum sínum svo hægt sé að varðveita þetta merka tímabil í menntunarsögu ungra stúlkna.

Mögulega er síðan hægt að safna saman í hver því skemmtilegasta og gefa út.

Á haustin og síðla vetrar hópast hannyrðakonur hingað til að sitja námskeið og fá útrás fyrir listhneigðina sem blundar í svo mörgum. eru þetta skemmtilegar heimsóknir og ríma vel við sögu staðarins, enda er ég ekki frá því að maddömunar sem hér réðu ríkjum líti með velþóknun yfir peysur og teppi þar sem þær fylgjast vel með öllu frá stofuvegnum.

### **Framkvæmdir**

Sífelld er reynt að berja í brestina, lagfæra það sem úr lagi gengur og þó helst áður. Í sumar verður gistiálman máluð að utan og lýkur þar með lagfæringum utanhúss í bili. Hugur stendur til að taka garðinn í gegn, en mörg trjána eru orðin gömul og dauð og eins þarf að þökuleggja hluta garðsins að nýju.



Kirkjukór Glaumbæjarprestakalls ásamt barnakór Varmahlíðarskóla á aðventuhátíð á Löngumýri 2011.

## Að lokum

Gott ár er að baki sem skilur eftir minningar um skemmtilega samferðamenn, fjölbreytt og gefandi starf. Sífellt má breyta og bæta og eru hlýjar kveðjur, þakklæti og vinátta okkur

hvatning til frekari dáða. Öllum sem lagt hafa staðnum lið og heimsótt okkur er þakkað sem og Löngumýrarnefnd, Biskupsstofu og síðast en ekki síst starfsfólkinu fyrir afburða trúfestu og samvirkusemi.

# Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjöltnir Ásbjörnsson

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, Flateyri, var stofnað af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum er Vestfjarðarprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2011 til 2012

*Formaður:* Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prófastur, Bolungarvík

*Varaformaður:* Sr. Fjöltnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

*Meðstjórnandi:* Barði Ingibjartsson,

Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

*Ritari:* Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)

*Gjaldkeri:* Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)

*Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:* Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

## Framkvæmdir

Af framkvæmdum á 9. starfsári er helst að nefna að anddyri sem var orðið bágborið og fúíð var lagfært og endurbyggt að hluta. Skipt um fótstykki og burðarbitar endurnýjaðir, auk þess var anddyrið málað. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar á gluggum vegna leka og í eldhús var keypt ný eldavél.

## Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

## Kirkjustarfið

Barnanámskeið var haldið í júní 2011, var það fimm daga námskeiði með gistingu og var megin áherslan á fræðslu, holla útiveru og leiki. Barnastarfskonurnar úr Ísafjarðarkirkju, Árný Herberdsdóttir og Elin H. Friðriksdóttir hafa yfirumsjón með námskeiðinu sem var svo vinsælt

að það seldist upp á námsleikið.

12-spora námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakalls fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Presta-fundir eru einnig haldnir þar.

Eftir helgigöngu á föstudaginn langa með helgistund í Flateyrarkirkju og Holtskirkju var hádegissúpa í Friðarsetri og virðist þessi ganga hafa fest sig í sessi á svæðinu, um það bil 30 manns voru í göngunni að þessu sinni enda virðist mikill áhugi vera, á svæðinu, fyrir göngu og útvist. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið voru haldin í Friðarsetrinu. Í vetur komu fermingarbörn úr Ísafjarðaprestakalli á sólarhringsnámskeið í Holti og var hópnum skipt í tvo hluta þar sem ekki var rými til að taka við öllum hópnum í senn.

## Félagsstarf

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu.

Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.

Árlegt þorablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu

## Menningarstarf

Sérstaklega má telja starfsemi nefndar, sem sett var á laggirnar til að minnast

Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins, frá Kirkjubóli í Bjarnardal, með menningardagskrá sem tengist nafni hans og fæðingardegri á ári hverju. Í þessari nefnd eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Nefndin stóð fyrir menningaruppákomu 15. janúar 2012. Á niunda starfsári fjallaði Kjartan Ólafsson, fræðimaður og fyrrverandi alþingismaður, um líf Fjalla-Eyvindar og Höllu og hver ævilok Höllu urðu. Margt kom fram sem Kjartan hefur með elju sinni fundið og skráð um þetta útilegufólk. Ungi söngvarinn önfirski, Kristján Jóhannesson, söng sig inn að hjörtum viðstaddra við undirleik Margrétar Gunnarsdóttur. Nóg var til af pönnukökum og vel yfir 100 manns nutu menningardagskrár og veitinga.

## Önnur starfsemi

Auk þess starfs sem Friðarsetrið sjálft og heimamenn standa fyrir, er húsið leigt ýmsum aðilum. Nokkrir hópar frá Háskólasetrinu á Ísafirði dvöldu á setrinu sumarið 2011, haldin voru ættarmót, brúðkaup, afmæli o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

# Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni.

Nefndin hefur reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari eðlilegur hluti safnaðarstarfsins og beðið sé fyrir því í guðspjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild Biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur verið í sambandi við séra Jakob Á. Hjálmarsson til að fræðast um framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum

söfnuðum á starfssvæði kristniboðsins í Afríku vináttuböndum.

Meðal verkefna liðins vetrar var að gefa umsögn um stefnumörkun þjóðkirkjunnar um kristniboð sem lögð var fram og samþykkt á kirkjuþingi í nóvember. Í kjölfarið sendi formaður nefndarinnar hvatningu til sóknarnefnda og presta um að tekin yrðu upp samskot sem víðast til Hjálparstarfs kirkjunnar og Kristniboðssambandsins. Aðeins örfáar kirkjur hafa sinnt þessu en þeim fjölgar þó hægt og sígandi.

Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu, situr einnig fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar. Þessi tengsl við biskupsstofu hafa auðveldað samstarf og framkvæmd margs þess sem nefndin hefur verið og er að vinna að.



# Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

## Inngangur

Enn eitt starfsár er að baki í sögu Kristniboðssambandsins sem stofnað var fyrir 83 árum og hefur á starfstíma sínum haft áhrif á líf óteljandi fjölda fólks í Afríku og Asíu. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum starfsins á liðnu starfsári.

## Eþíópía

Í ár eru 60 ár frá því Kristniboðssambandið fékk beiðni um að reisa, manna og reka íslenska kristniboðsstöð í Konsó í Eþíópíu. Lengi vel var mikil áhersla á þann stað en íslenskir kristniboðar hafa víða verið við störf í landinu síðastliðna sex áratugi.

Mekane Yesus kirkjan í Eþíópíu heldur áfram að vaxa en Kristniboðssambandið styrkir kirkjuna og ákveðin verkefni fjárhagslega. Þar má nefna þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna sem búa í Voitódalnum, boðunarstarf í Voitó, nemendur við presta- og leiðtogaskóla kirkjunnar í Addis Abeba, lestrarkennsluverkefni í Ómó Rate og verkefnið *Af götu í skóla* þar sem um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börnin betli á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba.

## Kenía

Rúm 30 ár eru liðin frá upphafi starfsins í Keníu. Norðvesturbiskupsdæmi ELCK, Evangelísk lútersku kirkjunnar í Keníu er samstarfsaðili okkar og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi sveitir

eða héruð. Hjónin Fanney Kristrún Ingadóttir og Jón Fjöltnir Albertsson búa í Kapengúria og sinna ráðgjöf og styðja við útbreiðslu- og boðunarstarf kirkjunnar á nýjum stöðum og kennslu við Kapenguria Bible Centre, fræðslumiðstöð kirkjunnar. Nokkrir sjálfboðaliðar og sendifulltrúar sinntu verkefnum í Keníu, nokkrar vikur hver á liðnu starfsári. Stutt var við bakið á nokkrum söfnuðum sem byggja sér kirkjur.

Kirkjan hefur í samstarfi við kristniboðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt um 80 grunn-skóla í Pókothéraði og níu framhaldsskóla. Skólagangan hefur margt gott í för með sér og ýtir m.a. undir jákvæða þróun samfélagsins og lýðræðishugsun. Vandinn er hins vegar sá að framhaldsskólanámið kostar sitt og fjölskyldur kosta oft miklu til og selja bæði búfenað og land til að kosta nám barna sinna.


Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, heimsótti Pókothérað og lúthersku kirkjuna í febrúar sem leið.

## Japan og Suðvestur-Asía

Upphafsár Kristniboðssambandsins á alþjóðavettvangi voru í Kína. Árið 2010 bættist Japan við sem kristniboðsland. Leifur Sigurðsson, kristniboði, býr þar ásamt eiginkonu sinni Katsuko og tveimur börnum. Pau fluttu í lok mars til Fukuyama þar sem Leifur starfar nú sem prestur Lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan.

Stjórnin hefur einnig samþykkt að

Karl Sigurbjörnsson biskup hlýðir á heimamenn segja frá starfi kirkjunnar á sléttum Pókot-héraðs í Keníu í febrúar.  
*Ljós m.: Ragnar Gunnarsson*



styrkja verkefni í Kína meðal munaðarlausra barna sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Þá hefur stjórnin samþykkt að standa við bakið á tjaldgjörðarkristniboðum í Japan, einkum með því að miðla fréttum og hvetja til fyrirbænar. Ung hjón eru að undirbúa sig undir flutning og starf þar og það að þjóna Drottni í frítíma sínum.

### **Fjölmiðlastarf og önnur erlend tengsl**

SÍK styrkir útvarpssendingar til Kína og er samstarfsaðili Sat-7, samkirkjulegs

sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður- Dagskráin er send út á fimm rásum og tekur mið af því að henta ríkjandi menningarheimi. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft hafa verið mjög erfiðar og ekki síst nú þegar mikil óvissa um framtíðina blasir víða við.

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis fyrir utan kirkjurnar í kristniboðslöndunum. Þar má nefna *Norsk Luthersk Misjons-samband*, *Heimamissiónina í Færeyjum*, *Nordisk Indremisjonsráð* og *European Evangelical Missionary Alliance (EEMA)*,



Góð loftræsting á skrifstofu Embo Asis Secondary School kemur sér vel í hitanum. Á myndinni er Jón Fjöltnir Albertsson kristniboði. Ljós m. Ragnar Gunnarsson

sem hélt fjölmennt kristniboðsmót fyrir ungt fólk, *Mission-net*, í Þýskalandi um áramótin sem átta Íslendingar sóttu.

## Innanlandsstarf

Stjórn SÍK er kosin á aðalfundi og sitja aðalmenn þrjú ár í senn. Formaður er Haraldur Jóhannsson læknir. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri Sambandsins. Helstu mál stjórnar á liðnu ári voru fjármál, skipulags- og starfsmannamál, starfið á kristniboðsakrinum og starfið á heimavelli.

Landsbyggðin var heimsótt nokkrum sinnum en mestur hluti kynningar- og boðunarstarfsins fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni í ýmsum hópum, félögum, kirkjum og skólum. Óvenju margar sóknir þjóðkirkjunnar voru heimsóttar í vetur að frumkvæði starfsmanna og sinni Kristján Þór Sverrisson þeim að mestu leyti. Útvarpsguðsþjónusta á kristniboðsdaginn var frá Grensáskirkju sem styður starf SÍK dyggilega.

Kristniboðsfélögin eru grunneiningar og burðarás Kristniboðssambandsins. Þar er fólk sem biður trúfastlega fyrir kristniboðinu, gefur reglulega til þess og sinnir ýmiss konar fjáröflun og sjálfböðastarfi. Einstaklingsaðilar eru enn fáir en eflaust má fjölga þeim með átaki og kynningu. Starf hvers kristniboðshóps eða kristniboðsfélags er oft mismunandi og hittist fólk misoft. Salt, kristið samfélag, leggur áherslu á boðunarstarf á heimavelli og m.a. að ná til nýbúa. Á samkomum er boðið upp á túlkun bæði á ensku og kínversku.

Ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti, án þess að vera í kristniboðsfélagi. Allir þessir einstaklingar leggja sitt af mörkum og mynda stóra heild og bakvarðasveit starfsins sem er ómetanleg. Er þeim hér með þakkað innilega.

Kristniboðsvikan í Reykjavík í upphafi marsmánaðar tókst vel. Samverur vikunnar voru í Kristniboðs-

Í guðsþjónustu undir opnum himni í fjalllendi Pókothéraðs í Keníu. Einfaldur og kröftugur undirleikur. Ljósmynd: Ragnar Gunnarsson



salnum, húsi KFUM og KFUK, Basarum, Dómkirkjunninni og Grensáskirkju. Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júlí og voru mótsgestir mjög ánægðir. Hluti dagskrár var heimsókn í guðsþjónustu á Sauðárkróki.

Samkomur eru í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi. Í vetur hefur Sálavinafélagið stutt vel við samkomurnar með söng og tónlist. Samfélag kristinna Eþíópía hefur samkomur í Kristniboðssalnum á sunnudögum.


Í fyriravor hélt Ari Rocklin frá *Global Opportunities* hálf dagsnámskeið um svo nefnt tjaldgjörðarkristniboð. Í byrjun árs

fór af stað nýtt starf sem kallast *Sakkeus* og miðar að því að standa fyrir sýningum á fræðsluþáttum, kvikmyndum og öðru áhugaverðu myndefni og efna til umræðna í því sambandi.

Engin ferð var farin í fyrra til kristniboðslandanna en nú er í undirbúningi ferð til Keníu í sumar sem upphaflega átti að vera fyrir ungt fólk en var ögnuð fleirum. Eins er í undirbúningi ferð til Eþíópíu í haust.

## Útgáfa og kynningarmál

*Kristniboðsfréttir* eru nú prentaðar í 4500 eintökum og koma út fjórum sinnum á



Áhugasamur nemandi grunnskólans í Konsó, Eþíopíu. Ljósmynd: Ragnar Gunnarsson

ári. Þær eru sendar ókeypis til áskrifenda um allt land. Kristín Bjarnadóttir er ritstjóri blaðsins. *Bjarmi*, tímarit um kristna trú, kemur út fjórum sinnum á ári. Salt ehf. útgáfufélag gefur út blaðið í samstarfi við SÍK. Blaðið er nú gefið út í 800 eintökum. Kirkjumálasjóður styrkir útgáfuna í ár með 100.000 krónum. Á vefsíðunni [www.bjarmi.is](http://www.bjarmi.is) eru upplýsingar um áskrift og fleira. Tölvubréfið *Kristniboðspósturinn* er sent út tvisvar til þrisvar í mánuði til um 230 áskrifenda.

Kristniboðsalmanakið var gefið út í 10.000 eintökum. Miklum hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og næstu vikur á eftir. Kærleikspjónustusvið Biskupsstofu sá um dreifingu til presta og kirkna utan höfuðborgarsvæðisins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á heimasíðunni, [www.sik.is](http://www.sik.is), í vetur. M.a. var bætt inn myndskleiðum sem tengjast starfinu. SÍK er einnig með síðu á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað.

Bókaútgáfan Salt ehf er í eigu SÍK. Í vetur voru gefnar út bækurnar *Hún og hann, hamingjuríkt hjónaband* eftir Nicky og Sila Lee og bókina *Líf í öðru veldi* eftir John Bevere.

## Samstarfsverkefni

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglinga og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og biblulestra. Samstarf okkar við Þjóðkirkjuna hefur farið vaxandi á liðnum árum. Kirkjuþing samþykkti yfirlýsingu og stefnumörkun um kristniboð í haust. Kynning hefur farið fram í mörgum kirkjum á liðnu starfsári og leitað er til okkar eftir efni um kristniboð okkar Íslendinga. Kristniboðssambandið fær styrk úr Kirkjumálasjóði upp á eina og hálfa milljón í ár sem er 25% lækkun milli ára. Samskot til starfs okkar

eru tekin reglulega í Grensáskirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík, Hjallakirkju í Kópavogi og við allar Tómasarmessur í Breiðholtskirkju. SÍK gekk formlega inn í samstarf um Tómasarmessur í fyrra. Flest prófastsdæmin styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast eða hálf milljón á liðnu ári. Einnig hafa margir söfnuðir Þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju og Grensáskirkju m.a. vegna samskota.

Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við Ragnheiði Sverrisdóttur sviðsstjóra kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu.

Sr. Jakob Á. Hjálmarsson hefur unnið ötullega að því að efla tengsl milli safnaða hér heima og úti á kristniboðs-akrinum, einkum í Keníu. Á annan tug sókna hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu *Söfnuður til safnaðar* en illa hefur gengið að nýta sér þessi tengsl eða efla þau.

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar og kynna starfið. SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bænastundum sem haldnar hafa verið í Friðrikskapelli frá því í ágúst 2008. Hópurinn undirbýr nú svokallaðan *Kristsdag*, mikinn samkirkjulegan bænadag sem ætlunin er að halda í maílok 2013.

SÍK hefur einnig stutt við bakið á *Prison Fellowship* á Íslandi, sem er samkirkjulegt starf, þar sem fangelsi landsins eru heimsótt reglulega með samkomuhaldi. SÍK átti einnig fulltrúa í undirbúningsnefnd *Global Leadership Summit* ráðstefnu sem haldin var í Salnum í Kópavogi tvo daga í byrjun nóvember.

SÍK er í óformlegu samstarfi átta

mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Hist er þrisvar á ári, eða oftár ef þörf krefur, og rætt um sameiginleg hagsmunamál.

## Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK fluttist í haust í Miðbæ við Háaleitisbraut, 2. hæð Félagar í Kristniboðsfélagi karla voru ötulir í sjálfboðavinnu við að standsetja húsnæðið. Þar sem framkvæmdastjóri SÍK er formaður samstarfsnefndar Alfa á Íslandi hýsir skrifstofa SÍK einnig skrifstofu þess starfs.

Eftir að nytjamarkaðurinn *Basarinn* flutti í Austurveg hefur umferð og velta aukist töluvert. Heildartekjur voru tæpar fimmtán milljónir í fyrra en þá er ekki reiknað með launa- eða húsnæðis-kostnaði. Góður hópur sjálfboðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu, eina eða fleiri klukkustundir í viku.

Basarinn er ekki einungis tekjulind heldur einnig starfsstöð þar sem við komumst í samband við fólk á ferðinni, kynnum starfið og bjóðum fólki að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins.

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Undanfarin ár hefur fjárhagsáætlunin verið að hækka vegna aukins starfs og hækkunar á ýmsum kostnaði sem tengist starfinu, ekki síst vegna veikara gengis. Mikið hefur munað um nokkrar stórar gjafir og arf. Meðal annarra tekjustofna er sala á notuðum frímerkjum og erlendri smámynt, haustmarkaður, jólakortasala, áheit í Reykjavíkumaraþoni og tekjur af verkefninu *Látum skóna ganga aftur*.

Heildartekjur ársins 2011 voru rúmar 118 milljónir króna. Heildargjöld ársins voru rúmar 87. Kostnaður við

ytra starf var 34 milljónir, við starfsemina hér heima um 29 milljónir. Stjórnunar-, skrifstofu- og húsnæðiskostnaður var tæpar 6 milljónir og kaup á húsnæði tæpar 19 milljónir. Heildarfjárhagsáætlun rekstrar yfirstandandi árs er 85 milljónir króna og er umtalsverð hækkun frá því í fyrra, bæði vegna versnandi gengis, aukins launakostnaðar og fleiri þátta. Því er ljóst að leita þarf nýrra leiða til að afla fjár til starfsins.

## **Þakkarorð**

Kristniboðssambandið á sér langa sögu og starfið hefur verið borið uppi af trúföstum hópi þeirra sem kölluð hafa verið til að biðja fyrir því og standa straum af kostnaðinum með fjáröflun og gjöfum. Jesús sendi lærisveina sína, kirkju sína, út um heiminn til að gera fólk að lærisveinum. Við boðum trúna og viljum sýna náunganum skilyrðislausan kærleika. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði. Jes. 42:10.

## ***Samkirkjunefnd***

### **Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir**

Í samkirkjunefnd eiga sæti tveir fulltrúar skipaðir af biskupi Íslands; Halldór Reynisson, formaður, og Steinunn A. Björnsdóttir. Jónas Þórisson er skipaður af Hjálparstarfi kirkjunnar og tveir fulltrúar eru skipaðir af kirkjuþingi Sigurður Árni Þórðarson og María Ágústsdóttir. Varamenn eru Bernharður Guðmundsson og Karólína Hulda Guðmundsdóttir. María var í barneignarleyfi frá september 2011 – júlí 2012.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum ráðum eða stjórnnum hafa tekið þátt í starfi nefndarinnar. Þetta eru Magnea Sverrisdóttir sem er stjórnarmaður í LH, Sigrún Óskarsdóttir, sem stýrir norrænu starfi WICAS (á vegum LH), Irma Sjöfn Óskarsdóttir vegna þátttöku í NKS og Ragnheiður Sverrisdóttir vegna þátttöku í Eurodiaconia.

Fjárhagsstaða kirkjunnar hefur áhrif á erlent samstarf. Á fundi samkirkjunefndar var samþykkt sú stefnumótun í úthlutun fjármagns að þjóð-

kirkjan standi við þær skuldbindingar sem hún hefur nú þegar, til dæmis varðandi fulltrúa sem skipaðir hafa verið í fastanefndir. Erlendir samstarfsaðilar hafa boðið styrki til að sækja fundi eða ráðstefnur. Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt að þiggja slíkan styrk en slíkt skyldi aðeins gera ef framlag þess fulltrúa sem styrktur er þykir mjög brýnt, s.s. þegar viðkomandi fulltrúi á að stýra fundum eða flytja erindi.

Samkirkjunefnd ákvað að leggja til að í alþjóðlegu starfi yrði unnið að því að nýta tækni við samskipti og fjölga símafundum, skype eða google+ fundum og nýta fleiri tæknilausnir. Þetta er umhverfisvæn lausn og fjárhagslega hagkvæm. Hún er því einnig ábyrgari ráðsmennska á því sem okkur er trúað fyrir. Í framhaldi af þessari ákvörðun hefur starfsmaður nefndarinnar gert tillögur um slíkt við norræna fulltrúa vegna síðasta fundar samkirkjufulltrúanna. Því miður reyndist

það ekki mögulegt og var sá fundur því ekki sóttur að þessu sinni.

Ársfundur samkirkjunefndar 2012 var haldinn í Neskirkju þann 14. febrúar. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Að venju var safnað skýrslum frá fundum og ráðstefnum og rætt um stefnur og málefni. Fundarmenn voru 15 að þessu sinni. Meðal annars voru lagðar fram skýrslur frá hjálparstarfi kirkjunnar og Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, þátttöku ÆSKR í erlendu samkirkjustarfi og frá fulltrúum í ýmsum nefndum á vegum kirkjunnar.

## Fjármál

Ljóst er að framlög til samkirkjumála halda áfram að dragast saman vegna almenns samdráttar í fjármálum kirkjunnar. Þar við bætist gengishrun krónunnar sem þýðir að öll aðildargjöld hækka mikið frá því sem var. Því var farið fram á lækkun aðildargjalda tímabundið í von um að krónan styrkist á næstu árum. Þegar greiða átti aðildargjöldin haustið 2011 voru kistur embættisins tómar og því varð dráttur á greiðslu. Samkirkjunefnd skoraði á kirkjuráð að standa við skuldbindingar okkar og aðildargjöld voru greidd í desember 2011.

Árið 2011 greiddi þjóðkirkjan eftirfarandi:

Aðildargjald LWF	1.156.000
WCC aðild	1.156.000
CEC aðild	250.000

## Alkirkjuráðið

Alkirkjuráðið er samfélag 349 kirkna og samtaka í meira en 110 löndum um allan heim og telur því meira en

560 meðlimi. Þar á meðal eru flestar rétttrúnaðarkirkjur heims og fjöldi siðbótarkirkna; Lúterskra, anglikanskra, mepódista, baptista og annarra. Það var stofnað árið 1948 með yfirlýsingu fulltrúa fjölda kirkna, þar á meðal þjóðkirkjunnar: „Við ætlum að halda saman.“ Alkirkjuráðið hefur unnið markvisst að samræðu og sátt meðal kristinna trúfélaga, en einnig sinnt kærleikspjónustu og málsvarastarfi á opinberum vettvangi fyrir þau sem standa höllum fæti.

Að venju var efni frá Alkirkjuráðinu nýtt í bænaviku samstarfsnefndar kristinna trúfélaga, sem gerð er frekari grein fyrir í annari skýrslu. Að þessu sinni var efni vikunnar „*Sigur Kristis umbreytir okkur.*“ Unnið var með efnið, lestra, íhuganir og spurningar og það kynnt á vef kirkjunnar.

## Lúterska heimssambandið

Magnea Sverrisdóttir djákni var kjörin í stjórn heimssambandsins á heimspingi í júní 2010. Hún sótti fund evrópskra fulltrúa í London í apríl 2011 og stjórnarfund í Genf í júní. Á honum var samþykkt nýtt stefnuskipti fyrir LH sem aðildarkirkjur, þar á meðal sú íslenska, hafa tekið þátt í að vinna. Steinunn A. Björnsdóttir sótti einnig hluta stjórnarfundisins sem áheyrnarfulltrúi, á eigin kostnað.

Sr. Sigrún Óskarsdóttir hefur um árabil átt sæti í nefndinni WICAS, *Women in Church and Society*, á vegum LH. Undanfarin ár hefur hún leitt vinnuna innan Norðurlandahópsins og tekið þátt í að skipuleggja kvennaráðstefnur á vegum *Nordisk ekumenisk kvinno konferens* (NEKK). Hópur íslenskra kvenna sótti ráðstefnu NEKK í Finnlandi í ágúst 2012.



Magnea Sverrisdóttir og Sigrún Óskarsdóttur sóttu Evrópufund á vegum WICAS á vorönn 2012. Þær kynntu þar námskeiðið „Konur eru konum bestar“ sem var vel tekið. Var námskeiðið þýtt með stuðningi LH og verður nýtt til að styðja við kvennastarf í kirkjum meðal annars í austur Evrópu.

## Porvoo

Í Porvoo kirknasamfélaginu eru nú þrettán kirkjur og þrjár kirkjur eiga þar áheyrnaraðild.

Porvoo samfélagið hefur ekki skrifstofu eða stjórn heldur starfar sem tengslanet kirkna og skipar hver kirkja einn fulltrúa í tengslahóp Porvoo sem hittist árlega og nýtur handleiðslu tveggja biskupa, frá anglíkanskri kirkju og lúterskri kirkju. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands hefur leitt samskiptahópinn fyrir hönd lúterskra kirkna og Steinunn A. Björnsdóttir hefur verið fulltrúi Íslands í hópnum frá árinu 2004 og sinnir meðal annars vefmálum Porvoo í samstarfi við velsku og finnsku kirkjuna.

Eitt af því sem Porvoo samkomulagið kveður á um er gagnkvæm viðurkenning embætta. Í ljósi þess hafa íslenskir prestar unnið í Bretlandi og Írlandi og þetta einfaldar einnig samskipti er varða ráðningu presta til Noregs.

Höfuðbiskupar Porvoo hittust í Llandaff, Wales, í október. Biskuparnir fóru yfir þá starf sem unnið hefur verið á vegum Porvoo samfélagsins undanfarin tvö ár. Sérstaka athygli vakti endurskoðun á *Leiðbeiningum Porvoo samfélagsins í þvertrúarlegum málefnum*, sem voru efni fundar í Gautaborg snemma árs 2011. Einnig var farið yfir vinnu sambandsins í að móta leiðbeiningar er varða viðbrögð við deiluefnum.

Efnahagsörðugleikar í Evrópu hafa áhrif á öll lönd Porvoo samfélagsins, meðal annars vegna fólksflutninga. Hvatt var til samráðsfundar (consultation) um hagfræði og siðfræði, í ljósi þeirra áhrifa sem núverandi efnahagsástand hefur á lönd og siðferðilega ábyrgð ríkari kirkna gagnvart þeim fátækari. Biskuparnir lögðu til að áfram yrði kannað hvort hægt sé að efla samstarf æskulyðs Porvoo kirknanna. Næsti biskupafundur Porvoo verður hér á landi haustið 2013.

Tengslahópur Porvoo fundaði í kjölfarið og fór yfir sameiginleg verkefni, svo sem ráðstefnur, fundi og ýmis samskiptamál. Porvoo hefur vaxið undanfarin ár og meðal þess sem tekið var fyrir á þessum fundi var ósk Lútersku kirknanna í Þýskalandi (VELKD) að verða áheyrnaraðilar.

Haldinn var samráðsfundur um hjónabandið í Finnlandi í nóvember 2011. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup í Skálholti, sótti fundinn fyrir hönd Þjóðkirkjunnar. Þá var haldinn samráðsfundur um fólksflutninga í Svíþjóð í mars 2012. Upplýsingar og efni frá fundum Porvoo samfélagsins má finna á [www.porvoochurches.org](http://www.porvoochurches.org) undir Resources.

## Norræn samvinna

Samstarf við kirkjur Norðurlanda er mikið og snertir flest svið kirkjulegs starfs. Slík samvinna verður enn mikilvægari nú er Þjóðkirkjan dregur úr þátttöku og ferðum. Þá er gott að styðjast við skýrslur og samtöl við norræna samstarfsaðila til að fylgjast með og hafa áhrif. Vegna sparnaðar sótti fulltrúi Íslands ekki samstarfsfund norræna samkirkjufulltrúa að þessu sinni en samvinna var á ýmsum öðrum

sviðum eins og fram kemur í öðrum starfsskýrslum. Einnig má nefna að nokkrir hópar frá norrænum kirkjum kynntu sér starf Þjóðkirkjunnar, þar á meðal biskup og prófastar sænsku biskupsdæmi og allir biskupar sænsku kirkjunnar, sem heimsóttu Ísland og nutu handleiðslu Karls Sigurbjörnssonar, biskups, á kyrrðardögum í Skálholti. Þá kom fjöldi norræna biskupa hingað í tengslum við biskupvígslur, haustið 2011 í Skálholti og sumarið 2012 í Reykjavík og á Hólum.

## Biskupsvígsla

Staða þjóðkirkjunnar í hinum alþjóðlega heimi samkirkjulegs samstarfs kom skýrt fram við biskupsvígslurnar. Fulltrúar norræna kirkna og frá Bretlandseyjum komu til þeirra allra. Við biskupsvígslu frá Agnesar M. Sigurðardóttur í júní 2012 komu biskupar Norðurlandanna allra, auk fjögurra biskupa frá Bretlandseyjum, fulltrúa ensku, skosku og írsku biskupakirknanna og biskup lútersku kirkjunnar í Bretlandi. Að auki kom frá Þýskalandi biskup lettnesku kirkjunnar erlendis. Í ávörpum og bréfum biskupanna kom fram mikill áhugi á að sýna samstöðu með íslenskri kirkju og þjóð, á þessum tímamótum.

## Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

### Alþjóðlega bænnavikan fyrir einingu kristninnar

Meginviðfangsefni Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi er að standa að skipulagningu og framkvæmd Alþjóðlegrar samkirkjulegrar bænnaviku fyrir einingu kristninnar, sem haldin er á norðurhveli jarðar um 18. – 25. janúar ár hvert.

Þessa viku sameinast kristið fólk um allan heim í bæn fyrir einingu. Bænnavikan er undirbúin af kirkjum sem tilheyra samkirkjulegum samtökum er nefnast Alkirkjuráðið (World Council of Churches) og kaþólsku kirkjunni. Kirkjum á ákveðnu svæði heims er falið að undirbúa efnið og árið 2012 kom það frá Póllandi þar sem fólk frá ýmsum kirkjudeildum mótmælenda, kaþólskum kirkjum og rétttrúnaðar, vann að undirbúningi. Þemað var „Sigur

Krists umbreytir okkur!“, fengið úr 1. Korintubréfi, 15:51-58 og vísar í sögu Póllands og orðræðu sigurs og ósigurs.

Undanfarin ár hefur bænnavikan að jafnaði verið haldin frá sunnudegi til sunnudags en að þessu sinni var ákveðið að hafa hana frá 18.-25. janúar. Útvarpsguðspjónusta var frá Seltjarnarneskirkju. Nýjung á bænnavikunni var málþing um samkirkjumál sem haldið var þriðjudaginn 24. janúar í Seltjarnarneskirkju. Yfirskriftin var: *Samkirkjulegt starf heima og að heiman*. María Ágústsdóttir doktorsnemi flutti erindi og fulltrúar trúfélaga brugðust við því. Liflegar umræður urðu á málþinginu. Alls voru átta viðburðir á höfuðborgarsvæðinu, sjö samverur á Akureyri og ein á Reyðarfirði. Á Vopnafirði var einnig haldin samkirkjuleg samkoma í tilefni bænnavikunnar en hún var nokkru síðar.

## Sameiginlegar viðmiðunarreglur vegna kynferðisbrota

Í byrjun árs 2011 höfðu fulltrúar þjóðkirkjunnar frumkvæði að því að kallað var til sérstakra funda um viðbrögð kristinna trúfélaga við meintum kynferðisbrotum innan safnaðanna. Til fundar voru boðaðir fulltrúar þeirra trúfélaga sem nýlega stóðu að útgáfu veggspjalds gegn ofbeldi. Var fyrsti fundurinn haldinn 24. janúar 2011 í húsnæði Vegarins í Kópavogi en þar kynnti Dag Nygaard frá Norges Kristna Råd þau sameiginlegu úrræði sem fyrir hendi eru meðal kristinna trúfélaga í Noregi. Í framhaldi af því var unnið að gerð starfsreglna og framkvæmd þeirra fyrir kristin trúfélög. Steinunn A. Björnsdóttir leiddi starfið til ársloka ásamt nefnd sem skipuð var af trúfélögnum. Í henni áttu sæti Ingunn Björnsdóttir frá Íslensku Kristskirkjunni, Ragnar Kristjánsson frá Óháða söfnuðinum og Bryndís Valbjarnardóttir frá Fríkirkjunni í Reykjavík og Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Vel á annan tug trúfélaga tóku þátt í starfinu. Gerð starfsreglna er langt komin en vinna þarf áfram að framkvæmd eftirfylgni með starfsreglum, fagráðs og fleira. Steinunn A. Björnsdóttir gerði starfshópi Innanríkisráðuneytis um kynferðisbrot grein fyrir þessu starfi í ágúst 2011.

Þjóðkirkjan bauð öðrum trúfélögum að taka þátt í námskeiði í Neskirkju í október sem bar yfirskriftina „Kynferðisleg misnotkun og rétt viðbrögð í samhengi kirkju og trúfélaga“. Meðal fyrirlesara var Dr. Marie M. Fortune frá FaithTrust Institute í Bandaríkjunum.

## Alþjóðlegur bænadagur kvenna

Alþjóðlegur bænadagur kvenna var haldinn föstudaginn 2. mars í húsa-kynnum KFUM og K á Holtavegi og

kom efnið að þessu sinni frá Malasíu. Ágústa Þorbergsdóttir, KFUK kona, annaðist undirbúning, ásamt Sigríði Schram frá Íslensku Kristskirkjunni og samkirkjulegum hópi kvenna. Einnig voru bænastundir og samkomur af þessu tilefni haldnar á nokkrum öðrum stöðum, m.a. í Stykkishólmi, Fellabæ, Selfossi og Reykjanesbæ.

## Samkirkjulegur bænahópur

Samkirkjulegur bænahópur sem komið hefur saman í Friðrikskapellu undanfarin fjögur ár heldur áfram bænastarfi fyrir landi og þjóð. Haldin var bænastund í Dómkirkjunni á 17. júní þar sem fulltrúar tíu kristinna trúfélaga fluttu lestra og bænir fyrir íslensku þjóðinni. Í undirbúningi er viðburður sem hefur fengið heitið *Kristsdagur* að svissneskri fyrirmynd þar sem bænahópum og bæna-fólki frá öllu landinu verður boðið til hátíðar með tónlist og töluðu orði.

## Almennt um Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi hefur starfað í rúm þrjátíu ár. Möguleika á aðild að henni eiga trúfélög sem hafa fleiri en 200 meðlimi, hafa starfað hér á landi í fimm ár hið minnsta og hafa opið bókhalld. Auk þjóðkirkjunnar starfa í nefndinni Aðventkirkjan, Hjálpræðisherinn, Kapólska kirkjan, Filadelfía, Íslenska Kristskirkjan, Óháði söfnðurinn, Vegurinn og Rússneska rétttrúnaðarkirkjan.

Fulltrúar þjóðkirkjunnar eru sr. Steinunn Arnprúður Björnsdóttir og sr. María Ágústsdóttir. Sr. María Ágústsdóttir var í barnseignarleyfi frá hausti 2011. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir tók þátt í starfi nefndarinnar í hennar stað hluta tímans.

Aðrir fulltrúar eru: Dr. Eric Guðmundsson, formaður Aðventkirkjunnar á Íslandi, major Paul-William Marti, yfirforingi Hjalpræðishersins á Íslandi, ásamt kapteini Sigurði Ingimarssyni, dr. Jakob Rolland, kanslari Kapólsku kirkjunnar, Vörður Levi Traustason fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi ásamt Helga Guðnasyni, aðstoðarforstöðumanni Filadelfíu, sr. Friðrik Schram, prestur Íslensku Kristskirkjunnar ásamt safnaðarráðskonunni Eddu M. Swan, Guðrún Halla Benjamínsdóttir, safnað-

arformaður Óháða safnaðarins, Högni Valssson, forstöðumaður Vegarins og sr. Timur Zolotuskiy, prestur Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi.

Nefndarfolk þiggur ekki sérstök laun fyrir störf sín. Styrkur frá trúfélögunum, þ.m.t. Þjóðkirkjunni, hefur verið nýttur til að auglýsa alþjóðlegu bænavikuna. Þjóða trúfélögin fram fundaraðstöðu og veitingar til skiptis og er kostnaður því enginn nema fyrir gestgjafann hverju sinni. Fundir eru haldnir mánaðarlega utan sumarleyfistíma.

## ***Starfsþjálfun djáknaefna - djáknanevnd***

**Ragnheiður Sverrisdóttir, formaður**

Í djáknanevnd sitja Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs, formaður og Elísabet Berta Bjarnadóttir, fjölskylduráðgjafi. Kirkjuráð veitti kr. 100 þúsund til verkefnisins 2011 og sömu upphæð 2012.

Mikil fækkun hefur verið á djákna-nemum sem kann að skýrast af því að erfitt hefur reynt að fá vinnu sem djákni. Hins vegar hafa margir verið lengi að taka námið og kann það að vera hluti af skýringunni. Þá var ekki tekið inn í 60 eininga djáknánám í HÍ haustið 2011.

Verkefni nefndarinnar er að annast starfsþjálfun djáknaefna. Það felst í að taka viðtöl við nemendur, meta hæfni þeirra og fylgja hverjum og einum eftir á með á þjálfuninni stendur. Þá

er þjálfun á vettvangi skipulögð en hún er í söfnuðum og á stofnunum. Nemendur sækja einnig ýmis námskeið og kyrrðardaga. Biskup hittir nemendur bæði í upphafi og lok þjálfunar. Að lokinni starfsþjálfun fær nemandi staðfestingu um embættisgengi.

Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur, lagði fyrir persónuleikaprófið MMPI 2 (Minnesota Multiphasic Personality Inventory) og hélt námskeiðið „Leiðtogar í samfylgd.“

Tveir djáknanemar útskrifuðust úr starfsþjálfuninni 4. júlí. Þau Sunna K. Gunnlaugsdóttir og Ægir Örn Sveinsson. Haustið 2011 sótti einn nemandi um að hefja starfsþjálfun en þá voru fjórir virkir nemendur fyrir í þjálfun, alls fimm manns.

# Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson, skólustjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Stjórn skólans er skipuð Jóni Helga Þórarinssyni sem er formaður, Guðnýju Einarsdóttur og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Stjórnin fundar reglulega með skólustjóra, Birni Steinari Sólbergssyni.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensásarkirkju, en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju, Hallgrímskirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju.

## Námsframboð

Boðið er upp á þrjár námsbrautir; *Kirkjuorganistapróf*, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, *Kantorspróf*, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið upp á *Einleiksáfangu* fyrir þau sem vilja bæta menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfolk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og kantorspróf eða masterspróf í kirkju-

tónlist fyrir þau sem starfa við stærri söfnuði.

## Starfsfolk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólustjóra; Eypór Ingi Jónsson, Guðmundur Óli Gunnarsson, Guðný Einarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Hörður Áskelsson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Máté-óva og Pröstur Eiríksson. Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir. Skólustjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann verða eins og áður, þ.e. nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólustjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfangu þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Skólinn var settur í Grensáskirkju 9. september 2011 og slitið 18. maí 2012 í Hallgrímskirkju. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjar-kenndu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustanna og voranna. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og



Skólaslit Tónskólans fóru fram í Hallgrímskirkju föstudaginn 18. maí 2012. Átta nemendur luku áfanga frá skólanum nú í vor. Það eru þau Ásta Haraldsdóttir, Jaan Alavere, Jón H. Geirfinnsson, Kaldo Kiis, Kjartan Eggertsson, Matthías V. Baldursson og Örylgur Atli Guðmundsson sem ljúka kirkjuorganistaprófi. Jóhann Bjarnason lauk kantorsprófi. Á myndinni má sjá útskriftarnemana ásamt Birni Steinari Sólbergssyni, skólastjóra og sr. Jóni Helga Þórarinssyni formanni skólanefndar Tónskólans.

umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Alls voru 23 nemendur á skrá, þar af fjórir á Akureyri. Einn stundaði nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Einir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin og tvennir tónleikar á vorönn.

Góður afrakstur er af skólastarfinu þar sem átta nemendur luku áfanga frá Tónskólanum í vor; Ásta Haraldsdóttir, Jaan Alavere, Jón H. Geirfinnsson, Kaldo Kiis, Kjartan Eggertsson, Matthías V. Baldursson og Örylgur Atli Guðmundsson luku kirkjuorganistaprófi. Jóhann Bjarnason lauk kantorsprófi. Ég vil sérstaklega benda á góðan árangur af starfsstöðinni á Akureyri en þrír nemendur þar luku áfanga í vor. Er óhætt að fullyrða að kennslan á Akureyri skili kirkjunni miklum verðmætum þar sem organistar á Norðurlandi hafa dýrmætt tækifæri til

endurmenntunar og að efla menntun sína.

Góð aðsókn er að skólanum næsta vetur. Ánægjulegt er að yngra fólk sækir um nám við skólann í auknum mæli, en einnig fólk á miðjum aldri sem er í starfi innan kirkjunnar og vill auka menntun sína. Mikil og stöðug aðsókn hefur verið í kirkjuorganistanámið á undanförunum árum. Ríflega 20 umsóknir eru fyrir næsta skólaár.

Miklir erfiðleikar blöstu við skólanum í upphafi vetrar þar sem kirkjuráð hafði bókað á fundi sínum 3. ágúst 2011; „Kirkjuráð samþykkti að stefna að því að leggja Tónskóla þjóðkirkjunnar niður í núverandi mynd þannig að nemendur verði ekki innritaðir haustið 2012“. Þessi bókun voru mér mikil vonbrigði og ekki bara mér því bókunin fékk mjög hörð viðbrögð víða innan kirkjunnar. Stjórn Tónskólans, kennarafundur Tónskólans

og félagsfundur Félags íslenskra organista ályktuðu um bókun kirkjuráðs. Ég skrifaði ýtarlega skýrslu til biskups og kirkjuráðs um skólastarfið og mikilvægi Tónskólans fyrir þjóðkirkjuna.

Það var því mikill sigur fyrir skólann þegar kirkjuping ályktaði; „Kirkjuping 2011 felur kirkjuráði að fella ekki niður fjárframlag til Tónskóla þjóðkirkjunnar og til embættis Söngmálastjóra því mikilvægt er að hlúa að tónlistarstarfi kirkjunnar“.

Þetta voru sannarlega góð tíðindi og mikill áfangasigur fyrir kirkjutónlistina og stuðningur við okkur sem störfum að tónlistarmálum í kirkjunni. Nú getum við einbeitt okkur að því sem skiptir mestu máli, þ.e. að auðga, efla og styrkja tónlistina í kirkjunni og kirkjutónlistarmenntun til framtíðar.

Ég vil þakka öllum þeim sem studdu við skólann á erfiðum tímum að forða því stórslysi sem hefði orðið ef Tónskólanum hefði verið lokað. Kirkjan þarf á organistum að halda og þar er menntunin lykilatriði.

Það styrkti líka verulega stöðu skólans að frá og með síðasta hausti leggur Menntamálaráðuneytið fjármagn til skólans þegar breyting varð á lögum um framhaldsnám í tónlist. Þetta eru stórtíðindi fyrir skólann þar sem ríkið hefur ekki lagt fé til skólans síðan 1993 þegar kirkjan tók að sér menntun í kirkjutónlist.

Pröstur Eiríksson, kennari Tónskólans í sálma- og helgisíðafræði gaukaði að mér formála sr. Bjarna Þorsteinssonar að sálmasöngsbók og hátíðarsöngvum sínum frá 1926.

Hér er brot úr formálanum sem segir margt um mikilvægi menntunar organistans;

*„Sönghraðatáknum er hjer sleppt, og verður að eiga það undir smekkvísi*

*hvers þess, er bókina notar, hve seint eða fljótt hann spilar, hve lengi eða stutt hann dregur endanótur hendinga og hvort hann hefur bilið milli hendinga lengra eða skemmra. Að gefa nákvæmar reglur um allt slíkt og margt fleira, er að kirkjusöng lýtur, á ekki heima í formála sálmasöngsbókar, - enda eru formálar opt lítið lesnir, því miður -, heldur á allt slíkt heima í kennslustundum þeim, sem organistar fá og verða að fá áður en þeir takast á hendur starf sitt. En geta má þess stuttlega í sambandi við þetta, að öllum þeim, sem ætla að takast á hendur að spila í kirkjum og leiða safnaðarsönginn, verður að sjá fyrir hæfilegri kennslu í þessari grein og láta þá sýna þekkingu og hæfileika með prófi áður en þeir takast starfið á hendur; starfið er þýðingarmikið og þess vert, að til þess sje vandað betur en verið hefur almennt“.*

## Námskeiðshald

Tónskólinn bauð til aftansöngs að hætti ensku kirkjunnar í Hallgrímskirkju sunnudaginn 26. febrúar. Nemendur Harðar Áskelssonar í kórstjórn fluttu og stjórnðu aftansöng, sem margir þekkja undir enska nafninu „Evensong“ og tíðkast hefur við margar kirkjur í Bretlandi síðan á 16. öld.

Tilraunaverkefni Guðnýjar Einarsdóttur kennara í litúrgískum orgelleik og Einars Sigurbjörnssonar, kennara í guðfræðideild HÍ um sameiginlegar æfingarmessur orgel- og guðfræðinema hélt áfram. Þau hafa skrifað vandaða skýrslu um þessa samvinnu og verður spennandi að fylgjast með þróuninni á þessu mikilvæga verkefni.

Öll námskeið og fyrirlestrar á vegum skólans eru opnir og kynntir fyrir félögum í Félagi íslenskra organleikara.

## Afmælishátíð

Sunnudaginn 15. apríl s.l. fagnaði Tónskólinn 70 ára starfsafmæli með hátíðarsamkomu og messu í Hallgrímskirkju. Á hátíðarsamkomunni flutti Kristinn Örn Kristinsson, fyrrverandi skólastjóri Tónskólans erindi þar sem hann fór yfir sögu skólans í máli og myndum.

Er stefnt að því að gera erindi Kristins Arnar aðgengilegt á vefsíðu skólans. Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands flutti ávarp og orgelkennarar skólans léku á Klais-orgel kirkjunnar.

Í framhaldi af hátíðarsamkomunni var messa þar sem Róberts A. Ottóssonar, fyrrverandi söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar var minnst, en í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti messaði en nemendur Tónskólans önnuðust tónlistarflutning undir handleiðslu kennara skólans.

Þetta var sérlega glæsileg og vel heppnuð hátíð sem við getum öll verið hreykin af!

16. júní n.k. tekur Tónskólinn þátt í *ORGELFOSSI* í Hallgrímskirkju til stuðnings orgelsjóði Hallgrímskirkju, þar sem öllum þeim sem hafa útskrifast frá Tónskólanum með kantorspróf er boðið til þátttöku.

## Fjármál

Tekjur Þjóðkirkjunnar hafa dregist saman sem hefur haft umtalsverð áhrif á stofnanir hennar, þar með talið Tónskólann. Hefur verið leitað allra leiða til hagræðingar og hefur það verið markmið skólastjóra og stjórnar skólans að láta þennan niðurskurð hafa sem minnst áhrif á skólastarfið. Þrátt fyrir þennan niðurskurð hefur tekist að halda rekstri skólans innan ramma fjárhagsáætlunar. Þar vegur þungt nýfengið framlag Menntamálaráðuneytisins til skólans.

## Bókasafn Tónskólans

Lísa Z. Valdimarsdóttir yfirbókavörður LHÍ hefur áfram unnið að skráningu bókasafns Tónskólans í samvinnu við ritara skólans og er þeirri vinnu nú lokið og auðveldar allan aðgang nemenda og kennara að safni skólans.

Næsta haust munum við kynna bókasafnið fyrir organistum landsins og bjóða þá velkomna til að kynna sér efni þess.

Vefsíða Tónskólans er:  
[www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)



# Sérþjónustuprestar

## Fangaprestur þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Á haustdögum 2011 komu fimm sérþjónustuprestar saman til að ræða stöðu þjónustunnar vegna umræðu í kirkjuráði um þjónustuna. Þessir prestar voru: heyrnleysingjaprestur, prestur innflytjenda, sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar, prestur fatlaðra og fanga-  
prestur þjóðkirkjunnar. Komu prestarnir reglulega saman allt fram á vor og fóru yfir mál sérþjónustunnar og munu nú í haust halda fundum þessum áfram.

Á kirkjuráðsfundi var bókað í febrúar 2011 um sérþjónustuna af tilefni samþykktar kirkjupings 2010 í máli nr. 7. Bókunin gekk út á það að „eðlilegt“ væri að athuga hvort sérþjónustan gæti verið meira á „safnaðargrundvelli“, og ræða skyldi hvort draga ætti úr „sérgreiningu skjólstæðinga sérþjónustunnar“ þar sem hægt væri. Þetta væri gert með styrkingu og hagræðingu í huga. Þá var bókað í aprílbyrjun sama árs að leita skyldi „samninga við stofnanir og félög í samráði við sérþjónustupresta ... og sveitarfélög vegna samfélagslegrar þjónustu kirkjunnar.“ Þá var samþykkt í kirkjuráði að óskað yrði eftir því að embættismenn Biskupsstofu ræddu við sérþjónustupresta um samstarfið við viðkomandi stofnun eða félag – um samstarfssamninga, kostnaðarpáttöku og skipulag þjónustunnar. Fóru sérþjónustuprestar sem hér um ræðir á fund kirkjustarfshóps og þjónustunefndar og ræddu þessi mál. Þá var

og rætt við biskup og kirkjuráðsmenn og fleiri aðila er um mál þetta höfu að segja. Loks lagði þessi hópur sérþjónustupresta fram ítarlega skýrslu um sérþjónustuna fyrir kirkjuráð þar sem þeir töldu með rökum að fráleitt væri að hrófla við skipulagi þjónustunnar með þeim hætti sem viðrað hafði verið. Skýrsla þessi er ítarleg sem fyrr segir og fróðleg. Hvatt er til að sem flestir kynni sér efni hennar.

Á liðnu starfsári flutti starfsemi fangelsisins að Bitru í Flóahreppi að Sogni í Ölfusi. Af því tilefni blessaði fangaprestur starfsemina við hátíðlega athöfn í júníbyrjun. Fangelsið hafði þó verið tekið í notkun nokkru áður og hafði fangaprestur þar um hönd guðspjónustu að kveldi hvítasunnudags. Veður var svo kyrrt og fallett að brugðið var á það ráð að hafa guðspjónustuna úti. Ekki var þetta fyrsta guðspjónustan í húsakynnum Sogns því þar starfaði áður réttargeðdeild sem fangaprestur sinni. Réttargeðdeildin var flutt frá Sogni á vordögum að Kleppsspítalanum og sinnir fangaprestur henni sem áður.

Fangelsið að Sogni er skilgreint sem opið fangelsi eins og Kviabryggja sem þýðir að fangar þar njóta meira frelsis en í hinum fangelsunum. Eru þeir nettengdir og mega vera með farsíma. Í opnum fangelsum er ekki eins mikill fangelsisbragur eins og í



Hreinn S.  
Hákonarson

fangelsinu að Litla-Hrauni, Kópavogi, Hegningarhúsinu og Akureyri. Fangelsið að Sogni rúmar um tuttugu fanga og er það svipaður fjöldi og var að Bitru. Alls getur fangelsiskerfið hýst rúmlega 150 afplánunarfanga. Húsakynni fangelsisins að Sogni eru rúmgóð og umhverfið fagurt. Þar ganga fangar að störfum við garðyrkju, fiskeldi og margir þeirra stunda fjarnám. Að lokinni dvöl að Sogni fara fangar á áfangaheimili Verndar og dveljast þar í mislangan tíma. Þegar dvöl er lokið þar þurfa þeir að sæta rafrænu eftirliti í lok afplánunar en því var komið á fót í vorbyrjun. Rafrænt eftirlit er stórt skref í átt til nútímalegs refsivörslukerfis og ber að fagna því. Aldrei sem fyrr hafa fangar jafn mikið sjálfir um afplánun sína að segja sem nú þegar hvert þrepið tekur við af öðru: Vist fanga í opnu fangelsi, síðar á áfangaheimili Verndar og að síðustu rafrænt eftirlit. Misstigi fangi sig í einhverju þessara þriggja þrepa er hann í flestum tilvikum kominn aftur á byrjunarreit, þ.e.a.s. hefur afplánun að nýju í lokuðu fangelsi. Þetta getur reynst sumum erfitt en flestir standa sig á þessari leið út í frelsið.

Segja má að nú hilli loks undir nýtt fangelsi í stað Hegningarhússins og Kópavogsfangelsisins. Eftir var til hönnunarsamkeppni um fangelsi í Hólmsheiði og voru úrslit kunngerð í júníbyrjun. Nýja fangelsið verður með 56 fangarýmum. Gæsluvarðhaldsdeildin á Litla-Hrauni verður flutt í hið nýja fangelsi og aðstaða hennar fyrir austan tekin fyrir afplánun. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist vorið 2013 og og tveimur árum síðar verði byggingin tekin í notkun. Þetta fangelsi verður mikil réttarbót fyrir fanga og sér í lagi fyrir konur í afplánun. Hefur fangaprestur margoft rætt það við þá er að fangelsismálum koma að konur sitja

ekki við sama borð og karlar þegar að afplánun er komið.

Fangaprestur hefur verið formaður fangahjálparinnar Verndar í rúman áratug og setið í stjórn samtakanna frá 1994. Fangahjálpin rekur áfangaheimili fyrir fanga sem eru að ljúka afplánun. Tímamótaskref var stigið í fangelsismálum fyrir um tuttugu árum þegar Vernd og Fangelsismálastofnun gerðu með sér samning sem heimilaði föngum að ljúka afplánun með vissum skilyrðum á áfangaheimili samtakanna. Hafa hátt í eitt þúsund fangar dvalið á áfangaheimilinu frá því að nefndur samningur var gerður. Þessi tilhögun er ómissandi þáttur í afplánunarkerfinu og standast langflestir fangar þau skilyrði sem sett eru. Þeim föngum sinnir fangaprestur einnig en oft er sagt að heimilið sé næst fjölmennasti afplánunarstaður landsins. Óteljandi samtöl við fanga um skipulag afplánunar til betra lífs og heilbrigðara er fastur þáttur í starfi fangaprests sem og almenn sálusorgun.

Á aðalfundi Verndar s.l. vor lét fangaprestur af formennsku í fangahjálpinni Vernd. Hann situr áfram í húsnefnd áfangaheimilisins og er ritstjóri Verndarblaðsins eins og áður.

Þá hefur samstarf fangaprests við önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga verið gott.

Fangaprestur hefur einnig átt mjög gott samstarf við meðferðarstöð hvítasunnnumanna í Hlaðgerðarkoti og samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar er sem fyrr hið besta.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur er einnig tengiliður



Útiguðsþjónusta á Sogni að kvöldi hvítasunnudags 27. maí. Ármann Hákon Gunnarsson og fangaprestur.

kapólskra fanga við prestana í Landakoti þegar því er að skipta. Sinna þeir hinum kapólsku föngum þegar eftir þeirri þjónustu er kallað. Hinir kapólsku fangar koma flestir frá Póllandi og Litháen en fjöldi þeirra er oftast á bilinu fimm til tíu.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú sex að tölu: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Kópavogsfangelsið, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustuþörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftár þá þörf er á. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar. Fangaprestur er sem fyrr segir heimilisprestur réttargeðdeildarinnar að Kleppi en þar dvelja að jafnaði fimm til sjö sjúklingar, ósakhæfir brotamenn. Ný aðstaða réttargeðdeildarinnar er til fyrirmyndar en húsnæðið hennar að

Kleppi var endurnýjað í smáu sem stóru. Aðstaða þar til helgihalds er mjög góð.

Þá á fangaprestur sæti í Kærleikssjóði Sogs sem er hollvinsjóður réttargeðdeildarinnar. Nú skipa stjórn Kærleikssjóðs Sogs: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaperapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinnt fangapresti við guðsþjónustuhald af lipurð og samviseksemi. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessuna á Litla-Hrauni og réttargeðdeildinni. Organistar eru þeir Haukur Gíslason og Ingi Heiðmar Jónsson. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf. Aðventustund var haldin á Litla-Hrauni í desember og naut fangaprestur þar sem fyrr trausts liðsinnis Jónasar Þóris Þórissonar, organista sem kallar félaga sína til liðs við sig svo stundin

verði sem best. Það var vel sótt stund og eru Jónasi Þóri og félögum færðar heilshugar þakkir fyrir einstakt framlag.

Þá héldu þeir Gunnar Kvaran, sellóleikari og próffessor, og Haukur Guðlaugsson, fyrrverandi söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, tónleika að Kvíabryggju á aðventunni. Fóru þeir þangað með fangapresti og tókst sú ferð afar vel. Þeir félagar ná vel til fanganna og flytja list sína af mikilli færni og innileika hvort heldur í tónum eða orðum. Þeir hafa oft á liðnum árum haldið tónleika í fangelsunum og er þakkað fyrir það af alhug.

Fangasamfélagið er viðkvæmt samfélag og brothætt. Þar eru ekki allir eins sterkir og þeir líta út fyrir að vera. Tvö mál komu upp innan fangelsanna á liðnu starfsári sem reyndu mikið á fanga og alla starfsmenn. Annars vegar var um að ræða ákæru á hendur forstöðumanni Kvíabryggju sem hlaut fangelsisdóm í júnímánuði og hins vegar lát fanga í fangelsinu að Litla-Hrauni nú í vor. Bæði þessi mál voru mjög sérstök og þess eðlis að fangaprestur þurfti að sinna mikilli sálgæslu hjá föngum, aðstandendum og ekki síður starfsmönnum. Í tengslum við síðarnefnda málið kom fangaprestur fram í morgunþætti Ríkisútvarpsins og ræddi aðbúnað fanga í fangelsum, liðan þeirra og aðstandenda.

Á liðnu starfsári fluttist skrifstofa fangaprests úr kjallara Grensáskirkju og upp á efri hæð kirkjunnar. Deilir hann nú skrifstofu með presti heyrnarlausra og hefur það sambylí gengið einstaklega vel. Er sr. Miyako Þórðarson þakkað fyrir einstaklega gott sambylí og hnökralaust og henni óskað heilla þá hún lætur af störfum heyrnleysingjaprests. Ýmsir koma á skrifstofu fangaprests og hefur hann einnig iðulega farið í heimahús

til að ræða við aðstandendur fanga og þau sem eru á leið í afplánun. Þá fer fangaprestur einnig með föngum í heimsóknir á heimili þeirra þegar fjölskylduaðstæður þeirra eru erfiðar. Einnig fylgir það starfi fangaprests að tilkynna föngum lát náinna aðstandenda. Fangaprestur fer iðulega með föngum í ýmsar kirkjulegar athafnir eins og fermingar og jarðarfari. Sá þáttur er afar vel metinn af fjölskyldum fanga og öðrum vandamönnum þeirra.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa flesta pistla þess á heimasíðu fangaprests: <http://www.kirkjan.is/fangaprestur>. Hefur fréttabréfið komið út í fjórtán ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Í opnu fangelsunum tveimur, Sogni og Kvíabryggju, hafa fangar heimild til netnotkunar, og sömuleiðis fangelsinu á Akureyri með nokkrum takmörkunum þó. Margir fanganna hafa nýtt sér þetta og verið í tölvupóstssamskiptum við fangaprest út af ýmsum málum.

Fangaprestur er félagi í *Prison Fellowship International* og tekur virkan þátt í Íslandsdeild þeirra samtaka (Alþjóðasamtök kristinna fangavina á Ísland). Íslandsdeild Prison Fellowship kom í sjötta sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Samtökin Prison Fellowship, Íslandsdeild hafa haldið samkomur í fangelsum landsins í samvinnu við Samhjálp, Betaníu, Hjálpræðisherinn og fangaprest. Í eðli sínu eru þessi samtök leikmannasamtök og er ánægjulegt að

leikmenn eru þar í forystu. Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guðfræðingur, veitir samtökunum forystu af alúð og umhyggjusemi. Samkomur þessar hafa í raun og veru verið samkirkjulegar eins og sést á því hverjir leggja þeim lið. Tónlistarfólk hefur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum samkomu; boðið hefur verið upp á fyrirbæni; trúin boðuð og samkenndin eflað í lok stundar yfir kakói og kökum. Sigríður Hrönn hefur séð um kökubakstur og fangaprestur lagað kakóið. Samkomur þessar hafa verið mjög vel sóttar af föngum. Þróun þessa starfs síðustu árin sýnir að Prison Fellowship getur verið nokkurs konar farvegur samkirkjulegrar boðunar í fangelsunum.

Í skýrslum liðinna ára hefur ætíð

verið minnst á félag aðstandenda fanga, *Aðgát*. Það hefur heimasíðu, adgat.net, og um hana hefur fangaprestur séð með aðstoð góðra manna. Starf Aðgátar hefur legið niðri en fangaprestur er tengiliður við þá aðstandendur sem vilja sinna félaginu.

Í þriðju viku maímánaðar s.l. héldu sérþjónustuprestarnir fimm (heyrnleysingjaprestur, prestur innflytjenda, sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar, prestur fatlaðra og fangaprestur Þjóðkirkjunnar) fund með nýkjörnum biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur. Farið var yfir stöðu mála með biskupi og rætt um mikilvægi sérþjónustunnar. Það var góðu fundur og gott að vita af því að biskup stendur þétt við bakið á sérþjónustunni.

## ***Prestur fatlaðra***

**Sr. Guðný Hallgrímsdóttir**

### **Umfang og staðsetning**

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist því af þeim fjölmörgum ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaþjónustu fatlaðra eða annan

ferðamáta til þess að komast á milli staða. Staðsetning skrifstofunnar er mjög góð og aðstaða öll í Grensáskirkju með miklum sóma. Síðast en ekki síst er það dýrmætt að fá að starfa í umhverfi kirkjunnar, með góðu aðgengi að altari og í samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.



Guðný  
Hallgrímsdóttir

### **Sorgarvinna**

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandananna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en

Helgileikur í  
Klettaskóla; María  
og Jósef



einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistarir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnunum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með

þroskahömlun sé mætt þar sem það er stutt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta ári voru haldnar 17 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum Reykjavíkur. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 198 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni



Helgileikur í  
Klettaskóla;  
vitringarnir þrír

fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sækir t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Ég hef í gegnum árin átt mjög ánægjulegt og gefandi samstarf við foreldraráðgjafa Sjónarhóls, sér í lagi Hrefnu Haraldsdóttur og hef haft mikinn og góðan stuðning af því samstarfi. Það er afskaplega dýrmætt að læra af öðrum sem vita betur og hafa mikla reynslu. Fyrir það er af hjarta þakkað. Til

upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Á síðasta ári voru m.a. haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur á þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands, í Borgarholtsskóla og fyrir starfsfólk á starfsdögum hjá Þroskahjálpar og félagasamtökum ýmis konar. Efnistökur voru m.a. sorg og sorgarviðbrögð, hjónavígslur og fólk með þroskahömlun, sálægsla meðal fólks með þroskahömlun, siðfræði, siðferði og samskipti kynjanna.

### **Guðsþjónustur og hátíðir**

Hið hefðbundna messuform hentar ekki vel fólki með þroskahömlun. Málfar, söngur og litúrgían öll nær því miður sjaldan til fólks með þroskahömlun. Ég þreytist aldrei á því að hvetja presta og

starsfólk kirkjunnar til að bjóða fötluðu fólki þátttöku í helgihald kirkjunnar og þar með velta því fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að fólki með þroskahömlun sé boðið að taka þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmaþókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Það er trúá mín að víða væri mögulegt að bjóða upp á messuform þar sem fólki með þroskahömlun væri mætt þar sem það er stöð án þess að falla í þá gryfju að tala til fullorðins fólks með þroskahömlun, líkt og að um börn væri að ræða.

Ég flyt hugvekkur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrrvikum fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekkur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólafoðstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknar. Á síðasta ári varð sú breyting að ekki var óskað eftir aðventustund fyrir Kletta-skóla, áður Öskjuhlíðarskóla og er það í fyrsta skiptið í tuttuguogveggja ára sögu embættisins. Hins vegar

kom hópur úr Fjölbrotarskólanum við Ármúla og naut aðventustundar í Grensáskirkju sem og Fjölmenn sem er símenntunnar- og þekkingarmiðstöð fyrir fatlaða.

## **Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR**

Samvinna við ÆSKR hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunur eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Dagný Halla Tómasdóttir, framkvæmdastýra ÆSKR hefur verið í góðu samstarfi við mig og á hún miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunni snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru þrettán talsins.

## **Samvinna**

Ég hef átt mjög góða samvinnu við öll þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfarar, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft



á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólki með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breytst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á miklu fleiri heimsóknir og ferðalög vegna þess að ég hef komið inn í sérdeildir skólanna og sinnt þar fermingarfræðslu. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í

þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað. Síðasti vetur var sá annasamasti í fermingarfræðslum frá upphafi embættisins. Aldrei hafa jafn mörg börn með þroskahömlun fermst í hinum ýmsu kirkjum þó svo að stærsti hluti hópsins hafi fermst á sumardaginn fyrsta í Langholtskirkju. Vorið 2011 fóru fram átta fermingar frá sex skólum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess.

## Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjardöðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópin, kvenfélagið eða

kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

## **Aukaverk, heimsóknir o.fl á árinu 2011**

Skírnir – 16  
Fermingar – 8  
Fermingarfræðslutímar - 149

Hjónavígslur – 3  
Kistulagningar – 9  
Útfarir – 9  
Messur – 4  
Kyrrðar- og bænastundir - 1  
Samverur í Grensáskirkju fyrir fólk með  
proskahömlun - 13  
Minningar og bænastundir – 17  
Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og  
húsvitjanir – 198  
Viðtöl á vinnustöðum - 215  
Hugvekjur á aðventu og páskum á sam-  
býlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 6  
Fyrirlestrar/málþing – 9

## **Kirkja heyrnarlausra**

**Sr. Miyako Þórðarson**

*Til Jesú komu menn með heyrnarlausan mann og Jesús talaði við manninn á táknmáli og opnaði fyrir honum nýtt líf.*

Lengi hafði markmið Forelda og styrktarfélag heyrnarlausra og Félags heyrnarlausra verið það að heyrnarlausir fengju prest sem gæti talað mál þeirra, táknmálið, og þjóna eingöngu þeim.

Herra Pétur biskup Sigurgeirsson vígði fyrsta prest heyrnarlausra í desember árið 1981. Kirkja heyrnarlausra átti 30 ára afmæli árið 2011. Fyrsti prestur heyrnarlausra á Norðurlöndunum var vígður árið 1900 í Danmörku og í dag starfa þar sex prestar heyrnarlausra. Í Danmörku var Kirkja heyrnarlausra byggð í Kaupmannahöfn árið 1904. Í Svíþjóð var fyrsti prestur heyrnarlausra vígður árið 1906 og sjö prestar starfa þar í dag. Í Finnlandi var fyrsti prestur heyrnarlausra vígður árið 1908 og sjö prestar heyrnarlausra starfa þar í dag.

### **Kirkjan er opin fyrir alla. Þar eiga allir að rúmast.**

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál (táknmál er ekki alþjóðlegt mál) að móðurmáli, þ.e. fólk sem er heyrnarlaust, heyrnarskert og daufblind. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn, heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi fólk er. Þó búa flestir á stór-Reykjavíkursvæðinu en sumir búa á Reykjanesi, Akranesi, í Bolungarvík, á Akureyri, Varmahlíð, Siglufirði og Dalvík. Síðan hafa erlendir heyrnarlausir bæst í hópinn mest á árunum 2006-2007 af ýmsum ástæðum. Þeir eru frá Póllandi Lettlandi, Litháen, Tékklandi, Slóvakíu, Rússlandi og Kína. Á Íslandi skilgreina heyrnarlausir sjálfa sig sem „döff“ sem þýðir að táknmálstalandi heyrnarlausir tilheyrja menningarsamfélagi heyrnarlausra. Fjöldi döff á Íslandi er um 300 manns. Sérhver



Táknmálskór  
Kirkju heyrnarlausra  
syngur í messu

heyrnarlaus einstaklingur á fimm manna fjölskyldu. Og aðstandendur þeirra eru flestir hryndi. Og sumir þeirra tala ekki táknmál. Þess vegna er í guðsþjónustunni alltaf raddtúlkur sem túlkar táknmál yfir á íslensku fyrir þá sem skilja ekki táknmál.

Starfsemi Kirkju heyrnarlausra fer alltaf fram á táknmáli, þ.e. í guðsþjónustum, kirkjuskólanum, helgistundum, bænastundum, helgistundum aldraðra, samverustundum íbúa sambýlis heyrnarlausra, samverustundum mæðra og ungbarna og fermingarkennslum, helgistundum á DAS og samtölum við döff í kirkjunni, heimahúsum, dvalarheimilum, stofnunum og sambýlum. Stundum heldur Kirkja heyrnarlausra sameiginlega guðsþjónustu með öðrum söfnuðum. Mikill hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgaeslu eins og hjá öðrum prestum, nema að allt fer fram á táknmáli. Danskur lærifaðir sagði: „Að vera prestur heyrnarlausra er eins og að vera kristniboði í eigin heimalandi sínu þar sem hann þarf að læra fyrst mál

þeirra og menningu áður en hann fer að starfa.“

Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum messum og mörgum öðrum athöfnum. Táknmálskórinn er kór heyrnarlausra sem syngur sálma á táknmáli. Táknmálskórinn er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndunum. Hann fékk fyrstu virðurkenningu sína með þátttöku á listahátíð í Osaka í Japan árið 1992.

Þó að heyrnarlausir einstaklingar greiði sóknargjöld, renna þau ekki til Kirkju heyrnarlausra þar sem hún er ekki sóknarkirkja. Kirkja heyrnarlausra sækir um styrk hjá Kirkjumálasjóði á hverju ári. En styrkurinn hefur ekki verið í samræmi við fjölda heyrnarlausra. Árið 2012 var Kirkju heyrnarlausra úthlutaður styrkur að fjárhæð kr. 300.000 fyrir 300 manna söfnuð. Þjóðkirkjan fær sóknargjöld fyrir hvern skráðan safnaðarmeðlim skv. lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Þau nema um 8.500 krónum árlega fyrir hvern einstakling sem orðinn er 16 ára, en Kirkja heyrnarlausra fær aðeins kr. 1000 fyrir hvern heyrnarlausan

einstakling. Kirkja heyrnarlausra hefur beðið kirkjuráð um leiðréttingu á undanförunum árum, en án árangurs.

Málefni heyrnarlausra hafa tekið miklum breytingum til dagsins í dag, frá því að prestur heyrnarlausra hóf að starfa árið 1981, eins og neðangreind ljóð eftir Júlíu Guðnýju Hreinsdóttur sýna. Nýr prestur heyrnarlausra tekur til starfa frá og með 1. september n.k.

**„Ég er heyrnarlaus“** frá 1986.

Ég er heyrnarlaus.

Allir í heiminum vorkenna mér.

Þeir fæðast heyrandi og þekkja ekki heyrnarleysi.

Ég er fædd heyrnarlaus og fékk ekki heyrn.

Ég er ánægð með lífið.

Ég man ekki eftir því að ég er heyrnarlaus.

Ég er eðlileg.

Fólki bregður þegar það veit að ég er heyrnarlaus.

En ég er ekki hrædd við að tala við það. Fólkið forðast mig.

En ég elti það.

**„Döff er töff“** frá 2012.

Döff er eðlileg og stolt  
Og heimurinn virðir Döff.

Döff á íslenskt táknmál og íslensku alla daga, mánuði og ár og heimurinn virðir döffmál.

Döff á menningu og heimurinn virðir döff menningu.

Döff vill vera döff og heimurinn virðir Döff.

Döff virðir heiminn.

Döff og heimurinn verða eitt.

Prestur heyrnarlausra kveður og þakkar öllum fyrir allt og biður fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra, nýjum prestum heyrnarlausra og öllum.

# Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda er eftirfarandi:

- Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtíma-gesti sem búsettir eru á Íslandi en í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
- Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

## Helstu þættir starfseminnar eru

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á vanda sínum.
- að veita fólki aðstoð til að geta iðkað trú sína.
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra.
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju.
- að sjá um messu, bænastund, og fleiri kirkjulegar athafnir.

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starfið

sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.



Toshiki Toma

## Starfsemi frá júní 2011-maí 2012

### 1) Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla

#### Tímabilið 1. júní 2011-31. maí 2012

Fjöldi fólks: 137

Fjöldi viðtala: 368

Þjóðerni: 25\*

(\*meðtalin ósjálfstæð svæði, 41 þegar hælisleitendur eru taldir með)

**Trúarbrögð:** lútersk trú, kapólsk, rétt-trúnaðartrú, og önnur mótmælenda-trúarbrögð. Islam, búddhatrú, baháíatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt\*

(\*Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælið Fit í Reykjanesbæ ásamt sjálfboðaliðum Rauða Kross Íslands, en fjöldi hælisleitenda er að meðaltali á bilinu 35-40 alls.)

## Aðgreiningar eftir innihaldi viðtals:

### (miðað við fjölda einstaklinga)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör 53

Atvinnu- og fjármál 16

Mál er varðar lög 18

Húsnæði 5

Veikindi, meiðsl og sorg 29

Mennta- og menningarmál 58

(inniheldur mál sem varðar fordóma)

Trúarbrögð	31
Málefni hælisleitenda	10
<b>Samtals</b>	<b>220</b>

**Samanburður við tölur undanfarin fjögur ár:**

<b>07</b>	<b>08</b>	<b>09</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

**Fjöldi fólks**

145	121	119	157	137
-----	-----	-----	-----	-----

**Fjöldi viðtala**

302	252	286	355	368
-----	-----	-----	-----	-----

**Þjóðerni**

48	29	24	31	25
----	----	----	----	----

Eftir að Alþjóðahúsinu var lokað árið 2010 hefur engin miðstöð innflytjenda verið til staðar, sem veitir ráðgjafarþjónustu og sem jafnframt er vettvangur fyrir menningarlega starfsemi innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg opnaði upplýsinga- og ráðgjafamóttöku fyrir innflytjendur í byrjun ársins 2012, sem sá aðallega um að veita upplýsingar og ráðgjöf um kerfisbundin mál. Einnig tekur Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) nú á móti innflytjendum og veitir þeim lögfræðilega ráðgjöf.

Þannig hefur þjónusta við innflytjendur í höfuðborgarsvæðinu hefur örlítið batnað. Engu að síður er enginn sérstök móttaka til staðar fyrir innflytjendur nema hjá presti innflytjenda, þegar um sálgæslu og lífsstuðning er að ræða þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtíma viðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamálum.

Fjöldi manna sem leitaði til prestsins á tímabilinu 2011-12 var 137 og minni en 2010-11(157). Fjöldi þjóðernis manna

var 25 og þetta er líka minni en á fyrra tímabilinu (31). Engu að síður er fjöldi viðtals 368 og jafn og fyrra tímabil (355) eða pínulítið fleiri. Þetta er vegna þess að sama fólk leitaði til prestsins oftar en einu sinni eða tvisvar.

**Samstarf við aðra aðila**

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var ákveðin samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar. Samstarfið við Rauða Kross Íslands, Biskupsstofu, ÆSKP og Neskirkju var sérstaklega sterkt og ánægjulegt.

Prestur innflytjenda er varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd þjóðkirkjunnar, en samvinna við MRSÍ var ekki mjög rík á þessu tímabili. Ein af ástæðum var sú að ÆSKP tók við umboði prests innflytjenda sem fulltrúa á vegum þjóðkirkjunnar við atburð „Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti“, sem MRSÍ skipuleggur ári hverju. Samstarf við MRSÍ á að vera mjög mikilvægt á fleiri sviðum, því þykir aukning samvinnuverkefna á nýju skýrslutímabili eftirsóknarvert.

Frá haustinu 2009 hefur prestur setið í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenningsarfræðum. Stjórnarmenn funda einu sinni í hverjum mánuði og skiptast á skoðunum og skipuleggja málþing eða starfsemi sem varðar fjölmenningu. Frá mars 2012 tekur presturinn að sér hlutverk skipuleggjanda málþings um móðurmálskennslu í haust 2012.

Prestur innflytjenda var kosinn í Fjölmenningsarráð Reykjavíkurborgar árið 2010, þótt það væri ekki með starfsheiti prests innflytjenda heldur sem einstaklings. Þetta er góð tenging við þjónustu fyrir innflytjenda í borginni og stjórnkerfis borgarinnar.

Einnig er prestur innflytjenda

kominn í „Teymi um innflytjenda- og fjölmenningsmál“. Þetta er óformlegur vettvangur stofnana, sem tengd eru við málefni innflytjenda og fjölmennings. Presturinn var áður í Teyminu en hætti síðan að vera með í nokkur ár.

Samstarf við ýmsar stofnanir utan kirkjunnar er ómissandi fyrir prest innflytjenda. Engu að síður virðist samstarfið vera erfiðara en undanfarin ár, eins og sést í umræðu um samskipti milli skóla og kirkju. Það blasir við að fordómar um „óviðeigandi trúboð“ séu algengir í samfélaginu og kirkjan þurfi að setja skýra stefnu um þjónusta presta í opinberum vettvangi og kynni hana fyrir stofnunum utan kirkjunnar til að losa við ótta og fordóma í garð prestanna.

## **Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði, og innflytjendamessa**

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, og tekur þátt í fermingarfræðslu, hádegisbænastund og sunnudagsmessum.

Einnig hefur prestur innflytjendur haft það á stefnuskránni eftir sumarið 2009 að prédika a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði í mismunandi söfnuðum í höfuðborgarsvæðinu. Prédikaði hann alls fimm sinnum í öðrum söfnuðum en í Neskirkju á árinu. Söfnuðir sem prestur innflytjenda heimsótti og prédikaði í voru: Seltjarnarkirkja, Ólafsvíkirkirkja, Kópavogskirkja, KSS og Breiðholtskirkja. Auk þessa hélt presturinn hugvekju í bænaguðþjónustu í tilefni af eins árs minningardegi hamfaranna í Japan í Grensáskirkju.

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að prédika og hlýjar móttökur.

Meðal annarra voru messur í Ólafsvíkirkirkju og Kópavogskirkju sérstaklega svo úr garði gerðar að innflytjendur í sókninni gætu tekið virkan þátt í messunum. Í Ólafsvík mættu um hundrað kirkjugestir og um fjörutíu í Kópavogi. Prestur innflytjenda fagnar slíkum tækifæri þar sem Íslendingar og innflytjendur koma saman í messu og óskar eftir fleiri slíkum í framtíðinni.

Prestur innflytjenda er ekki með messuskyldu og því virðist að ákveðinn misskilningur sé til staðar innan kirkjunnar eins og hann væri ekki tengdur við messur en þetta er ekki rétt. Það er afar nauðsynlegt að prestur innflytjenda sé sýnilegur í hefðbundinni kirkjulegri mynd líka og því er messuhald mikilvægt. Í samhengi við þetta óskar prestur innflytjenda að hann fái reglulega tækifæri til að halda messu/guðþjónustu (messuskyldu) í náinni framtíð.

### **Nánara um kirkjulegrar þjónustu:**

Prédikun og hugvekja: 6 sinnum (safnaðir eru ofangreindar)

Þjónusta í altarisgöngu: 11 sinnum

Guðþjónusta: Prisar (þ.á.m. er bæna-guðþjónusta eitt sinn)

Brúðkaup: Prisar

## **Heimsókn til hælisleitenda í samstarfi við RKÍ**

Á Íslandi dvelja að jafnaði 35-50 hælisleitendur, þótt mikil hreyfing sé innan hópsins. Þeir gista í sérstöku hóteli í Njarðvík, gistiheimilinu Fit, og einnig félagslegri íbúð í Keflavík. Prestur innflytjenda tók þátt í verkefni sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu, sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Til-

gangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum á meðan þeir biðu eftir úrskurði opinberra stofnana um sín mál.

Sumarið 2006 var þetta tilrauna- verkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ. (Formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda) Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Heimsóknirnar eiga að vera reglulegar, einu sinni í viku. Prestur innflytjenda fór níu sinnum í heimsókn á árinu en auk þess heimsótti hann hælisleitendur nokkrum sinnum eina, eftir því sem þeir óskuðu eftir og þurftu á að halda.

Prestur innflytjenda fór í heimsókn sjö sinnum í skyrslutímabili en viðtal við ákveðna einstaklinga innifelst ekki þar.

## Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi

Að byggja brú á milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem eru nágrennar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félögin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags adventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan Vegurinn, Bahá'í-samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU-Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík og Menningarsetur Múslima.

Samráðsvettvangurinn fagnaði fimm ára afmæli sitt og sérstök samkoma var haldin 25. nóvember í ráðhúsi borgarinnar og forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson og innanríkisráðherra Ögmundur Jónasson, fluttu ræður.

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randver Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara HÍ, og sr. Steinunni Arnprúði Björnsdóttur, verkefnastjóra á Biskupsstofu.

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

Samstarf við *Móðurmál-Félag foreldra tvítýngdra barna*.

Fyrirlestrar og fræðslustundir, samtals 11 sinnum.

Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ (fimm sinnum), FÁ, fermingarfræðslu Nes-kirkju, móttöku guðfræðinema Wartburg Seminary, fræðslukvöld Wartburg Seminary (Skype) og ráðstefnu Akranesbæjar „Brjótum múrinn“.

Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 16 skipti.

Pistlar og prédikanir í Trú.is, samtals 16 skipti.

Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals sjö skipti.

## Lokaorð

Umræða sem varðar þjóðkirkju hefur verið mikil undanfarin ár í íslenska þjóðfélaginu. Oft heyrst það: Hvað er þjóðkirkjan eða hvað er hlutverk hennar? Margir hafa álit á svarinu við þessari spurningu en flestir munu samþykka það að þjóðkirkjan þjónar öllum í þjóðfélaginu.

Þjónusta prests innflytjenda byggist einmitt á þessum anda og sú þjónusta





Boð í biskupsgarði, 23. maí 2012. Viðstaddir auk fulltrúa samráðssetvangs og biskupa voru forseti Íslands og frú, innanríkisráðherra og ráðuneytisstjóri.

hefur áunnið mikið fyrir innflytjendur á Íslandi. Árangurinn er tileinkaður ákvörðun og frumkvæði kirkjunnar. Þjóðkirkjan var fyrsta stofnunin á ríkisstigi sem ákvað að leggja sitt að mörkum í málefnum innflytjenda með velferð þeirra að sjónarmiði en ekki eftirlitsjónarmiði.

Innflytjendur eru svo mismunandi hvað varðar trúarlegan bakgrunn og því innfelur þjónusta við innflytjendur sér eðlilega viðhorf til fjölmenningar og trúarlegrar fjölhyggju. Starfshættir prests innflytjenda byggist því á „ólínulegri boðun fagnaðarerindis“ fremur en hefðbundnu trúboði. „Ólínuleg boðun fagnaðarerindis“ er í stuttu máli sagt að sýna innflytjendum af ólíkum trúarlegum upprunum fram á að kirkjan hugsar til þeirra og kirkjan stendur með þeim hvenær sem er þá vantar lífsstuðning.

Samt er „ólínuleg boðun“ þjónusta prests oft borgaraleg velferðarþjónusta, þar sem prestur þarf að skjótaskast inn í krossgötur manneskju eins og þegar dauða ber að garði, veikindi og

hjónaskilnaði en líka gleðilegar eins þegar fólk gengur í hjónaband eða eignast barn. Þessar krossgötur eru ekki aðskildar frá hinum hlutum lífs fólks sem innflytjenda. Og prestur innflytjenda á að fylgjast með lífi innflytjenda sem heild.

Prestur innflytjenda hefur tvöföldu hlutverki að gegna. Hann þjónar þjónar innflytjendum á vegum kirkjunnar en færir jafnframt raddir innflytjenda til samfélagsins og reynir þannig hann að skapa gagnkvæm samskipti í þjóðfélaginu. Raunar hefur þjóðkirkjan verið stöðugt í samfélagslegri mynd um innflytjendamál á Íslandi á þennan hátt síðustu tæp tuttugu ár og íslenska þjóðfélagið mun viðurkenna það.

Það er mér mikill heiður að geta þjónað sem prestur innflytjenda, sem ég tel sjálfur vera besta embætti fyrir mig til að nýta menntun, starfsþjálfun og lífsreynslu fyrir náunga mína og einnig náunga allra í samfélaginu.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þess.

# Prestur Íslendinga í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir



Arna Grétarsdóttir

„Menn færðu börn til Jesú ...

*Ög Jesús tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau” (Mark 10.13-16)*

Að skíra barn í nafni föður, sonar og heilags anda er eitt af undrum þjónustunnar. Að horfa í augu barnsins, foreldranna og allra ástvina er einstök stund sem gefur kraft til annarra starfa á akri Drottins. Að standa augliti til auglitis á slíkum stundum er eins og að mæta sjálfum kærleiksríkum Guði. Þá lýsir ásjóna Drottins svo bjart og skýrt. Blessun hans og kærleikur verður á einhvern óútskýranlegan hátt ápreifanleg.

Árið 2011 einkenndist af samstarfsanda og vináttu í þjónustunni. Það leystist úr læðingi kraftur sem kom til leiðar breytingum á miðstöð safnaðarinnar í Ósló. Nýtt húsnæði var keypt í upphafi árs 2012 sem var ávöxtur vinnu sl. tveggja ára í húsanefnd. Að þessu tilefni vísiteraði Jón Aðalsteinn Baldvinsson vígslubiskup á Hólum söfnuðinn og blessaði nýju húsakynninn sem nefnt hefur verið Ólafíustofa. Miklar væntingar standa til þess að Íslenska kirkjustarfið í Noregi megi eflast við þessa flutninga. Það má segja að unglingurinn sé fluttur að heiman og fullorðinsárin tekin við. Það er löngu orðið ljóst að Íslenski söfnuðurinn í Noregi er myndugur söfnuður sem er búinn að sanna sig og festa rætur sínar hér til þjónustu í Jesú nafni við þau sem vilja þiggja og láta leiðast af andanum, hvort heldur er á mikilvægum tímamótum lífsgöngunnar eða með þátttöku í íslensku helgihaldi

um landið. Til þess verkefnis fær söfnuðurinn fjármagn frá norska ríkinu og sveitarfélögum í formi sóknargjalda sem skulu fara í það að boða trúna á Jesú Krist, upprisinn frelsara manna.

Það er ánægjulegt að mikil eftirspurn er eftir þjónustu safnaðarinnar og er svo komið að prestur hefur því miður ekki getað sinnt öllum beiðnum sem inn á borð koma.

## Guðsþjónustur og helgihald

Messað var á einum 12 stöðum árið 2011. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsø, Sandefjord, Geilo, Ålesund, Molde og Reykjavík. Þeir aðrir staðir sem hafa fasta tengiliði og farið verður til ef óskað er eftir eru: Fredrikstad, Skien, Kristiansund og Karmøy. Haldnar voru 54 kirkjuguðsþjónustur, bæna- og/eða helgistundir og 36 sunnudagaskólar. 2743 sóttu helgihald safnaðarinnar á árinu og er þá ekki talin mæting í sunnudagaskólann um landið.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru tengiliðirnir ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a. við að bóka kirkju, auglýsa, sækja prest á flugvöll (ef þarf), sjá um að hringja út og minna á og auglýsa messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélögunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er starfið um landið mögulegt vegna þeirra. Tengiliðirnir eru oftast en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náði með þeim.



Börnin eru alltaf sérstaklega boðin velkomin í messurnar.

Safnaðarstjórn fór með prest í messuferðir sem hin fyrri ár og hélt þar vinnufundi og tók þátt í messuhaldinu. Í mars var farið til Molde þar sem tekið var rausnarlega á móti hópnunum af hótélstjórnunum á Rica, Ragnari Pálsyni og tengiliðnum Theodóru Baldvinsdóttur bæjarfulltrúa í Molde. Í október var fundað í Kaupmannahöfn með íslenskum sóknarnefndum ÍKE ásamt prófastinum okkar sr. Birgi Ásgeirssyni. Samstarf sóknarnefnda er mikilvægt fyrir söfnuðina erlendis og tengir okkur einnig þjóðkirkjunni á Íslandi. Í safnaðarstjórn situr einn fulltrúi frá Tromsø, einn frá Bergen og einn frá Stavanger. Þessi þátttaka landsbyggðarinnar undirstríkar það að söfnuðurinn þjónar um allan Noreg.

Ískórinn syngur við guðsþjónustur í Ósló og víða ef eftir því er leitað. Ískórinn starfar fyrir söfnuðinn eins og kirkjukór og heldur uppi helgihaldi safnaðarins í Ósló með sálmasöng og messusvörum. Hér er Ketil Grøtting stjórnanda kórsins og organistanum

Peggy Jensen Lous sérstaklega þakkað fyrir sína góðu þjónustu.

Íslendingakórar hafa verið stofnaðir í Bergen og í Þrándheimi. Í undirbúningi er að endurvekja kór í Stavanger. Það hefur verið ómetanlegt fyrir helgihald safnaðarins að geta leitað til íslensks tónlistarfólks sem tilbúið er að færa landanum fagnaðarboðskapinn í tónum víða um land.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna er fyrsta föstudagur í mars ár hvert. Hefð er komin á með að Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trússystkina víða að úr heiminum.

Aðventuhátíðin í Ósló heppnaðist vel. Hátíðarræðu flutti Guðrún Ebba Ólafsdóttir og eru henni færðar þakkir fyrir kjark og styrk sem hún hefur sýnt. Hún hitti einnig nokkrar konur á námskeiði safnaðarins sem hún hjálpaði með uppörvandi orðum og aðstoð. Tónlistarfólkið koma að hluta frá Íslandi. Björg Þórhallsdóttir og Hilmar Örn

Frá aðventu-  
háttíðinni í Ósló



Agnarsson voru gestir ásamt Hjörleifi Valssyni sem strýkur strengi fiðlunnar að einstakri snilld við ýmis önnur tækifæri. Ískórinn undir styrkri stjórn Ketil Grötting söng einnig sem fyrr. Íris Arnarsdóttir las jólasöguna að þessu sinni.

### **Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleikspjónusta**

Árið 2011 voru skírð þrettán börn, tvö í kirkjum en 11 í heimahúsum. Hjónavígslur voru fimm og sjö kveðjuathafnir. 17 börn sóttu fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2010-11. Í vetur eru skráð í fræðslu 57 fermingarbörn frá 16 stöðum á landinu.

Prestur sinni sálgæslu og kærleikspjónustu sem fyrr og fór í 25 hús- og sjúkraitjanir á árinu. 126 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 112 símasalgæsluviðtal var veitt.

Ólafíusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í stjóðsstjórn sitja ásamt prest,

Kristján Daðason og Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Hægt er að sækja um í sjóðinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á netinu: [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no), hjá starfsmanni eða presti.

Ólafíusjóður úthlutaði samtals nok. 141.000,- árið 2011. Annars vegar til Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi samkvæmt aðalfundarsamþykkt og hins vegar til einstaklinga og fjölskyldna sem búsett eru í Noregi samkvæmt skipulagsskrá.

Símatími prests er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Alltaf er hægt að hringja á skrifstofuna sem mun auglýsa nýjan opunar- og símatíma í nýju húsnæði og auknu stöðuhlutfalli starfsmanns.

### **Safnaðarstarfið**

Sunnudagaskóli er nú starfræktur reglulega á vegum safnaðarins í Ósló, Drammen, Bergen og Stavanger, Sandefjord, Fredrikstad og Kristian-



Fermingarbörn á Norðurlöndum.  
Ljós. Bogi Benediktsson

sund. Söfnuðurinn vill endilega heyrna frá fólki sem er tilbúið að koma af stað sunnudagaskóla um landið. Við barnastarfið starfa nú tólf leiðtogar. Umsjón með sunnudagaskólanum í Ósló hafa þær Hrefna Grétarsdóttir og María Gunnarsdóttir guðfræðinemi. Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Lína Hilmarsdóttir hafa umsjón með barnastarfi í Stavanger og í Bergen hafa umsjón með sunnudagaskólanum Helga Sigríður Þórsdóttir og Ingibjartur Jónsson sem einnig er liðtækur á orgelið þegar messað er. Svala Snorradóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í Drammen. María Gunnarsdóttir guðfræðinemi hefur verið með sunnudagaskóla í Fredrikstad. Í Kristiansund er Salóme Huld nýbyrjuð með sunnudagaskóla. Bogi Benediktsson og Sigurður Jón Sveinsson sem hafa verið á Biblíuskóla í Ósló hafa verið liðtækir í sunnudagaskólann, unglíngastarfið og annað barnastarf. Fengur er fyrir söfnuðinn og alla kristni að hafa gott og áhugasamt fólk á akrinum.

Prestur hóf áttak veturinn 2010 í því að koma inn á íslensku heimilinn sunnudagaskólanum á DVD sem og geisladisknum „Ég get sungið af gleði“ með sunnudagaskólasöngvunum. Með þessu er reynt að mæta börnunum í dreifðinni og styrkja heimilisuðrækni. Þetta hefur mælst vel fyrir og enn er diskunum dreift.

Hið árlega *Leiðtoganámskeið* á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu var haldið í Gautaborg. Þar komu saman að venju leiðtogar í starfinu af Norðurlöndunum.

Æskulýðshópur safnaðarins er að festa rætur sínar þó erfitt sé að halda sambandi við unglíngana sem búa dreift um Noregsbyggðir. Félagar í æskulýðsfélaginu geta verið þau sem eru fermd og hafa áhuga á því að skemmta sér á heilbrigðan hátt í góðum félagsskap hvers annars og vilja halda við fermingarheitinu. Ár hvert er farið til Íslands á *Landsmót æskulýðsfélaga* og í október 2011 fór hópur skemmtilegra unglínga til Selfoss. Æskulýðshópur safnaðarins er hluti af Æskulýðs-

sambandi Þjóðkirkjunnar – ÆSKÞ. Þessi tilboð safnaðarins er ein af stöðum safnaðarstarfsins og liður í því að halda tengslum við fermd ungmenni. Æskulýðshópar eru að myndast í Ósló, Stavanger og Bergen.

Fermingarbörnin eru búsett víða um Noreg og eins og undanfarin ár hittast fermingarbörnin íslensku safnaðanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku í september og í maí á fermingarfræðslunámskeiði. Fermingarbörnin hafa verið mjög dugleg við að aðstoða þegar messað er á þeirra heimasvæðum. Prestur nær að hitta hluta fermingarbornanna í ferðum sínum um landið.

Hjóna- og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur voru haldin og unnin í samstarfi prests og sálfræðingsins Eyglóar Sigmundsdóttur. Þessi námskeið eru haldin fyrir hópa eftir beiðni frá safnaðarameðlimum víða um landið.

## Samvinna og upplýsingamáli

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Ætlunin er að halda þeirri útgáfu áfram. Hrafnhildur Brynjarsdóttir grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið og verið prestur innan handar með yfirlestur ásamt Ingu Erlingsdóttur starfsmanni. Facebook síða safnaðarins „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“ ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólann í Bergen, Stavanger og Kristiansund eru virkar. Þar er starfið auglýst og skilaboðum komið til sóknarbarna. Eins hafa messu-auglýsingar verið settar inn á facebook síðu „Íslendingar í Noregi“ og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no).

Unnið er að því að gera heimasíðu safnaðarins aðgengilegri og notendavænni. Um sístætt verkefni er að ræða á þeim vettvangi.

Lýðveldishátíðin er haldin í Ósló í samstarfi við Íslendingafélagið í Ósló. Hátíðarhöldin hefjast með helgihaldi og hefur gefist vel að vera í og við Nordbergkirkju. Messukaffið er framhald guðspjónustunnar. Það er dýrmætt fyrir okkar að geta sest niður og mætt hvors annars andlitum, drukkið kaffi og spjallað saman. Íslendingum og Íslendingafélögum um landið er þakkað fyrir að halda utan um þetta ómetanlega kaffisamfélag.

Mikilvægt er fyrir söfnuðinn og prest að geta leitað til sendiherra og starfsfólks alls á sendiráðsskrifstofunni. Samstarf er hafið við íslenska presta sem eru í þjónustu norsku kirkjunnar. Sr. Þorvaldur Víðisson sem þjónar á eyju utan við Þrándheim messaði fyrir Íslendingana þar fyrir jólin. Þakkir eru færðar fyrir þá þjónustu. Söfnuðurinn væntir góðs af samstarfi við fleiri íslenska presta í framtíðinni og vonar að það megi auka og bæta þjónustuna.

Inga Erlingsdóttir starfsmaður á skrifstofunni í Ósló hefur í nokkrum skrefum verið færð í fullt starf. Er það viðbrögð við auknum fjölda sóknarbarna.

Óslóarbiskup og dómrófastur hafa boðað prest til samráðs- og prestafundar. Það hefur verið ánægjulegt að finna sig í hópi kollega í norsku kirkjunni. Það er von mín að allt samstarf við systurkirkju okkar, norsku kirkjuna haldi áfram að styrkjast.

Megi kærleiksríkur Guð láta ásjónu sína lýsa yfir söfnuð sinn um alla framtíð.

# Prestur Íslendinga í Svíþjóð

Sr. Ágúst Einarsson

## Inngangur

Íslenska prestsembættið í Svíþjóð var lagt niður á vordögum 2010 vegna niðurskurðar hjá íslensku þjóðkirkjunni í kjölfar efnahagshrunsins. Í framhaldi af þessari ákvörðun leitaði söfnuðurinn til Sænsku kirkjunnar eftir aðstoð og fékkst tímabundinn styrkur til að kosta um hálf t starfshlutfall prests. Þjóðkirkjan tók við þeim styrk og annaðist launaumsýslu svo lengi sem þeir fjármunir entust eða fram til 1. desember 2011.

Starfsemi Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð var blómleg og í vexti fram til ársins 2009. Árin á undan hafði íslenska kirkjustarfið vaxið jafnt og þétt með reglulegu guðsþjónustuhaldi og barnastarfi á fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum, Stokkhólmi, Uppsöllum, Gautaborg og Lundi/Malmö.

Undanfarin tvö ár höfum við hins vegar þurft að draga saman seglin í safnaðarstarfinu í réttu hlutfalli við að starfshlutfall prests hefur verið skert og fjármunir til rekstrar hafa minnkað.

Frá ársbyrjun 2012 hefur prestur aðeins fjórðungs starfshlutfall við almenn safnaðarstörf og það er fjármagnað með rekstrarstyrkjum sem safnaðarstarfið nýtur ennþá frá Sænsku þjóðkirkjunni og nánar er greint frá síðar í þessari skýrslu.

Ennfremur hefur presturinn það verkefni fyrir Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga sem koma til Sahlgrenska sjúkrahússins til rannsókna og í aðgerðir.

## Á íslenskt safnaðarstarf erlendis framtíð fyrir sér?

Það er ekki að ástæðulausu að margir spyrji hvort íslenskt safnaðarstarf erlendis eigi starfsgrundvöll og framtíð fyrir sér. Eftir að þau þrjú prestsembætti sem kostuð voru frá Íslandi voru lögð niður er starfsemin svipur hjá sjón miðað við það sem áður var og spurning hvort eitthvað sé hægt að gera til að blása lífi í glæðurnar eða hvort enn meiri samdráttur sé framundan í því safnaðarstarfi sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir gengishrunið á Íslandi var íslenska kirkjan erlendis hluti af starfi þjóðkirkjunnar í þeim mæli sem mögulegt þótti. Á nokkrum þeim stöðum þar sem flestir Íslendingar bjuggu, voru í námi eða komu til læknis- aðgerða, og þar sem íslenskar sóknarnefndir kölluðu eftir helgihaldi hélt íslenska þjóðkirkjan uppi prestsþjónustu. Sóknarnefndarformenn í söfnum erlendis voru kallaðir til skrafs og ráðagerða á Biskupsstofu annað hvert ár, mikil gróska og bjartsýni ríkti um framtíð kirkjustarfsins. En þegar að kreppti fjárhagslega voru prestsembættin erlendis þau fyrstu sem urðu fyrir niðurskurðarhúfnunum þrátt fyrir það að á sama tíma fjölgaði Íslendingum erlendis vegna hrunsins. Niðurskurðurinn var skiljanlegur í ljósi alvöru tímanna og ekki hjálpaði það starfinu erlendis að á sama tíma varð allt dýrara vegna veikingar íslensku krónunnar. En allt fór þetta afar snögglega fram án mikillar umræðu um nauðsyn eða mikilvægi starfsins. Ekki var hægt að fá fram umræðu um



Ágúst Einarsson

hvernig, hvort og hvenær byggja ætti upp að nýju þegar og ef betur áraði fyrir íslenskri þjóðkirkju.

Nú þegar fjögur ár eru liðin frá hinu alvarlega efnahagslega áfalli og farið er að horfa til framtíðar er ekki úr vegi að spyrja hvort vilji sé til að hefja uppbyggingu að nýju.

Nú var það ekkert einsdæmi að íslenska þjóðkirkjan leitist við að halda uppi kirkjustarfi meðal samlanda á erlendri grund. Þjóðkirkjur Norðurlanda halda sem kunnugt er uppi öflugum starfi víða um heim. Þannig er sænska kirkjan með kirkjustarf á móðurmálinu meðal samlanda á 42 stöðum í heiminum. Þó að aðskilnaður ríkis og kirkju sé vel skilgreindur í Svíþjóð hefur sænska kirkjan ekki horfið frá þjóðkirkju-hugsjóninni. Það felur meðal annars í sér þá skyldu að vera eftir megni til staðar með áherslu á guðþjónustuhald og sálgæslu fyrir þann hluta þjóðarinnar sem býr fjarri heimalandinu í lengri eða skemmri tíma. Skylda þjóðkirkju við þjóð ná út fyrir landamæri.

## **Fjöldi sóknarmanna íslensku þjóðkirkjunnar í Svíþjóð**

Samkvæmt þjóðskrá og upplýsingum inni á þjónustuvef þjóðkirkjunnar er fjöldi sóknarmanna í Svíþjóð 5.888 einstaklingar, þar af eru fjölskyldurnar 4.018, fæddir erlendis 1.812 og fjöldi barna á fermingarári 80 árið 2.012. Í Svíþjóð býr þessi myndarlegi hluti íslenskrar þjóðar og hér eru aðeins taldir þeir sem tilheyra þjóðkirkjunni, því fjöldi Íslenskra ríkisborgara í Svíþjóð er nálægt 7.200 talsins.

Þeir fjármunir sem tryggja prestsþjónustu og laun presta byggja á afrakstri eignasamnings kirkju og þjóðar frá gamalli tíð. Það rennir stoðum

undir þá skoðun að allir Íslendingar eigi rétt á prestsþjónustu hvort sem þeir eru innan eða utan þjóðkirkju. Spyrja má hvort þeir Íslendingar sem flytjast til útlanda um lengri eða skemmri tíma eigi ekki rétt til prestsþjónustu af hendi þjóðkirkju Íslands á sama grundvelli? Einnig þeir 5.888 þjóðkirkjumeðlimir sem búsettir eru í Svíþjóð?

Félags- og sóknargjöldin standa undir rekstri safnaðana. Það þarf að leita leiða til að íslensku söfnuðirnir erlendis geti fengið Íslendinga á sínum starfssvæðum til að borga sóknargjöld sem geti hjálpað til við rekstur safnaðanna.

Einnig þarf að skoða hvort sá hluti Íslendinga sem búsettir eru erlendis og greiða tekju- og eignaskatt heima á Íslandi hafi ekki í raun greitt sóknargjöld til íslensku þjóðkirkjunnar. Þar kunna að vera fjármunir faldir, sem hvorki skila sér til þjóðkirkjunnar né íslenska kirkjustarfsins erlendis.

## **Sjúkrahúsþjónustan**

Sjúkratryggingar Íslands gerðu samning við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg í ársbyrjun 2010 um líffæra-ígræðslur fyrir Íslendinga. Í kjölfar þess hafa ár hvert verið um að ræða 40-50 heimsóknir sjúklinga til Sahlgrenska sjúkrahússins til rannsóknna og aðgerða. Samtals eru einstaklingarnir nálægt 100, sem ár hvert koma hingað, ef fjölskyldumeðlimir sem fylgja eru taldir með. Dvalartíminn er frá fjórum dögum upp í nokkra mánuði.

Í áratugi var íslenska þjóðkirkjan í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu presta við þá Íslendinga sem sendir voru til aðgerða erlendis. Því góða samstarfi lauk afar snögglega er prestsembættin erlendis voru



lögð niður þegar að kreppti í fjárhag þjóðkirkjunnar.

Þegar ljóst var að prestsembættið í Gautaborg yrði lagt niður í þann mund sem þörf var á þjónustu við íslenska sjúklinga senda frá Íslandi til Gautaborgar beindi biskup Íslands hr. Karl Sigurbjörnsson því til undirritaðs að athuga þann möguleika að gera verktakasamning við Sjúkratryggingar Íslands.

Auðsótt var að gera verktaka-samninginn við Sjúkratryggingar Íslands, sem meta stuðninginn við skjólstæðingana sem hingað koma mikils. Verktakasamningurinn fyllir um þriðjung af starfshlutfalli prests. Sjúkratryggingar Íslands hafa einnig gert samninga við tvo hjúkrunarfræðinga í Lundi og Stokkhólmi sem inna af hendi að ýmsu leyti sambærilega þjónustu.

Íslenska heilbrigðiskerfið þarf að hafa framlengingu á erlendri grund vegna flókinna og dýrra aðgerða og þróunin er í þá átt að fleiri samningar eru gerðir við hátæknisjúkrahús í Svíþjóð.

Ljóst er að ef íslenskur prestur hefði ekki verið að leita sér að verkefnum í Gautaborg þegar ofangreindir samningar voru gerðir þá hefði verið gerður samningur um þessa stuðningsþjónustu við einhvern annan aðila. Það má velta því fyrir sér hvort íslenska þjóðkirkjan hafi ekki skyldum að gegna og eigi að axla ákveðna ábyrgð innan þessarar lífsnauðsynlegu framlengingar íslensks heilbrigðiskerfis, þannig að samstarfið um þjónustuna verði tryggt til frambúðar. Hingað koma samlandar okkar sem þurfa félagslegan, sálrænan og trúarlegan stuðning á miklum átakátíma í lífi sínu og það er mikilvægt að þjóðkirkjan sé sýnileg í þeirri þjónustu.

## Fjárhagur og rekstrarstyrkir

Þegar íslenska þjóðkirkjan setti á fót embætti prests fyrir Íslendinga í Svíþjóð varð að samkomulagi að Sænska kirkjan legði til rekstrarstyrk á móti sem nú nemur (eftir 15% skerðingu árið 2011) um 850 íslenskum sóknargjöldum. Enn fremur njótum við styrks frá SST (stofnun sem leggur trúfélögum, öðrum en sænsku kirkjunni, til styrki) sem jafngildir 250 íslenskum sóknargjöldum. Þriðji sænski styrkurinn eru samskot Sænsku kirkjunnar til erlendu systur-safnaðanna í Svíþjóð sem gefa um 25 sóknargjöld. Loks fáum við 100 sóknargjöld frá þjóðkirkjunni á Íslandi til rekstrar safnaðarinnar.

Í stuttu máli má segja að þrátt fyrir niðurlagningu prestsembættis í ársbyrjun 2010 höfum við í stórum dráttum haldið álika fjármunum og áður til rekstrarinnar. Það er þó ljóst að ef presturinn hefði til dæmis flutt sig úr landi þegar embættið var lagt niður hefði íslenska safnaðarstarfið misst þessa sænsku rekstrarstyrki.

Með því að sýna styrktaraðilum að hér sé ennþá sóknarnefnd og prestur að berjast fyrir að halda uppi kirkjustarfi meðal Íslendinga höfum við haldið í ofangreinda styrki, þó við vitum ekki hversu lengi það verður. Það styrkir málstaðinn að presturinn hefur einnig það verkefni að taka á móti miklum fjölda sjúklinga frá Íslandi. Sænska kirkjan þjónustar sænska sjómenn, námsfólk, ellilífeyrisþega og fleiri hópa víða erlendis og þegar við segjum frá íslensku sjúklingunum sem koma til okkar skilja þeir vel nauðsyn og mikilvægi þjónustunnar.

Ofangreindir fjármunir sem jafngilda um 1225 íslenskum sóknargjöldum voru áður notaðir að fullu til að reka að okkar mati umfangsmikið safnaðarstarf. Nú

höfum við orðið að skera niður í rekstri og allri starfsemi. En við höfum getað haldið uppi lágmarks rekstri í safnaðarstarfinu með því að tvískipta rekstrarfjármuninum. Helmingi rekstrarstyrkja er nú varið til að kosta 25% starfshlutfall prests og hinum helmingnum til almenns rekstrar safnaðarstarfsins.

## **Safnaðarstarfið, guðspjónustur, kirkjuskólar og fermingarfræðsla**

Við höfum þurft að horfast í augu við nýjar forsendur í safnaðarstarfinu og reyna að sníða stakk eftir vexti. Í höfuðdráttum hefur kirkjustarfið þó haldist í óbreyttri mynd á Gautaborgarsvæðinu, enda eru þar hægst heimatökin þar sem presturinn býr þar og áhugasöm sóknarnefnd vinnur ótulllega við að bera uppi safnaðarstarfið.

Guðspjónustur í Gautaborg voru að jafnaði einu sinni í mánuði í Västra Frölunda kirkju yfir vetrarmánuðina. Kirkjusókn var ágæt eða um 55 manns við hverja guðspjónustu og mun fleiri við hátíðarguðspjónustur. Íslenski kórinn í Gautaborg syngur við guðspjónustur undir stjórn Kristins Jóhannessonar og Tuula Jóhannesson leikur á orgel. Barnafræðsla er í tengslum við guðspjónusturnar, börnin taka þátt í hluta guðspjónustunnar en njóta síðan sérstakrar dagskrár. Með þessu fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið. Kirkjuskólinn í Gautaborg var að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann.

Í Stokkhólmi höfum við ekki getað haldið uppi reglulegu helgihaldi á síðasta starfsári. Þar veldur minni starfstími prests og sparnaður í ferðakostnaði. Þá hefur heldur ekki tekist að finna

leiðtoga úr hópi heimafólks til að sjá um kirkjuskólalastar.

Í Uppsölum var kirkjuskóli annan hvern laugardag í Tunabergskirkjunni. Anna Stefanía Erlendsdóttir hafði umsjón með starfinu og við erum í góðu samstarfi við Íslendingafélagið í Uppsölum. Aðventuguðspjónusta með heimsókn prests var haldin í desember og vorhátíðarguðspjónusta í apríl.

Í Lundi var kirkjuskóli annan hvern laugardag í St. Hans kirkju yfir vetrartímann. Jólasamveru kirkjuskólans sóttu 145 manns og að jafnaði voru gestir kirkjuskólans margir. Umsjón með kirkjuskólanum höfðu þær Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Hanna Gísladóttir og Ásdís Elva Pétursdóttir. Jólaguðspjónusta var í St Hans kirkju í Lundi á Þorláksmessu og var afar vel sótt að venju. Íslenski kórinn í Lundi söng undir stjórn Karls Olgeirssonar sem jafnframt lék á orgel.

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði síðasta starfsvetur. Fermingarmót voru haldin á Åh stiftsgård í september og maí. Þar sameinast íslensku söfnuðirnir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku um tveggja sólarhringa fermingarmót og voru unglingarnir um 90 talsins. Íslenski presturinn í Noregi, sr. Arna Grétarsdóttir, ásamt undirrituðum og mörgum fullorðnum leiðtogum sáu um dagskrá mótsins. Með unglingunum frá Danmörku kom Lárus Guðmundsson sóknarnefndarmaður. Milli fermingarbúða lesa unglingarnir íslenska kennslubók í fermingarfræðum og leysa reglulega verkefni á tölvutengdu formi. Fræðslufundir eru haldnir í tengslum við guðspjónustur. Þá sækja unglingarnir einnig guðspjónustur minnst mánaðarlega í heimabyggð sinni. Unglingar í fermingafræðslu fá íslenskt Nýja testamenti að gjöf í samvinnu við



Fermingarbörn  
í Svíþjóð ásamt  
presti

Gídeonfélagið á Íslandi. Við í Svíþjóð höfðum stóran hóp íslenskra unglunga í fræðslu síðastliðin vetur, eða alls 24 unglunga. Talsvert margir þeirra fermduð síðan heima á Íslandi, en átta fermduð á hvítasunnudag 2012 í V-Frölundakirkju. Myndin hér að ofan var tekin við það tilefni.

Barnastarfið er mikilvægur þáttur í safnaðarstarfinu og er mjög ánægjulegt að okkur skuli hafa tekist að halda því öflugu þrátt fyrir hina almennu skerðingu. Söfnuðurinn hefur í öllu þessu starfi notið hjálpar duglegra og áhugasamra leiðtoga og foreldra, sem er afar þakkarvert.

Ýmsir aðrir viðburðir hafa átt sér stað á vegum safnaðarstarfsins í Gautaborg, svo sem fræðslumorgnar, vorhátíð, hátíð í tilefni 17. júní og jólatrésskemmtun.

## **Samstarf íslenska kirkjustarfsins á Norðurlöndum**

Leiðtoganámskeið hefur árlega verið haldið fyrir umsjónarfólk barnastarfsins

í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Í september 2011 var námskeiðið haldið í Gautaborg og þátttakendur voru um 25 manns. Elín Jóhannsdóttir fræðslufulltrúi biskupsstofu annaðist fræðsluna. Það er dýrmætt fyrir leiðtogana að finna samhengi starfsins og fá fræðslu um það nýjasta sem er í boði.

Til Kaupmannahafnar hefur Íslenska kirkjan í Svíþjóð lánað prestinn sinn til að halda einstaka messu og fermingarfræðslutíma. En einnig hefur sr. Birgir Ásgeirsson prófastur og aðrir prestar komið frá Íslandi í sömu erindagjörðum. Samvinnan við safnaðarnefndina í Danmörku á þann aðdraganda að undanfarin ár hafa unglungar í fermingarfræðslu komið þaðan til Åh stiftsgärd og tekið þátt í fermingarmótunum. Í Kaupmannahöfn er starfandi íslensk safnaðarnefnd og tveir íslenskir kórar skiptast á að syngja í guðsþjónustum og sjá um kirkjukaffi í Jónshúsi. Mikil áhugi er meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn á að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi þar.

Samráðsfundur íslenska kirkjustarfsins erlendis var haldinn í Kaupmannahöfn í október 2011. Fulltrúar úr sóknarnefndum safnaðanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hittust. Kynning fór fram á starfsemi safnaðanna og framtíðarhorfur ræddar. Sr. Birgir Ásgeirsson prófastur Reykjavíkur-prófastsdæmis vestra tók þátt í fundinum. Samráðsfundurinn sendi frá sér ályktun þar sem harmaður var sá niðurskurður sem Íslenska kirkjan erlendis hefði orðið fyrir um leið og vakinn var athygli á að Íslendingum fjölga á starfssvæðum okkur og þjónustubörfin eykst fremur en minnkar. Ályktunin var send til Kirkjupingsfulltrúa á Íslandi og til allra alþingismanna. Í framhaldi af samráðsfundinum í Kaupmannahöfn skrifaði prófasturinn Birgir Ásgeirsson bréf til Kirkjuráðs þar sem hann fór fram á að Kirkjuráð yki á ný þjónustu við allan þann fjölda Íslendinga sem búa í Danmörku og Svíþjóð. Beiðni hans fylgdi ítarleg greinargerð um mikilvægi þessa kirkjulega starfs.

Það verður að segjast eins og er að engin áþreifanleg viðbrögð, sem breyta stöðunni, hafa orðið við ályktun samráðsfundarins og bréfi sr. Birgis Ásgeirssonar. Við vonum hins vegar að

þessi ályktun og bréfaskrifitir hafi vakið athygli á stöðu mála og hjálpi til að auka skilning á mikilvægi kirkjustarfsins erlendis.

## Lokaorð

Í lokaorðum þessarar ársskýrslu er ekki annað hægt en að auglýsa að nýju eftir framtíðaráformum Íslensku Þjóðkirkjunnar varðandi kirkjustarf og þjónustu við þann hluta íslensku þjóðarinnar og meðlima þjóðkirkjunnar er búa í Svíþjóð. Jafnframt að kalla eftir ábyrgð og skyldum gagnvart þjónustu við þá einstaklinga sem koma til Svíþjóðar á vegum Sjúkratrygginga Íslands.

Presturinn þarf að búa við starfsöryggi þar sem heilt starfshlutfall er tryggt til einhverja ára og þar sem lífeyrisréttindi eru viðunandi tryggð.

Íslenska sóknarnefndin í Svíþjóð þarf að nýju að finna sig sem hluta af því stóra samhengi sem íslenska þjóðkirkjan er. Það kallar á reglulega samráðsfundi með prófasti og biskupsstofu eins og áður og að Íslenska kirkjan erlendis fái skýrt hlutverk þar sem í starfsreglum er fjallað um stefnu og starfsáherslur íslensku þjóðkirkjunnar.

# Sálgæsla presta og djákna á LSH

Sr. Sigfinnur Þorleifsson

Hér að neðan eru starfsemistölur sálgæslu presta og djákna á LSH.

Árið	2011 <sup>1)</sup>
Eftirfylgd	891
Fjölskyldufundir	94
Guðsþj, helgihald, kyrrðarst.	305
Handleiðsla starfsmanna	124
Helgistund við dánarbeð <sup>2)</sup>	158
Hópastarf	308
Sálgæslusamtöl einstaklings	1.642
Sálgæslusamtöl m. fjölskyldu	1.183

Sálgæslusímtöl	728
Stuðningur við starfsmenn	298
Útköll <sup>3)</sup>	573
<b>Heild:</b>	<b>6.304</b>

<sup>1)</sup>Rafræn skráning var tekin upp seinni hluta árs 2012 og eru því aðeins birtar tölur fyrir 2011.

<sup>2)</sup>Einungis helgistundir á dagvinnutíma, aðrar koma fram með útköllum.

<sup>3)</sup>Útköll, utan dagvinnutíma, vegna stuðnings við aðstandendur, sjúklinga, starfsmenn eða vegna helgistundar við dánarbeð.



Sigfinnur Þorleifsson

## Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir

### Inngangur

Mikil breyting varð á starfsemi deildarinnar um áramótin þegar Valgerður Valgarðsdóttir lét af störfum, eftir 17 ára starf sem djákni á Sjúkrahúsinu. Hún var frumkvöðull og byggði upp starf trúarlegrar þjónustu sem nú er orðinn eðlilegur og sjálfsgæður þáttur í þjónustu Sjúkrahússins á Akureyri. Færum við henni kærar þakkir fyrir óeigingjarnt starf og biðjum henni Guðs blessunar um alla framtíð.

Vegna niðurskurðarkrafna er þjónustunni nú einungis sinnt af prest í 75% starfi. Reynt er að láta niðurskurð ekki bitna meira á þjónustunni en allra nauðsynlegast er.

### Starfsemin

Starfið felst í sálgæsluviðtölum, samfylgd, fræðsla og helgihaldi. Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Sálgæsla og helgihald eru aðal þættir trúarlegrar þjónustu.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga. Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkraföfum, en um 200 helgistundir voru á árinu 2011.

Kapellan, sem vígð var í desember 2007, nýttist öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænaundir í kapellu eru öllum opnar.



Guðrún Eggertsdóttir

Valgerður  
Valgarðsdóttir  
og Guðrún  
Eggertsdóttir



### **Samstarf.**

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum Sjúkrahússins er trúarlegri þjónustu mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Prestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófastsdæminu öllu er gott og gefandi.

### **Fræðsla**

Sjúkrahúsprestur og djákni hafa komið að fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan Sjúkrahússins m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests/djákna, fræðslu um áfallahjálp, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

Í þrjú ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur í kapellu. Alla miðvikudaga kl. 17.00-18.00 er boðið upp á slíka samveru ásamt fræðslu um hina kristnu íhugunaraðferð Centering Prayer.

# Sérþjónustuprestur að Sólheimum

Sr. Birgir Thomsen

Starf sérþjónustuprests að Sólheimum hefur sannað gildi sitt í samfélaginu og er vart hægt að hugsa sér samfélagið án slíkrar þjónustu og þess kristilega starfs sem fram fer hér í Sólheimakirkju, enda hafði það verið óskadraumur til margra ára að koma slíku starfi á laggirnar. Starfslaun eru alfarið greidd af Sólheimum svo og starfsaðstaða, en með sanni má segja að starfssvið sérþjónustuprests hér sé fjölbreytt þar sem öll menntun og fyrri störf, rafeindavirkjun í mínu tilfelli, nýtist hér eins og í hverri annarri stór- fjölskyldu.

## Framkvæmdir við Sólheimakirkju

Ráðist var í endurnýjun á torfhleðslunni við kirkjuna, en gamla hleðslan hafði hrunið að hluta til svo ekki var annað fært en að endurnýja alla hleðsluna umhverfis kirkjuna. Einnig voru settir upp torfveggir sinn hvoru megin við heimreiðina að kirkjunni og settir upp hliðstólpar úr trjádrumbum. Gefur þetta heimreiðinni mikinn svip. Útbúin voru bílastæði og lögð er áhersla á að sem flestir gangi að kirkju. Svipmiklir lágir ljósastaurar, svokallaðir munkar, voru

einnig settir frá hliði að kirkju, alls tólf talsins, auk þess sá þrettándi sem er andspænis þeim í hliðinu. Var haft á orði, að þar með væru komnir postularnir tólf sem lýstu upp heimreiðina og ímynd Jesú sem lýsti þeim öllum.

Kirkjugarður við Sólheimakirkju hefur verið á deiliskipulagi síðan árið 2001.


Eftir að öll tilskilin leyfi voru til staðar var samþykkt á aðalsafnaðarfundi Mosfellssóknar þann 1. júlí 2010, að senda umsókn til Kirkjugarðaráðs, þar sem óskað var leyfis fyrir garðinum. Heimild til upptöku kirkjugarðsins var veitt frá Kirkjugarðaráði á síðasta ári og var hafist handa við gerð garðsins um sumarið og lokið að mestu á haustmánuðum 2011.

Framkvæmdir við garðinn, kostnaður við gerð hans, svo og öll dagleg umsjón og umhirða er í höndum Sólheima. Er hann sérstakur í laginu eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Gert er ráð fyrir reitum fyrir duftker og grafarstæðum fyrir kistur. Með þessum framkvæmdum er langþráðum áfanga náð. Í bígerð er að helluleggja heimreiðina og leggja í hana hitalögn eins og er í stéttinni næst kirkjunni.



Birgir Thomsen



Heimreiðin og kirkjugarðurinn við Sólheimakirkju

Frá afhendingu Guðbrandsbiblíu, f.v. Björgvin Magnússon, Edda Björgvinsdóttir og sr. Birgir Thomsen



Sólheimakirkju barst merkileg gjöf við Allra heilagra messu þann 6. nóvember s.l.

Mæðginin Björgvin Magnússon og Edda Björgvinsdóttir færðu Sólheimakirkju að gjöf afrit af Guðbrandsbiblíu í vönduðu leðurbandi. Er það okkur mikill heiður að fá slíka biblíu í kirkjuna og kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir þær blessunaróskir og hlýhug sem fylgdi gjöfinni.

Starfsemin í kirkjunni er með svipuðum hætti og undanfarin ár þannig að guðsþjónustur eru að jafnaði annan hvern sunnudag allt árið auk stórhátíða. Kirkjuskóli Mosfellsprestakalls er haldinn í kirkjunni í samstarfi við sóknarprest. Á kirkjudeginum sem haldinn var hátíðlegur sunnudaginn 3. júlí 2011,

að viðstöddu fjölmenni, prédikaði Guðmundur Bjarnason fyrrverandi ráðherra og fulltrúi í stjórn Sólheima.

Athafnir voru 40 talsins í kirkjunni, þar með taldar guðsþjónustur, helgi-stundir, kirkjuskólinn og ein skírn. Þátt-takendur í þeim voru 1935 eða 48 að meðaltali. Til altaris gengu 263.

Auk þess voru tónleikar í kirkjunni alla laugardaga menningarveislunnar sem 1327 manns sóttu, tónleikar kóra og tónleikar tónlistarnemenda hér á Sólheimum. Þess utan kemur margt fólk í kirkjuna sem sækir Sólheima heim og hefur sá þáttur farið vaxandi á undanförunum árum. Má því áætla að milli tíu og fimmtán þúsund manns komi í Sólheimakirkju á ári hverju.



# Starfið í prófastsdæmunum

## Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Safnaðarstarf og helgihald hinnar íslensku þjóðkirkju á Suðurlandi, sem og um allt land er veigamikill þáttur í þeim traustu innviðum sem einkenna íslenskt samfélag og hefur stuðlað að því að hér hefur þróast mannlíf og menning. Við sem þjóðkirkjunni unnum og þjónum, vitum að hún gegnir mikilvægu hlutverki og teljum brýnt að hún hafi möguleika til að sinna því.

Enn á ný settu náttúruöflin mark sitt á Suðurland árið 2011. Eldgosið í Grímsvötnum í lok maí, lét að þessu sinni A-Skaftfellinga finna fyrir því hvað það getur kostað að búa undir virkum eldfjöllum og í námunda við þau. En Guði sé lof að það stóð aðeins í viku tíma. Nóg gerði það samt.

Síðustu ár hafa verið kirkjunni erfið fjárhagslega, líkt og öðrum stofnunum þjóðfélagsins og fólkinu í landinu. Þjóðkirkjan hefur tekist á við gríðarlegan niðurskurð og meiri en öðrum stofnunum hefur verið ætlað.

Sú mikla skerðing sóknargjalda og framlaga sem þjóðkirkjan hefur þurft að mæta frá hruni er farin að hafa veruleg áhrif á þjónustu kirkjunnar um allt land. Það er mikið áhyggjuefni. Sóknargöldin hafa verið skert um 20% frá hruninu. Þetta bætist við fækkun gjaldenda sem er orðin tilfinnanleg í sumum sóknum og bitnar á grunnþjónustunni. Vegna hagræðingarkröfu ríkisins hefur kirkjan

auk þess þurft að sæta umtalsverðri skerðingu á lögbundnum og samningsbundnum framlögum. Það sem hefur átt sér stað síðustu þrjú árin er að erfið fjárhagsstaða er orðin tilfinnanleg í mörgum sóknum og bitnar orðið á grunnþjónustunni.

Sóknir hafa leitað allra leiða til hagræðingar og sparnaðar í rekstri og mannhaldi og dregið verulega saman í starfsemi. En það dugir ekki til og því eru enn frekari sársaukafullar aðgerðir framundan ef ekkert verður að gert.

Það er eðlilegt að þjóðkirkjan taki á sig skerðingu til jafns við aðrar stofnanir þjóðfélagsins, en réttlætismál að bæta kirkjunni þá umframskerðingu sem hún hefur orðið fyrir, því það hljóta að vera mistök að hún var skert meira en aðrar stofnanir. Fyrir því verðum við að berjast til þrautar.

Þróun undanfarinna ára og áratuga hefur verið sú að prófastsdæmin hafa verið að eflast sem starfseiningar innan kirkjunnar. Það er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var og fylgt eftir, með breytilegum hætti þó. Samstarf presta og prestakalla hefur til dæmis aukist jafnt og þétt með samráðsfundum og ráðstefnum innan prófastsdæmisins og samvinna og kynni hafa aukist milli sókna, oft í sambandi við kórastarf og barna- og æskulýðsstarf, en einnig önnur kirkjuleg mál og afmörkuð verkefni.



Halldóra  
Þorvarðardóttir

Starfsemi kirknanna er fjölbreytt og margvísleg og vöxtur í kirkjustarfinu. Vissulega er starfið misjafnlega mikið að vöxtum eftir aðstæðum, en það skal fullyrt að fjölbreytni kirkjustarfsins hefur vaxið jafnt og þétt síðustu árin og þeir eru margir sem leggja hönd á plóginn með sóknarprestinum til að vinna akurinn.

Kirkjukórar eru víðast starfandi og barnastarf er einnig reglulegt yfir vetraramánuðina í flestum sóknum. Æskulýsstarf hefur verið að eflast og hópar víðs vegar að úr prófastsdæminu sótt mót æskulýðsfélaga. Má nefna að Æskulýðsmót Þjóðkirkjunnar var haldið á Selfossi nú í haust og var vel sótt af ungmennum hvaðanæva að af landinu. Prestar leggja mikið starf í undirbúning ferlingarbarna og auk hefðbundinnar ferlingarfræðslu hafa prestar prófastsdæmisins um langt skeið farið með ferlingarbornin á sameiginleg ferlingarbarnamót. Í Árnespíngi er farið í Skálholt að vori, daglangt. Rangæingar hafa farið undanfarin ár í Vatna-skóg með sín ferlingarborn, sólarhringsferð. Vestmanneyingar halda öflugt ferlingarbarnamót úti í Eyjum og leggja yfir höfuð mikla rækt við allt barna og unglíngastarf.

Héraðsnefnd er sér vitandi um mikilvægi blómlegs barna- og æskulýsstarfs kirkjunnar og vill leggja sitt af mörkum að styðja við það eftir mætti. Og má segja að stærsti útgjaldaliður síðasta árs hafi einmitt runnið til þess starfs.

Það er, þrátt fyrir allar fjárhagsáhyggjur, svo ótal margt gott og uppbyggilegt að gerast á vettvangi safnaðanna út um land allt.

Það voru stór tímamót í lífi sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar þegar hann var kosinn og í framhaldi vígður nýr vígslubiskup í Skálholtsbiskupsdæmi þann

18. september 2011. Og það eru einnig tímamót úti á akri kirkjunnar þegar nýr hirðir hirðanna kemur til starfa.

Og þau voru líka stór tímamótin í lífi sr. Ninnu Sifjar Svavarsdóttur er hún var vígð í Skálholti til prestsembættis í Selfoskirkju þann 2. október í haust og síðan sett inn í embætti 16. sama mánaðar.

Á fundi kirkjuráðs í janúar sl. var ákveðið að auglýsa embætti héraðsprests með sérstakar skyldur við Bjarnanesprestakall. Um 50% starfshlutfall er að ræða.

Sr. Rúnar Þór Egilsson sóknarprestur í Mosfelli var í námsleyfi í vetur, en sr. Axel Árnason héraðsprestur leysti hann af.

Á síðasta kirkjuþingi var ákveðið að Þingvallaprestakall sameinaðist Skálholtsprestakalli. Þessi samruni hafði staðið til um skeið, en í fyrri tillögum var gert ráð fyrir því að Þingvallaprestakall yrði lagt niður og Þingvallasókn sameinuð Miðdalssókn í Mosfellsprestakalli. Frá því var horfið vegna sérstöðu Þingvallakirkju og þjónustunnar þar sem ekki er aðeins þjónusta við heimasóknina heldur er stærsti hluti þjónustunnar tilkomin vegna þess að Þingvallakirkja er kirkja þjóðgarðsins. Prestsþjónustu og skipulagningu helgihalds annast vígslubiskup. Skipuð var Þingvallakirkjunefnd. Sóknarnefnd Þingvallasóknar mun eftir sem áður bera ábyrgð á fjárreiðum sóknarinnar og vera jafnframt stjórn Þingvallakirkjugarðs.

Námskeið sem haldin voru og prófastsdæmið kom að, var Innandyranámskeiðið, -námskeið vegna barnastarfsins í kirkjunni, og var haldið sl. haust á Hvolsvelli. Námskeiðið er á vegum þjónustusviðs biskupsstofu en prófastsdæmið annaðist skipulagningu og kostnað.

Deildir Rauða krossins, Suðurprófastsdæmi, Kvenfélagasambandið og verkálföðsfélög tóku nú í upphafi árs höndum saman og stóðu sameiginlega fyrir fræðslu undir yfirskriftinni „Hagsýni og hamingja“. Fyrirlesari er Lára Ómarsdóttir fréttakona, sem sjálf hefur reynt það á eigin skinni hvernig það er að takast á við fjárhagserfiðleika og standa uppi sem sigurvegari.

Dagur eldri borgara var víða haldinn hátíðlegur að venju á uppstigningadag sem bar upp 2. júní á síðasta ári. Þessi dagur, tileinkaður eldri borgurum og hátíðir og atburðir sem að er staðið í kirkjunni að þessu tilefni er dæmi um farsælt samstarf milli prestakalla og sókna við eldri borgarafélög víða um prófastsdæmið. Hátíðir voru haldnar m.a. í Vík, Þykkvabæ, Sólheimum og víðar.

Síðasta sumar var bryddað upp á þeirri nýbreytni, að frumkvæði sr. Jóns Ragnarssonar, að bjóða upp á vegakirkju, eins og það nefnist víða. Eða „kirkjan við veginn“ líkt og þau hjá Kotstrandarkirkju nefndu það. „Kirkjan við veginn“ hefur þann tilgang m.a. að gefa vegfarendum tækifæri til að þess að staldra við á leið sinni, þiggja fræðslu um kirkjuna, njóta tónlistar og taka þátt í aðgengilegu helgihaldi. Þetta voru fjórar helgar, í fimm skipti og þátttakan jókst frá einni viku til annarrar, aðallega vegna afsagnar.

## Heimsókn frá USA

Héraðsnefnd tók á móti góðum gestum frá Bandaríkjunum á þrettándanum. Um

var að ræða rannsóknarferð bandarískra prófessora og guðfræðinemenda og íslenskra gestgjafa þeirra.

Í upphafi aðventu kom út nýtt bindi – hið sautjándi – í ritröðinni *Kirkjur Íslands* og er þar fjallað um friðaðar kirkju í Rangárpingi. Í tilefni þess var boðið til útgáfukynningar í Safnaðarheimili Odda-sóknar, föstudaginn 9. desember. Suðurprófastsdæmi, Húsafríðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og Hið íslenska bókmenntafélag stóðu að kynningunni þar sem flutt voru nokkur erindi og að þeim loknum opnaði prófastur sýningu í nýja menningarsalnum í safnaðarheimilinu á Hellu, um kirkjur, gripi og minningarmörk friðaðra kirkna í Rangárpingi.

Við prestar prófastsdæmisins hittumst mánaðarlega yfir veturinn. Hópurinn hefur stækkað all verulega, en þó eiga prestarnir í Austur-Skaftafellssýslu örðugt um vik fjarlægðarinnar vegna og Eyjaklerkar vegna samgöngutálma. Því miður náum við ekki að leysa fjarlægðina við Höfn, en vonandi fer að styttest í það að Bakkahöfn komist í gagnið svo kollegar okkar í Eyjum verði nær okkur. Nú fundum við í aðstöðu prófastsdæmisins í menningar- og safnaðarheimilinu á Hellu, en þar er skrifstofa prófastsdæmisins og mikil og góð aðstaða fyrir allt menningar- og félagslíf héraðsins.

Ég lýk orðum mínum með því að færa þakki til allra sem vinna að kirkjustarfi á einn eða annan hátt og fel góðum Guði líf okkar og starf í þökk til hans.

# Kjalarnessprófastsdæmi

Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur



Gunnar  
Kristjánsson

Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis kom saman í miðjum undirbúningi undir biskupskosningu 7. mars 2012 í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

Óvenjumargir buðu sig fram til hins háa embættis og einnig hafði kjörmönnum verið fjölgað verulega, þar opnaðist leið fyrir leikmenn til að láta til sín taka í kosningu biskups og þar með í mótun íslensku þjóðkirkjunnar á tvísýnum tímum. Ásamt prófastsdæmunum í Reykjavík var Kjalarnessprófastsdæmi falið að annast kynningarfund á biskupskandidötum á suð-vesturhorni landsins, fór sá fundur fram í Háteigskirkju 2. mars 2012 og var fjölsóttur.

Það er skref í rétta átt að fjölga kjörmönnum til biskupskjörs og þáttur í viðleitni þjóðkirkjunnar og efla lýðræðislega stjórnunarhætti á öllum sviðum. Þar hefur hún að mörgu leyti ekki staðið sem skyldi í ístaðinu heldur horft á þjóðfélagsþróun gerast án þess að taka skilaboðin gild í eigin starfi. Í reynd ætti þjóðkirkjan ekki að þurfa að taka þar við neinum skilaboðum frá samfélaginu í því efni þegar litið er til þeirra tíma þegar íslenska kirkjan tók fyrstu skrefin í átt til nútímalýðræðis með lögum um sóknarnefndir árið 1880. Fyrir það uppskar hún virðingu þegar frá leið þótt ekki væru allir á eitt sáttir meðan nýir starfshættir voru í mótun. Við skulum þó minnst þess að siðbót Lúthers árið 1517 var stærsta skref vestrænnar sögu í átt til lýðræðis, þar er viðhorfi sem býr í hugtakinu hinn almennur prestsdómur ekki hvað síst fyrir að þakka, en með því er lýst sterku einkenni okkar kirkju: hún

er kirkja fólksins, hún er eign þeirra sem tilheyra henni.

## Visitasíur

Hinn 4. október 2011 vísiteraði prófastur Kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Miðvikudaginn 2. nóvember 2011 vísiteraði prófastur Víðistaðasókn.

Visitasía í Garðaprestakalli fór fram í tvennu lagi dagana 17. nóvember og 24. nóvember. Fyrri dagurinn hófst með spjallfundi þar sem rætt var vítt og breitt um starfið. Síðari visitasíudaginn heimsótti prófastur Bessastaðasókn,

Föstudaginn 25. nóvember 2011 vísiteraði prófastur Hafnarfjarðarkirkju.

Sunnudaginn 27. nóvember, 1. sunnudag í aðventu, var prófastur viðstaddur messu í Hafnarfjarðarkirkju þar sem hann prédikaði og prestar kirkjunnar þjónuðu ásamt tónlistarfólki og sjálfboðaliðum. Eftir messu var boðið upp á léttan hádegisverð.

Þriðjudaginn 28. febrúar s.l. vísiteraði prófastur í Mosfellsprestakalli.

## Af prestsþjónustunni

Séra Kjartan Jónsson héraðsprestur tók við þjónustu í Tjarnaprestakalli 14. janúar 2011 sem settur sóknarprestur í veikindaleyfi séra Báru Friðriksdóttur og hefur verið skipaður til maíloka á þessu ári, 2012. Séra Kjartan Jónsson lét af embætti héraðsprests um áramótin 2011/2012 en því embætti hafði hann þjónað frá áramótunum 2006/7, fyrst í afleysingu fyrir séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur en síðan var hann

skipaður í embættið 1. maí 2007 til fimm ára. Séra Kjartan gat sér gott orð sem héraðsprestur, af honum er mikil eftirsjá en fjárhagslegar aðstæður settu héraðsnefnd úrslitakosti eins og áður hefur verið fjallað um hér á héraðsfundi. Prófastur þakkaði séra Kjartani gott og gefandi samstarf þau ár sem hann sinnti embættinu.

Hinn 6. október 2011 setti prófastur Rut Guðríði Magnúsdóttur djákna í embætti við guðspjónustu í Lágafellskirkju. Hún hafði verið ráðin djákni við Lágafellsskóla þar sem hún tók við starfi Fjólu Haraldsdóttur sem hafði gegnt starfinu frá hausti 2006.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur var í hálfu starfi frá 1. október til 7. janúar þegar hún fékk hálfis árs fæðingarorlof sem verður til 7. júlí 2012.

Séra Árni Svanur Daníelsson var settur til að gegna embætti héraðsprests í stað séra Kristínar Þórunnar frá og með 7. janúar til júníloka á þessu ári. Hann þjónaði sem héraðsprestur í hálfu starfi frá 1. október til 7. janúar. Séra Árni Svanur hefur haft með höndum verkefnastjórnun á Biskupsstofu.

Þá hefur séra Erla Guðmundsdóttir sem er safnaðarráðinn prestur í Keflavíkurstakalli einnig fengið fæðingarorlof fyrstu sex mánuði þessa árs.

Séra Skúli Sigurður Ólafsson fékk fæðingarorlof frá 1. janúar 2012 til 30. apríl 2012, verður hann í hálfu starfi þann tíma.

Séra Þórhildur Ólafs var sett sem sóknarprestur í Keflavíkurstakalli í 50% starfshlutfalli frá og með 1. janúar 2012 til og með 30. apríl 2012 í fæðingarorlofi séra Skúla Sigurðar Ólafssonar.

## Námskeið, málþing og ráðstefnur

Af námskeiðum bar hæst prédikunar-seminar prófastsdæmisins í Skálholti 9.-11. október 2011. Aðalfyrirlesari að þessu sinni var dr. Wilfried Engemann sem er okkur að góðu kunnur því að hann heiðraði okkur með nærveru sinni í fjórða sinn.

Gestur í kvöldstofu við arineld var Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur sem lagði á sinn sérstaka hátt – og að þessu sinni afar eftirminnilegan – út af upphafsorðum Jóhannesarguðspjalls þar sem hann notaði þýðingu Odds Gottskálkssonar: *Í upphafi var orð... og það orð var Guð.*

Héraðsnefnd ákvað að efna til ráðstefnu um trúar- og guðfræðihefð þjóðkirkjunnar næsta haust í samráði við Reykjavíkurráðgjafi eystra. Það mál er á undirbúningsstigi

Prófastur hélt námskeið um tákni og táknafræði í Garðasókn og Keflavíkursókn í október og nóvember 2011.

## Fundir

Vorfundur formanna var haldinn 19. maí í safnaðarheimili Lágafellssóknar. Gestur okkar var séra Jón Helgi Þórarinnsson og fjallaði hann um sóknir og svæði.

Á vorfundi presta sem haldinn var á sama stað 23. maí fjallaði séra Jón Helgi um sama efni, samstarf presta á takmörkuðum svæðum. Hér í Kjalarnessprófastsdæmi hefur svæðisbundið samstarf verið alla tíð, prestar á Suðurnesjum hafa um aldir unnið saman að ákveðnum málum, m.a. afleysingum, sama er að segja um presta í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi og loks á nyrsta svæðinu, öldum saman hafa prestar í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellsbæ haft náið samstarf eftir því sem aðstæður kröfðust og buðu upp á hverju sinni.

Svæðasamstarf er því síður en svo nýjung í kirkjunni og mun áreiðanlega verða sterkur þáttur í starfinu um ókomna tíð.

Á haustfundi presta 25. ágúst, sem var reyndar með fyrra móti og væri réttnefndari síðsumarfundur, var fjallað um tillögur stjórnlagaráðs. Gestir okkar voru dr. Arnfríður Guðmundsdóttir guðfræðingur og Gísli Tryggvason lögfræðingur, bæði fulltrúar í stjórnlagaráði, umræður urðu miklar og áhugaverðar.

Á haustfundi formanna 20. september sem haldinn var í Kirkjuhvoli í Garðabæ var sömuleiðis fjallað um tillögur stjórnarsýsluráðs. Einnig sagði Magnús E. Kristjánsson sóknarnefndarformaður og kirkjuþingsfulltrúi frá kynnisferð kirkjuþingsfulltrúa prófastsdæmisins til kirkjuyfirvalda í Hannover.

Aðventufundur með prestum var haldinn 9. desember í Hlégarði. Bergur Þór Ingólfsson leikari í heimsókn og fjallaði um leikrit og sýningar sem hann og samstarfshópur hans hafa staðið að. Þar ber hæst hina vinsælu sýningu Jesús litli sem Borgarleikhúsið hefur sýnt fyrir undanfarin þrenn jól við mikla aðsókn.

Fund um endurbyggingu Krísvíkirkirkju átti prófastur 27. apríl 2011, fundinn sátu þeir Sigurjón Pétursson og Jónatan Garðarsson sem hafa látið sig endurbyggingu kirkjunnar varða og fylgt verkefninu eftir frá upphafi.

Hér verða ekki taldir upp fleiri fundir en ótaldir eru héraðsnefndarfundir, fundir með próföstum hér á suð-vesturhorninu og fjöldi funda með sóknarnefndum prestum og starfsmönnum sóknanna í prófastsdæminu.

## Útgáfur

Kjalarnessprófastsdæmi hefur gengist fyrir prédikunarseminörum eða endur-

menntunarnámskeiðum í prédikunarfræðum fyrir presta prófastsdæmisins og aðra sem áhuga hafa í níu haust. Seminörin hafa alla tíð verið afar vel sótt og munu skila ávöxtum sínum hægt og sígandi. Einn fyrirlesaranna, Wilfried Engemann, prófessor í prédikunarfræðum við Vínarháskóla, hefur sótt okkur heim fjórum sinnum. Nú hafa þrettán fyrirlestrar sem hann hefur flutt á prédikunarseminörunum verið gefnir út í bók undir heitinu *Á mælikvarða mannsins*. Þessi útgáfa er héraðssjóði þó að kostnaðarlausu þar eð höfundur útvegaði styrk frá Vínarháskóla og stendur hann því straum af útgáfunni að öllu leyti nema þýðingunni sem er gjöf þýðandans til prófastsdæmisins.

Kvikmyndin *Á slóðum Lúthers* var frumsýnd á héraðsfundi 2012. Hún er gerð af hjónunum séra Árna Svani Daníelssyni, settum héraðspresti og séra Kristínu Þórunni Tómasdóttur héraðspresti. Meginefnið var tekið upp í ferð á Lúthersslóðir 2011 en til þeirrar ferðar var efnt fyrir áhugasama um slíkar ferðir (hún var ekki á vegum prófastsdæmisins). Kvikmyndin er tímamótaviðburður af þeirri einföldu ástæðu að engin slík kvikmynd hefur áður verið gerð á íslensku um þetta mikilvæga efni þar sem siðbótarmenn hafa haft meiri áhrif en í flestum öðrum löndum.

## Annað

Hinn 22. maí var haldið upp á 150 ára afmæli Útskálakirkju við hátíðlega athöfn í kirkjunni þar sem sóknarpresturinn séra Sigurður Grétar Sigurðsson þjónaði fyrir altari en biskup Íslands prédikaði.

Afmæli Kirkjuvogskirkju var haldið

hátíðlegt 20. nóvember, þar var einnig horft til 150 ára sögu. Hátíðarguðsþjónusta var haldin í kirkjunni þar sem sóknarpresturinn séra Baldur Rafn Sigurðsson þjónaði fyrir altari en prófastur prédikaði.

Á héraðsfundi þakkaði prófastur sóknarprestum og sóknarnefndum fyrir þessar myndarlegu hátíðarsamkomur útvarðakirknanna tveggja á Suðurnesjum sem teljast meðal merkra kirkna landsins.

Bókakaffið hélt áfram á skrifstofu prófastsdæmisins dagana 17. nóvember 24. nóvember og 1. desember 2011.

Á héraðsfundi greindi prófastur frá umfjöllun héraðsnefndar um ábendingar nefndar sem héraðsfundur 2011 valdi til að kanna möguleika á stefnumótun innan prófastsdæmisins. Á fund nefndarinnar í febrúar 2012 kom dr. Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, niðurstaðan var sú að hann mun kanna málið með prófasti og síðan skal stefnt að því að taka málið fyrir á leiðarþingi haustið 2012.

**Fræðsluferð til höfuðstöðva EKD um kirkjuskipan.** Prófastur stóð fyrir fræðslu- og kynnisferð kirkjupingsfulltrúa til höfuðstöðvanna í Hannover dagana 29.-31. ágúst að beiðni kirkjupingsfulltrúa á prófastsdæminu. Í ferðinni varð boðið upp á fyrirlestra og viðræður við leiðtoga þýsku mót-mælendakirkjunnar (EKD) og lúthersku sambandslandskirkjunnar í Neðra-Saxlandi í aðalstöðvum beggja stofnana í Hannover.

Miðvikudaginn 31. ágúst var haldið til Loccum klausturs. Þar er starfrækt evangelísk akademía, sem er athyglisverð fræðslustofnun. Þar er líka haldið utan um starfsþjálfun verðandi presta og einnig fer símenntun presta fram þar. Kynnisferðin tókst

afar vel og hefur skilað sér í störfum kirkjupingsfulltrúa á þeim mikilvægu breytingatímum sem eiga sér stað í kirkjunni um þessar mundir.

**Viðurkenning Eurodiaconia á degi kærleikspjónustunnar.** Bessastaðasókn hlaut á árinu viðurkenningu Eurodiaconia fyrir öflugt sjálfbóðaliðsstarf. Þar hefur á undanförunum árum verið byggð upp öflug þjónusta sjálfbóðaliða á ólíkum sviðum kirkjustarfsins. Fulltrúar úr hópi sjálfbóðaliða veittu viðurkenningu Eurodiaconia viðtöku í kirkjukaffi að lokinni útvarpsguðsþjónustu í Bessastaðakirkju á degi kærleikspjónustunnar. Yfir 60 manns eru virkir sjálfbóðaliðar í Bessastaðasókn og koma að helgihaldi, tónlistariðkun, fræðslu, stjórnun, kærleikspjónustu og barna-, foreldra- og æskulýðsstarfi. Launaðir starfsmenn sóknarinnar eru prestur, djákni og organisti sem ásamt sjálfbóðaliðum mynda öfluga liðsheild kirkjunnar á Álftanesi til góðs fyrir samfélagið.

## Lokaorð

Í kirkjustarfi í stóru prófastsdæmi eins og Kjalarnessprófastsdæmi kennir margra grasa. Ástæðan er meðal annars sú að þar eru allar gerðir safnaða sem okkar kirkja þekkir, þar er því um talsverða fjölbreytni að ræða. Engu að síður hafa stærri og fjölmennari söfnuðir meiri möguleika til fjölbreytni í safnaðarstarfi en hinir smærri og fámennari. Þeir hafa því jafnframt ákveðnu forystuhlutverki að gegna við að þróa safnaðarstarf í samfélagi sem er á hraðferð örra breytinga. Það hafa hinir stærri söfnuðir vissulega gert í Kjalarnessprófastsdæmi og þeir fámennari notið góðs af. Engu að síður hafa ýmsir fámennir söfnuðir fitjað upp á nýjungum sem

aðrir hafa tekið upp, reglan er því ekki algild. Því ber að fagna að þróun hefur orðið á öllum sviðum safnaðarstarfs á undanförunum árum. Engu að síður á kirkjustarf ávallt á brattann að sækja þegar til heildarmannfjöldans er litið, og flestir eru sammála um að þátttaka í almennu safnaðarstarfi og almennum guðsþjónustum mætti vera stöðugri og betri en raun ber vitni.

Í því sambandi ber að gæta að einu. Eitt er kirkjustarf, annað er trúarmenning þjóðarinnar. Í því efni eru Íslendingar áreiðanlega meðal trúuðustu þjóða í heimi. Hér hefur á undanförunum fimm öldum, allt frá síðbótaröldinni, sextánda öld, þróast kristin trúarmenning sem er laustengd kirkjuhúsinu en þeim mun tengdari heimilinu og trú einstaklingsins. Þetta form trúarmenningarinnar er dýrmætt og mikilvægt, það var svo í strjálbýlu landi þar sem flestir áttu afar langan veg til kirkju, en það er einnig dýrmætt á okkar tímum að viðhalda þessari sérstöðu íslensks kristnihalds. Fólki

leitir til prestsins sem embættismanns þegar á þarf að halda, sem betur fer hefur traustið til hans varðveist þótt oft hafi syrt í álinn hvað hina almennu þjóðkirkju og yfirstjórn hennar varðar.

Þjóðin lætur sig trúna varða, hún lætur sig einnig hin mannúðlegu og siðferðislegu grunngildi varða, sem kristindómurinn hefur innleitt með þessari þjóð og varðveitt eins og sjáaldur augans. Til þessa fjársjóðs munu menn horfa með þakklæti í augum og eftirvæntingu í huga þegar frá líður ekki síður en nú. Þarna er sá fjársjóður sem hrynur ekki og eyðist ekki og þar sem þjófar ráðast ekki inn og stela svo vitnað sé til Fjallræðunnar. Þetta er sá fjársjóður sem við látum okkur öll varða, um hann snýst kirkjustarf í hvaða formi sem það birtist.

Framtíð kirkjunnar ræðst af góðum prestum, góðu fólki í sóknarnefndum, góðu starfsfólki og góðum sjálfböðaliðum. Mikilvægt væri að menntun og fræðsla væru aukin verulega fyrir alla þessa aðila.



# Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur

## Inngangsorð

Þegar við horfum tilbaka yfir liðið starfsár þá blasir við enn eitt ár niðurskurðar og margskonar vandamála og mótlætis í kirkjunni okkar. Það er hinsvegar von mín og trú, að nú sé botninum náð og að við getum senn, með Guðs hjálp, snúið vörn í sókn. Það hefur á margan hátt verið lærdómsríkt og uppörfandi að fylgjast með viðbrögðum safnaða og kirkjufólks við þessu ástandi. Víða hefur verið vel unnið og af miklum fúsleika, dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni.

Við slíkar aðstæður er ákaflega mikilvægt, að okkur auðnist að setja traust okkar á Drottinn og að við göngum fram í trausti þess, að hann muni vel fyrir sjá. „Lát ekki hið illa sigra þig, heldur sigra þú hið illa með góðu“, segir Páll á einum stað í bréfi sínu til rómverja (Róm. 12:21) og á öðrum stað spyr hann: „Ef Guð er með oss, hver er þá á móti oss?“ (Róm. 8:31b). Látum þessi orð postulans vera okkur til uppörfunar og hvatningar þegar við höldum til móts við nýtt starfsár. Það er gott að eiga fyrirheiti hans og vita það, að hann yfirgefur ekki kirkju sína á hverju sem gengur.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2011 eru sem hér segir: Almennar guðsþjónustur 801,

barnaguðsþjónustur 405, aðrar bæna- og helgistundir 1293, samtals 2499. Fermingarbörn voru 1002 og altarisgestir 31.304. Fækkaði fermingarbornunum lítillega milli ára eða um 3,6% en altarisgestum um 2,1%. Þá voru skírd 819 börn, giftingar voru 169 og útfarir 250.

Lengi hefur verið um það rætt, að þörf sé á breytingum og endurbótum á starfskýrslum presta. Skýrslurnar eru nú orðnar rafrænar, en að mínu mati vantar enn nokkuð upp á það, að þær gefi nægjanlega glögga mynd af umfangi kirkjustarfsins. Til að ráða bót á þessu tókum við fyrir þremur árum upp reglubundna talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu. Þessi talning leiðir það glögglega á ljós, hversu mikil þátttökan í safnaðarstarfinu er, þrátt fyrir þá erfiðleika sem kirkjan hefur staðið frammi fyrir. Árið 2011 tóku þannig alls 217.667 manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í, og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. allt kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Þá kemur messusóknin vafalaust ýmsum á óvart, en meðalþátttökan í þeim 624 messum, sem fram fóru á árinu 2011 var 91,4 manns og er það fjölgun um 2,7% milli ára. Messum hefur hins vegar fækkað nokkuð eða um 14% og kirkjugestum í samræmi við það, en þó heldur minna eða um 11,8%. Og sé starfið í heild skoðað þá fækkar þátttakendum um 0,95% milli ára. Er þessi fækkun auðvitað umhugsunarverð, en líklegast er, að niðurskurður sóknargjaldanna hafi þar mest áhrif,



Gísli Jónasson

þar sem safnaðarstarfið hefur almennt dregist nokkuð saman vegna niðurskurðar sóknargjalda og hlýtur það óhjákvæmilega að hafa einhver áhrif á fjölda athafna og heildarfjölda þátttakenda.

Á sl. hausti voru haldnir fundir á öllum þremur samstarfssvæðunum í prófastsdæminu, í samræmi við ákvörðun kirkjupings, til að koma samstarfinu formlega af stað. Voru þá m.a. valdir fulltrúar úr hópi presta til að leiða samstarfið á hverju svæði. Voru það þau sr. Íris Kristjánsdóttir í Kópavogi, sr. Guðmundur Karl Ágústsson í Breiðholti og sr. Guðrún Karlsdóttir í Árbæ, Grafarholti og Grafarvogi. Samstarfið á svæðunum hefur augljóslega verið að aukast á liðnum vetri og eru nú uppi ýmis áform um enn frekara samstarf á komandi misserum. Ég tel það ákaflega mikilvægt, að við leggjum aukna áherslu á samstarfssvæðin og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Er því, eins og síðustu tvö árin, gert ráð fyrir talsverðri fjárveitingu til samstarfssvæðanna á fjárhagsáætlun hérðasjóðs.

Þá vil ég enn á ný á minnst á messuhópnum, en slíkir hópar eru nú starfandi í allmörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og þar á meðal við helming kirkna í okkar prófastsdæmi, eða í Breiðholtskirkju, Digraneskirkju, Grafarvogskirkju, Hjallakirkju og Kópavogskirkju. Munu þátttakendur í messuhópnum í þessum fimm kirkjum vera nálægt 150. Það kom greinilega fram á fjölmennri og velheppnaðri messuþjónahátíð, sem Reykjavíkurrófastsdæmin efndu til í Hjallakirkju 10. maí sl., hvað þetta starf hefur skapað mikla ánægju og orðið til að auðga og efla

guðspjónustuhaldið í þeim söfnuðum þar sem það hefur verið tekið upp. Það er því full ástæða til að hvetja fleiri söfnuði til að huga að möguleikum á því að koma slíku starfi á.

Ekkert hefur verið um byggingarframkvæmdir á starfsárinu, og endurbætur og viðhald á húsnæði safnaðanna í algjöru lágmarki, enda síendurtekinn niðurskurður sóknargjalda farinn að segja illilega til sín í þessum efnunum. Í Árbæjarsókn liggja fyrir teikningar að viðbyggingu við safnaðarheimilið, en framkvæmdir hafa frestast ár eftir ár. Því verður hins vegar ekki frestað lengur að ráðast í viðgerðir á frárennislögnum undir kirkjunni. Þá hefur hljóðkerfi kirkjunnar verið endurnýjað fyrir mjög rausnarlegt gjafafé. Nauðsynlegar þak- og gluggaviðgerðir á Breiðholtskirkju hafa frestast vegna fjárhagserfiðleika safnaðarins og er nú svo komið, að breiða verður plast yfir altari kirkjunnar í rigningum til að verja það frekari skemmdum. Í Grafarvogssókn hefur undirbúningur að byggingu kirkjusels frestast og sömuleiðis orgelkaup. Í Grafarholtsókn náðust í fyrra samningar við orgelsmiðinn um frestun á frekari vinnu við smíði orgels fyrir Guðriðarkirkju, en 1/3 kostnaðar við orgelið hefur þegar verið greiddur. Hefur nú verið efnt til almennrar fjársöfnunar til að reyna að þoka þessu máli áfram. Þá er ljóst að vígsla Lindakirkju í Kópavogi mun enn dragast, en menn gera sér þó vonir um að hægt verði að vígja kirkjuna á næstu árum.

## **Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.**

Boðið var upp á margvíslegt fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta nefnt hér:

Prédikunarklúbbur presta kemur saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Hann sá einnig um vikulega biblíulestra í samvinnu við Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Þá hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á ýmsar fræðslusamverur í tengslum við áður nefnt starf, auk fræðslunámskeiða fyrir sóknarnefndir.

Fermingarnámskeið voru í Vatna-skógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Vegna niðurskurðar sóknargjalda voru að þessu sinni í boði fleiri og óýrari valkostir en áður hefur verið, til að auðvelda verst stöddu söfnuðunum að taka áfram þátt í slíkum námskeiðum.

Áfram hefur verið unnið að því að þróa forskóla fermingarfræðslunnar. Var slíkt námskeið haldið í þriðja sinn í Breiðholtskirkju á þessu vori, með hópi barna, sem eiga að fermast að ári, og tókst það vel. Er það von mín, að þessi fræðsla verði tekin upp í fleiri söfnuðum á komandi vetri. Umsjón með þessu verkefni hafa þær Halla Jónsdóttur, aðjúnkt, og sr. Bryndís Malla Elíadóttir.

Haldin voru námskeið fyrir leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskólanna á öllum samstarfssvæðunum. Var þátttakan mjög góð og mikil ánægja meðal þátttakenda. Má sem dæmi nefna, að í Kópavogi mættu rúmlega 100 manns. Yfirumsjón með þessum námskeiðum hefur sr. Bryndís Malla Elíadóttir, héraðsprestur.

Þá tekur prófastsdæmið þátt í fræðslustarfi í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurrófastsdæmi vestra undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar og hefur sr. Bryndís Malla verið fulltrúi prófastsdæmisins í þessu samstarfi og séð um undirbúning

og kennslu á nokkrum námskeiðanna. Alls var boðið upp á sjö námskeið á sl. vetri og var þátttaka í þeim góð.

Þá hefur prófastsdæmið hefur gert samning um eldvarnarnámskeið fyrir starfsfólk kirknanna og sömuleiðis standa söfnuðunum jafnan til boða framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálpi.

*Ný dögur*, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við Reykjavíkurrófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu. Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsgöngu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna.

## Fundir og aðrar samverur

Héraðsfundur var haldinn í Hjallakirkju 23. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 21. október. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 12 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu sameiginlega fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurrófastsdæmunum reglulega með sér fundi þar sem þeir ræða sameiginleg málefni og sömuleiðis áttum við nokkra samráðsfundi með prófasti Kjalarnesprófastsdæmis.

Samráðsfundir presta og djákna voru þrjár á starfsárinu og sömuleiðis voru haldnir þrjár formannafundir.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hafa prófastur og aðrir fulltrúar prófastsdæmisins setið marga fundi t.d. um málefni ÆSKR, Elli-málaráðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur, Kirkju-

garðasambands Íslands og störf Þorvaldar Halldórssonar. Þá hefur prófastur einnig setið ýmiskonar samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa.

## Breytingar á starfsliði

Þær breytingar hafa helstar orði í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins, að embætti vímuvarnarprests var endanlega lagt niður um sl. áramót, en sr. Karl V. Matthíasson, sem því gengdi, hefur nú verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Samhjalpar. Féll þá jafnframt niður þjónusta hans í Grafarholts sókn. Þá lét sr. Yrsa Þórðardóttir af störfum sem prestur við Digraneskirkju 1. september sl. og hvarf til prestsþjónustu í Frakklandi. Einnig er þess að geta, að tveir prestar í prófastsdæminu höfðu sl. haust embættaskipti til eins árs við presta í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Er þar annars vegar um að ræða sr. Bjarna Þór Bjarnason, prest í Grafarvogsprestakalli, sem hafði skipti við sr. Sigurð Grétar Helgason á Seltjarnarnesi og hinsvegar sr. Sigrún Óskarsdóttir, prest í Árbæjarprestakalli, sem skipti við sr. Jón Helga Þórarinsson í Langholtsprestakalli. Þá var Ásta Ágústsdóttir vígð til djáknaþjónustu í Kársnesprestakalli 2. október. En þau Gunnar Einar Steingrímsson í Grafarvogssókn, Margrét Ólöf Magnúsdóttir í Árbæjarsókn og Þórey Dögg Jónsdóttir í Fella- og Hólasóknum, hafa hins vegar látið af djáknaþjónustu á starfsárinu og hefur starfandi djáknum í prófastsdæminu því fækkað úr 6 í 4. Loks er þess svo að geta, að sr. Íris Kristjánsdóttir lét af störfum sem

prestur við Hjallakirkju 1. júlí sl. og hélt til prestsþjónustu í Kanada. Eftir að sr. Íris lét af störfum hafa þjónandi prestar í prófastsdæminu verið 20. Hafa þeir ekki verið færri til fjölda ára, en flestir voru þeir 23-4. Djákna eru nú 4 og þar af aðeins einn í fullu starfi, en voru 7 þegar best lét og þar af 3 í fullu starfi. Er það mikið áhyggjuefni hvað starfsfólki í söfnuðum prófastsdæmisins hefur fækkað að undanfögnu, en sem dæmi um þessa fækkun má einnig geta þess, að öðrum starfsmönnum safnaðanna launuðum sem ólaunuðum hefur fækkað úr 136 í 56 frá árinu 2003 í þeim níu söfnuðum sem þá höfðu verið stofnaðir og stöðugildunum hefur fækkað um a.m.k. 26 eða úr 68,7 í 42,5 eða u.þ.b. 38%. Hefur þetta bæði leitt til niðurskurðar í safnaðarstarfinu og hins, að starfsálag þeirra sem eftir eru hefur stórauðist. Er því full ástæða til að standa vörð um þau störf sem eftir standa og þá ekki hvað síst prestsstörfin. Enda hefur prestum í prófastsdæminu fækkað um 17% frá því sem best var, þótt íbúum hafi fjölgað um 14% frá árinu 2003 eða um 10.494 manns. Það er því ekki rétt, eins og stundum er haldið fram, að prestum hafi bara verið fækkað á landsbyggðinni. Hér hefur prestum líka fækkað jafnvel þótt íbúum hafi fjölgað verulega.

## Heimasíða o.fl.

Heimasíðu prófastsdæmisins var lokað um sl. áramót í sparnaðarskyni og í framhaldi af því opnuð ný og einfaldari síða. Megin tilgangurinn með henni er að miðla upplýsingum og vekja athygli á starfinu í prófastsdæminu með sem minnstum tilkostnaði. Þá höfum við komið upp netfangaskrá á skrifstofu prófastsdæmisins yfir sóknar-

nefndarfólk og starfslið safnaðanna, þannig að koma megi ýmsum skilaboðum á framfæri milliliðalaust við þá aðila sem við á hverju sinni.

## Sameiginlegt starf

### Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Góð þátttaka er í því fjölbreytta starfi sem í boði er á vegum Ellimálaráðs, en meginverkefni þess er að styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Haldið var upp á 30 ára afmæli ráðsins 8. mars sl. í Grafarvogskirkju og var það mjög ánægjuleg samvera. Það er einnig ánægjulegt að geta sagt frá því, að nú eru nánast allar kirkjur í prófastsdæmunum tveimur með opið hús fyrir aldraða. Talið var í febrúar sl. í 18 kirkjum til þess að átta sig á því, hversu mikil þátttaka er í þessu starfi. Kom í ljós að alls mættu 2.636 einstaklingar í opið hús í þessum tiltölulega stranga vetrarmánuði. Og þeir sem tóku á móti þessu fólki voru 24 prestar, 3 djáknar, 38 starfsmenn og 57 sjálfboðaliðar eða alls 122 manns. Þá hefur einnig verið mikil aðsókn í sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri, sem Ellimálaráðið skipuleggur í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Framkvæmdastjóri Ellimálaráðs er Valgerður Gísladóttir.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Má sem dæmi nefna, að Faraskóli leiðtogaefna útskrifaði 19 þátttakendur á þessu vori og hefur skólinn nú útskrifað um tvö hundruð ein-

staklinga, sem margir hverjir taka eða hafa tekið virkan þátt í starfinu í söfnuðunum. Einkunnarorð ÆSKR á síðasta starfsári voru: „Gleði líf mitt er“ og hefur það vissulega verið til mikillar gleði, að verða vitni að því þróttmikla og uppbyggilega starfi sem farið hefur fram á vegum sambandsins á liðnum árum. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Dagný Halla Tómasdóttir.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölbætt. Garðarnir hafa hins vegar, eins og önnur kirkjuleg starfsemi, orðið fyrir verulegum niðurskurði, sem leitt hefur til þess, að þrátt fyrir verulegar aðhaldsaðgerðir í rekstri, þá voru þeir reknir með halla á síðasta ári í fyrsta sinn um langt árabil.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar hefur með ýmsum hætti komið til móts við þarfir fólks á undanförunum árum. Starfsemin hefur hinsvegar verið dregin töluvert saman vegna fjáskorts og m.a. verið flutt í minna og ódýrara húsnæði. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjáframlögum, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða og þá ekki hvað síst í því árferði, sem fylgt hefur í kjölfar bankahrunsins.

Þorvaldur Halldórsson hefur starfað í ellefu ár á vegum prófastsdæmisins, og lengst af á vegum Reykjavíkurprófastsdæmanna beggja, en vestrá prófastsdæmið dró sig að fullu út úr því samstarfi á síðasta ári í sparnaðarskyni. Almenn ánægja hefur verið með störf Þorvaldar, en vegna tekjuskerðingar héraðssjóðs var þó verið tekin sú ákvörðun á héraðsfundi, að samningur við hann verði ekki framlengdur.

Þá vil ég geta þess að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkj-

unnar með allmiklum framlögum á sl. starfsári, enda hefur umsóknnum um aðstoð Hjálparstarfsins fjölgað mikið á síðustu árum.

## **Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.**

Starfssjóður safnaðarhjálparrinnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum úthlutaði í byrjun júní styrkjum til þriggja aðila, alls 350.000 kr, en tekjur sjóðsins hafa dregist mjög saman eftir miklar vaxtalækkunar í kjölfar bankahrunsins og er því að verða lítið til úthlutunar að óbreyttum starfsreglum.

Þá hlutu tveir söfnuðir í prófastsdæminu styrk úr Kirkjubyggingarsjóði Reykjavíkur á sl. vori, samtals kr. 3.300.000 kr. Eins og í fyrra var framlag borgarinnar í sjóðinn skert um þær 12,3 milljónir, sem borgin leggur skv. samningi til viðgerðanna á turni Hallgrímskirkju. Voru því aðeins 11,3 milljónir til ráðstöfunar til annara aðila en umsóknir í sjóðinn voru 12.

Haldnir voru nokkrir fundir í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkúrprófastsdæma á starfsárinu, og var þar aðallega fjallað um samskipti kirkju og skóla í ljósi þeirra tillagna sem Mannréttindaráð Reykjavíkur lagði fyrst fram haustið 2010. Lauk þessu máli með því, að Borgarráð samþykkti nýjar samskiptareglur sl. haust, sem á ýmsan hátt þröngja möguleika safnaðanna til samstarfs við skólanna, þótt þær gangi vissulega ekki eins langt í þeim efnum og upprunalegar tillögur Mannréttindaráðs gerðu. Nokkur óvissa varð um túlkun þessara reglna varðandi hefðbundnar skólaheimsóknir fyrir sl. jól, en ég tel að nokkuð farsæl lausn hafi náðst í því máli. Það er hinsvegar ljóst, að við hljótum að vinna að því, að

þessar reglur verði endurskoðaðar sem allra fyrst, þannig að sníða megi af þeim verstu vankantana.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna fyrir árið 2012 koma 27 milljónir kr. í hlut fimm sókna í prófastsdæminu, en árið áður höfðu fimm sóknir alls fengið 27,5 milljónir kr.

## **Niðurskurður sóknargjaldsins**

Eins og ég hef þegar vikið að, þá er hinn mikli niðurskurður sóknargjaldsins síðustu ára farinn að hafa veruleg áhrif á starf kirkjunnar allrar. Kemur það m.a. fram í því, að þrátt fyrir ýtrasta aðhald í rekstri voru allir söfnuðir prófastsdæmisins reknir með halla á síðasta ári, þótt bókhaldslegur hagnaður sé raunar hjá þeim þeirra, ýmist vegna niðurfærslu skulda, sérstaks framlags úr jöfnunarsjóði sókna eða vegna höfðinglegrar gjafar til afmarkaðs verkefnis.

Er þetta ástand auðvitað mikið áhyggjuefni, enda hefur það komið í ljós, að sóknargjaldið hefur á liðnum árum verið skorðið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa mátt þola vegna efnahagshrunsins. Kemur það þannig fram í skýrslu nefndar, sem innanríkisráðherra skipaði á síðasta hausti til að meta áhrif niðurskurðar sóknargjaldsins, að niðurskurður á þessum tekjum trúfélaganna er helmingi meiri, en meðaltal þess niðurskurðar sem aðrir aðilar sem heyra undir fjárlög hafa mátt sæta. Er trúfélagunum þannig í ár ætlað að reka starfsemi sína fyrir krónutölu, sem er mitt á milli upphæðar sóknargjaldsins eins og það var árin 2005 og 2006 eða fyrir 7 árum. Þegar þess er gætt, að á þessum tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 64%, og þá auðvitað um leið allur

tilkostnaður, þá þarf varla að undra þótt víða stefni í þrot.

Hefur innanríkisráðherra viðurkennt að mistök hafi átt sér stað varðandi þessa gríðarlegu skerðingu, þar sem láðst hafi að verðbæta sóknargjaldið með sama hætti og gert var með framlög til þeirra stofnana sem eru á fjárlögum. Því hafi verið brotið á trúfélögum og jafnræðisreglan ekki virt.

Það má öllum ljóst vera, að við getum ekki búið lengur við óbreytt ástand, heldur hljótum að blása til sóknar og krefjast þess, að þessi skerðing verði leiðrétt með markvissum og sanngjörnum hætti á næstu árum.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa fram þakkir til þeirra mörgu sem með einu eða öðrum hætti hafa

komið að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári. Og að þessu sinni vil ég sérstaklega nefna og þakka mjög gott samstarf við hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sem látið hefur af störfum eftir nærri 15 ára biskupsþjónustu. Þá vil ég einnig nota þetta tækifæri til að óska sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, sem kjörin hefur verið til biskups í hans stað, allra heilla og Guðs blessunar í þeirri þjónustu, sem hún hefur verið kölluð til. Síðast, en ekki síst vil ég svo fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir margs konar andstreymi og erfiðleika. Hann yfirgefur ekki kirkju sína á hverju sem gengur, heldur hefur hann heitið því, að gefa okkur styrk og kraft til að starfa og þjóna í kirkju hans. Felum honum þjónustuna, setjum traust okkar á hann og biðjum hann að styrkja okkur og leiða á þeirri vegferð sem framundan bíður.

# Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Sr. Birgir Ásgeirsson, prófastur



Birgir Ásgeirsson

Sérhvert ykkar hefur fengið náðargáfu. Notið þær og þjónið hvert öðru eins og góðir ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs (1.Pét. 4: 10).

Trúin er góð gjöf, eins og allt annað, sem er okkur opinberun á lífsgildum og sannindum um tilveru mannsins, þroska hans, þrá, sorg og gleði. Þegar við hlustum og lesum orð Guðs, opnast hugur okkar og hjarta fyrir sannleikanum um það hver við erum. Þá verðum við betur læs á eigin verðleika en áður, einnig á það hve lífsins ólga er fallvölt og hve mjög við þurfum á styrk, umhyggju og handleiðslu að halda. Um leið sjáum við hvað í okkur býr og hverju við getum áorkað, þegar horft er í gegn um þessa sjónhimnu trúar og vonar. Við erum gáfum gædd, hæfileikum og vitsmunum, reynslu og yfirsýn. Við erum fullkomin sköpun, en breisk í hugsun og breytni. Við viljum vel í allri viðleitni og verkum. Við viljum bæta lífið og auka á eigin hamingju sem og annars fólks. Þar með tökum við okkur stöðu sem "ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs" og vegsömum hann í orði og verki. Dýrð sé Drottni.

## Nýr biskup Íslands.

Héraðsfundur Reykjavíkurrófastsdæmis vestra fagnar kjöri sr. Agnesar M. Sigurðardóttur sem biskup Íslands. Það eru merk tímamót, þegar kona er kjörin biskup íslensku þjóðkirkjunnar eftir þúsund ára kristni í landinu. Sú niðurstaða biskupskjörs er góður vitnisburður um nýja tíma og mikilvægar

breytingar, sem átt hafa sér stað á íslensku þjóðlífi og í afstöðu til hluttverks kynjanna, mannréttinda og trúarlegra gilda. Nýkjörinn biskup er boðinn velkominn og honum fylgja óskir blessunar Guðs í forystuhlutverki sínu og þjónustu allri.

Um leið er fráfarandi biskupi, hr. Karli Sigurbjörnssyni, þakkað frábært starf og undraverð afköst við framkvæmd þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað á skipulagi og lagaumhverfi þjóðkirkjunnar í hans biskupsstíð. Hann hefur verið árvökull, skörulegur og samviskusamur leiðtogi og oft við erfiðar aðstæður og andstreymi, þegar blásið hefur um viði okkar gömlu þjóðkirkju á undanförunum árum. Honum sé þökk og heiður fyrir trúmennsku sína. Ekki síður er ástæða til að þakka hin miklu og margvíslegu skrif og bókagerð, sem frá honum hefur komið. Þau verk vitna um vitsmuni, lísfengi og innileika, sem er gott að njóta og styrkjast af. Það er mikil blessun fyrir kirkjuna alla.

## Almennt um starf prófests.

Undirritaður var skipaður prófastur í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra frá 1. september 2011 og tók þar með við því embætti af sr. Jón Dalbú Hróbjartssyni. Sr. Jón hafði þjónað prófastsembættinu í 20 ár af miklum ágætum, skapað fjölbreytt og gefandi samskiptakerfi í prófastsdæminu og eftir mjög fræðslu- og samstarf meðal leikra og lærðra, sem og staðið fyrir nýjungum í safnaðarstarfinu almennt. Almennt þakklæti ríkir meðal kirkjufólks í þessu



prófastsdæmi yfir störfum hans og þjónustu.

Núverandi prófastur var settur inn í embætti í Hallgrímskirkju af biskupi Íslands, hr. Karli Sigurbjörnssyni, 22. september 2011. Í kjölfar þeirrar athafnar var haldinn aukahéraðsfundur á sama stað.

Prófastur er fulltrúi biskups Íslands í prófastsdæminu, leiðtogi og verkstjóri vígðra þjóna prófastsdæmisins, fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjupings er varðar kirkjulegt starf í prófastsdæminu, er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum, (sbr. starfsreglur um prófasta). Ýmis önnur verkefni heyra honum til, m.a. að fylgjast með starfi sóknanna í prófastsdæminu með heimsóknum, viðtölum við presta, starfsfólk sókna og sóknarnefndarfólk eftir því sem við á. Ennfremur skal hann hafa yfirsýn yfir leyfi og annað sem varðar þjónustuna í heild. Prófastur er formaður valnefnda í prestaköllunum og setur presta í embætti í umboði biskups, (sbr. starfsreglur um valnefndir).

## Heimsóknir

Í vetur heimsótti prófastur tvær öldrunarstofnanir og kirkju heyrnarlausra.

Hjúkrunarheimilið Sóltún, 4. október, þar sem Jón Jóhannsson djákni og Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri, sem höfðu boðið prófasti til komunnar, önnuðust móttöku og skipulag heimsóknarinnar. Það er gleðiefni hve starfsgrunnur heimilisins er vandaður, þar sem þverfagleg sjónarmið og andleg velferð heimilisfólks og starfsfólks er í fyrirrúmi. Hinn 14. október var

haldin hátíðarmessa í Sóltúni þar sem prófastur predikaði. Prófastur heimsótti Sóltún aftur á afmælishátíð heimilisins 8. janúar og tók þátt í hátíðarmessu dagsins.

Prófasti var síðan boðið í heimsókn á dvalar- og hjúkrunarheimilið Hrafnistu í Reykjavík 30. nóvember. Sr. Svanhildur Blöndal og Soffía S. Egilsdóttir, framkvæmdastjóri félags- og þjónustusviðs, önnuðust kynningu og leiðsögu um húsið og á meðal heimilisfólks, sem prófastur fékk tækifæri til að spjalla við. Í byrjun heimsóknarinnar var hátíðarmessa í loftssal heimilisins, þar sem var mikið fjölmenni og almenn þátttaka. Prófastur predikaði.

11. desember var haldið veglega upp á 30 ára afmæli kirkju heyrnarlausra. Hátíðarmessa var í Grensáskirkju, þar sem fjölmargir tóku þátt í söng, ljóðalestri, tónlist og annarri þjónustu. Grensáskirkja var fullsetin og gott betur, þar sem söfnuðurinn fagnaði merkmum áfanga. Sr. Miyako Þórðarson, sem þjónað hefur kirkju heyrnarlausra frá upphafi stjórnaði athöfninni og afmælisveislunni. Hún hefur unnið mikilvægt og stórkostlegt frumkvöðlastarf í söfnuðinum og mátti auðveldlega finna hlýhug og þakklæti í hennar garð á þessari fallegu hátíð. Prófastur tók þátt í helgihaldinu og predikaði. Þetta var mikill gleðidagur. Sr. Miyako hefur nú ákveðið að hætta störfum og hefur embætti prests heyrnarlosa verið auglýst til umsóknar.

## Sjúkrahús- og sérþjónusta.

Prófastur sat fund sjúkrahússpresta á Landspítalnum í september og fleiri fundi með þeim síðar á vetrinum, er varðaði störf þeirra og kjör. Þjónusta sjúkrahússpresta á Íslandi á sér langa

sögu eða allt frá dögum holdsveikra-sþítalans í Laugarnesi. Þjóðkirkjan kom á fót sjúkrahússprestsembætti 1970, en þáttaskil urðu, þegar Borgarspítalinn réð til sín sérmenntaðan sjúkrahúsprest 1985, sr. Sigfinn Þorleifsson. Þá hófst skipulögð sálgæslu- og áfallþjónusta innan sjúkrahúsanna og á forsendum þverfaglegra sjónarmiða. Starf þeirra (og djákna) hefur síðan þróast og eflst og frá upphafi hefur þjónusta þeirra og nærvera á sjúkrahúsunum verið ákaflega vel þegin og mikilvægur þáttur, bæði í umönnum sjúklinga, aðstandenda sem og starfsfólks. Oft hefur þó reynt á í afstöðunni til þjónustunnar og við þann mikla fjárhagslega niðurskurð, sem orðið hefur hin síðari ár, hefur þurft að ræða og velta upp spurningunni um starfsgildi sjúkrahúspresta, eins og reyndar á við um önnur störf á sviði stoðþjónustunnar. Í huga prófasts er þjónusta presta og djákna á sjúkrahúsum afar mikilvægur og dýrmætur þáttur í þjónustuskyldu þjóðkirkjunnar. Þar hefur svo skipast til að sjúkrahúsin geta í samráði og samstarfi við þjóðkirkjuna ráðið vel menntaða og hæfa einstaklinga, sérhæfða í sálgæslu og sjúkrahúspjónustu, og aukið þannig verulega á möguleika til aðstoðar og líknar í erfiðum aðstæðum, einnig þegar slys ber að höndum eða andlát á sér stað. Þjónusta við sjúklingana skiptir þar miklu, en ekki síður aðstoð við aðstandendur, sem þarfnast andlegar leiðsagnar og stuðnings. Slík þjónusta er í eðli sínu kærleiksþjónusta, sem á að vera og er eðlilegur þáttur fagnaðarerindisins, sem þjóðkirkjan á Íslandi boðar og fylgir eftir. Þessi sjónarmið gilda einnig og ekki síður um aðra sérþjónustu, eins og þjónustu fangaprests, prests heyrnarlausra, prests fatlaðra, presta á öðrum heilbrigðis- og öldrunarstofnunum sem og samsvarandi þjónustu djákna. Þjóðkirkjan er stolt af

sjúkrahús- og sérþjónustu presta og djákna. Helmingur presta og djákna í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra eru í sjúkrahús- og sérþjónustu.

## Íslenskir söfnuðir erlendis

Íslenskir söfnuðir eru starfandi í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Einnig í London, en íslenskt safnaðarstarf hefur verið með hléum í Luxemburg og nálægum löndum þar í kring. Söfnuðurinn í Danmörku á sér tæplega 50 ára sögu. Lengst af hefur safnaðarstarf og prestsþjónusta íslenskra presta erlendis verið bæði tengd þjónustu Tryggingastofnunar við sjúklinga, sem hafa þurft að leita sér lækniþjónustu erlendis, en líka þjónustu sendiráðanna við Íslendinga erlendis. Þetta samstarf tryggingastofnunar, sendiráða og þjóðkirkju hefur mikið breyst eftir fjármálakreppuna 2008. Af fjórum ísenskum prestsembættum erlendis er nú aðeins eitt eftir, þ.e. í Noregi, og svo hlutastarf í Svíþjóð. Noregur sker sig úr með eitt íslenskt prestsembætti og góðan fjárhagsgrundvöll hins íslenska safnaðar, sem byggir á reglum um sóknargjöld í Noregi, sem gera þetta mögulegt. Safnaðarstarfið í Noregi blómstrar, undir forystu sr. Örnú Grétarsdóttur, og hefur mikið gildi fyrir Íslendinga sem þar búa. Mikill vandi er hins vegar á höndum hvað varðar aðra íslenska söfnuði erlendis og við því þarf að bregðast. Prófastur hefur farið til Kaupmannahafnar, setið þar fund með fulltrúum allra íslensku safnaðanna á Norðurlöndum og rætt þessi mál. Í samráði við biskup Íslands hefur einnig verið farið til fundar við háttsetta embættismenn í danska kirkjumálaráðuneytinu, ásamt með sendiherra Íslands í Danmörku, og stjórnarformanni íslenska safnaðarins þar, til umræðna um nýja

möguleika og samstarf við dönsku þjóðkirkjuna. Ekki hafa enn fundist leiðir til að fjármagna starf íslenska safnaðarins í Danmörku, t.d. með svipuðum hætti og gert er í Noregi. Þó hefur verið haldið uppi messuþjónustu einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Í Svíþjóð hefur þjónustan verið styrkari og fyrir velvilja sr. Ágústss Einarssonar og áhuga, hefur safnaðarstarfi verið haldið uppi eftir því sem aðstæður hafa leyft. Prófastur mun, eins og sl. vetur leita eftir því að ásættanlegar leiðir finnist til lausnar á þessari mikilvægu þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar á erlendri grund, en í þeim efnum virðist mikið starf framundan og á brattann að sækja.

### **Sóknirnar í Reykjavík – sóknargjöld.**

Helgihald og hluti safnaðarstarfs í Reykjavík vestra hefur verið með líku sniði og undanfarin ár. Mikið hefur reynt á því rekstrarerfiðleikar hafa verið afar tilfinnanlegir. Í flestum sóknum hefur orðið að fækka starfsfólki og almenn þjónusta, æskulýðsstarf og öldrunarþjónusta hafa liðið fyrir þessa erfiðleika. Megin þáttur þessa máls er sú óskiljanlega ákvörðun ríkisvaldsins að halda eftir stórum hluta af innheimtum félagsgjöldum kirkjunnar, sóknargjöldunum, sem skert hefur stórlega fjárhagslega undirstöðu safnaðanna í landinu. Blómlegt safnaðarstarf þjóðkirkjunnar hefur verulega dregist saman af þessum sökum. Augljósar afleiðingar eru eins og sagt hefur verið uppsagnir og skert þjónusta, en einnig hefur álag á presta aukist verulega, en einnig á annað starfsfólk og sóknarnefndir. Skv. nýútkominni skýrslu opinberrar nefndar, sem innanríkisráðherra skipaði á miðju sl. ári til að meta áhrif nið-

urskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram, má sjá að sóknargjöld eru meir en 20% lægri en þau voru 2008. Til þess að þau nái raungildi á þessu ári, þyrftu þau að hækka um 50%, úr 701 kr. í 1050 kr. Niðurstaða nefndarinnar er sú að skerðingin er mun meiri en aðrar stofnanir hafa þurft að lúta vegna almennra samdráttaraðgerða. Nemur það í heild sinni um það bil tveim milljörðum króna á sl. 3 árum. Öllum má vera ljóst hvert stefnir og hér verður að eiga sér stað leiðrétting á skilum sóknargjalda til þjóðkirkju og annarra þeirra, sem byggja tilveru sína á slíkum trúfélagsgjöldum, enda fer innheimta sóknargjalda fram eftir opinberum innheimtuleiðum og um það hefur verið samið. Krafan um leiðéttingu miðast við þá lækkan, sem er umfram það sem almennt gerist í niðurskurði vegna fjárhagslegra áfalla ríkisins.

Prófastur hefur átt mikinn fjölda viðtala við presta og starfsfólk safnaðanna í vetur. Honum er ljóst að þessar nefndu aðgerðir hafa skaðað starf og þjónustu kirkjunnar, álagið hefur aukist verulega, þróttur og starfsgleði hefur dvínað. Því til viðbótar hefur kirkjan nú þegar misst frá sér gott starfsfólk og er það mjög miður. Starf nefndarinnar sem vann umrædda skýrslu er mikilvægt og þarft. Það er von prófasts að niðurstöður nefndarinnar og ábendingar muni opna augu þeirra sem réðu um skerðinguna á sínum tíma og leiða til leiðréttingar og úrbóta. Fræðslu- og þjónustuhlutverk íslensku þjóðkirkjunnar er mikilvægt og hjálplegt og ætlað öllum þeim þjóðfélagsþegnum, sem þiggja vilja. Skaðinn verður seint bættur ef leiðrétting á sóknargjöldum, nauðsynlegum félagsgjöldum þjóðkirkjunnar, nær ekki fram að ganga.

## Samræmingarnefnd

Í framhaldi af þessum orðum er þess rétt að geta að Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor og sr. Sigurður Jónsson eru fulltrúar prófastsdæmisins í hinni svo kölluðu samræmingarnefnd, sem starfar undir stjórn vígslubiskups, sr. Jóns Aðalsteins Baldvínssonar. Nefndin hefur það verkefni að skoða heildarskipulag prestakalla og prófastsdæma í landinu. Markmiðið er að ná fram hagræðingu, auka á starfsánægju og þjónustu.

## Könnun á viðhorfi til þjóðkirkjunnar.

Á aukahéraðsfundi var samþykkt að leggja í nokkurn kostnað til að kanna viðhorf almennings til þjóðkirkjunnar, starfa hennar og þjónustu. Gengið var til samstarfs við Ólaf Guðgeirsson og Leopold Sveinsson um framkvæmd þeirrar könnunar. Prófastur valdi með sér nefndarmenn Þráinn Þorvaldsson, Guðrúna Áslaugu Einarsdóttur og sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur til að víkka umræðusviðið og undirbúning að könnuninni. Síðar í vetur þegar ljóst var að hún yrði nokkru viðameiri og dýrari en ætlað var í fyrstu, var gengið til samstarfs við Kjalarnesprófastsdæmi í þessu efni. Er þess vænst að könnunin gefi upplýsingar, sem nýtist til endurskoðunar, jafnvel breytinga, á ýmsum þáttum kirkju- og safnaðarstarfs. Undirbúningur hefur gengið hægar en ætlað var, en stefnt er að því að könnunin verði gerð í haust.

## Aðrir þættir í starfi prófasts

Skýrsla prófasts mun ekki taka til annarra þátta að þessu sinni. Þó er enn margs að geta.

Um starf ÆSKR og starf Ellimálaráðs

er vísað til meðfylgjandi skýrslna, en rík ástæða er til að þakka það góða starf sem unnið er á þessum hvorum tveggja vettvanginum.

Héraðsnefnd hefur komið saman mánaðarlega. Þau nefndarstörf hafa gengið vel fyrir sig og verið afar ánægjuleg.

Morgunfundir með prestum og djáknum eru einu sinni í mánuði. Haustfundur presta var haldinn í Hlégarði í Mosfellssveit 4. nóvember. Þar kynnti sr. Örn Bárður störf og niðurstöður stjórnlagaráðs, en hann var einmitt kjörinn fulltrúi til stjórnlagaráðs og Magnea Sverrisdóttir djákni kynnti skipulag Lútherska heimssambandsins, og þjónustuhlutverk þess, en hún situr í stjórn sambandsins fyrir hönd íslensku þjóðkirkjunnar. Mjög góður rómur var gerður að málflutningi þeirra beggja, enda málefni mikilvæg og áhugaverð.

Fundur formanna sókna með prófasti var haldinn í Bústaðakirkju 26. janúar sl. Formannafundir eru afar mikilvægir og góður vettvangur beinskeyttra umræðna um hag, skipulag og framkvæmd safnaðarstarfs. Næsti formannafundur verður væntanlega í haust, haldinn í Skálholti.

Prófastur hefur sótt tvo tveggja daga fundi prófastanna allra, annan á Egilsstöðum og hinn á Biskupsstofu. Þarfir og hjálplegir vinnufundir. Ennfremur hefur samráðsfundur prófata í Reykjavík og Kjalarnessprófastsdæmi verið haldinn tvisvar í vetur, auk sérstaks verkefnis sem þeir tóku að sér vegna kynningar á frambjóðendum til biskupskjör. Prófastur lét sig varða útgefna kjötskrá, en fulltrúar í söfnuðunum erlendis höfðu ekki verið teknir inn á hana og rættist úr því.

Fulltrúar Reykjavíkurprófastsdæmis vestra í áfallaráði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar voru tilnefndir sr.

Örn Bárður Jónsson, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og sr. Sigurður Jónsson.

Samstarf við við héraðsprest, sr. lrmu Sjöfn og Margréti Bragadóttur, skrifstofustjóra embættisins hefur verið einstaklega ánægjulegt. Reynsla þeirra og starfshæfni er mikil og hefur samvinnan við þær verið mér ómetanleg. Það sama gildir um fyrrverandi prófast, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson. Ráð hans og reynsla hefur verið mér holl og

góð. Prófastsdæmið nýtur þess að eiga skjól í Hallgrímskirkju. Starfsfólk og sóknarnefnd hafa mikinn skilning á því umfangi og erli sem tengist skrifstofu prófests og eru hjálpleg í hvívetna. Það er ákaflega mikils virði og vil ég hér með þakka þann skilning og umhyggju.

Ég er þakklátur því fólki, sem ég hef átt samstarf við þennan fyrsta vetur minn sem prófastur og þakka ég hlýhug í minn garð og gott samstarf.

## ***Vesturlandsprófastsdæmi***

**Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur**

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis var haldinn í Reykholti sunnudaginn 22. apríl.

Fundurinn hófst með messu, þar predikaði séra Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti. Séra Geir Waage þjónaði fyrir altari.

Vígslubiskup flutti síðan ávarp á fundinum og skýrði sýn sína á embætti sitt og fjallaði um framtíðarhorfur og áform um starfið á Skálholtsstað, en eins og kunnugt er urðu þar breytingar á skipan mála á síðasta ári.

Dr. Hjalti Hugason kynnti drög að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga.

Þá flutti sr. Geir Waage skýrslu starfshóps er vann, að ósk héraðsnefndar tillögur um framtíðarskipan mála í hinu nýja prófastsdæmi. Margar þarflegar ábendingar komu fram í skýrslunni. Bent var á auka mætti samstarf kirkjukóra og organista og hvatt til sameiginlegra kórámóta í prófastsdæminu. Fjallað var um samstarfssvæðin innan prófastsdæmisins. Þar hefur margt gerst, en uppleggið frá kirkjuþingi er nokkuð

hátimbrað, með tilliti til skipulags og samráðs og ljóst að mikill aukakostnaður vegna ferða leggst á presta sem leikmenn. Þá var bent á nauðsyn þess, að Vesturlandsprófastsdæmi nyti þjónustu héraðsprests, er gæti dregið úr því óhagræði er sameining prófastsdæmanna gömlu hefur í för með sér.

Sameining prófastsdæmanna hér á Vesturlandi var gerð í óþökk heimamanna, líkt og margoft hefur komið fram. Rýr efnisleg rök lágu þar að baki. Prófastsdæmin tvö voru ágætlega sjálfbærar starfseiningar. En nú er þetta orðið og víst er að einhvern tíma tekur að þróa samstarf innan þessa stóra svæðis. Alveg er þó ljóst að vinnu á borð við samstarf um fermingarfræðslu og æskulýðsmálefni þarf að vinna svæðaskipt, líkt og áður var. Það er engu að síður góður hugur og vilji meðal presta, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaðanna að vinna saman að eflingu kirkjustarfsins á héraðsvísu.

Í héraðsnefnd sitja auk prófests sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi



Þorbjörn  
Hlynur Árnason

Pílagrímar við upphaf göngu frá Alftártungukirkju að Langárfossi.



og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi.

Þar fór nú ekki framhjá neinum að biskupaskipti urðu á liðnum vetri. Herra Karl Sigurbjörnsson tilkynnti afsögn sína. Honum eru þökkuð, úr héraði, góð störf og rík umhyggja fyrir kirkjustarfi. Agnes M. Sigurðardóttir, nýr biskup Íslands er boðin velkomin til starfa.

Vegna biskupskosninga var haldinn kynningarfundur fyrir kjörmenn í prófastsdæminu og var hann haldinn, á ábyrgð héraðsnefndar þann 7. mars í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Fundurinn var vel sóttur, þrátt fyrir rýsjótta tíð.

Á síðasta ári byrjaði samstarf um pílagrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts- Reykhólts og Hvanneyrarprestaköllum sem hófu þetta starf. Á nýliðnum vetri var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílagrímar.

is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak og styrkti einnig sr. Elínborgu Sturludóttur til þátttöku í ráðstefnu um þessi efni er haldin var í Danmörku í vetur.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Um þessa mögnuðu reynslu má vísa til orða rabbíans í skáldsögu Isaac Bashevis Singer, *Setrið* (isl. þýðing sr. Hjartar Pálssonar) „Segir ekki heilbrigð skynsemi að aðgerðaleysi sé betra en framkvæmdahugur þegar enginn veit afleiðingarnar? Sannleikurinn er sá að stundum fara gerðirnar á undan

hugsuninni. Nauðsyn pílagraímaferða er ekki unnt að útskýra því hún skilst ekki fyrir en að fenginni reynslu.“ Þetta eru orð að sönnu.

Í vetur og vor var farið í göngur milli helgistaða á Mýrum og í Borgarfirði. Síðan verður lagt í langa reisu úr Borgarfirði og endað í Skálholti, á Skálholtshátíð í sumar. Það er vilji okkar kirkjufólks að halda göngunum áfram og leggja undir fleiri svæði í prófastsdæminu.

Séra Elínborg Sturludóttir var skipaður sóknarprestur í Stafholtsprestakalli fyrir tæpum fjórum árum. Fljótlega eftir að hún flutti með fjölskyldu sinni í Stafholt, kom i ljós að prestssetrið var óíbúðarhæft og talið ónýtt. Séra Elínborgu var þá útvegað húsnæði í Borgarnesi til bráðabirgða. Nokkur töf varð á því að ákvörðun væri tekin um byggingu prestsseturs í Stafholti, þótt að fyrir hefði legið samþykkt kirkjuráðs um það fyrir fjórum árum. Eðlilega hafði þar að segja þær skerðingar er sjóðir kirkjunnar hafa orðið fyrir eftir efnahgsörðugleikana.

Í maímanuði á síðasta ári var tekin skóflustunga að nýju prestssetri í Stafholti. Húsið reis fljótt og vel og var afhent í nóvemberlok. Haldin var hátíðarguðspjónusta af því tilefni, þar sem biskup Íslands predikaði. Prófastur hafði síðan húsblessun og var prestsetrið síðan formlega afhent sr. Elínborgu. Arkitekt að húsinu var Sigríður Sigþórsdóttir en byggingarflokkur Eiríks Ingólfssonar annaðist smíðina. Þakkir skulu færðar kirkjuráði fyrir þessar lyktir og svo sóknarnefndunum í Stafholtsprestakalli sem héldu vel vöku sinni.

Það er gott að hugsa til þess að nú er risið nýtt prestsetur í Stafholti. Það hefur ekki verið til að létta presti störfina að

búa utan prestakallsins, þó svo að hann hafi sinnt sínu afar vel. Þá er prestssetur í sveit ekki aðeins vinnustaður prestsins heldur einnig athvarf sóknarbarna ef svo ber undir; staður þar sem sóknarfólk finnur sig velkomið.

Vegna staðsetningar sinnar, hlutverks og sögu er Stafholt einnig staður sem kirkjunni ber að halda með þryði, líkt og öðrum stöðum sínum. Þá hefur sóknarnefndinni í Stafholti lánast með mikilli elju og útsjónarsemi að fá kirkjuna viðgerða svo að mikill sómi er að.

Séra Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sagði lausu embætti sóknarprestis í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli við síðustu áramót og hélt til þjónustu í norsku kirkjunni.

Séra Ragnheiður tók við Ingjaldshólsprestakalli árið 2003 og síðar við þjónustu í sameinuðu prestakalli undir Jökli árið 2009. Þjónusta hennar var með miklum ágætum og hún vel látin meðal sóknarbarna og kollega hér á Vesturlandi. Henni fylgja kærar þakkir og blessunaróskir um farnað á nýjum vettvangi.

Um Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall voru átta umsækjendur. Um störf valnefndar giltu nýjar starfsreglur er kirkjuping samþykkti síðastliðið haust. Meðal nýmæla þar er að með valnefndinni starfi lög-lærður ráðgjafi á vegum kirkjuráðs. Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs sinnti því starfi. Í starfsreglum er ákvæði um að 2/3 valnefndarmannana þurfi að ná samstöðu svo hún teljist bindandi. Ekki náðist bindandi niðurstaða um einn umsækjenda og gekk því málið til biskups Íslands til úrlausnar, líkt og starfsreglur kveða á um. Niðurstaða biskups var að skipa séra Óskar Inga

Hið nýja orgel  
Stykkishólmskirkju



Ingason, sóknarprest í Dalaprestakallið í embættið. Séra Óskar var síðan settur inn í embætti við messu í Ólafsvíkirkirkju þann 10. júní. Séra Óskar hefur þjónað farsælega í Dölum um árabil og er hann boðinn velkominn til þjónustu á nýjum vettvangi í prófastsdæminu.

Dalaprestakall var síðan auglýst til umsóknar í maí síðastliðnum.

Nýtt veglegt orgel var vígt í Stykkishólmskirkju við hátíðarguðsþjónustu þann 22. janúar. Þar embættuðu biskup Íslands og vígslubiskupinn í Hólastifti séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson. Dóttir séra Jóns, Sigrún var um árabil organisti við Stykkishólmskirkju, en hún lést langt fyrir aldur fram. Undirbúningur að þessu stórvirki hófst árið 2006 og var þá ákveðið að láta smíða Klais orgel í kirkjuna. Efnahagshrunið setti sannarlega strik í reikninginn og hækkaði verð orgelsins frá upphaflegum áætlunum um helming. Engu að síður héldu heimamenn ótrauðir áfram og var verkið að stærstu leyti kostað af söfnunarfé. Orgelið, sem er 22 radda sómir sér vel í hinum

veglega helgidómi í Stykkishólmi og hefur þegar vakið mikla athygli.

Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er.

Störf nefndar þeirrar er innanríkis-



ráðherra skipaði til að kanna áhrif skerðinga á starfsemi sóknanna hafa hins vegar leitt í ljós að skerðingarnar, eða eignaupptakan er langt umfram það sem gefið var til kynna; alþingi virðist hafa verið blekkt með villandi útreikningum frá fjármálaráðuneytinu, þar sem ekki var tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára. Því þarf verulega og skjóta hækkun á sóknargjöldum til að þau standi á móta og tekjustofnar hliðstæðra stofnana. Miðað við undirtektir í ráðuneyti fjármála virðast litlar líkur á

að umframskerðingin verði leiðrétt og hækkun fyrir næsta ár mun vart halda í við verðlagshækkunar. Þessi afstaða stjórnvalda til sókna landsins og þeirrar þjónustu sem þar er innt af hendi er stjórnvöldum til minnkunar. Kirkjan er ekki að heimta neitt umfram aðra, einvörðungu að stofnanir hennar sitji við sama borð og hliðstæðar stofnanir.

Nú er því brynt að kirkjufólk, með biskup, kirkjuráð og kirkjuping grípi til varna sem duga svo ekki fari illa í kirkjustarfi.

## ***Vestfjarðaprófastsdæmi***

**Sr. Magnús Erlingsson, prófastur**

Þegar litnið er á loftmynd af Íslandi þá skaga Vestfirðirnir upp úr landinu líkt og höfuð á dreka, sem glennir upp gin sitt. Einungis tíu kílómetra breið landræma frá botni Gilsfjarðar yfir í botn Bitrufjarðar tengir höfuðið við meginlandið. Og líkt og drekar í fornsögum munu víst hafa verið hrikalegar skepnur ásýndum þá eru Vestfirðirnir ógnvekjandi með sínum háu fjöllum og bröttu hamrabeltum. Strandlengjan er öll vogskorin líkt og kamburinn á þeim drekum, sem undirritaður hefur séð á teikningum í bókum. Og drekar eiga víst líka að spúa eldi úr gini sínu. Reyndar eru engin virk eldfjöll á Vestfjörðum. Það er einna helst að eldur brenni úr munni manna þegar þeir fá sér vel kæsta skötu ellegar hákarl með glasi af brennivíni. Og nú hafa Ísfirðingar í Neðsta tekið upp þann góða sið að bjóða upp á skötu á Þorláksmessu á sumri, - en skammt er til hennar þegar þessi orð eru fest á blað.

En útlit og ytri ásýnd segja sjaldnast

allan sannleikann. Þau, sem ferðast vestur, uppgötva þar oft mikla kyrrð og náttúrufrægurð. Og hin, sem staldra lengur við eða setjast þar að, komast að raun um að mannlífið í faðmi vestfirskra fjalla getur verið einkar ljúft, frjállegt og manneskjulegt, - já, og jafnvel fram-sækið. Það eru til dæmis ekki margir, sem hafa veitt því eftirtekt að konur hafi verið í meirihluta presta á Vestfjörðum undanfarin ár. Þess vegna var það einkar vel við hæfi að fyrsta konan til að gegna embætti biskups Íslands kæmi úr Vestfjarðaprófastsdæmi. Kjör sr. Agnesar M. Sigurðardóttur til biskups Íslands er auðvitað stærsta fréttin úr vestfirsku kirkjulífi á síðastliðnu ári. Er henni óskað velfarnaðar í að leiða íslensku kirkjuna til móts við óvissa framtíð.

Á nýliðnu ári urðu enn á ný breytingar á prestakallaskipaninni á norðanverðum Vestfjörðum. Í þriðja sinn á tólf árum kom bréf að sunnan með þeirri ákvörðun að nú skuli Súðavíkursókn flutt yfir í nýtt prestakall! Er



Magnús Erlingsson

Súðavíkursókn orðin ein víðförulasta sókn landsins í seinni tíð. Minnir það mann óneitanlega á þá staðreynd að Jón Indíafari var frá Svarthamri í Álftafirði. En sem sagt í þetta sinn var ákveðið að stækka Bolungarvíkurprestakall og láta það ná yfir Súðavíkursókn, Ögursókn og Vatnsfjarðarsókn, en þessum þremur sóknum hafði verið þjónað undanfarin ár frá Súgandafirði, af sr. Valdimari Hreiðarssyni. Sr. Valdimar lét af störfum í vetrarbyrjun og fór þá á eftirlaun og er síðastur presta til að sitja á Suðureyi, sögufrægum stað þar sem kona var fyrst sóknarprestur á Íslandi. Eftir starfslok sr. Valdimars þá er Staðarsókn þjónað frá Holti í Önundarfirði. Annar prestur hætti einnig í vetrarbyrjun en þá lét sr. Guðrún Edda Gunnarsdóttir af störfum sem sóknarprestur Dýrfirðinga. Því embætti var í framhaldinu breytt þannig að það er að hálfu leytinu til sóknarprestsembætti en að hinu leytinu er það embætti héraðsprests. Góð manneskja hefur verið valin til að gegna þeim prestsstörfum en það er sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir. Og nú í fyrradag var valnefndin í Bolungarvíkurprestakalli að leggja það til við biskup að sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir yrði skipuð næsti sóknarprestur í Bolungarvík. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir hefur undanfarin misseri þjónað Reykhólaprestakalli eftir að sr. Sjöfn Þór flutti þaðan til Þýskalands. Þegar prestakallið var auglýst í vetur þá sótti sr. Elína um og var hún skipuð núna á vordögum.

Héraðsfundur Vestfjarðaprófestsdæmis var að þessu sinni haldinn á

Hólmavík. Hófst hann með guðsþjónustu. Síðan var snæddur hádegisverður á Café Riis og þar var svo fundað. Auk hefðbundinna héraðsfundarstarfa var rætt um stöðu þjóðkirkjunnar og hvort komið væri að því að gera breytingar á rammalöggjöf um íslensku kirkjuna.

Hér að ofan hefur verið rætt nokkuð um breytingar og prestaskipti. Slíkt er ávallt frétt næmt. En það mikilvæga í starfi kirkjunnar er þó líklega það, sem aldrei breytist, en það er hið hefðbundna kirkju- og safnaðarstarf þegar fagnaðarerindið er boðað, sakramentin höfð um hönd, syrgjendur huggaðir og hughreystir, sálmar sungnir, bænir beðnar, kertastjaki þússaður, dúkur straujaður, gólf skúrað, kirkjugarður sleginn og þannig mætti endalaust telja upp þau verk, sem unnin eru í einni vestfirskri sókn.

Halldór Kiljan Laxness veltir því fyrir sér í upphafi Sólku Völu hvað prestur hugsi þegar hann stígur í stólinn í litlu vestfirsku sjávarplássi eins og lýst er í þeirri bók. Kannski mætti alveg eins spyrja sig að því hvernig skáld geti skrifað heilt skáldverk um lítið sjávarþorp eða ef út í það er farið; gamlan mann, sem rær út á hafið í von um að setja í stóran fisk. En þetta hafa skáldin gert vegna þess að hvar sem gott mannlíf er, þar sem ung ástfangin hjörtu slá í takt, barn grætur eða gömul kona tifar með prjónana sína þar er saga, þar eru örlög. Og þar er gott að vera. La dolce vita!

Með kveðju úr höfði drekans.

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Frá því síðast var hugað að pistli í Árbók er flest við það sama í lífi safnaðanna.

Eftir setu á aðalsafnaðarfundum vorsins er þó eitt öðru nýrra. Söfnuðir eiga sífellt erfiðara með að reka starfið og flestar sóknarnefndir berjast í bökkum. Skerðing sóknargjalda, sem er auðvitað algjörlega óverjandi og óskiljanlegt fyrirbæri, er að ganga af starfinu dauðu. Tekjur sóknanna duga til þess að greiða tryggingar, hita og laun organista. Þurfi að mála eða kaupa nýja mottu í anddyri, veldur það fjárhalla á árinu. Ég veit ekki hversu miklu lengur þetta getur gengið og hversu lengi er hægt að ætlast til þess að sóknarfólk bæði gefi tíma sinn til starfa, en leggi einnig þessar áhyggjur á sig.

Mjög víða til sveita er það svo að starfið við kirkjuna, messur, æskulýðsdagur, aðventustundir, 17. júní, er hryggjarstykkið í félagslífi sveitarinnar. Ef kirkjan hættir að geta sinnt slíkum samverum myndast tóm, sem mig grunar að ekki verði fyllt.

Það verður að knýja á um að leiðrétt verði það ranglæti sem nú hefur ríkt of lengi. Sóknir verða að endurheimta sóknargjöldin að fullu.

## Sókn en ekki vörn

Það er þó undravert hversu blómlegt starfið er. Er það helst og fremst að þakka þjónum kirkjunnar, prestunum og djáknanum. Barnastarfið er rekið af metnaði og dugnaði. Sunnudagaskólar eða kirkjuskólar eru reknir í öllum prestaköllum og auk þess eru samverur í skóla og leikskóla. Fyrir þroskaðri

börn er TTT starf og feringarstörf. Fjöldi samverustunda er verulegur frá hausti og fram á vor. Sums staðar leggja söfnuðir til launað hjálparfólk í barna- og æskulýðsstarfið. Ástundun barna í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi er svipaður og annars staðar á landinu. Starfið fer af stað með hveli en eftir jólin dregur verulega af. Hverju er um að kenna? Spurningunni er varpað fram víðar en hér á landinu bláa. Ef nokkuð er að marka niðurstöður í franska kirkjublaðinu *La Croix* verður að vekja áhuga foreldranna til þess að fá börnin til kirkjunnar. Í greininni segir blaðamaðurinn C. Lesegretain svo frá að foreldrar hafa þegið í arf þverrandi áhuga á trú og kirkju og þar af hefur leitt vankunnátta þeirra í þeim efnum. Þessu valda tveir týndir hlekkir, það er næstu tvær kynslóðir þar á undan. Foreldrar þeirra barna sem við nú væntum í starf kirkjunnar kunna ekki lengur þann sið að sækja í trúna, til kirkjunnar, í messur eða sunnudagaskóla.

Þessi þriðja kynslóð er okkur þó alls ekki glötuð, að því er fram kemur í fyrrnefndri úttekt. Hún er nefnilega að mestu laus við fordóma um trú og ekki bundin fyrirframgefnum skoðunum um það hvernig iðka eigi trú eða umgangast guðs hús. Þessi kynslóð er auk þess meira andlega þenkjandi og leitandi er sú næsta á undan. Hún er einnig víðsýnni, að vissu marki, og heimssinnaðri og er opin fyrir nýjum, langt að komnum hugmyndum.

„Af einhverjum orsökum,“ skrifar greinarhöfundur, „hefur þetta að mestu farið fram hjá kirkjunum og þær hafa



Dalla Þórðardóttir

ekki lagað starf sitt að þessum hópi fólks.“

Þetta lýsir högum okkar vel.

Víðast er það svo hér í prófastsdæminu, nema í þorpum og bæjum þar sem stálpuð börn eru sjálfráð ferða sinna, að börn og kirkja þurfa að treysta á tíma og vilja foreldra til að börnin komi í starfið. Tími allra er af skörnum skammti. Fólk nýtir tíma og tómsundur til þess sem hugurinn býður til handa börnunum og þar hefur kirkjustarf tapað í keppninni.

Við verðum að ná áhuga foreldranna, sem eins og hér var bent á eru vissulega andlega þenkjandi. Ég hef ekki hirt um að telja þau samtöl í útvarpi, frásagnir á fundum og viðtöl í blöðum við fólk, sem er að leita að innri friði, að lífshamingju, kvíðastilli, tilgangi í lífinu og hefur fundið í ihugun, á námskeiðum, í einkaþjálfun og svo mörgu öðru.

En af hverju þar þegar svarið er hér? Jesús er svarið, bænin, Biblían, samfélagið í kirkjunni.

Það er ekki á stundaskrá einfalds sóknarprests að bregðast við þessu. Verkefnið er miklu stærra en svo; á mælikvarða einyrkjans er það tröllaukið. En starfið verður að vinna.

Þetta er verkefni fyrir fræðsludeild kirkjunnar, sem ég kalla hér með eftir.

Kristin trú er vegurinn fyrir þau sem leita og spyrja. Það verður að vinna námsefni, halda námskeið um þetta, senda út fyrirlesara, bjóða til helgardvala.

Þetta er tækifæri og raunar það verk sem kirkjan á að vinna að.

## Stjórnsýsla

Eftir því sem árin líða verður enn áleitnari en fyrr, ef slíkt var einu sinni mögulegt, sú spurning hvað í ósköpunum hafi átt að nást fram með

sameiningu prófastsdæmanna? Hvaðan kemur þessi hugmynd? Henni var frá upphafi mótmælt í héruðum, en ekkert gert með það. Fyrr hefur verið á það minnst að héraðssjóðurinn á fullt í fangi með það að styrkja starfið en bróðurpartur fer til ferminga- og æskulýðsstarf. Héraðssjóðirnir í Skagafjarðarprófastsdæmi og í Húnavatnssýslum gátu fyrr að auki veitt styrki til kirkjukóra, til messuskipta og til námskeiðahalds. Slíkt er nú fjarlægur draumur. Enn þyngist fyrir fæti. Reynt hefur verið að fylgja þeirri reglu að prestar hittust mánaðarlega að vetrarlagi, enda mega samfundir vart vera færri fyrir einyrkja að bera saman bækur. Reynt hefur verið, segi ég, því annir í átta prestaköllum gera samfundi erfiða, þegar ferðir taka svo langan tíma, sem raun ber vitni. Er þó að jafnaði hist í miðju prófastsdæmisins. En þar að auki er fólk farið að finna fyrir síhækkandi eldneysisverði. Hið sama er uppi á teningi þegar til héraðsfunda kemur. Fólk vex í augum að fórna fé og tíma til ferðalaga.

Vandséð er hvað sameiningin hefði átt að færa okkur og hvernig hún hefur bætt starfið.

Heldur hrappallega hefur hér til tekist þótt dæmin til varnaðar hefðu átt að nægja. Hér hefur kirkjan fetað í fótspor stofnana og sveitarfélaga. Vera má að einhvers staðar á hinum veraldlega vettvangi hafi eitthvað sparast en mun fleiri eru dæmin um stærra bákn, hærri yfirbyggingu og meiri kostnað.

Eitt er augljóst. Embættum prófasta hefur fækkað til muna og þar með hefur hver og einn mun meira á sinni könnu en fyrr var. Starfið var aukið um helming en starfssviðið jafnframt gert óljóst.

Stefnt hefur verið að þessu undanfarin misseri og kemur nú grímu-

laust fram í drögum að frumvarpi til breytinga á þjóðkirkjulögunum. Síður okkar hefur verið sá að prófastur sé fulltrúi biskups í héraði en á síðari árum hefur þeirri skipan verið raskað. Framlenging af embætti biskups hefur tekið sæti prófasts heima í héraði. Lagt er til að vígslubiskup sinni tilsjón kirkjulegs starfs en hvað er það annað er hefðbundið svið prófasts?

Þykir fólki það helst þurfa nú, þegar sótt er að kirkju og kristni og margir sinna ekki um sætið sitt í sóknarkirkjunni svo að jafnvel í mörg þúsund manna söfnuði er ekki einu sinni postulatalan við sunnudagsguðspjónustuna, að sækja svona að starfinu í héraði?

Nei, það er annað og nærtækara sem við þurfum til að ná aftur þeim sem heyra ekki rödd frelsarans.

Nokkuð er það sem við þurfum hér nyrðra.

Óskalisti og meira en það, listi yfir nauðsynjar:

- Æskulýðsfulltrúi. Stuttu eftir sam- einingu Skagafjarðar- og Húna- vatnsprófastsdæmis fluttist æsku- lýðsfulltrúi okkar í nýtt prestakall og starfið var lagt af. Sá starfsstyrkur sem eftir varð nægði ekki lengur. Prestarnir hafa ekki legið á liði sínu en verkefnið síga í með árunum og við ræðum það oft á fundum að ekki aðeins sé það þægilegt heldur nauðsynlegt að fá reynda, fríska, óþreytta manneskju til að hrífa börnin. Það er það sem þarf. Ef við föngum ekki hjórtu barna og ungmenna höfum við misst þau og það sem kjarninn er og meiri áhyggja; þau hafa misst af tækifærinu til að komast nær Kristi.
- Átak í því að ná til týndu kyn- slóðanna.
- Átak í sterkri prédíkun sem svarar

spurningum leitandi og vel menntaðs fólks sem vill heyra sannleikann. Átak í því að kynna fagnaðarerindið sem svar við dýpstu spurn mannsins.

## **Þakkir**

Tímamót eru að verða í kirkjunni.

Senn lætur hr. Karl Sigurbjörnsson af embætti biskups.

Fyrir munn okkar presta, djákna, sóknarnefnda og allra sóknarbarna þakka ég honum og frú Kristínu heim- sóknir, samveru og áhuga. Með öllu ómaklegt er að starfslok biskups skuli hafa borið að með þeim hætti sem varð. Ég óska þeim hjónum hamingju og starfskrafta.

Nýkjörnum biskupi sr. Agnesi M. Sig- urðardóttur bið ég starfskrafta á stóli biskups og veit að samtarfið verður gjöfult.

Vígslubiskup á Hólum lætur af embætti á Hólahátíð. Ég þakka þeim sr. Jóni Aðalsteini og frú Margréti samstarf og gott nágreppi, heimsóknir og upp- örvunarorð. Sr. Jón hefur reynst drjúgur og óþreytandi talsmaður safnaða í hin- um dreifðu byggðum og mun ekki af veita framvegis.

## **Vísitásiur og héraðsfundur**

Prófastur vísitaraði tvö prestaköll, á haustmánuðum voru heimsóttar kirkjur Þingeyraklaustursprestakalls og eftir ára- mótin var farið um sóknir Skagastrandar- prestakalls. Ég þakka þeim sr. Sveinbirni, sr. Ursulu og sóknarnefndarfólki fyrir undirbúning, samræður og móttökur í kirkjum og heimahúsum. Það var skemmtilegt að hitta þetta áhugasama fólk og ég dáist að dugnaði þess. Það er þetta sem ber kirkjustarfið uppi.



Sr. Gísli Gunnarsson í Glaumbæ fermir Elísu Sól Sonjudóttur í Hafnarfjarðarkirkju 24. júlí 2011. Hún var búin að vera lengi veik en ákvað sjálf að fermast ári fyrr en hennar árgangur. Hún lést 11. ágúst 2011 og sá sr. Gísli útför hennar frá sömu kirkju 19. ágúst. Hún valdi sér versíð - orð Jesú: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi.“ Full kirkja við báðar athafnir og hafði mikil áhrif á alla viðstadda.

Prófastur var við afmæli Hólanes-kirkju og voru það hin bestu hátíðahöld, frískleg og skemmtileg messa í kirkjunni og myndarleg samkoma með dýrðarveitingum á eftir. Dagamunur er nauðsyn og í takti við gleðiboðskapinn, sem við flytjum og heyrum.

Héraðsfundur ársins 2012 var haldinn á Skagatrönd hinn 22. apríl og var ágætlega til hans mætt. Sr. Ursula Árnadóttir, sóknarprestur þjónaði fyrir altari og prédikun flutti sr. Sveinbjörn R. Einarsson. Kosíð var til héraðsnefndar. Rósa María Vésteinsdóttir, sem gegnt

hefur starfi ritara frá sameiningu prófastsdæmanna baðst undan endurkjöri. Í hennar stað var kjörin Jóhanna Magnúsdóttir í Ártúnum.

Í yfirliti héraðsnefndar kom fram að á árinu 2011 voru messur 205, aðrar guðsþjónustur og helgistundir 43, skirð börn 50 og útfarir 39.

Fluttar voru skýrslur úr Skagafirði og umræður ágætar.

Vígslubiskup benti í máli sínu á það að næsta ár væri afmælisár á Hólastað. Í framhaldi af því ákvað héraðsnefnd að boða til héraðsfundar ársins 2012 hinn 7. apríl að Hólum í Hjaltadal.

# Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur

Þegar þetta er ritað er nýbúið að vígja nýjan biskup Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur. Eftir fáeinar vikur verður sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir vígð til embættis vígslubiskups á Hólum. Er þeim óskað til hamingju og þess beðið að blessun fylgi störfum þeirra. Á sama tíma biðjum við blessunar þeim mönnum sem nú eru að láta af embætti biskups og vígslubiskups, hr. Karli Sigurbjörnssyni og sr. Jóni Aðalsteini Baldvinssyni, sem og eiginkonum þeirra Kristínu Guðjónsdóttur og Margréti Sigtryggisdóttur. Vísitasíur hr. Karls hafa án efa alls staðar verið vel þegnar og einstaklega ánægjulegt var að fá hann og þau hjónin í heimsókn í Þingeyjarprófastsdæmi fyrir réttum 10 árum. Sem vígslubiskup hefur sr. Jón Aðalsteinn verið óþreytandi við að hvetja og uppörva presta og söfnuði og rækt húsbóndahlutverði á Hólum af miklum myndarbrag, ásamt konu sinni Margréti. Í aðdraganda biskupskosninganna hafa allir trúlega tekið eftir auknum áhuga á málefnum kirkjunnar, sem og þeirri ósk margra, að fleiri en nú komi að kosningu biskupa. Umræðan ber tvímælalaust vott um það, að flestir vilja láta sig varða málefni þjóðkirkjunnar með jákvæðum hætti, þrátt fyrir erfiða umræðu og ólgusjóí sem kirkjan hefur siglt hin síðustu ár.

Þær breytingar hafa orðið á hópi vígðra þjóna kirkjunnar í prófastsdæminu, að annað embætti héraðsprests var lagt niður með einhliða ákvörðun sumarið 2011. Þar fengum við enn að kenna á niðurskurðarhnífnum. Við söknum sr. Gylfa Jónssonar mjög

úr hópi formlega starfandi presta og þökkum honum störfin góðu. Óskum við honum blessunar.

Valgerður Valgarðsdóttir djákni lét einnig formlega af störfum nú um síðustu áramót hjá Sjúkrahúsi Akureyrar og víst er, að krafta hennar mun verða sárt saknað þaðan. Hún mun þó sinna afleysingaþjónustu þar áfram. Sr. Guðrún Eggertsdóttir starfar þar áfram á vettvangi trúarlegrar þjónustu, og veit ég fyrir víst að þar er rétt manneskja á réttum stað.

Margt í hinu hefðbundna safnaðarstarfi gengur sem betur fer vel. Viða vildum við þó sjá fleiri hlýða kalli kirkjuklukkna á sunnudögum. Þá fer ekki hjá því að fjárhagsstaða margra safnaða er með þeim hætti, að ekki er möguleiki að halda úti safnaðarstarfi eins og best væri, og raunar langt frá því. Vonandi verður það eitt af forgangsverkefnum nýs biskups að vinna að því að kirkjunni verði bættar upp skerðingar á sóknargjöldum margra undangenginna ára. Sr. Bolli Pétur hefur verið mjög iðinn við að brydda upp á ýmiss konar nýjungum í helgihaldi sem hafa fallið í góðan jarðveg. Þá hefur systir hans sr. Hildur Eir boðið upp á bænar- og slökunarsamverur í Akureyrarkirkju, eins konar kirkjulegt jóga. Foreldramorgnar eru í boði í stærstu söfnuðunum og enn fremur á Ólafsfirði og staðið þar í miklum blóma. Þá var Vegkirkjan í Þorgeirskirkju opin yfir hásumarið og var sú þjónusta mjög vel þegin af þeim sem hennar nutu.

Barna- og æskulýðsstarf hefur víða goldið fyrir þá fjármálastöðu sem



Jón Ármann Gíslason

uppi er, og þarf ekki að fjölyrða um, hversu dapurlegt það er. Sums staðar hefur aftur á móti verið góður vöxtur í barna- og æskulýðsstarfi. Héraðssjóður styrkir það starf sem kostur er, en víst er að mörgum finnst þar ekki nóg að gert. Starfssemi ÆSKEY hefur þó staðið í talsverðum blóma og skemmst er að minnast glæsilegs æskulýðsmóts á Hrafnagili í febrúar s.l., þar sem sr. Guðmundur Guðmundsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson höfðu veg og vanda af undirbúningi. Þá má ekki gleyma frábæru framlagi Sunnu Dóru Möller til æskulýðsmálanna á vettvangi prófастsdæmisins, en hún er jafnframt æskulýðsleiðtogi í Akureyrarkirkju. Fræðslumálin hafa verið í allföstum farvegi, meðal annars með vikulegum fræðslukvöldum í Gleráarkirkju. Þar hafa sr. Guðmundur og sr. Pétur Björgvin lagt mikið af mörkum til undirbúnings. Söfnuður Gleráarkirkju hefur sömuleiðis stutt vel við bakið á því starfi. Heim-sóknarþjónustan hefur verið snar þáttur í starfinu á Eyjafjarðarsvæðinu í hartnær tvo áratugi. Frú Ásta Garðarsdóttir hefur sinnt því starfi af mikilli alúð, en hyggst draga saman seglin innan tíðar. Aðalheiður Jóhannsdóttir djákni mun vonandi fylla hennar skarð. Það er mín skoðun, að þessi þjónusta eigi fullan rétt á sér, enda ein af frumskyldum kirkjunnar að vitja hinna sjúku, einangruðu og einmana. Ef kirkjan sinnir ekki þeirri þjónustu, hver gerir það þá?

Haldið var upp á 150 ára afmæli Vallakirkju í Svarfaðardal með miklum myndarbrag í nóvembermánuði.

Sr. Bolli Pétur Bollason er nýr stjórnarformaður Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn og mun hann án efa vinna að því að efla starfið þar. Nú styttist í 50 ára afmæli sumarbúðanna og stendur til að fagna því með kröftugum

hætti. Staðurinn er í raun sæmilega nýttur en sístætt verkefni er að renna stoðum undir fjárhaginn. Fjölmargir söfnuður nýta staðinn til fermingarbúða, svo sem Akureyrarkirkja og flestir söfnuðir gamla Þingeyjarprófастsdæmis. Þá eru þar haldnir ýmsir fundir á vegum prófастsdæmisins og annarra kirkjulegra aðila. Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir hefur unnið ýmis góð verk fyrir Kirkjumiðstöðina, til dæmis glæsilega kirkju-skólalokahátíð þar s.l. vor, og þá má nefna að Kirkjuping unga fólksins á okkar svæði var einnig haldið þar. Kom þar saman góður hópur ungs fólks sem vill vinna kirkjunni gagn sem mest það má.

Virkt samstarfssvæði hefur tekið til starfa við utanverðan Eyjafjörð og hefur sr. Sigríður Munda haldið mjög vel utan um það. Þá er samstarfssvæði einnig að komast formlega í gang í Norður-Þingeyjarsýslu. Fleiri munu bætast í hópinn, en af ýmsum ástæðum er þessi vinna tafsamari en gert var ráð fyrir í upphafi. Þá hafa skoðanir verið nokkuð skiptar um þessa hugmynd alla. Margt annað mætti taka hér fram. Ekki þarf að nefna að þetta prófастsdæmi er afar stór starfseining, nær frá Siglufirði í vestri og austur á Langanes og næsta erfitt að láta hana virka líkt og gömlu prófастsdæmin gerðu. Ég þakka þó kirkjufólki hversu vel það vill mæta aðstæðum og láta hlutina ganga. Við megum þakka það, hversu margir eru ætíð reiðubúnir að leggja á sig óeigingjant starf í þágu kirkju og kristni. Ef ekki kæmi til öflug virkni kirkjufólks myndi lítið verða úr starfinu, það er næsta víst. Þá má nefna að embættiskostnaður sumra presta, ekki síst í víðfeðmum embættum þar sem sameining hefur átt sér stað, er orðinn gríðarhár. Eldsneytiskostnaður fer stundum hátt á annað hundrað þúsunda króna suma



mánuði ársins hjá nokkrum prestum. Hér þarf kirkjustjórnin að taka mið af raunveruleikanum eins og hann er á hverjum stað.

Fundir héraðsnefndar hafa verið allnokkrir og enn meira um samráð, símtöl og tölvusamskipti og þakka ég þeim sr. Sigríði Mundu og Sæbjörgu gott samstarf.

Við skyldum þó aldrei gleyma því, sem mestu skiptir, að horfa til frelsarans okkar, Jesú Krists, sem mælti: „Ég er vínvíðurinn, þér eruð greinarnar. Án mín getið þér alls ekkert gjört.“ (Jóh. 15) Allt starf kirkjunnar á að miða að því að gera hann vegsamlegan.

Guð blessi starfið og gefi því vöxtinn.

## Múlaprófastsdæmi

Sr. Jóhanna I. Sigmarsdóttir, prófastur

Árið 2011 var ár töluverðra breytinga. Héraðsfundur Múlaprófastsdæmis 2011 var haldinn var haldinn með seinna móti 12. júní sem var annar hvítasunnudagur. Þar var m. a. til umræðu fyrirhugað svæðasamstarfið sem samþykkt var á kirkjuþingi 2010 og tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði sem fól í sér tillögu um að Eiða-, Seyðisfjarðar-, Vallanes- og Valþjófsstaðarprestaköll sameinast í eitt prestakall Egilsstaðaprestakall, sem þjónað yrði af sóknarpresti og tveimur prestum. Tillagan var lögð var fyrir kirkjuþing 2011.

Þessi skýrsla fjallar um mánuðina júní – október eða 4 ½ mánuð þar sem Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi voru sameinuð í eitt prófastsdæmi, Austurlandsprófastsdæmi 1. nóvember 2011.

Sólarlítið sumarið leið með hefðbundnu helgihaldi. Á vegum prófastsdæmisins var messa á Klyppsstað í Loðmundarfirði í júlí svo sem verið hefur undanfarin ár en kirkjan er í umsjón prófasts. Þessar sumarmessur hafa jafnan verið vel sóttar. Eins og kunnugt er hefur Ferðafélag Fljótsdalshéraðs byggt skála á Klyppsstað og

fól ég því formanni þess að varðveita kirkjulykilinn fyrir nokkrum árum. Það fórst honum svo vel úr hendi að þegar ég kom næst til að messa var búið að mála kirkjuna að utan. Sótt var um styrk til Húsafríðunar sem afhentur var Ferðafélaginu upp í kostnað við málninguna.

Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson, sem lét af störfum sem sóknarprestur í Vallanesprestakalli 31. desember 2010, vann sumarið 2011 að því að ljúka við ritið *Kirkjur og kirkjugöngur í Múlaprófastsdæmi*, sem kom út í október, nokkrum dögum fyrir sameiningu prófastsdæmanna. Til þess að vinna þetta rit fékkst styrkur úr Kristniháttidarsjóði á sínum tíma, sem hefur verið í vörslu prófastsdæmisins. Sr. Vigfús Ingvar lagði í þetta vandaða og fallega rit mikinn tíma og vinnu og á miklar þakkir skildar fyrir það. Þegar ritið kom út var efnt til helgigöngu frá Egilsstaðabúinu til Egilsstaðakirkju þar sem sr. Vigfús prédikaði.

Vetrarstarfið hófst með hefðbundnum hætti, barna- og æskulýðsstarf og fermingarfræðsla. Í prófastsdæminu hafa undanfarin ár verið



Jóhanna I.  
Sigmarsdóttir

